

Sveitarstjórnarkosningar

16. maí 2026

**Lög, reglugerðir o.fl.
um framkvæmd kosninga**



Landskjörstjórn

Sveitarstjórnarkosningar

16. maí 2026

**Lög, reglugerðir o.fl.
um framkvæmd kosninga**



Landskjörstjórn

Yfirlitshefti – Sveitarstjórnarkosningar 16. maí 2026

Tekið saman af landskjörstjórn

Útgefandi: Landskjörstjórn

ISBN 978-9935-9846-1-6

Prentun: Svansprent ehf.



Svansprent með umhverfisvottun

Efnisyfirlit

Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands	5
Kosningalög	23
I. kafli. Almenn ákvæði.	23
II. kafli. Kosningarréttur og kjörgengi.	24
III. kafli. Kjördæmi og kjördeildir.	26
IV. kafli. Stjórnsýsla kosninga.	29
V. kafli. Kjördagur.	36
VI. kafli. Kjörskrár.	38
VII. kafli. Framboð til Alþingis og sveitarstjórna.	43
VIII. kafli. Framboð til forsetakjörs.	51
IX. kafli. Kynning vegna þjóðaratkvæðagreiðslu.	52
X. kafli. Umboðsmenn stjórn málasamtaka.	52
XI. kafli. Kjörgögn.	56
XII. kafli. Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar.	58
XIII. kafli. Kjörstaðir.	65
XIV. kafli. Atkvæðagreiðsla á kjörfundi.	65
XV. kafli. Talning atkvæða.	72
XVI. kafli. Úthlutun þingsæta á Alþingi.	77
XVII. kafli. Kosningaúrslit sveitarstjórnarkosninga.	81
XVIII. kafli. Úrslit forsetakjörs og þjóðaratkvæðagreiðslna. ...	83
XIX. kafli. Kosningum frestað og uppkosningar.	84
XX. kafli. Hagskýrslugerð.	85
XXI. kafli. Kosningakætur.	86
XXII. kafli. Úrskurður Alþingis um gildi kosninga.	87
XXIII. kafli. Nýkjörin sveitarstjórn.	88
XXIV. kafli. Refsiákvæði.	89
XXV. kafli. Ýmis ákvæði.	91
XXVI. kafli. Breytingar á lögum þessum.	93
XXVII. kafli. Gildistaka o.fl.	93
Ákvæði til bráðabirgða.	94
Lög um starfsemi stjórn málasamtaka	101

Reglugerð um aðstoð við atkvæðagreiðslu. Nr. 432/2022.....	119
Reglugerð um söfnun meðmæla og skil framboða og framboðslista fyrir kosningar. Nr. 254/2024	124
Reglugerð um aðgang að og birtingu upplýsinga úr kjörskrá. Nr. 441/2024.....	137
Reglugerð um skiptingu kostnaðar milli ríkis og sveitarfélaga í kosningum. Nr. 442/2024	140
Reglugerð um óleyfilegan kosningaáróður, kosningaspjöll og aðra starfsemi sem truflar eða hindrar framkvæmd kosninga. Nr. 444/2024	143
Reglugerð um framkvæmd atkvæðagreiðslu vegna alvarlegs smitsjúkdóms. Nr. 445/2024	145
Reglugerð um framkvæmd utankjörfundaratkvæðagreiðslu á stofnunum og í heimahúsum. Nr. 446/2024	149
Reglugerð um talningu atkvæða. Nr. 447/2024.....	154
Reglugerð um skráningu, móttöku og meðferð utankjörfundaratkvæða. Nr. 480/2024	168
Reglugerð um réttindi og skyldur umboðsmanna við framkvæmd kosninga. Nr. 499/2024	173
Reglugerð um kjörgögn og önnur aðföng við kosningar o.fl. Nr. 500/2024	184
Reglur um tilhögun í kjörfundarstofu við kosningar til Alþingis og sveitarstjórna, við forsetakjör og þjóðaratkvæðagreiðslur. Nr. 1160/2023	203
Reglur um gerðabækur kjörstjórna og innsigli við kosningar. Nr. 296/2026	205
Fyrirmæli landskjörstjórnar um skilríki umboðsmanna við kosningar. Nr. 181/2024	218
Yfirlit yfir afsal kosningarréttar á kjörstað.....	219
Afsal kosningarréttar vegna óskar um flutning milli kjörstaða ...	220
Umsókn um að fá að greiða atkvæði í heimahúsi	221
Staðfesting aðstoðarmanns kjósanda.....	222

Stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands

Nr. 33 17. júní 1944

Tók gildi 17. júní 1944. Breytt með l. 51/1959 (tóku gildi 20. ágúst 1959), l. 9/1968 (tóku gildi 24. apríl 1968), l. 65/1984 (tóku gildi 13. júní 1984), l. 56/1991 (tóku gildi 31. maí 1991), l. 97/1995 (tóku gildi 5. júlí 1995), l. 100/1995 (tóku gildi 5. júlí 1995), l. 77/1999 (tóku gildi 1. júlí 1999) og l. 91/2013 (tóku gildi 18. júlí 2013).

I.

1. gr.

Ísland er Lýðveldi með þingbundinni stjórn.

2. gr.

Alþingi og forseti Íslands fara saman með löggjafarvaldið. Forseti og önnur stjórnarvöld samkvæmt stjórnarskrá þessari og öðrum landslögum fara með framkvæmdarvaldið. Dómendur fara með dómssvaldið.

II.

3. gr.

Forseti Íslands skal vera þjóðkjörinn.

4. gr.

Kjörgengur til forseta er hver 35 ára gamall maður, sem fullnægir skilyrðum kosningarréttar til Alþingis, að fráskildu búsetuskilyrðinu.

5. gr.

Forseti skal kjörinn beinum, leynilegum kosningum af þeim, er kosningarrétt hafa til Alþingis. Forsetaefni skal hafa meðmæli minnst 1500 kosningarbærra manna og mest 3000. Sá, sem flest fær atkvæði, ef

fleiri en einn eru í kjöri, er rétt kjörinn forseti. Ef aðeins einn maður er í kjöri, þá er hann rétt kjörinn án atkvæðagreiðslu.

Að öðru leyti skal ákveða með lögum um framboð og kjör forseta, og má þar ákveða, að tiltekin tala meðmælenda skuli vera úr landsfjórðungi hverjum í hlutfalli við kjósendatölu þar.

6. gr.

Kjörtímabil forseta hefst 1. ágúst og endar 31. júlí að 4 árum liðnum. Forsetakjör fer fram í júní- eða júlímánuði það ár, er kjörtímabil endar.

7. gr.

Nú deyr forseti eða lætur af störfum, áður en kjörtíma hans er lokið, og skal þá kjósa nýjan forseta til 31. júlí á fjórða ári frá kosningu.

8. gr.

Nú verður sæti forseta lýðveldisins laust eða hann getur ekki gegnt störfum um sinn vegna dvalar erlendis, sjúkleika eða af öðrum ástæðum, og skulu þá forsætisráðherra, forseti ...¹⁾ Alþingis og forseti hæstaréttar fara með forsetavald. Forseti ...¹⁾ Alþingis stýrir fundum þeirra. Ef ágreiningur er þeirra í milli, ræður meiri hluti.

¹⁾ L. 56/1991, 1. gr.

9. gr.

Forseti lýðveldisins má ekki vera alþingismaður né hafa með höndum launuð störf í þágu opinberra stofnana eða einkaatvinnufyrirtækja.

Ákveða skal með lögum greiðslur af ríkisfé til forseta og þeirra, sem fara með forsetavald. Óheimilt skal að lækka greiðslur þessar til forseta kjörtímabil hans.

10. gr.

Forsetinn vinnur eið eða drengskaparheit að stjórnarskránni, er hann tekur við störfum. Af eiðstaf þessum eða heiti skal gera tvö samhljóða frumrit. Geymir Alþingi annað, en þjóðskjalasafnið hitt.

11. gr.

Forseti lýðveldisins er ábyrgðarlaus á stjórnarathöfnum. Svo er og um þá, er störfum hans gegna.

Forseti verður ekki sóttur til refsingar, nema með samþykki Alþingis.

Forseti verður leystur frá embætti, áður en kjörtíma hans er lokið, ef það er samþykkt með meiri hluta atkvæða við þjóðaratkvæðagreiðslu, sem til er stofnað að kröfu Alþingis, enda hafi hún hlotið fylgi ³/₄ hluta þingmanna ...¹⁾ Þjóðaratkvæðagreiðslan skal þá fara fram innan tveggja mánaða, frá því að krafan um hana var samþykkt á Alþingi, og gegnir forseti eigi störfum, frá því að Alþingi gerir samþykkt sína, þar til er úrslit þjóðaratkvæðagreiðslunnar eru kunn.

Nú hlýtur krafa Alþingis eigi samþykki við þjóðaratkvæðagreiðsluna, og skal þá Alþingi þegar í stað rofið og efnt til nýrra kosninga.

¹⁾ L. 56/1991, 2. gr.

12. gr.

Forseti lýðveldisins hefur aðsetur í Reykjavík eða nágrenni.

13. gr.

Forsetinn lætur ráðherra framkvæma vald sitt.

Ráðuneytið hefur aðsetur í Reykjavík.

14. gr.

Ráðherrar bera ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum. Ráðherra-ábyrgð er ákveðin með lögum. Alþingi getur kært ráðherra fyrir embættisrekstur þeirra. Landsdómur dæmir þau mál.

15. gr.

Forsetinn skipar ráðherra og veitir þeim lausn. Hann ákveður tölu þeirra og skiptir störfum með þeim.

16. gr.

Forseti lýðveldisins og ráðherrar skipa ríkisráð, og hefur forseti þar forsæti.

Lög og mikilvægar stjórnarráðstafanir skal bera upp fyrir forseta í ríkisráði.

17. gr.

Ráðherrafundi skal halda um nýmæli í lögum og um mikilvæg stjórnarmálefni. Svo skal og ráðherrafund halda, ef einhver ráðherra óskar að bera þar upp mál. Fundunum stjórnar sá ráðherra, er forseti lýðveldisins hefur kvatt til forsætis, og nefnist hann forsætisráðherra.

18. gr.

Sá ráðherra, sem mál hefur undirritað, ber það að jafnaði upp fyrir forseta.

19. gr.

Undirskrift forseta lýðveldisins undir löggjafarmál eða stjórnarerindi veitir þeim gildi, er ráðherra ritar undir þau með honum.

20. gr.

Forseti lýðveldisins veitir þau embætti, er lög mæla.

Engan má skipa embættismann, nema hann hafi íslenskan ríkisborgararétt. Embættismaður hver skal vinna eið eða drengskaparheit að stjórnarskránni.

Forseti getur vikið þeim frá embætti, er hann hefur veitt það.

Forseti getur flutt embættismenn úr einu embætti í annað, enda missi þeir einskis í af embættistekjum sínum, og sé þeim veittur kostur á að kjósa um embættaskiptin eða lausn frá embætti með lögmæltum eftirlaunum eða lögmæltum ellistyrk.

Með lögum má undanskilja ákveðna embættismannaflokka auk embættismanna þeirra, sem taldir eru í 61. gr.

21. gr.

Forseti lýðveldisins gerir samninga við önnur ríki. Þó getur hann enga slíka samninga gert, ef þeir hafa í sér fólgið afsal eða kvaðir á landi eða landhelgi eða ef þeir horfa til breytinga á stjórnarhögum ríkisins, nema samþykki Alþingi komi til.

22. gr.

[Forseti lýðveldisins stefnir saman Alþingi eigi síðar en tíu vikum eftir almennar alþingiskosningar. Forsetinn setur reglulegt Alþingi ár hvert.]¹⁾

¹⁾ L. 56/1991, 3. gr.

23. gr.

Forseti lýðveldisins getur frestað fundum Alþingis tiltekinn tíma, þó ekki lengur en tvær vikur og ekki nema einu sinni á ári. Alþingi getur þó veitt forseta samþykki til afbrigða frá þessum ákvæðum.

[Hafi Alþingi verið frestað getur forseti lýðveldisins eigi að síður kvatt Alþingi saman til funda ef nauðsyn ber til. Forseta er það og skylt ef ósk berst um það frá meiri hluta alþingismanna.]¹⁾

¹⁾ L. 56/1991, 4. gr.

24. gr.

Forseti lýðveldisins getur rofið Alþingi, og skal þá stofnað til nýrra kosninga, [áður en 45 dagar eru liðnir frá því er gert var kunnugt um þingrofið],¹⁾ enda komi Alþingi saman eigi síðar en [tíu vikum]¹⁾ eftir, að það var rofið. [Alþingismenn skulu halda umboði sínu til kjördags.]¹⁾

¹⁾ L. 56/1991, 5. gr.

25. gr.

Forseti lýðveldisins getur látið leggja fyrir Alþingi frumvörp til laga og annarra samþykkta.

26. gr.

Ef Alþingi hefur samþykkt lagafrumvarp, skal það lagt fyrir forseta lýðveldisins til staðfestingar eigi síðar en tveim vikum eftir að það var samþykkt, og veitir staðfestingin því lagagildi. Nú synjar forseti lagafrumvarpi staðfestingar, og fær það þó engu að síður lagagildi, en leggja skal það þá svo fljótt sem kostur er undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar með leynilegri atkvæðagreiðslu. Lögin falla úr gildi, ef samþykkis er synjað, en ella halda þau gildi sínu.

27. gr.

Birta skal lög. Um birtingarháttu og framkvæmd laga fer að landslögum.

28. gr.

Þegar brýna nauðsyn ber til, getur forsetinn gefið út bráðabirgðalög [er Alþingi er ekki að störfum].¹⁾ Ekki mega þau þó ríða í bág við stjórnarskrána. Ætíð skulu þau lögð [fyrir Alþingi þegar er það er saman komið á ný].¹⁾

[Samþykki Alþingi ekki bráðabirgðalög, eða ljúki ekki afgreiðslu þeirra innan sex vikna frá því að þingið kom saman, falla þau úr gildi.]¹⁾

Bráðabirgðafjárlög má ekki gefa út, ef Alþingi hefur samþykkt fjárlög fyrir fjárhagstímabilið.

¹⁾ L. 56/1991, 6. gr.

29. gr.

Forsetinn getur ákveðið, að saksókn fyrir afbrot skuli niður falla, ef ríkar ástæður eru til. Hann náðar menn og veitir almenna uppgjöf saka. Ráðherra getur hann þó eigi leyst undan saksókn né refsingu, sem landsdómur hefur dæmt, nema með samþykki Alþingis.

30. gr.

Forsetinn veitir, annaðhvort sjálfur eða með því að fela það öðrum stjórnvöldum, undanþágur frá lögum samkvæmt reglum, sem farið hefur verið eftir hingað til.

III.

31. gr.

[Á Alþingi eiga sæti 63 þjóðkjörnir þingmenn, kosnir leynilegri hlutbundinni kosningu til fjögurra ára.

Kjördæmi skulu vera fæst sex en flest sjö. Mörk þeirra skulu ákveðin í lögum, en þó er heimilt að fela landskjörstjórn að ákveða kjördæmamörk í Reykjavík og nágrenni.

Í hverju kjördæmi skulu vera minnst sex kjördæmissæti sem úthluta skal á grundvelli kosningaúrslita í kjördæminu. Fjöldi þingsæta í hverju kjördæmi skal að öðru leyti ákveðinn í lögum, sbr. þó 5. mgr.

Öðrum þingsætum en kjördæmissætum skal ráðstafa í kjördæmi og úthluta þeim til jöfnunar milli stjórnmalasamtaka þannig að hver samtök fái þingmannatölu í sem fyllstu samræmi við heildaratkvæðatölu sína. Þau stjórnmalasamtök koma þó ein til álitu við úthlutun jöfnunarsæta sem hlotið hafa minnst fimm af hundraði af gildum atkvæðum á landinu öllu.

Ef kjósendur á kjörskrá að baki hverju þingsæti, að meðtöldum jöfnunarsætum, eru eftir alþingiskosningar helmingi færri í einu kjördæmi en einhverju öðru kjördæmi skal landskjörstjórn breyta fjölda þingsæta í kjördæmum í því skyni að draga úr þeim mun. Setja skal nánari fyrirmæli um þetta í lög.

Breytingar á kjördæmamörkum og tilhögun á úthlutun þingsæta, sem fyrir er mælt í lögum, verða aðeins gerðar með samþykki ²/₃ atkvæða á Alþingi.]¹⁾

¹⁾ L. 77/1999, 1. gr.

32. gr.

[Alþingi starfar í einni málstofu.]¹⁾

¹⁾ L. 56/1991, 7. gr.

33. gr.

[Kosningarrétt við kosningar til Alþingis hafa allir sem eru 18 ára eða eldri þegar kosning fer fram og hafa íslenskan ríkisborgararétt. Lögheimili á Íslandi, þegar kosning fer fram, er einnig skilyrði kosningarréttar, nema undantekningar frá þeirri reglu verði ákveðnar í lögum um kosningar til Alþingis.

Nánari reglur um alþingiskosningar skulu settar í kosningalögum.]¹⁾

¹⁾ L. 65/1984, 2. gr.

34. gr.

[Kjörgengur við kosningar til Alþingis er hver sá ríkisborgari sem kosningarrétt á til þeirra og hefur óflekkað mannorð.]¹⁾

[Hæstaréttardómarar eru þó ekki kjörgengir.]²⁾

¹⁾ L. 65/1984, 3. gr.

²⁾ L. 56/1991, 8. gr.

IV.

35. gr.

[Reglulegt Alþingi skal koma saman ár hvert hinn fyrsta dag októbermánaðar eða næsta virkan dag ef helgidagur er og stendur til jafnlengdar næsta árs hafi kjörtímabil alþingismanna ekki áður runnið út eða þing verið rofið.

Samkomudegi reglulegs Alþingis má breyta með lögum.]¹⁾

¹⁾ L. 56/1991, 9. gr.

36. gr.

Alþingi er friðheilagt. Enginn má raska friði þess né frelsi.

37. gr.

Samkomustaður Alþingis er jafnaðarlega í Reykjavík. Þegar sérstaklega er ástatt, getur forseti lýðveldisins skipað fyrir um, að Alþingi skuli koma saman á öðrum stað á Íslandi.

38. gr.

[Rétt til að flytja frumvörp til laga og tillögur til ályktana hafa alþingismenn og ráðherrar.]¹⁾

¹⁾ L. 56/1991, 10. gr.

39. gr.

[Alþingi]¹⁾ getur skipað nefndir [alþingismanna]¹⁾ til að rannsaka mikilvæg mál, er almenning varða. [Alþingi]¹⁾ getur veitt nefndum þessum rétt til að heimta skýrslur, munnlegar og bréflugar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum.

¹⁾ L. 56/1991, 11. gr.

40. gr.

Engan skatt má á leggja né breyta né af taka nema með lögum. Ekki má heldur taka lán, er skuldbindi ríkið, né selja eða með öðru móti láta af hendi neina af fasteignum landsins né afnotarétt þeirra nema samkvæmt lagaheimild.

41. gr.

Ekkert gjald má greiða af hendi, nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjáráukalögum.

42. gr.

Fyrir hvert reglulegt Alþingi skal, þegar er það er saman komið, leggja frumvarp til fjárlaga fyrir það fjárhagsár, sem í hönd fer, og skal í frumvarpinu fólgin greinargerð um tekjur ríkisins og gjöld.

...¹⁾

¹⁾ L. 56/1991, 12. gr.

43. gr.

[Endurskoðun á fjárreiðum ríkisins, stofnana þess og ríkisfyrirtækja skal fara fram á vegum Alþingis og í umboði þess eftir nánari fyrirmælum í lögum.]¹⁾

¹⁾ L. 100/1995, 1. gr., sbr. 2. gr. s.l.

44. gr.

[Ekkert lagafrumvarp má samþykka fyrir en það hefur verið rætt við þrjár umræður á Alþingi.]¹⁾

¹⁾ L. 56/1991, 14. gr.

45. gr.

[Reglulegar alþingiskosningar skulu fara fram eigi síðar en við lok kjörtímabils. Upphaf og lok kjörtímabils miðast við sama vikudag í mánuði, talið frá mánaðamótum.]¹⁾

¹⁾ L. 56/1991, 15. gr.

46. gr.

Alþingi sker sjálft úr, hvort þingmenn þess séu löglega kosnir, svo og úr því, hvort þingmaður hafi misst kjörgengi.

47. gr.

Sérhver nýr þingmaður skal vinna ...¹⁾ drengskaparheit að stjórnarskránni, þegar er kosning hans hefur verið tekin gild.

¹⁾ L. 56/1991, 16. gr.

48. gr.

Alþingismenn eru eingöngu bundnir við sannfæringu sína og eigi við neinar reglur frá kjósendum sínum.

...¹⁾

¹⁾ L. 56/1991, 17. gr.

49. gr.

[Meðan Alþingi er að störfum má ekki setja neinn alþingismann í gæsluvarðhald eða höfða mál á móti honum án samþykkis þingsins nema hann sé staðinn að glæp.

Enginn alþingismaður verður krafinn reikningsskapar utan þings fyrir það sem hann hefur sagt í þinginu nema Alþingi leyfi.]¹⁾

¹⁾ L. 56/1991, 18. gr.

50. gr.

Nú glatar alþingismaður kjörgengi, og missir hann þá rétt þann, er þingkosningin hafði veitt honum.

51. gr.

Ráðherrar eiga samkvæmt embættisstöðu sinni sæti á Alþingi, og eiga þeir rétt á að taka þátt í umræðunum eins oft og þeir vilja, en gæta verða þeir þingskapa. Atkvæðisrétt eiga þeir þó því aðeins, að þeir séu jafnframt alþingismenn.

52. gr.

[Alþingi kys sér forseta og stýrir hann störfum þess.]¹⁾

¹⁾ L. 56/1991, 19. gr.

53. gr.

[Eigi getur Alþingi gert samþykkt um mál nema meira en helmingur þingmanna sé á fundi og taki þátt í atkvæðagreiðslu.]¹⁾

¹⁾ L. 56/1991, 20. gr.

54. gr.

[Heimilt er alþingismönnum, með leyfi Alþingis, að óska upplýsinga ráðherra eða svars um opinbert málefni með því að bera fram fyrirspurn um málið eða beiðast um það skýrslu.]¹⁾

¹⁾ L. 56/1991, 21. gr.

55. gr.

[Eigi má Alþingi taka við neinu málefni nema einhver þingmannanna eða ráðherra flytji það.]¹⁾

¹⁾ L. 56/1991, 22. gr.

56. gr.

[Þyki Alþingi ekki ástæða til að gera aðra ályktun um eittthvert mál getur það vísað því til ráðherra.]¹⁾

¹⁾ L. 56/1991, 23. gr.

57. gr.

Fundir ...¹⁾ Alþingis skulu haldnir í heyranda hljóði. Þó getur forseti eða svo margir þingmenn, sem til er tekið í þingsköpum, krafist, að öllum utanþingsmönnum sé vísað burt, og sker þá þingfundur úr, hvort ræða skuli málið í heyranda hljóði eða fyrir luktum dyrum.

¹⁾ L. 56/1991, 24. gr.

58. gr.

[Þingsköp Alþingis skulu sett með lögum.]¹⁾

¹⁾ L. 56/1991, 25. gr.

V.

59. gr.

Skipun dómsvaldsins verður eigi ákveðin nema með lögum.

60. gr.

Dómendur skera úr öllum ágreiningi um embættistakmörk yfirvalda. Þó getur enginn, sem um þau leitar úrskurðar, komið sér hjá að hlýða yfirvaldsboði í bráð með því að skjóta málinu til dóms.

61. gr.

Dómendur skulu í embættisverkum sínum fara einungis eftir lögnum. Þeim dómendum, sem ekki hafa að auk umboðsstörf á hendi, verður ekki vikið úr embætti nema með dómi, og ekki verða þeir heldur fluttir í annað embætti á móti vilja þeirra, nema þegar svo stendur á, að verið er að koma nýrri skipun á dómstólana. [Þó má veita þeim dómara, sem orðinn er fullra 65 ára gamall, lausn frá embætti, en hæstaréttardómarar skulu eigi missa neins í af launum sínum.]¹⁾

¹⁾ L. 56/1991, 26. gr.

VI.

62. gr.

Hin evangeliska lúterska kirkja skal vera þjóðkirkja á Íslandi, og skal ríkisvaldið að því leyti styðja hana og vernda.

Breyta má þessu með lögum.

63. gr.

[Allir eiga rétt á að stofna trúfélög og iðka trú sína í samræmi við sannfæringu hvers og eins. Þó má ekki kenna eða fremja neitt sem er gagnstætt góðu siðferði eða allsherjarreglu.]¹⁾

¹⁾ L. 97/1995, 1. gr.

64. gr.

[Enginn má neins í missa af borgaralegum og þjóðlegum réttindum fyrir sakir trúarbragða sinna, né heldur má nokkur fyrir þá sök skorast undan almennri þegnskyldu.

Öllum er frjálst að standa utan trúfélaga. Enginn er skyldur til að inna af hendi persónuleg gjöld til trúfélags sem hann á ekki aðild að.

Nú er maður utan trúfélaga og greiðir hann þá til Háskóla Íslands gjöld þau sem honum hefði ella borið að greiða til trúfélags síns. Breyta má þessu með lögum.]¹⁾

¹⁾ L. 97/1995, 2. gr.

VII.

65. gr.

[Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti.

Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna.]¹⁾

¹⁾ L. 97/1995, 3. gr.

66. gr.

[Engan má svipta íslenskum ríkisborgararétti. Með lögum má þó ákveða að maður missi þann rétt ef hann öðlast með samþykki sínu ríkisfang í öðru ríki. Útlendingi verður aðeins veittur íslenskur ríkisborgararéttur samkvæmt lögum.

Íslenskum ríkisborgara verður ekki meinað að koma til landsins né verður honum vísað úr landi. Með lögum skal skipað rétti útlendinga til að koma til landsins og dveljast hér, svo og fyrir hverjar sakir sé hægt að vísa þeim úr landi.

Engum verður meinað að hverfa úr landi nema með ákvörðun dómara. Stöðva má þó brottför manns úr landi með lögmætri handtöku.

Allir, sem dveljast löglega í landinu, skulu ráða búsetu sinni og vera frjálsir ferða sinna með þeim takmörkunum sem eru settar með lögum.]¹⁾

¹⁾ L. 97/1995, 4. gr.

67. gr.

[Engan má svipta frelsi nema samkvæmt heimild í lögum.

Hver sá sem hefur verið sviptur frelsi á rétt á að fá að vita tafarlaust um ástæður þess.

Hvern þann sem er handtekinn vegna gruns um refsiverða háttsemi skal án undandráttar leiða fyrir dómara. Sé hann ekki jafnskjótt látinn laus skal dómari, áður en sólarhringur er liðinn, ákveða með rökstuddum úrskurði hvort hann skuli sæta gæsluvarðhaldi. Gæsluvarðhaldi má aðeins beita fyrir sök sem þyngri refsing liggur við en fésekt eða varðhald. Með lögum skal tryggja rétt þess sem sætir gæsluvarðhaldi til að skjóta úrskurði um það til æðra dóms. Maður skal aldrei sæta gæsluvarðhaldi lengur en

nauðsyn krefur, en telji dómari fært að láta hann lausan gegn tryggingu skal ákveða í dómsúrskurði hver hún eigi að vera.

Hver sá sem er af öðrum ástæðum sviptur frelsi á rétt á að dómstóll kveði á um lögmati þess svo fljótt sem verða má. Reynist frelsissvipting ölögmæt skal hann þegar látinn laus.

Hafi maður verið sviptur frelsi að ósekju skal hann eiga rétt til skaðabóta.]¹⁾

¹⁾ L. 97/1995, 5. gr.

68. gr.

[Engan má beita pyndingum né annarri ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.

Nauðungarvinnu skal engum gert að leysa af hendi.]¹⁾

¹⁾ L. 97/1995, 6. gr.

69. gr.

[Engum verður gert að sæta refsingu nema hann hafi gerst sekur um háttsemi sem var refsiverð samkvæmt lögum á þeim tíma þegar hún átti sér stað eða má fullkomlega jafna til slíkrar háttsemi. Viðurlög mega ekki verða þyngri en heimilud voru í lögum þá er háttsemin átti sér stað.

Í lögum má aldrei mæla fyrir um dauðarefsingu.]¹⁾

¹⁾ L. 97/1995, 7. gr.

70. gr.

[Öllum ber réttur til að fá úrlausn um réttindi sín og skyldur eða um ákæru á hendur sér um refsiverða háttsemi með réttlátri málsmeðferð innan hæfilegs tíma fyrir óháðum og óhlutdrægum dómstóli. Dómþing skal háð í heyranda hljóði nema dómari ákveði annað lögum samkvæmt til að gæta velsæmis, allsherjarreglu, öryggis ríkisins eða hagsmuna málsaðila.

Hver sá sem er borinn sökum um refsiverða háttsemi skal talinn saklaus þar til sekt hans hefur verið sönnuð.]¹⁾

¹⁾ L. 97/1995, 8. gr.

71. gr.

[Allir skulu njóta friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu.

Ekki má gera líkamsrannsókn eða leit á manni, leit í húsakynnum hans eða munum, nema samkvæmt dómsúrskurði eða sérstakri lagaheimild. Það sama á við um rannsókn á skjölum og póstsendingum, símtölum og öðrum fjarskiptum, svo og hvers konar sambærilega skerðingu á einkalífi manns.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. má með sérstakri lagaheimild takmarka á annan hátt friðhelgi einkalífs, heimilis eða fjölskyldu ef brýna nauðsyn ber til vegna réttinda annarra.]¹⁾

¹⁾ L. 97/1995, 9. gr.

72. gr.

[Eignarrétturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína nema almenningsþörf krefji. Þarf til þess lagafyrirmæli og komi fullt verð fyrir.

Með lögum má takmarka rétt erlendra aðila til að eiga fasteignaréttindi eða hlut í atvinnufyrirtæki hér á landi.]¹⁾

¹⁾ L. 97/1995, 10. gr.

73. gr.

[Allir eru frjálssir skoðana sinna og sannfæringar.

Hver maður á rétt á að láta í ljós hugsanir sínar, en ábyrgjast verður hann þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar sambærilegar tálmanir á tjáningarfrelsi má aldrei í lög leiða.

Tjáningarfrelsi má aðeins setja skordur með lögum í þágu allsherjarreglu eða öryggis ríkisins, til verndar heilsu eða siðgæði manna eða vegna réttinda eða mannorðs annarra, enda teljist þær nauðsynlegar og samrýmist lýðræðishefðum.]¹⁾

¹⁾ L. 97/1995, 11. gr.

74. gr.

[Rétt eiga menn á að stofna félög í sérhverjum löglegum tilgangi, þar með talin stjórnmalafélög og stéttarfélög, án þess að sækja um leyfi til þess. Félag má ekki leysa upp með ráðstöfun stjórnvalds. Banna má þó

um sinn starfsemi félags sem er talið hafa ólöglegan tilgang, en höfða verður þá án ástæðulausrar tafar mál gegn því til að fá því slitið með dómi.

Engan má skylda til aðildar að félagi. Með lögum má þó kveða á um slíka skyldu ef það er nauðsynlegt til að félag geti sinnt lögmæltu hlutverki vegna almannahagsmuna eða réttinda annarra.

Rétt eiga menn á að safnast saman vopnlausir. Lögreglunni er heimilt að vera við almennar samkomur. Banna má mannfundi undir berum himni ef ugðvænt þykir að af þeim leiði óspektir.]¹⁾

¹⁾ L. 97/1995, 12. gr.

75. gr.

[Öllum er frjálst að stunda þá atvinnu sem þeir kjósa. Þessu frelsi má þó setja skorður með lögum, enda krefjst almannahagsmunir þess.

Í lögum skal kveða á um rétt manna til að semja um starfskjör sín og önnur réttindi tengd vinnu.]¹⁾

¹⁾ L. 97/1995, 13. gr.

76. gr.

[Öllum, sem þess þurfa, skal tryggður í lögum réttur til aðstoðar vegna sjúkleika, örorku, elli, atvinnuleysis, örbirgðar og sambærilegra atvika.

Öllum skal tryggður í lögum réttur til almennrar menntunar og fræðslu við sitt hæfi.

Börnum skal tryggð í lögum sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst.]¹⁾

¹⁾ L. 97/1995, 14. gr.

77. gr.

[Skattamálum skal skipað með lögum. Ekki má fela stjórnvöldum ákvörðun um hvort leggja skuli á skatt, breyta honum eða afnema hann.

Enginn skattur verður lagður á nema heimild hafi verið fyrir honum í lögum þegar þau atvik urðu sem ráða skattskyldu.]¹⁾

¹⁾ L. 97/1995, 15. gr.

78. gr.

[Sveitarfélög skulu sjálf ráða málefnum sínum eftir því sem lög ákveða.

Tekjustofnar sveitarfélaga skulu ákveðnir með lögum, svo og réttur þeirra til að ákveða hvort og hvernig þeir eru nýttir.¹⁾

¹⁾ *L. 97/1995, 16. gr.*

79. gr.

Tillögur, hvort sem eru til breytinga eða viðauka á stjórnarskrá þessari, má bera upp bæði á reglulegu Alþingi og auka-Alþingi. Nái tillagan samþykki ...¹⁾ skal rjúfa Alþingi þá þegar og stofna til almennra kosninga af nýju. Samþykki [Alþingi]¹⁾ ályktunina óbreytta, skal hún staðfest af forseta lýðveldisins, og er hún þá gild stjórnskipunarlög.

Nú samþykkir Alþingi breytingu á kirkjuskipun ríkisins samkvæmt 62. gr., og skal þá leggja það mál undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar, og skal atkvæðagreiðslan vera leynileg.

¹⁾ *L. 56/1991, 27. gr.*

80. gr.

...

81. gr.

Stjórnarskipunarlög þessi öðlast gildi, þegar Alþingi gerir um það ályktun, enda hafi meiri hluti allra kosningarbærra manna í landinu með leynilegri atkvæðagreiðslu samþykkt þau.¹⁾

¹⁾ *Sbr. þingsályktun um gildistöku stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33 16. júní 1944, og yfirlýsingu forseta sameinaðs Alþingis um gildistöku stjórnarskrárinnar, nr. 33 17. júní 1944. Sbr. og þingsályktun um niðurfelling dansk-íslenska sambandslagasamningsins frá 1918, nr. 32 16. júní 1944.*

Ákvæði um stundarsakir.

Er stjórnarskrá þessi hefur öðlast gildi, kýs sameinað Alþingi forseta Íslands fyrsta sinni eftir reglum um kjör forseta sameinaðs Alþingis, og nær kjörtímabil hans til 31. júlí 1945.

Þeir erlendir ríkisborgarar, sem öðlast hafa kosningarrétt og kjörgengi til Alþingis eða embættisgengi, áður en stjórnarskipunarlög þessi koma til framkvæmda, skulu halda þeim réttindum. Danskir ríkisborgarar, sem téð réttindi hefðu öðlast samkvæmt 75. gr. stjórnarskrár 18. maí 1920, að óbreyttum lögum, frá gildistökudegi stjórnarskipunarlaga þessara og þar til 6 mánuðum eftir að samningar um rétt danskra ríkisborgara á Íslandi geta hafist, skulu og fá þessi réttindi og halda þeim.

[Prátt fyrir ákvæði 6. mgr. 31. gr. nægir samþykki einfalds meiri hluta atkvæða á Alþingi til að breyta lögum um kosningar til Alþingis til samræmis við stjórnarskipunarlög þessi eftir að þau taka gildi. Þegar sú breyting hefur verið gerð fellur ákvæði þetta úr gildi.]¹⁾

[Prátt fyrir ákvæði 1. mgr. 79. gr. er heimilt, fram til 30. apríl 2017, að breyta stjórnarskránni með eftirfarandi hætti: Samþykki Alþingi frumvarp til laga um breytingu á stjórnarskrá með minnst $\frac{2}{3}$ hlutum greiddra atkvæða skal það borið undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar. Atkvæðagreiðslan skal fara fram í fyrsta lagi sex mánuðum og í síðasta lagi níu mánuðum eftir samþykkt frumvarpsins á Alþingi. Til þess að frumvarpið teljist samþykkt þarf það að hafa hlotið meiri hluta gildra atkvæða í þjóðaratkvæðagreiðslunni, þó minnst atkvæði 40 af hundræði allra kosningarbærra manna, og skal það staðfest af forseta lýðveldisins og telst þá gild stjórnarskipunarlög. Í heiti frumvarps til stjórnarskipunarlaga á þessum grundvelli skal koma fram tilvísun til ákvæðis þessa.

Um þjóðaratkvæðagreiðsluna fer samkvæmt lögum.]²⁾

¹⁾ L. 77/1999, 2. gr.

²⁾ L. 91/2013, 1. gr.

Kosningalög

Nr. 112 25. júní 2021

Tóku gildi 1. janúar 2022. Breytt með L. 113/2021 (tóku gildi 16. júlí 2021). L. 137/2021 (tóku gildi 31. des. 2021). L. 18/2022 (tóku gildi 18. mars 2022). L. 62/2023 (tóku gildi 8. júlí 2023 nema III. kafli sem tók gildi 1. sept. 2023). L. 40/2024 (tóku gildi 1. júní 2024, falla úr gildi skv. fyrirmælum í 10. gr.; um gildistöku sjá nánar 10. gr.). L. 124/2024 (tóku gildi 15. nóv. 2024 og féllu úr gildi 1. des. 2024). L. 13/2026 (tóku gildi 7. mars 2026).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **dómsmálaráðherra** eða **dómsmálaráðuneyti** sem fer með lög þessi.

I. KAFLI.

Almenn ákvæði.

1. gr.

Markmið.

Markmið laga þessara er að styrkja lýðræðið með öruggri framkvæmd kosninga og tryggja að beinar, frjálsar og leynilegar kosningar séu haldnar reglulega.

2. gr.

Gildissvið.

Lög þessi gilda um kosningar til Alþingis og sveitarstjórna og um framboð og kjör forseta Íslands.

Álykti Alþingi að fram skuli fara almenn og leynileg þjóðaratkvæðagreiðsla um tiltekið málefni eða lagafrumvarp fer um framkvæmdina samkvæmt lögum þessum.

Lög þessi gilda einnig um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu sem fer fram skv. 3. mgr. 11. gr., 26. gr. og 2. mgr. 79. gr. stjórnarskrárinnar.

II. KAFLI.

Kosningarréttur og kjörgengi.

3. gr.

Kosningarréttur við alþingiskosningar, forsetakjör og þjóðaratkvæðagreiðslur.

Kosningarréttur við alþingiskosningar, forsetakjör og þjóðaratkvæðagreiðslur á hver íslenskur ríkisborgari sem náð hefur 18 ára aldri þegar kosning fer fram og á lögheimili hér á landi.

Íslenskur ríkisborgari, sem náð hefur 18 ára aldri og hefur átt lögheimili hér á landi, á kosningarrétt í sextán ár frá því að hann flytur lögheimili af landinu. Eftir þann tíma skal hann sækja um til Þjóðskrár Íslands að vera tekinn á kjörskrá. Í umsókn skal koma fram nafn umsækjanda, kennitala, hvenær hann flutti af landi brott, síðasta lögheimili á Íslandi, heimilisfang erlendis og yfirlýsing umsækjanda um að hann sé enn íslenskur ríkisborgari. Þjóðskrá Íslands gefur út leiðbeiningar um móttöku og meðferð umsókna. Í þeim er heimilt að mæla fyrir um rafrænt umsóknarferli. Ákvörðun um að einhver skuli þannig tekinn á kjörskrá gildir í fjögur ár [í senn]¹⁾ frá 1. desember næstum eftir að umsókn var lögð fram. Heimilt er að skjóta synjun Þjóðskrár Íslands til úrskurðarnefndar kosningamála.

¹⁾L. 62/2023, 1. gr.

4. gr.

Kosningarréttur við sveitarstjórnarkosningar.

Kosningarréttur við kosningar til sveitarstjórnar á:

- a. hver íslenskur ríkisborgari sem náð hefur 18 ára aldri þegar kosning fer fram og á skráð lögheimili í sveitarfélaginu,
- b. hver danskur, finnskur, norskur og sænskur ríkisborgari, enda fullnægi hann að öðru leyti skilyrðum a-liðar,
- c. hver erlendur ríkisborgari, annar en greinir í b-lið, sem átt hefur skráð lögheimili hér á landi í þrjú ár samfellt fyrir kjördag, enda fullnægi hann að öðru leyti skilyrðum a-liðar.

Hafi námsmaður, sbr. 4. mgr. 9. gr. laga um lögheimili og aðsetur, nr. 80/2018, flutt lögheimili sitt frá landinu til Danmerkur, Finnlands, Færeyja, Grænlands, Noregs eða Svíþjóðar samkvæmt Norðurlandasamningi um almannaskráningu telst hann ekki hafa glatað kosningarrétti sínum í því

sveitarfélagi sem hann átti skráð lögheimili í við brottför, enda fullnægi hann að öðru leyti skilyrðum a-liðar 1. mgr. og leggi fram umsókn skv. 3. mgr. um að neyta kosningarréttar síns. Sama gildir um maka, sambúðarmaka og börn þeirra sem dveljast með þeim í viðkomandi landi.

Til þess að geta neytt kosningarréttar skv. 2. mgr. skal umsókn send Þjóðskrá Íslands [eigi síðar en 40]¹⁾ dögum fyrir kjördag í hvert sinn sem kosið er til sveitarstjórnar. Þjóðskrá Íslands gefur út leiðbeiningar um móttöku og meðferð umsókna um að neyta kosningarréttar skv. 2. mgr. Í þeim er heimilt að mæla fyrir um rafrænt umsóknarferli. Heimilt er að skjóta synjun Þjóðskrár Íslands til úrskurðarnefndar kosningamála.

¹⁾L. 18/2022, 1. gr.

5. gr.

Kosningarréttur og kjörskrár.

Enginn getur neytt kosningarréttar nema nafn hans sé á kjörskrá þegar kosning fer fram.

6. gr.

Kjörgengi.

Kjörgengur til Alþingis er hver sá sem á kosningarrétt skv. 3. gr. og hefur óflekkað mannorð. Hæstaréttardómarar eru þó ekki kjörgengir til Alþingis.

Kjörgengur í sveitarstjórn er hver sá sem á kosningarrétt í sveitarfélagi skv. 4. gr. og hefur óflekkað mannorð.

Enginn telst hafa óflekkað mannorð sem hlotið hefur dóm fyrir refsivert brot og refsing er óskilorðsbundið fangelsi, frá þeim degi þegar dómur er upp kveðinn og þar til afplánun er að fullu lokið.

Um kjörgengi til forseta Íslands fer skv. 4. gr. stjórnarskrárinnar.

III. KAFLI. Kjördæmi og kjördeildir.

7. gr.

Kjördæmi við alþingiskosningar.

Kjósendur neyta kosningarréttar síns í alþingiskosningum, forsetakjöri og þjóðaratkvæðagreiðslum í kjördæmum eftir þeim reglum og með þeim skilyrðum er lög þessi setja. Landinu er skipt í kjördæmi sem hér segir:

1. Norðvesturkjördæmi.

Til þess teljast eftirtalin sveitarfélög: Akraneskaupstaður, Hvalfjarðarsveit, Skorradalshreppur, Borgarbyggð, Eyja- og Miklaholtshreppur, Snæfellsbær, Grundarfjarðarbær, [Sveitarfélagið Stykkishólmur],¹⁾ Dalabyggð, Reykhólshreppur, Vesturbyggð, Tálknafjarðarhreppur, Bolungarvíkurkaupstaður, Ísafjarðarbær, Súðavíkurbhreppur, Árneshreppur, Kaldrananeshreppur, Strandabyggð, Húnaþing vestra, [Húnaþing],¹⁾ Skagabyggð, Sveitarfélagið Skagaströnd [og Skagafjörður].¹⁾

2. Norðausturkjördæmi.

Til þess teljast eftirtalin sveitarfélög: Fjallabyggð, Dalvíkurbyggð, Hörgársveit, Akureyrarbær, Eyjafjarðarsveit, Svalbarðsstrandarhreppur, Grýtubakkahreppur, Þingeyjarsveit, ...¹⁾ Norðurþing, Tjörneshreppur, ...¹⁾ Langanesbyggð, Vopnafjarðarhreppur, Fljótsdalshreppur, Múlaþing og Fjarðabyggð.

3. Suðurkjördæmi.

Til þess teljast eftirtalin sveitarfélög: Sveitarfélagið Hornafjörður, Skaftárhreppur, Mýrdalshreppur, Rangárþing eystra, Rangárþing ytra, Ásahreppur, Vestmannaeyjabær, Flóahreppur, Sveitarfélagið Árborg, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Hrunamannahreppur, Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hveragerðisbær, Sveitarfélagið Ölfus, Grindavíkurbær, Suðurnesjabær, Reykjanesbær og Sveitarfélagið Vogar.

4. Suðvesturkjördæmi.

Til þess teljast eftirtalin sveitarfélög: Hafnarfjarðarkaupstaður, Garðabær, Kópavogsbær, Seltjarnarnesbær, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

5.–6. Reykjavíkurbjördæmi suður og norður.

Reykjavík skal skipta frá vestri til austurs í tvö kjördæmi, suðurkjördæmi og norðurkjördæmi, eftir því sem fyrir er mælt í 8. gr.

Verði heiti eða mörkum sveitarfélags breytt eða sameinist tvö eða fleiri þeirra skal litið svo á að sveitarfélagið, sem til verður í staðinn, heyri til þess kjördæmis sem það eldra eða þau eldri heyrðu til. Varði slík breyting mörk kjördæma skulu þau þó haldast óbreytt.

¹⁾L. 62/2023, 2. gr.

8. gr.

Mörk kjördæma í Reykjavík.

Þegar boðað hefur verið til almennra alþingiskosninga skal landskjörstjórn ákveða mörk kjördæma í Reykjavík miðað við kjörskrá 56 dögum fyrir kjördag, sbr. 1. mgr. 28. gr. Skulu mörkin við það miðuð að kjósendur í hvoru kjördæmi um sig að baki hverju þingsæti, að meðtöldum jöfnunarsætum, séu nokkurn veginn jafnmargir. Gæta skal þess, eftir því sem kostur er, að hvort kjördæmi sé sem samfelldust heild.

Landskjörstjórn auglýsir mörk kjördæmanna í Stjórnartíðindum jafnskjótt og þau liggja fyrir. Auglýsing landskjörstjórnar gildir jafnframt við forsetakjör og þjóðaratkvæðagreiðslur sem haldnar eru fram að næstu almennu alþingiskosningum.

9. gr.

Fjöldi þingsæta.

Þingsæti eru 63 og skiptast þannig milli kjördæma:

Norðvesturkjördæmi	[7] ¹⁾ þingsæti
Norðausturkjördæmi	10 þingsæti
Suðurkjördæmi	10 þingsæti
Suðvesturkjördæmi	[14] ¹⁾ þingsæti
Reykjavíkurborgkjördæmi suður	11 þingsæti
Reykjavíkurborgkjördæmi norður	11 þingsæti

Í Norðvesturkjördæmi skulu vera [sex]²⁾ kjördæmissæti og eitt jöfnunarsæti. Í Norðausturkjördæmi og Suðurkjördæmi skulu vera níu kjördæmissæti og eitt jöfnunarsæti í hvoru kjördæmi. Í Suðvesturkjördæmi skulu vera [tólf]²⁾ kjördæmissæti og tvö jöfnunarsæti.

Í Reykjavíkurborg kjördæmi norður og Reykjavíkurborg kjördæmi suður skulu vera níu kjördæmissæti og tvö jöfnunarsæti í hvoru kjördæmi.

Þrátt fyrir það sem segir í 1. og 2. mgr. getur landskjörstjórn breytt fjölda kjördæmissæta í hverju kjördæmi í samræmi við 10. gr.

¹⁾L. 18/2022, 2. gr.

²⁾L. 62/2023, 3. gr.

10. gr.

Breyting á fjölda kjördæmissæta.

Eftir hverjar alþingiskosningar skal landskjörstjórn reikna út hvort kjósendur á kjörskrá að baki hverju þingsæti, að meðtöldum jöfnunarsætum skv. 2. mgr. 9. gr., séu helmingi færri í einu kjördæmi en kjósendur að baki hverju þingsæti í einhverju öðru kjördæmi, miðað við kjörskrá í nýafstöðnum kosningum, sbr. 5. mgr. 31. gr. stjórnarskrárinnar. Ef svo er skal landskjörstjórn breyta fjölda kjördæmissæta í kjördæmum þannig að dregið verði úr þessum mun. Sú breyting má þó aldrei verða meiri en þörf krefur hverju sinni til þess að fullnægja fyrirmælum þessa stjórnarskrárákvæðis.

Við útreikning skv. 1. mgr. skal fyrst miða við fjölda þingsæta í kjördæmum skv. 1. mgr. 9. gr. Ef skilyrði 1. mgr. eru fyrir hendi skal færa eitt kjördæmissæti frá því kjördæmi sem hefur fæsta kjósendur að baki hverju þingsæti til þess kjördæmis sem hefur flesta kjósendur að baki hverju þingsæti. Sé það ekki unnt skal færa eitt kjördæmissæti frá því kjördæmi sem hefur næstfæsta kjósendur að baki hverju þingsæti til þess kjördæmis sem hefur flesta kjósendur að baki hverju þingsæti. Að því loknu er fjöldi kjósenda að baki hverjum þingmanni reiknaður að nýju miðað við þessa breytingu og kjördæmissæti fært milli kjördæma svo oft sem þörf krefur þar til hlutfall kjósenda að baki hverju þingsæti fer hvergi yfir þau mörk sem koma fram í 1. mgr.

Landskjörstjórn auglýsir breytinguna í Stjórnartíðindum jafnskjótt og hún hefur verið gerð.

Heimild landskjörstjórnar til að breyta þingmannatölu í kjördæmum samkvæmt þessari grein nær þó aðeins til þeirra kjördæmissæta sem eru umfram stjórnarskrárbundið lágmark, sbr. 3. mgr. 31. gr. stjórnarskrárinnar.

11. gr.

Kjördeildir.

Hverju kjördæmi skal skipt í kjördeildir og er hvert sveitarfélag utan Reykjavíkur ein kjördeild, sbr. 5.–6. tölul. 1. mgr. 7. gr., nema sveitarstjórn hafi ákveðið að skipta því í fleiri kjördeildir.

Við sveitarstjórnarkosningar er hvert sveitarfélag ein kjördeild, nema sveitarstjórn hafi ákveðið að skipta því í fleiri kjördeildir.

Kjördeildir skal að jafnaði kenna við kjörstað eða tölusetja til aðgreiningar.

IV. KAFLI.

Stjórnsýsla kosninga.

12. gr.

Landskjörstjórn.

Ráðherra skipar fimm menn í landskjörstjórn og jafnmarga til vara. Landskjörstjórn er sjálfstæð stjórnsýslunefnd sem hefur yfirumsjón með framkvæmd kosninga og annast framkvæmd laga þessara, sbr. 14. gr. Landskjörstjórn heyrir stjórnarfarslega undir ráðherra sem fer með málefni kosninga.

Skipunartími í landskjörstjórn er fimm ár en þó þannig að hvert ár renni út skipunartími eins stjórnarmanns. Þrír stjórnarmenn skulu kosnir af Alþingi, þar á meðal formaður landskjörstjórnar, og tveir skulu tilnefndir af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Varamenn skulu valdir með sama hætti. Stjórnarmenn og varamenn þeirra skulu hafa reynslu og þekkingu á málefnum sem tengjast kosningum.

Landskjörstjórn mótar stefnu og áherslur skrifstofu sinnar og setur sér og skrifstofunni starfsreglur.

13. gr.

Starfsfólk og aðsetur landskjörstjórnar.

Landskjörstjórn skipar framkvæmdastjóra til fimm ára í senn og setur honum erindisbréf. Framkvæmdastjóri landskjörstjórnar ber ábyrgð á og annast daglega stjórn á starfsemi, fjárreiðum og rekstri landskjörstjórnar og ræður annað starfsfólk. Framkvæmdastjóri undirbýr og situr fundi stjórnar með málfrelsi og tillögurétt.

Framkvæmdastjóri og annað starfsfólk annast í umboði landskjörstjórnar daglega framkvæmd og stjórn þeirra verkefna sem henni eru falin samkvæmt lögum þessum.

Landskjörstjórn ákveður aðsetur skrifstofu sinnar.

14. gr.

Verkefni landskjörstjórnar.

Landskjörstjórn annast framkvæmd laga þessara og eru helstu verkefni hennar að:

- a. birta auglýsingar um undirbúning, framkvæmd og tímasetningu kosninga,
- b. útbúa kjörgögn, sbr. þó 2. mgr. 64. gr.,
- c. veita almenningi, frambjóðendum, fjölmiðlum, kjörstjórnnum og öðrum sem annast framkvæmd kosninga upplýsingar, fræðslu og leiðbeiningar,
- d. hafa samvinnu og samráð við viðeigandi aðila, félagasamtök og stofnanir við undirbúning og framkvæmd kosninga,
- e. birta niðurstöður kosninga opinberlega,
- f. stuðla að kosningarannsóknnum og framþróun kosningaframkvæmdar,
- g. veita ráðherra og öðrum stjórnvöldum ráðgjöf um kosningar og gera tillögur til ráðherra um útgáfu reglugerða um nánari framkvæmd einstakra ákvæða laga þessara,
- h. taka þátt í alþjóðlegu samstarfi á sviði kosningamála,
- i. vinna önnur verkefni sem tengjast stjórnsýslu kosninga samkvæmt ákvæðum stjórnarskrár, laga þessara eða annarra laga.

Við sveitarstjórnarkosningar annast yfirkjörstjórn sveitarfélags, sbr. 17. gr., verkefni skv. a-, b- og e-lið 1. mgr. Auk landskjörstjórnar sinnir yfirkjörstjórn sveitarfélags einnig verkefnum skv. c-lið við sveitarstjórnarkosningar.

Þjóðskrá Íslands ber að veita landskjörstjórn aðgang að upplýsingum úr skrá og kerfum stofnunarinnar án endurgjalds svo að hún geti sinnt hlutverki sínu.

Landskjörstjórn skal gefa út ársskýrslu um starfsemi sína. Landskjörstjórn skal skila ráðherra skýrslu eftir hverjar kosningar um undirbúning og framkvæmd þeirra og skal ráðherra leggja skýrsluna fyrir Alþingi.

Landskjörstjórn getur gefið öðrum kjörstjórnnum almenn fyrirmæli um undirbúning og framkvæmd kosninga. Landskjörstjórn getur ákveðið að slík fyrirmæli skuli birt í Stjórnartíðindum.

Landskjörstjórn ákveður gerð, merkingar og notkun embættisinnsgla sem notuð skulu við kosningar og lætur öðrum kjörstjórnnum í té. Reglur¹⁾ þessar skulu birtar í Stjórnartíðindum.

¹⁾Rgl. 1661/2023.

15. gr.

Kjörstjórnir.

Kjörstjórnir eru staðbundin stjórnvöld sem annast framkvæmd kosninga í kjördæmum og sveitarfélögum samkvæmt nánari fyrirmælum laga þessara.

Kjörstjórnir við kosningar samkvæmt lögum þessum eru:

- a. Yfirkjörstjórnir kjördæma.
- b. Yfirkjörstjórnir sveitarfélaga.
- c. Umdæmiskjörstjórnir.
- d. Hverfiskjörstjórnir.
- e. Undirkjörstjórnir.

Frambjóðandi við kosningar er ekki kjörgengur í kjörstjórn.

Þar sem í lögum þessum er vísað til yfirkjörstjórna eingöngu er átt við yfirkjörstjórn sveitarfélags í tilfelli sveitarstjórnarkosninga og yfirkjörstjórna kjördæma í tilfelli kosninga til Alþingis, forsetakjörs og þjóðaratkvæðagreiðslu.

Það er borgaraleg skylda að taka sæti í kjörstjórn.

Ráðherra ákveður þóknun fyrir störf og setu í landskjörstjórn, yfirkjörstjórn kjördæmis og umdæmiskjörstjórn en sveitarstjórn ákveður þóknun fyrir störf og setu í yfirkjörstjórn sveitarfélags, undirkjörstjórn og hverfiskjörstjórn.

16. gr.

Yfirkjörstjórnir kjördæma og umdæmiskjörstjórnir.

Í hverju kjördæmi við alþingiskosningar, forsetakjör og þjóðaratkvæðagreiðslur er yfirkjörstjórn sem hefur umsjón með kosningum í kjördæminu samkvæmt fyrir mælum laga þessara. [Skal yfirkjörstjórn kosin af Alþingi eftir hverjar almennar þingkosningar og skipuð fimm mönnum og jafnmörgum til vara.]¹⁾ Kís hún sér sjálf oddvita. Nú fær framboð sem á fulltrúa á Alþingi ekki kjörinn fulltrúa í yfirkjörstjórn og skal því þá heimilt að tilnefna áheyrnarfulltrúa til setu í henni og annan til vara. Áheyrnarfulltrúi hefur sama rétt og kjörinn fulltrúi annan en atkvæðisrétt.

Yfirkjörstjórn skal með nægum fyrirvara á undan kosningum auglýsa aðsetur sitt þar sem hún dvelst meðan kosning fer fram, og skal aðsetur hennar liggja eins vel við samgöngum og kostur er.

Yfirkjörstjórn getur ákveðið að í kjördæmi sé umdæmiskjörstjórn og ákveður umdæmi hennar. Skal hún kosin af yfirkjörstjórn og skipuð þremur mönnum og jafnmörgum til vara. Umdæmiskjörstjórn kís sér sjálf oddvita. Við sérstakar aðstæður getur landskjörstjórn heimilað tvær umdæmiskjörstjórnir í hverju kjördæmi sem kosnar skulu á sama hátt.

Yfirkjörstjórn kjördæmis ræður starfsfólk sér til aðstoðar við kosningar. Ekki er skylt að auglýsa slík störf. Yfirkjörstjórn kjördæmis getur falið starfsfólki sveitarfélaga störf í tengslum við framkvæmd kosninga.

Þjóðskrá Íslands ber að veita yfirkjörstjórnnum kjördæma aðgang að upplýsingum úr skrám og kerfum stofnunarinnar án endurgjalds svo að þær geti sinnt hlutverki sínu.

¹⁾L. 62/2023, 4. gr.

17. gr.

Yfirkjörstjórnir sveitarfélaga, hverfiskjörstjórnir og undirkjörstjórnir.

Yfirkjörstjórn sveitarfélags skal kosin af sveitarstjórn eins fljótt og unnt er eftir sveitarstjórnarkosningar. Kjörtímabil yfirkjörstjórnar skal vera hið sama og sveitarstjórnar. Yfirkjörstjórnir hafa umsjón með framkvæmd sveitarstjórnarkosninga hver í sínu sveitarfélagi. Yfirkjörstjórnir skulu jafnan vera reiðubúnar að mæta fyrirvaralaust á fundi á kjördegi til ákvarðana og að úrskurða í sambandi við kosninguna ef með þarf.

Í sveitarfélagi sem skipt er í kjördeildir skal sveitarstjórn kjósa jafnmargar undirkjörstjórnir og fjöldi kjördeilda er. Þar sem kjördeildir eru fleiri en ein á sama kjörstað getur sveitarstjórn jafnframt kosið hverfiskjörstjórn til að hafa umsjón með kosningastarfi á kjörstaðnum í umboði yfirkjörstjórnar sveitarfélags. Í sveitarfélagi sem er ekki skipt í kjördeildir gegnir kjörstjórn störfum yfir- og undirkjörstjórna.

Hver yfirkjörstjórn skal skipuð þremur mönnum og jafnmörgum til vara. Hver undirkjörstjórn og hverfiskjörstjórn skal skipuð þremur mönnum og nægilegum fjölda varamanna. Kjörstjórnarmenn skulu eiga kosningarrétt í sveitarfélaginu. Kjörstjórnir kjósa sér oddvita og skipta að öðru leyti með sér verkum.

Nú fær framboð sem fulltrúa á í sveitarstjórn ekki kjörinn fulltrúa í yfirkjörstjórn sveitarfélags og skal því þá heimilt að tilnefna áheyrnarfulltrúa til setu í kjörstjórninni og annan til vara. Áheyrnarfulltrúi hefur sama rétt og kjörinn fulltrúi annan en atkvæðisrétt.

Kjörstjórnir eru í störfum sínum óháðar ákvörðunarvaldi sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn ræður starfsfólk sér til aðstoðar við kosningar. Ekki er skylt að auglýsa slík störf. Yfirkjörstjórn sveitarfélags getur falið starfsfólki sveitarfélaga störf í tengslum við framkvæmd kosninga.

Yfirkjörstjórn sveitarfélags skal með nægum fyrirvara á undan kosningum auglýsa aðsetur sitt þar sem hún dvelst meðan kosning fer fram.

Þjóðskrá Íslands ber að veita yfirkjörstjórnnum sveitarfélaga aðgang að upplýsingum úr skrám og kerfum stofnunarinnar án endurgjalds svo að þær geti sinnt hlutverki sínu.

18. gr.

Hæfi kjörstjórnarmanna.

[Kjörstjórnarmaður, sbr. 15. gr., og fulltrúi í landskjörstjórn skal víkja sæti ef til úrskurðar er mál:

- a. er varðar maka hans eða sambúðarmaka, enda sé sambúðin skráð í þjóðskrá, eða þann sem er skyldur honum eða mægður í beinan legg eða að öðrum lið til hlíðar eða tengdur honum með sama hætti við ættleiðingu, eða

- b. ef að öðru leyti en greinir í a-lið eru fyrir hendi þær aðstæður sem eru fallnar til þess að draga óhlutdrægni hans í efa með réttu.

Ágreiningi um hæfi kjörstjórnarmanns og fulltrúa í landskjörstjórn til að úrskurða í máli má skjóta til úrskurðarnefndar kosningamála skv. 22. gr.]¹⁾

¹⁾L. 62/2023, 5. gr.

19. gr.

Varamenn í kjörstjórn.

Varamenn taka sæti í kjörstjórn í forföllum aðalmanna eftir venjulegum reglum þegar hlutfallskosningar eru viðhafðar en annars eftir þeirri röð sem þeir eru kosnir eða skipaðir. Ef kjörstjórn verður ekki á þennan hátt fullskipuð boðar oddviti kjörstjórnarmenn í þeirra stað eftir tillögu þeirra samtaka sem kusu þá, þar til hún er fullskipuð. Annars boðar kjörstjórn sjálf þann eða þá sem þarf til þess að talan verði fyllt.

20. gr.

Gerðabækur og bókanir.

Allar kjörstjórnir skulu halda gerðabækur og bóka gerðir sínar.

Ráðherra staðfestir reglur landskjörstjórnar um hvað kjörstjórnnum er skylt að bóka í gerðabók og um form, efni og löggildingu gerðabóka. Í reglunum má ákveða að gerðabækur verði á rafrænu formi eða að notuð verði sérstök eyðublöð í stað þeirra. Reglur¹⁾ landskjörstjórnar skulu birtar í Stjórnartíðindum.

¹⁾Rgl. 1661/2023.

21. gr.

Hlutverk Þjóðskrár Íslands.

Þjóðskrá Íslands annast gerð og rekstur rafrænnar kjörskrár og ber ábyrgð á öryggi hennar.

Þjóðskrá Íslands þróar og rekur tölvukerfi sem notuð eru við framkvæmd kosninga á grundvelli þjónustusamnings við landskjörstjórn. Í samningnum skulu verkefni skilgreind, svo og stjórn þeirra, lengd

samningstíma og hvernig greiðslum fyrir þjónustu og úttekt á árangri verkefnanna skuli háttað.

22. gr.

Úrskurðarnefnd kosningamála.

Ráðherra skipar þrjá menn í úrskurðarnefnd kosningamála. Skipunartími nefndarinnar er sex ár en þó þannig að annað hvert ár renni út skipunartími eins stjórnarmanns. Hæstiréttur Íslands tilnefnir formann nefndarinnar og skal hann uppfylla starfsgengisskilyrði hæstaréttardómara. Samstarfsnefnd háskólastigsins tilnefnir einn nefndarmann og skal hann hafa lokið embættisprófi eða meistaraþrófi í lögfræði og hafa reynslu af framkvæmd kosninga. Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefnir einn nefndarmann og skal hann hafa reynslu af framkvæmd kosninga. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Til nefndarinnar má skjóta eftirtöldum ákvörðunum:

1. Synjun Þjóðskrár Íslands um að taka kjósanda á kjörskrá, sbr. 3. mgr. 4. gr., og um leiðréttingar á kjörskrá skv. 32. gr., sbr. 33. gr.
- [2. Kæru vegna ákvörðunar um hæfi, sbr. 18. og 72. gr.]¹⁾
- [3.]¹⁾ Ákvörðun landskjörstjórnar og yfirkjörstjórnar sveitarfélags um gildi framboðslista og önnur atriði er þau varða, sbr. 45. og 46. gr.
- [4.]¹⁾ Ákvörðun yfirkjörstjórnar um kjörgengi frambjóðenda í sveitarstjórnarkosningum, sbr. 48. gr.
- [5.]¹⁾ Ákvörðun landskjörstjórnar um gildi framboðs til forsetakjors, sbr. 2. mgr. 50. gr.
- [6.]¹⁾ Kæru vegna ólögmetis sveitarstjórnarkosninga, sbr. 128. gr.
- [7.]¹⁾ Kæru vegna ólögmetis forsetakjors og þjóðaratkvæðagreiðslna, sbr. 129. gr.
- [8.]¹⁾ ...¹⁾
- [9.]¹⁾ Ákvörðun sem landskjörstjórn tekur samkvæmt öðrum lögum.

Um frest til þess að kæra einstakar ákvarðanir fer samkvæmt fyrirmælum laga þessara.

Ákvörðun málsaðila um að bera ákvarðanir stjórnvalda skv. 2. mgr. undir dómstóla frestar ekki réttaráhrifum þeirra.

Úrskurði úrskurðarnefndar kosningamála verður ekki skotið til annars stjórnvalds.

[Úrskurð úrskurðarnefndar kosningamála má bera undir dómstóla innan þriggja vikna frá birtingu hans. Um rekstur málsins fer eftir almennum reglum um meðferð einkamála að öðru leyti en því að það sætir flýtimeðferð skv. XIX. kafla þeirra laga.]¹⁾

¹⁾L. 62/2023, 6. gr.

V. KAFLI.

Kjördagur.

23. gr.

Alþingiskosningar.

Almennar reglulegar alþingiskosningar skulu fara fram eigi síðar en við lok kjörtímabils. Upphaf og lok kjörtímabils miðast við sama vikudag í mánuði, talið frá mánaðamótum.

Landskjörstjórn skal auglýsa hvenær almennar reglulegar alþingiskosningar skulu fara fram.

Kjörtímabilið er fjögur ár.

Nú er Alþingi rofið og fara þá alþingiskosningar fram þann dag sem þingrofið tekur gildi.

24. gr.

Sveitarstjórnarkosningar.

Almennar sveitarstjórnarkosningar fara fram [þriðja]¹⁾ laugardag í maímánuði sem ekki ber upp á laugardag fyrir hvítasunnu. Beri sveitarstjórnarkosningar upp á laugardag fyrir hvítasunnu skal kjördegi flýtt um eina viku.

Landskjörstjórn skal auglýsa hvenær almennar reglulegar sveitarstjórnarkosningar skulu fara fram.

Kjörtímabil sveitarstjórnar er fjögur ár.

¹⁾L. 62/2023, 7. gr.

25. gr.

Forsetakjör.

Forsetakjör skal fara fram fjórða hvert ár fyrsta laugardag í júnímánuði sem ekki ber upp á laugardag fyrir hvítasunnu, en þá skal kjósa viku síðar, sbr. þó 2. mgr. Landskjörstjórn auglýsir kosninguna eigi síðar en þremur mánuðum fyrir kjördag og tiltekur hámarks- og lágmarkstölu meðmælenda forsetaefnis úr hverjum landsfjórðungi í réttu hlutfalli við kjósendatölu þar.

Nú deyr forseti eða lætur af störfum áður en kjörtíma hans er lokið og skal þá innan árs kjósa nýjan forseta til 30. júní á fjórða ári frá þeirri kosningu. Ákveður landskjörstjórn þá kjördag, en að öðru leyti fer eftir fyrirætlum laga þessara.

26. gr.

Þjóðaratkvæðagreiðslur.

Þjóðaratkvæðagreiðsla skv. 2. mgr. 2. gr. skal fara fram í fyrsta lagi þremur mánuðum og í síðasta lagi einu ári eftir að þingsályktunartillaga hefur verið samþykkt á Alþingi.

Þjóðaratkvæðagreiðsla skal fara fram innan tveggja mánaða eftir að krafa Alþingis er samþykkt skv. 3. mgr. 11. gr. stjórnarskrárinnar eða forseti synjar lagafrumvarpi staðfestingar skv. 26. gr. stjórnarskrárinnar.

Heimilt er að halda þjóðaratkvæðagreiðslu samkvæmt lögum þessum samhliða kosningum til Alþingis eða forsetakjöri.

Alþingi ákveður kjördag þjóðaratkvæðagreiðslu skv. 2. mgr. 2. gr. laga þessara og 3. mgr. 11. gr. og 2. mgr. 79. gr. stjórnarskrárinnar innan þeirra tímamarka sem greinir í 1.–3. mgr. Landskjörstjórn ákveður kjördag þjóðaratkvæðagreiðslu skv. 26. gr. stjórnarskrárinnar.

Landskjörstjórn skal auglýsa þjóðaratkvæðagreiðslu á sem heppilegustum tíma en í síðasta lagi einum mánuði fyrir atkvæðagreiðsluna. Einnig skal birta spurninguna sem lögð verður fyrir kjósendur.

VI. KAFLI.

Kjörskrár.

27. gr.

Miðlæg vinnsla kjörskrár.

Þegar boðað hefur verið til almennra alþingiskosninga, sveitarstjórnarkosninga, forsetakjörs eða þjóðaratkvæðagreiðslu skal Þjóðskrá Íslands gera kjörskrár samkvæmt skráningu lögheimilis hvers kjósenda í þjóðskrá, sbr. 28. gr.

Viðmiðunardagur kjörskrár skal vera kl. 12 á hádegi [38]¹⁾ dögum fyrir kjördag. [Þegar alþingiskosningar fara fram eftir tilkynningu um þingrof skal viðmiðunardagur kjörskrár vera kl. 12 á hádegi 32 dögum fyrir kjördag.]²⁾

Við atkvæðagreiðslu á kjörfundi skulu kjörstjórnir notast við rafræna kjörskrá. Í undantekningartilfellum er heimilt að nota prentaða kjörskrá, sbr. 35. gr.

Í kjörskrá skal skrá nöfn kjósenda, kennitölu, lögheimili, kyn og ríkisfang. [Sé nafni eða lögheimili kjósenda ekki miðlað úr þjóðskrá samkvæmt lögum um skráningu einstaklinga skal nafn eða lögheimili hans ekki birt í kjörskrá.]²⁾

[Þjóðskrá Íslands skal tryggja að fyrir hendi sé rafræn uppflétting í kjörskrá þannig að kjósendi geti með innslætti á kennitölu sinni fengið upplýsingar um hvar hann er á kjörskrá.]²⁾

Þjóðskrá Íslands er heimil vinnsla persónuupplýsinga við gerð kjörskrár og skal hún vera í samræmi við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

¹⁾L. 18/2022, 3. gr.

²⁾L. 62/2023, 8. gr.

28. gr.

Kjörskrá í alþingiskosningum, forsetakjöri og þjóðaratkvæðagreiðslum.

Á kjörskrá hvers sveitarfélags við alþingiskosningar, sbr. þó 2. mgr., skal taka:

- a. þá sem uppfylla skilyrði 1. mgr. 3. gr. og skráðir voru með lögheimili í sveitarfélaginu samkvæmt þjóðskrá á viðmiðunardegi, sbr. 2. mgr. 27. gr.,

b. þá sem uppfylla skilyrði 2. mgr. 3. gr. og síðast áttu skráð lögheimili hér á landi í sveitarfélaginu.

Peim sem taka ber á kjörskrá í Reykjavík skv. b-lið 1. mgr. skal skipt á milli suður- og norðurkjördæmis í samræmi við 8. gr. Í suðurkjördæmi komi þeir sem fæddir eru fyrri hluta hvers mánaðar, 1.–15., en í norðurkjördæmi þeir sem fæddir eru síðari hluta hvers mánaðar, 16.–31. Sama regla skal gilda um þá sem skv. a-lið 1. mgr. eru skráðir með lögheimili hjá utanríkisþjónustunni í Reykjavík eða ótilgreint lögheimili í Reykjavík.

Umkjörskrátilafnota viðkjörforseta Íslands og íþjóðaratkvæðagreiðslu fer á sama hátt og við alþingiskosningar.

29. gr.

Kjörskrá í sveitarstjórnarkosningum.

Á kjörskrá hvers sveitarfélags við sveitarstjórnarkosningar skal taka þá sem uppfylla skilyrði 4. gr. og skráðir voru með lögheimili í sveitarfélaginu samkvæmt íbúaskrá þjóðskrár [38]¹⁾ dögum fyrir kjördag.

¹⁾L. 18/2022, 3. gr.

30. gr.

Gerð kjörskrár auglýst.

Þjóðskrá Íslands auglýsir í Stjórnartíðindum og fjölmiðlum að gerðar hafi verið kjörskrár, sbr. 27. gr., jafnskjótt og gerð þeirra er lokið og eigi síðar en [36]¹⁾ dögum fyrir kjördag. [Fari alþingiskosningar fram eftir tilkynningu um þingrof skal auglýsingin birt eigi síðar en 30 dögum fyrir kjördag.]²⁾

Að lokinni birtingu auglýsingar skv. 1. mgr. sendir Þjóðskrá Íslands sveitarstjórnnum kjörskrár með rafrænum hætti, án endurgjalds. Þjóðskrá Íslands getur gefið út leiðbeiningar um afhendingu kjörskrár til sveitarfélaga og rafrænan aðgang þeirra að kjörskrá. Kjörskrár skulu aðgengilegar almenningi til skoðunar á skrifstofum sveitarstjórna eða öðrum hentugum stað eigi síðar en 21 degi fyrir kjördag.

Að fengnum tillögum landskjörstjórnar skal ráðherra í reglugerð³⁾ kveða nánar á um þær upplýsingar sem birta skal úr kjörskrá á vef

landskjörstjórnar, hvort birting skuli enn fremur heimil á öðrum vef en greinir í 1. mgr. og um framlagningu kjörskrár.

¹⁾L. 18/2022, 4. gr.

²⁾L. 62/2023, 9. gr.

³⁾Rg. 441/2024.

31. gr.

Aðgangur stjórnálagasamtaka að kjörskrá.

Þegar auglýst hefur verið að gerð kjörskrár sé lokið, sbr. 30. gr., er þeim stjórnálagasamtökum sem bjóða fram lista við kosningar, og frambjóðendum í forsetakjöri, heimilt að óska eftir rafrænum aðgangi að kjörskrá hjá Þjóðskrá Íslands. Aðgangur skal veittur án endurgjalds, svo og önnur gögn sem kunna að verða tilgreind í reglugerð. Heimilt er að nýta aðganginn í þágu eftirlits með framkvæmd kosninga, til að sannreyna hverjir séu kjósendur og koma upplýsingum á framfæri við þá í aðdraganda kosninga. Óheimilt er að birta kjörskrána eða einhverjar upplýsingar úr henni opinberlega eða miðla henni. Við vinnslu persónuupplýsinga samkvæmt ákvæðinu skulu stjórnálagasamtök uppfylla skilyrði laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Að fengnum tillögum landskjörstjórnar skal ráðherra í reglugerð¹⁾ kveða nánar á um heimildir stjórnálagasamtaka og frambjóðenda til nýtingar kjörskrárgagna skv. 1. mgr., meðferð þeirra á kjörskrá og lokun rafræns aðgangs að henni.

¹⁾Rg. 441/2024.

32. gr.

Leiðréttingar á kjörskrá.

Athugasemdum við kjörskrá skal beint til Þjóðskrár Íslands sem tekur þær þegar til meðferðar og gerir videigandi leiðréttingar á rafrænni kjörskrá ef við á. Slíkar leiðréttingar má gera fram á kjördag.

Heimilt er að leiðrétta rafræna kjörskrá ef:

- a. Þjóðskrá Íslands hefur láðst að skrá lögheimili kjósenda til samræmis við tilkynningu hans um flutning,
- b. Þjóðskrá Íslands berst vitneskja um andlát kjósenda,

- c. Þjóðskrá Íslands berst vitneskja um að erlendur ríkisborgari hafi öðlast íslenskt ríkisfang eða að kjósandi hafi misst íslenskt ríkisfang,
- d. Þjóðskrá Íslands berst vitneskja um að danskur ríkisborgari eigi kosningarrétt hér á landi samkvæmt lögum um réttindi danskra ríkisborgara á Íslandi, nr. 18/1944, sbr. 1. gr. laga nr. 85/1946, um ráðstafanir í sambandi við skilnað Íslands og Danmerkur,
- e. íslenskur ríkisborgari, sem aldrei hefur átt lögheimili hér á landi eða sem misst hefur kosningarrétt skv. 2. mgr. 3. gr., flyst til landsins og skráir aftur lögheimili sitt hér á landi eftir viðmiðunardag kjörskrár,
- [f. danskur, finnskur, norskur eða sænskur ríkisborgari skráir lögheimili sitt hér á landi eftir viðmiðunardag kjörskrár,
- g. Þjóðskrá Íslands hefur leiðrétt lögheimilisskráningu kjósanda aftur í tímann á grundvelli laga um lögheimili og aðsetur,]¹⁾
- [h.]¹⁾ Þjóðskrá Íslands verður þess að öðru leyti áskynja að villa hafi verið gerð við skráningu kjósanda við kjörskrárgerðina.

Þjóðskrá Íslands sendir hlutaðeigandi sveitarstjórnum og viðkomandi kjósanda, ef við á, tilkynningu um leiðréttingar sem hún gerir á rafrænni kjörskrá. Þá sendir stofnunin hlutaðeigandi kjörstjórn tilkynningar um leiðréttingar á rafrænni kjörskrá svo að færa megi þær á prentuð kjörskráreintök kjörstjórna ef ákvæði 2. mgr. 35. gr. eiga við.

Þjóðskrá Íslands gefur út leiðbeiningar um hvernig leiðréttingar skuli færðar á prentuð kjörskráreintök sveitarstjórna. Sveitarstjórn er óheimilt að færa á prentuð kjörskráreintök aðrar leiðréttingar en þær sem Þjóðskrá Íslands heimilar.

¹⁾L. 62/2023, 10. gr.

33. gr.

Kærur.

Heimilt er að skjóta ákvörðun Þjóðskrár Íslands um leiðréttingar á kjörskrá skv. 32. gr. til úrskurðarnefndar kosningamála, sbr. 22. gr., innan sólarhrings frá dagsetningu hennar. Úrskurðarnefndin veitir kæranda hæfilegan frest til að koma að frekari gögnum áður en hún fellir úrskurð í málinu.

34. gr.

Notkun rafrænnar kjörskrár.

Við atkvæðagreiðslu á kjörfundi í alþingiskosningum, við forsetakjör og þjóðatkvæðagreiðslur skulu kjörstjórnir notast við rafræna kjörskrá og er kjósendum þá heimilt að greiða atkvæði í hvaða kjördeild sem er innan kjördæmis, þó ekki í kjördeild sveitarfélags hafi sveitarstjórn þess fengið heimild til notkunar prentaðrar kjörskrár.

Við atkvæðagreiðslu á kjörfundi í sveitarstjórnarkosningum skulu kjörstjórnir notast við rafræna kjörskrá og er kjósendum þá heimilt að greiða atkvæði í hvaða kjördeild sem er innan sveitarfélags.

Þjóðskrá Íslands ákveður gerð og útlit rafrænnar kjörskrár og leggur sveitarfélögum til hugbúnað til notkunar við atkvæðagreiðsluna á kjördag.

Ráðherra skal í reglugerð, að fengnum tillögum landskjörstjórnar og Þjóðskrár Íslands, kveða m.a. nánar á um gerð og útgáfu rafrænnar kjörskrár, meðferð gagna í skránni, öryggisvottun skrárinnar, kröfur sem gera skal til vélbúnaðar sem nota skal við kosningar, hvenær óheimilt verður að nota rafræna kjörskrá ef upp kemur bilun eða truflun í skilningi 88. gr. og hvaða kröfur skuli gerðar til rafrænnar kjörskrár svo að kjörstjórnir geti á hverjum tíma greitt hvort kjósandi hafi greitt atkvæði eða ekki.

Í reglugerð, sem ráðherra setur að fenginni tillögu landskjörstjórnar, má mæla fyrir um, eftir rökstuddri beiðni sveitarstjórnar, að kjósendur tiltekins sveitarfélags skuli greiða atkvæði í þeirri kjördeild sem þeim hefur verið skipað samkvæmt kjörskrá.

35. gr.

Undanþága til notkunar prentaðrar kjörskrár.

Sveitarstjórn er heimilt að fara þess á leit við landskjörstjórn, eigi síðar en 47 dögum fyrir kjördag, að á kjördag verði notast við prentaða kjörskrá í sveitarfélaginu. Í beiðninni skal sveitarstjórnin rökstyðja hvers vegna hún telji að ekki skuli notast við rafræna kjörskrá. Landskjörstjórn skal svara sveitarstjórn eigi síðar en 40 dögum fyrir kjördag. Að liðnum fresti til umsóknar er landskjörstjórn þó heimilt að taka til meðferðar beiðni sveitarstjórnar ef veigamiklar ástæður mæla með því. Í þeim tilvikum skal landskjörstjórn svara erindinu eins fljótt og verða má.

[Fari alþingiskosningar fram eftir tilkynningu um þingrof skal beiðni sveitarstjórnar borin fram svo fljótt sem verða má. Svar landskjörstjórnar við beiðninni skal jafnframt liggja fyrir svo fljótt sem auðið er.]¹⁾

Heimili landskjörstjórn notkun prentaðrar kjörskrár í sveitarfélagi á kjördag er einungis kjósendum sem þar standa á kjörskrá heimilt að greiða atkvæði í viðeigandi kjördeild. Þeir kjósendur geta ekki greitt atkvæði í kjördeild þar sem rafræn kjörskrá er notuð. Sveitarfélag skal prenta kjörskrá til að nota við atkvæðagreiðslu á kjörfundi.

¹⁾L. 62/2023, 11. gr.

VII. KAFLI.

Framboð til Alþingis og sveitarstjórna.

36. gr.

Framboðsfrestur og móttaka framboða.

Þegar kosningar eiga að fara fram skulu öll framboð tilkynnt eigi síðar en kl. 12 á hádegi 36 dögum fyrir kjördag. [Þegar alþingiskosningar fara fram eftir tilkynningu um þingrof skulu öll framboð tilkynnt eigi síðar en kl. 12 á hádegi 30 dögum fyrir kjördag.]¹⁾ Tilkynningin getur verið undirrituð eigin hendi eða með fullgildri rafrænni undirskrift.

Við alþingiskosningar tekur landskjörstjórn á móti framboðum en yfirkjörstjórn sveitarfélags við sveitarstjórnarkosningar.

¹⁾L. 62/2023, 12. gr.

37. gr.

Tilkynning framboðs.

Á framboðslista skulu vera a.m.k. jafnmörg nöfn frambjóðenda og kjósa á í hvert skipti, en aldrei fleiri en tvöföld sú tala.

Gæta skal þess um öll framboð að tilgreina skýrlega nafn frambjóðanda, lögheimili, kennitölu og stöðu eða starfsheiti hans til þess að enginn vafi geti leikið á því hverjir eru í kjöri.

Skulu nöfn frambjóðenda rituð á framboðslista að lágmarki með einu eiginnafni og kenninafni eins og þau birtast í þjóðskrá. Óski frambjóðandi eftir annarri ritun nafns á listann er honum það heimilt, enda séu þau nöfn skráð í þjóðskrá. Frambjóðanda er þó heimilt að rita eiginnafn eða

eiginnöfn sín á annan veg en skráð er í þjóðskrá ef hann er kunnur af þeirri beitingu eiginnafns eða eiginnafna sinna.

Frambjóðandi til Alþingis getur átt lögheimili í öðru kjördæmi en því sem hann býður sig fram í.

38. gr.

Einn listi í kjöri við alþingiskosningar.

Við alþingiskosningar, svo og uppkosningar í sambandi við þær, fellur kosning ekki niður þó að einungis einn listi sé í kjöri.

39. gr.

Framboðslistar.

[Hverjum framboðslista við alþingiskosningar skal fylgja:

- a. yfirlýsing allra þeirra sem eru á listanum um að þeir hafi leyft að setja nöfn sín á listann, undirrituð eigin hendi eða með fullgildri rafrænni undirskrift,
- b. upplýsingar um heiti stjórnmalasamtakanna og listabókstaf þeirra, samkvæmt skrá ráðuneytisins, sbr. lög um starfsemi stjórnmalasamtaka,
- c. tilkynning frá þeim stjórnmalasamtökum sem boðið hafa fram listann um það hverjir tveir menn séu umboðsmenn listans sem taki við athugasemdum um ágalla sem kunna að vera á framboðinu,
- d. yfirlýsing um stuðning við listann frá kjósendum í hlutaðeigandi kjördæmi; tilgreina skal nafn meðmælenda, lögheimili hans og kennitölu; fjöldi meðmælenda skal vera margfeldi af þingsætistölu kjördæmisins og talnanna 30 að lágmarki og 40 að hámarki,
- e. yfirlýsing meðmælenda um fyrir hvaða stjórnmalasamtök hann sé boðinn fram; allir listar sem bornir eru fram fyrir sömu stjórnmalasamtök eiga saman þegar jöfnunarsætum er úthlutað skv. 110. gr.; ef yfirlýsinguna vantar telst listi vera sérstakt framboð.]¹⁾

[Hverjum framboðslista við sveitarstjórnarkosningar skal fylgja yfirlýsing, upplýsingar og tilkynning skv. a-, b- og c-lið 1. mgr. og

yfirlýsing um stuðning við listann frá kjósendum í hlutaðeigandi sveitarfélagi.¹⁾ Tilgreina skal nafn meðmælanda, lögheimili hans og kennitölu. Ekki er gerð krafa um meðmælendur í sveitarfélögum með 100 íbúa eða færri. Hámarkstala meðmælanda skal vera tvöföld tilskilin lágmarkstala. Lágmarksfjöldi meðmælanda skal vera sem hér segir:

- a. í sveitarfélagi með 101–500 íbúa 10 meðmælendur,
- b. í sveitarfélagi með 501–2.000 íbúa 20 meðmælendur,
- c. í sveitarfélagi með 2.001–10.000 íbúa 40 meðmælendur,
- d. í sveitarfélagi með 10.001–50.000 íbúa 80 meðmælendur,
- e. í sveitarfélagi með 50.001 og fleiri íbúa 160 meðmælendur.

Ef sá sem ákveður framboðslista eða staðfestir hann endanlega, samkvæmt reglum stjórnálagasamtaka, ber fram mótmæli gegn því að listi sé boðinn fram fyrir þau samtök telst slíkur framboðslisti ekki vera boðinn fram á vegum þeirra.

Við sömu kosningar má enginn bjóða sig fram á fleiri framboðslistum en einum. Þá má sami kjósendi ekki mæla með fleiri en einum lista við sömu kosningar. Frambjóðendur á lista geta ekki verið meðmælendur hans. [Kjörstjórnarmenn í landskjörstjórn, yfirkjörstjórnunum og umdæmiskjörstjórnunum]¹⁾ geta ekki verið meðmælendur framboðslista.

Þjóðskrá Íslands er heimilt, að beiðni landskjörstjórnar eða yfirkjörstjórnar sveitarfélags, að samkeyra upplýsingar úr meðmælendalistum við þjóðskrá að fullnægðum skilyrðum laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og kanna hvort viðkomandi sé kosningarbær. Jafnframt skal Þjóðskrá Íslands veita landskjörstjórn og yfirkjörstjórnunum sveitarfélaga rafrænan aðgang að listunum.

¹⁾L. 62/2023, 13. gr.

40. gr.

Afturköllun framboðs eða stuðningsyfirlýsingar.

Frambjóðandi getur afturkallað samþykki sitt til framboðs á framboðslista stjórnálagasamtaka fram til þess að frestur til að skila framboðum rennur út.

Sá sem hefur lýst yfir stuðningi við framboðslista getur ekki afturkallað yfirlýsingu sína eftir að framboð hefur verið afhent yfirkjörstjórn

sveitarfélags eða landskjörstjórn. Meðmæli sem safnað er til stuðnings framboði má ekki nota í öðrum tilgangi.

Eyða skal samþykki eða yfirlýsingu sem hefur verið afturkölluð skv. 1. og 2. mgr.

41. gr.

Reglugerðarheimildir.

Ráðherra setur að fengnum tillögum landskjörstjórnar reglugerð¹⁾ um gerð og form framboðslista og söfnun upplýsinga um frambjóðendur, meðferð þeirra, eftirlit með þeim og eyðingu.

Ráðherra setur að fengnum tillögum landskjörstjórnar reglugerð¹⁾ um form meðmæla fyrir framboðslista, söfnun þeirra, meðferð, eftirlit og eyðingu. Þar má kveða á um að meðmælum skuli safna með rafrænum hætti á eyðublöðum eða viðmóti sem Þjóðskrá Íslands lætur í té. Í slíkri reglugerð skulu sett nánari fyrirmæli um:

- a. heimild kjósenda til þess að gefa meðmæli með öðrum hætti en rafrænum,
- b. tegund rafrænnar auðkenningar meðmælenda,
- c. aðgang að upplýsingum hjá Þjóðskrá Íslands til athugunar á því hvort kjósandi sé kosningarbær, sbr. 1. mgr.,
- d. meðferð þeirra upplýsinga sem aflað er frá Þjóðskrá Íslands um kosningarrétt meðmælenda með framboðslistum, [sbr. d-lið 1. mgr. og 2. mgr. 39. gr.],²⁾
- e. varðveislu og eyðingu upplýsinga, [sbr. d-lið 1. mgr. og 2. mgr. 39. gr.]²⁾

¹⁾Rg. 254/2024.

²⁾L. 62/2023, 14. gr.

42. gr.

Könnun á framboðslistum.

Við alþingiskosningar rannsakar landskjörstjórn framlögð gögn og gengur úr skugga um að uppfyllt séu skilyrði framboðs, sbr. 37. og 39. gr. Við sveitarstjórnarkosningar gegnir yfirkjörstjórn sveitarfélags þessu hlutverki. Landskjörstjórn getur tilnefnt fulltrúa í einstökum kjördæmum til að taka við framboðstilkynningum.

Nema skal burt:

1. af framboðslista öftustu nöfn sem eru fram yfir tilskilda tölu,
2. nafn af lista yfir meðmælendur ef það stendur þar án leyfis meðmælanda eða hann hefur leyft nafn sitt á fleiri listum en einum.

Ef rannsókn leiðir í ljós að sami maður hefur mælt með fleiri en einu framboði verður hann ekki talinn meðmælandi neins þeirra.

Niðurstöður athugana á skilyrðum framboðs og framkomin mótmæli skulu færð í gerðabók.

43. gr.

Annlát frambjóðanda.

Nú deyr frambjóðandi áður en kosning fer fram en eftir að framboðsfrestur er liðinn, og skal þá landskjörstjórn við alþingiskosningar, en yfirkjörstjórn sveitarfélags við sveitarstjórnarkosningar, færa þá frambjóðendur sem koma á eftir hinum látna á listanum upp um sæti. Ef unnt er skal auglýsa listann þannig breyttan í samræmi við 47. gr.

44. gr.

Fundur um yfirferð framboðslista.

Þegar framboðsfrestur er liðinn, sbr. 36. gr., heldur landskjörstjórn við alþingiskosningar, en yfirkjörstjórn sveitarfélags við sveitarstjórnarkosningar, fund þar sem umboðsmönnum framboðslista skal veittur kostur á að vera viðstaddir. Finnist þá gallar á framboðslista skal hlutaðeigandi umboðsmönnum gefinn kostur á að leiðrétta þá og má veita frest í því skyni eftir því sem tími og atvik leyfa, að jafnaði sólarhring.

Gallar á framboðslista sem landskjörstjórn eða yfirkjörstjórn sveitarfélags hefur bent á en hafa ekki verið leiðréttir innan tilsetts frests koma til ákvörðunar skv. 45. og 46. gr. Athugasemdir við einstök framboð skulu tilkynntar umboðsmönnum skriflega.

45. gr.

Ákvörðun um gildi framboðslista fyrir alþingiskosningar.

Jafnskjótt og landskjörstjórn hefur lokið könnun sinni á framboðum stjórnmalasamtaka og eigi síðar en sólarhring frá lokum framboðsfrests, sbr. 36. gr., skal hún taka þau til meðferðar og:

- a. skera úr um hvort stjórnmalasamtök hafi bætt úr göllum á framboðslista, sbr. 44. gr., og um gildi hans að öðru leyti,
- b. ákveða, ef þörf krefur, hverjum stjórnmalasamtökum skuli telja þá framboðslista sem í kjöri verða við kosningarnar,
- c. merkja lista stjórnmalasamtaka með hliðsjón af auglýsingu um listabókstafi þeirra; hafi stjórnmalasamtök fleiri lista en einn í sama kjördæmi skal merkja þá A, AA ..., B, BB ... o.s.frv. eftir því sem við á,
- d. gæta þess að listar sem saman eiga, [sbr. e-lið 1. mgr. 39. gr.],¹⁾ séu merktir sama bókstaf í öllum kjördæmum,
- e. kanna hvort samræmis gæti um framsetningu og frágang framboðslista, þar á meðal um ritun nafna frambjóðenda, sbr. 2. og 3. mgr. 37. gr.

Á fundi sem landskjörstjórn boðar umboðsmenn framboðslista til, sbr. 1. mgr. 39. gr., eigi síðar en þremur sólarhringum og fjórum stundum eftir að framboðsfrestur rennur út, skal hún greina frá meðferð sinni á einstökum framboðslistum og tilkynna um ákvarðanir sínar, sbr. 1. mgr. Ákvörðun landskjörstjórnar má umboðsmaður skjóta til úrskurðarnefndar kosningamála, sbr. 22. gr., innan 20 stunda frá því að hún var afhent honum. Úrskurður nefndarinnar skal liggja fyrir innan tveggja sólarhringa eftir að kærufrestur rennur út.

¹⁾L. 62/2023, 15. gr.

46. gr.

Ákvörðun um gildi framboðslista fyrir sveitarstjórnarkosningar.

Jafnskjótt og yfirkjörstjórn sveitarfélags hefur lokið könnun sinni á framboðslistum stjórnmalasamtaka og eigi síðar en sólarhring eftir að framboðsfrestur rennur út, sbr. 36. gr., skal hún taka þá til meðferðar og:

- a. skera úr um hvort stjórnmalasamtök hafi bætt úr göllum á framboðslista, sbr. 44. gr., og um gildi hans að öðru leyti,

- b. ákveða, ef þörf krefur, hverjum stjórn málasamtökum skuli telja þá framboðslista sem í kjöri verða við kosningarnar,
- c. [merkja lista stjórn málasamtaka með hliðsjón af auglýsingu um listabókstafi stjórn málasamtaka sem buðu fram lista við síðustu alþingiskosningar ef við á, en ef stjórn málasamtök eru ekki á skrá ráðuneytisins, sbr. lög um starfsemi stjórn málasamtaka, skal merkja listana í samræmi við ákvörðun yfirkjörstjórnar, sbr. lög um starfsemi stjórn málasamtaka],¹⁾
- d. kanna hvort samræmis gæti um framsetningu og frágang framboðslista, þar á meðal um ritun nafna frambjóðenda, sbr. 2. og 3. mgr. 37. gr.

Á fundi sem yfirkjörstjórn sveitarfélags boðar umboðsmenn framboðslista til, sbr. 1. mgr. 39. gr., eigi síðar en þremur sólarhringum og fjórum stundum eftir að framboðsfrestur rennur út, skal hún greina frá meðferð sinni á einstökum framboðslistum og tilkynna um ákvarðanir sínar, sbr. 1. mgr. Ákvörðun yfirkjörstjórnar sveitarfélags má umboðsmaður skjóta til úrskurðarnefndar kosningamála, sbr. 22. gr., innan 20 stunda frá því að hún var afhent honum. Úrskurður nefndarinnar skal liggja fyrir innan tveggja sólarhringa eftir að kærufrestur rennur út.

Nú kemur aðeins fram einn framboðslisti við sveitarstjórnarkosningar og skal þá yfirkjörstjórn sveitarfélags framlengja framboðsfrest um tvo sólarhringa. Komi fram nýr framboðslisti innan þess frests er heimilt að veita honum fjögurra daga frest til að uppfylla skilyrði skv. 39. gr. Komi ekki fram nýr framboðslisti áður en sá frestur er úti verður framkominn framboðslisti sjálfkjörinn.

¹⁾L. 62/2023, 16. gr.

47. gr.

Auglýsing framboðslista.

Þegar niðurstaða liggur fyrir um gildi framboðslista við alþingiskosningar skal landskjörstjórn auglýsa þá í [Lögbirtingablaði],¹⁾ á vef og í fjölmiðlum eigi síðar en 30 dögum fyrir kjördag. [Fari alþingiskosningar fram eftir tilkynningu um þingrof skal auglýst eigi síðar en 24 dögum fyrir kjördag.]¹⁾ [Yfirkjörstjórn sveitarfélags auglýsir framboðslista fyrir sveitarstjórnarkosningar eigi síðar en 30 dögum

fyrir kjördag.] ¹⁾[Auglýsingu skal birta á vef sveitarfélagsins og víðar ef yfirkjörstjórn ákvæður.]¹⁾ Að fengnum tillögum landskjörstjórnar skal ráðherra setja frekari ákvæði í reglugerð²⁾ um efni auglýsinga, birtingarhátt o.fl. Má í reglugerð kveða m.a. á um birtingu lögheimilis og kennitölu frambjóðenda.

Nú fer óbundin kosning fram til sveitarstjórnar, framboðsfrestur framlengist samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 46. gr. eða maður skorast undan endurkjöri skv. 5. mgr. 49. gr. og skal þá yfirkjörstjórn sveitarfélags auglýsa það með sama hætti og framboð.

¹⁾L. 62/2023, 17. gr.

²⁾Rg. 330/2022.

48. gr.

Úrskurður um kjörgengi.

Ekki er nauðsynlegt að kjörgengi frambjóðenda í alþingiskosningum sé sannað fyrir landskjörstjórn, en Alþingi úrskurðar um kjörgengi þeirra sem kosnir eru jafnframt því sem það úrskurðar um hvort nýkosnir þingmenn séu að öðru leyti löglega framboðnir og kosnir.

Yfirkjörstjórn sveitarfélags úrskurðar um kjörgengi frambjóðenda í sveitarstjórnarkosningum. Úrskurði hennar má skjóta til úrskurðarnefndar kosningamála sem skal úrskurða eins fljótt og verða má og eigi síðar en sjö dögum frá því að kæra berst.

49. gr.

Sérákvæði um sveitarstjórnarkosningar.

Fulltrúar í sveitarstjórnnum skulu kjörnir í leynilegum almennum kosningum sem geta verið með tvennu móti:

- a. Bundnar hlutfallskosningar þar sem kosning er bundin við framboð á listum og fulltrúar á hverjum lista ná kjöri í hlutfalli við það atkvæðamagn sem listinn fær. Ákvæði 36. og 37. gr. og 39.–48. gr. gilda um tilhögun framboðs.
- b. Óbundnar kosningar þar sem kosning er ekki bundin við framboð en allir kjósendur eru í kjöri nema þeir sem löglega eru undanþegnir skyldu til að taka kjöri og hafa fyrir fram skorast undan því.

Í sveitarfélögum skal almennt kjósa bundinni hlutfallskosningu.

Nú kemur enginn framboðslisti fram áður en framboðsfrestur rennur út eða svo fá nöfn eru á framboðslistum að sveitarstjórn verður ekki fullskipið í bundinni kosningu og skal þá kosning verða óbundin.

Þeim sem er kjörgengur, heill og hraustur og yngri en 65 ára er skylt að taka kjöri í sveitarstjórn.

Þeim sem setið hefur í sveitarstjórn eitt kjörtímabil eða lengur er ekki skylt að taka kjöri fyrr en liðinn er jafnlangur tími og hann átti þar samfellt sæti síðast, enda tilkynni hann yfirkjörstjórn sveitarfélags áður en framboðsfrestur rennur út að hann skorist undan endurkjöri.

VIII. KAFLI.

Framboð til forsetakjörs.

50. gr.

Tilkynning framboðs.

Framboðum til forsetakjörs skal skila í hendur landskjörstjórnar ásamt samþykki forsetaefnis og nægilegri tölu kosningarbærra meðmælenda, sbr. 5. gr. stjórnarskrárinnar, eigi síðar en kl. 12 á hádegi 36 dögum fyrir kjördag. Um söfnun, form og meðferð meðmæla gilda sömu reglur og við alþingis- og sveitarstjórnarkosningar, sbr. 2. mgr. 41. gr.

Landskjörstjórn úrskurðar um gildi framboðs til forsetakjörs. [Ákvörðun landskjörstjórnar má umboðsmaður skjóta til úrskurðarnefndar kosningamála, sbr. 22. gr., innan 20 klukkustunda frá því að hún var afhent honum.]¹⁾

[Þegar niðurstaða liggur fyrir um gildi framboða skal landskjörstjórn auglýsa þau í Lögbirtingablaði, á vef sínum og í fjölmiðlum eigi síðar en 30 dögum fyrir kjördag.]¹⁾

¹⁾L. 62/2023, 18. gr.

51. gr.

Annlát forsetaefnis.

Nú deyr forsetaefni, áður en kosning fer fram, en eftir að framboðsfrestur er liðinn, og má þá annað forsetaefni gefa kost á sér í stað hins ef fullur helmingur meðmælenda hins látna er meðal meðmælenda

hans. Annars úrskurðar landskjörstjórn um það hvort fresta þarf kosningu vegna andláts forsetaefnis og undirbúa kosningu að nýju.

IX. KAFLI.

Kynning vegna þjóðaratkvæðagreiðslu.

52. gr.

Kynning landskjörstjórnar.

Landskjörstjórn skal standa fyrir víðtækri kynningu á því málefni sem borið er undir þjóðaratkvæði skv. 2. mgr. 2. gr. Landskjörstjórn setur nánari reglur um fyrirkomulag kynningar.

Landskjörstjórn skal svo fljótt sem verða má og eigi síðar en viku fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu skv. 26. gr. stjórnarskrárinnar auglýsa með tryggilegum hætti lög þau sem forseti synjaði staðfestingar svo að kjósendur geti kynnt sér efni þeirra. Þar skal jafnframt vakin athygli á því að frumvarpið til laganna og öll skjöl varðandi meðferð þess séu aðgengileg á áberandi stað á vef landskjörstjórnar.

X. KAFLI.

Umboðsmenn stjórn málasamtaka.

53. gr.

Réttindi og skyldur umboðsmanna við framlagningu framboðslista.

Hverjum framboðslista skal fylgja tilkynning oddvita listans til landskjörstjórnar eða yfirkjörstjórnar sveitarfélags um það hverjir tveir menn séu umboðsmenn listans, ásamt samþykki þeirra. Ef umboðsmenn listans eru ekki tilgreindir eða umboðsmenn forfallast eru framboðendur í aðalsætum hver um sig réttir umboðsmenn listans.

Umboðsmenn lista eiga rétt á að vera viðstaddir fundi landskjörstjórnar og yfirkjörstjórnar sveitarfélags um framboðslista eftir að framboðsfrestur rennur út, sbr. 44. gr. Umboðsmenn veita upplýsingar um listana sé þess óskað og þeir gæta réttar listans við skoðun landskjörstjórnar og yfirkjörstjórnar sveitarfélags. Finnist gallar á framboðslista skal umboðsmönnum gefinn kostur á að leiðrétta þá áður en þeir koma til úrskurðar skv. 45. og 46. gr.

Yfirkjörstjórn kjördæmis og yfirkjörstjórn sveitarfélags útbúa sérstök skilríki fyrir umboðsmenn samkvæmt nánari fyrirmælum

landskjörstjórnar. Skilríki þessi skulu umboðsmenn bera við athafnir sínar samkvæmt lögum þessum.

Umboðsmönnum er skylt að hlíta þeim fundarreglum sem kjörstjórn, yfirkjörstjórn kjördæmis, yfirkjörstjórn sveitarfélags og landskjörstjórn setja, þ.m.t. á kjörfundi og við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar. Um réttindi og skyldur umboðsmanna fer að öðru leyti eftir nánari ákvæðum þessa kafla.

Umboðsmenn lista eiga rétt á að tilnefna aðstoðarmenn sem koma fram fyrir hönd þeirra við framkvæmd kosninga. Tilnefningar skulu berast yfirkjörstjórn kjördæmis eða yfirkjörstjórn sveitarfélags tímanlega fyrir kjördag og skal yfirkjörstjórn útbúa sérstök skilríki fyrir aðstoðarmenn sem þeir skulu bera við athafnir sínar. Réttindi og skyldur aðstoðarmanna gagnvart kjörstjórnnum eru hinar sömu og umboðsmanna.

54. gr.

Réttindi umboðsmanna við ákvörðun um gildi framboðslista.

Umboðsmenn lista eiga rétt á að vera viðstaddir fundi landskjörstjórnar og yfirkjörstjórnar sveitarfélags um framboðslista, sbr. 45. og 46. gr.

Úrskurði landskjörstjórnar eða yfirkjörstjórnar sveitarfélags framboðslista ógildan skal umboðsmönnum lista, eins fljótt og verða má, afhent afrit úrskurðarins, ásamt afriti listans og vottorði um afhendingartíma.

Auk umboðsmanna lista eiga stjórn málasamtök sem bjóða fram lista við alþingiskosningar rétt á að hafa tvo umboðsmenn viðstadda fundi landskjörstjórnar sem haldnir eru skv. 45. gr.

Umboðsmenn lista og umboðsmenn stjórn málasamtaka mega skjóta ákvörðunum landskjörstjórnar og yfirkjörstjórnar sveitarfélaga til úrskurðarnefndar kosningamála innan 20 stunda frá uppkvaðningu, sbr. 2. mgr. 45. gr., [2. mgr. 46. gr. og 2. mgr. 50. gr.]¹⁾

¹⁾L. 62/2023, 19. gr.

55. gr.

Réttindi umboðsmanna við atkvæðagreiðslu á kjörfundi og utan kjörfundar.

Umboðsmenn lista eiga rétt á að vera viðstaddir atkvæðagreiðslu á kjörfundi og að sitja við borð í kjörfundarstofunni og fá afhentar

kosningaleiðbeiningar. Umboðsmenn lista eiga enn fremur rétt á að vera viðstaddir atkvæðagreiðslu utan kjörfundar, þó ekki ef atkvæðagreiðsla fer fram í heimahúsi. Umboðsmenn skulu hafa aðgang að kjörskrám í kjörfundarstofu og að skrám kjörstjóra sem þeir halda vegna atkvæðagreiðslu utan kjörfunda, [sbr. 6. mgr. 77. gr.]¹⁾ Umboðsmönnum er óheimilt að bera í kjörfundarstofu eða hafa á brott með sér gögn er varða kosninguna og óheimilt er að taka upp, mynda eða miðla með öðrum hætti upplýsingum um það sem fram fer í kjörfundarstofu. Sama gildir um kosningarathöfn utan kjörfundar.

¹⁾L. 62/2023, 20. gr.

56. gr.

Réttindi umboðsmanna við upphaf og lok kjörfundar.

Umboðsmenn lista eiga rétt á að vera viðstaddir þegar kjörstjórn gætir laga- og stjórnvaldsfyrirmæla við meðhöndlun atkvæðakassa og annarra kjörgagna áður en atkvæðagreiðsla hefst og þegar henni er slitið. Umboðsmönnum er heimilt að undirrita með kjörstjórn það sem hún ritar í gerðabókina vegna þessara starfa og setja innsigli sín á þá atkvæðakassa og kjörgögn sem kjörstjórn innsiglar samkvæmt lögum. Sama gildir um rétt umboðsmanna lista hvað varðar störf kjörstjóra.

57. gr.

Eftirlit umboðsmanna.

Telji umboðsmenn lista að kjörstjórn, kjörstjóri eða kjósendur hegði sér ekki samkvæmt lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum við kosningarathöfnina mega þeir finna að því við kjörstjórnina eða kjörstjórnann. Telji þeir eitthvað ólöglegt við kosningarathöfnina og fá það ekki leiðrétt hjá kjörstjórn eða kjörstjóra eiga umboðsmenn rétt á að fá ágreiningsefnið bókað þegar í stað í gerðabók kjörstjórnar eða skrá kjörstjóra. Neiti kjörstjórn eða kjörstjóri að bóka eitthvað vegna kosningarathafnarinnar á umboðsmaður rétt á að bóka það sjálfur og undirrita.

58. gr.

Réttindi umboðsmanna við talningu atkvæða.

Umboðsmenn lista eiga rétt á að vera viðstaddir undirbúning talningar, svo sem þegar tekið er á móti atkvæðakössum og þeir opnaðir, þegar tekið er á móti öðrum kjörgögnum eða við flokkun atkvæða. Þá eiga umboðsmenn rétt á að vera viðstaddir talningu atkvæða og fylgjast með framkvæmd hennar og uppgjöri.

Séu umboðsmenn lista ekki viðstaddir talningu eða undirbúning hennar skal yfirkjörstjórn kjördæmis eða yfirkjörstjórn sveitarfélags kalla til fólk úr sama framboði, ef unnt er, til að gæta réttar listans.

59. gr.

Staða umboðsmanna við úthlutun þingsæta og staðfestingu kosningaúrslita.

Sérhver stjórnmalasamtök sem boðið hafa fram eiga rétt á að hafa tvo umboðsmenn viðstadda við öll störf landskjörstjórnar við úthlutun þingsæta skv. XVI. kafla.

Sérhver stjórnmalasamtök sem boðið hafa fram eiga rétt á að hafa tvo umboðsmenn viðstadda við öll störf yfirkjörstjórnar sveitarfélags við staðfestingu kosningaúrslita sveitarstjórnarkosninga skv. XVII. kafla.

[59. gr. a.

Reglugerðarheimild.

Að fengnum tillögum landskjörstjórnar skal ráðherra setja reglugerð¹⁾ um umboðsmenn, þ.m.t. réttindi þeirra og skyldur við framlagningu framboðslista og framboða og við ákvarðanatöku um gildi framboðslista og framboða, til að innsigla atkvæðakassa, við framkvæmd atkvæðagreiðslu á kjörfundi og utan kjörfundar, við upphaf og lok kjörfundar, við talningu atkvæða, við úthlutun þingsæta og við staðfestingu kosningaúrslita, auk almennra ákvæða um eftirlitsstörf þeirra.]²⁾

¹⁾Rg. 499/2024.

²⁾L. 62/2023, 21. gr.

60. gr.

Umboðsmenn við þjóðaratkvæðagreiðslur.

Landskjörstjórn skipar umboðsmenn í hverju kjördæmi sem hafa það hlutverk að gæta ólíkra sjónarmiða við þjóðaratkvæðagreiðslu, talningu atkvæða og úrlausn ágreiningsmála.

61. gr.

Umboðsmenn frambjóðenda í forsetakjöri.

Um umboðsmenn frambjóðenda í forsetakjöri gilda ákvæði 53.–59. gr. að breyttu breytanda.

XI. KAFLI.

Kjörgögn.

62. gr.

Kjörgögn við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar.

Landskjörstjórn lætur í té kjörgögn við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar. Hún lætur einnig í té leiðbeiningar um tilhögun atkvæðagreiðslunnar. Kjörgögn þessi skulu jafnan vera fyrir hendi hjá þeim er annast atkvæðagreiðslu utan kjörfundar. Sýslumenn annast afgreiðslu kjörgagna til kjörstjóra eða annarra trúnaðarmanna innan lands, sbr. 69. gr.

Kjörstjórar skulu varðveita kjörgögnin á öruggum stað.

Að fengnum tillögum landskjörstjórnar skal ráðherra setja reglugerð¹⁾ þar sem kveðið er nánar á um gerð kjörgagna sem nota skal við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar, þ.m.t. um gerð og uppsetningu kjörseðla, stimpla, atkvæðakassa og önnur kjörgögn, sem og varðveislu þeirra.

¹⁾Rg. 500/2024.

63. gr.

Móttaka kjörgagna við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar.

Kjörstjóri eða annar trúnaðarmaður innan lands, sbr. 69. gr., sem veitir viðtöku utankjörfundarkjörgögnum, skal undirrita og afhenda hlutaðeigandi sýslumanni drengskaparyfirlýsingu um að kosning fari fram samkvæmt fyrirætlum laga þessara.

Sérstakur kjörstjóri skv. 71. gr., sem veitir viðtöku utankjörfundarkjörgögnum, skal og undirrita og afhenda því ráðuneyti er

fer með málefni sendiráða, fastanefnda og ræðisskrifstofa Íslands erlendis eða hlutaðeigandi sendierindreka sams konar yfirlýsingu.

64. gr.

Kjörgögn við atkvæðagreiðslu á kjörfundi.

Landskjörstjórn lætur gera kjörseðla sem notaðir verða við atkvæðagreiðslu á kjörfundi við alþingiskosningar, forsetakjör og þjóðaratkvæðagreiðslu.

Yfirkjörstjórn sveitarfélags lætur gera kjörseðla sem notaðir verða við atkvæðagreiðslu á kjörfundi við sveitarstjórnarkosningar.

Kjörseðlar skulu vera úr haldgóðum pappír sem prent eða skrift sést ekki í gegnum samkvæmt nánari reglum sem ráðuneytið setur að fengnum tillögum landskjörstjórnar.

65. gr.

Reglugerðarheimild.

Að fengnum tillögum landskjörstjórnar skal ráðherra í reglugerð¹⁾ setja nánari ákvæði um gerð kjörseðla, umslög, atkvæðakassa, blindraspjöld, kosningaleiðbeiningar, gerðabækur og önnur kjörgögn.

¹⁾Rg. 500/2024.

66. gr.

Kjörgögn við þjóðaratkvæðagreiðslu.

Í þingsályktun skv. 2. mgr. 2. gr. skal, að fenginni umsögn landskjörstjórnar, kveðið á um orðalag og framsetningu þeirrar spurningar sem lögð er fyrir kjósendur.

Á kjörseðli skal skýrt koma fram spurning um hvort kjósandi samþykki þá tillögu sem borin er upp og gefnir tveir möguleikar á svari, „Já“ og „Nei“.

Alþingi getur ákveðið að spurningar og svarkostir á kjörseðli í atkvæðagreiðslu skv. 2. mgr. 2. gr. séu fleiri eða orðaðir með öðrum hætti.

Landskjörstjórn ákveður orðalag og framsetningu spurningar á kjörseðli í atkvæðagreiðslu skv. 3. mgr. 11. gr., 26. gr. og 2. mgr. 79. gr. stjórnarskrárinnar.

Ráðherra setur, að fenginni tillögu landskjörstjórnar, nánari reglur um útlit og frágang kjörseðla sem nota skal við þjóðaratkvæðagreiðslur.

XII. KAFLI.

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar.

67. gr.

Heimild til atkvæðagreiðslu utan kjörfundar.

Kjósandi, sem getur ekki sótt kjörfund á kjördegi, getur ákveðið að greiða atkvæði utan kjörfundar eftir þeim reglum sem settar eru í lögum þessum.

Kjósandi, sem greitt hefur atkvæði utan kjörfundar, getur greitt atkvæði á kjörfundi og kemur utankjörfundarseðill hans þá ekki til greina við kosninguna.

68. gr.

Upphaf og lok atkvæðagreiðslu utan kjörfundar.

[Við alþingis- og sveitarstjórnarkosningar skal hefja kosningu utan kjörfundar 29 dögum fyrir kjördag og 23 dögum fyrir kjördag fari kosningar til Alþingis fram eftir tilkynningu um þingrof. Við forsetakjör skal hefja kosningu utan kjörfundar þegar landskjörstjórn hefur auglýst hverjir séu í kjöri, sbr. 50. gr. Við þjóðaratkvæðagreiðslu skal hefja kosningu utan kjörfundar svo fljótt sem kostur er eftir að kjördagur hefur verið auglýstur.]¹⁾

[Sýslumaður skal tryggja að í umdæmi hans sé unnt að greiða atkvæði utan kjörfundar á a.m.k. einum kjörstað í að lágmarki fjórar klukkustundir]¹⁾ á kjördag en erlendis skal þó ljúka kosningunni daginn fyrir kjördag.

Atkvæðið telst greitt þann dag sem fylgibréfið er dagsett.

¹⁾L. 62/2023, 22. gr.

69. gr.

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar hér á landi.

Sýslumenn eru kjörstjórar, hver í sínu umdæmi. Sýslumenn ákveða hverjir skulu vera kjörstjórar og ráða aðra trúnaðarmenn til starfa í umboði

þeirra. Sýslumenn skulu tilkynna landskjörstjórn hverju sinni hverjir eru kjörstjórar í umboði þeirra.

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar getur farið fram:

1. Á aðalskrifstofu sýslumanns, skrifstofu hans eða í útibúi. Sýslumaður getur ákveðið að atkvæðagreiðsla fari fram á sérstökum kjörstað utan aðalskrifstofu, svo og að atkvæðagreiðsla fari fram á öðrum stöðum í umdæmi hans. Sýslumaður getur ákveðið að kjörstaður sé hreyfanlegur, enda sé jafnræðis gætt við veitingu þeirrar þjónustu.
2. Í húsnæði á vegum sveitarfélags, enda skal sýslumaður að ósk sveitarstjórnar skipa kjörstjóra, sem getur verið starfsmaður sveitarfélags, til þess að annast atkvæðagreiðslu. Heimilt er að ósk sveitarfélags að slíkur kjörstaður sé hreyfanlegur, enda sé jafnræðis gætt við veitingu þeirrar þjónustu.
3. Á heilbrigðis- og öldrunarstofnunum, stofnunum fyrir fatlað fólk og í fangelsum fyrir kjósendur sem dveljast þar.
4. Í heimahúsi ef kjósandi getur ekki sótt kjörfund á kjördegi vegna sjúkdóms, fötlunar eða barnsburðar nema hann eigi kost á að greiða atkvæði á stofnun skv. 3. tölul. Ósk um að greiða atkvæði í heimahúsi skal vera skrifleg og studd vottorði lögráða manns um hagi kjóсандans og hafa borist hlutadeigandi kjörstjóra eigi síðar en kl. 10 tveimur dögum fyrir kjördag.

Kjörstjóri auglýsir hvar og hvenær atkvæðagreiðsla getur farið fram og á þann hátt á hverjum stað sem venja er þar að birta opinberar auglýsingar. Skal haga framkvæmd og afgreiðslutíma þannig að kosning geti gengið sem greiðast fyrir sig. Atkvæðagreiðsla skv. 3. tölul. 2. mgr. skal fara fram sem næst kjördegi í samráði við fyrirsvarsmann viðkomandi stofnunar eða heimilis. Atkvæðagreiðsla skv. 4. tölul. 2. mgr. skal fara fram á þeim tíma sem kjörstjóri ákveður.

Kjörstjóri skal sjá til þess að á kjörstað og í næsta nágrenni hans fari hvorki fram óleyfilegur kosningaáróður eða kosningaspjöll né önnur starfsemi sem truflar eða hindrar framkvæmd kosninga. [Að fengnum tillögum landskjörstjórnar skal ráðherra setja reglugerð¹⁾ um óleyfilegan kosningaáróður í nágrenni kjörstaða, kosningaspjöll og aðra starfsemi sem truflar eða hindrar framkvæmd kosninga.]²⁾

Þjóðskrá Íslands ber að veita kjörstjórum aðgang að upplýsingum úr skrám og kerfum stofnunarinnar án endurgjalds svo að þeir geti sinnt hlutverki sínu.

Sé kjósandi haldinn alvarlegum smitsjúkdómi skal kjörstjóri skipuleggja atkvæðagreiðslu utan kjörfundar í samráði við sóttvarnaryfirvöld. Synja má um atkvæðagreiðslu telji sóttvarnaryfirvöld að henni verði ekki komið við án þess að tefla heilsu kjörstjóra eða almennings í hættu.

Ráðherra setur, að fengnum tillögum landskjörstjórnar, reglugerð³⁾ um framkvæmd atkvæðagreiðslu skv. 3. og 4. tölul. 2. mgr. [og 6. mgr.]⁴⁾ Slík atkvæðagreiðsla má þó ekki fara fram fyrir en 21 degi fyrir kjördag. Tilkynna skal umbodsmönnum lista, sbr. 55. gr., um hvenær atkvæðagreiðsla skv. 3. tölul. 2. mgr. fer fram.

¹⁾Rg. 444/2024.

²⁾L. 62/2023, 23. gr.

³⁾Rg. 445/2024. Rg. 446/2024.

⁴⁾L. 18/2022, 5. gr.

70. gr.

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar erlendis.

Erlendis skal atkvæðagreiðsla utan kjörfundar fara fram í skrifstofu sendiráðs, í sendiráðisskrifstofu eða í skrifstofu kjöræðismanns samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra sem fer með utanríkismál. Sami ráðherra getur og ákveðið að atkvæðagreiðsla fari fram á öðrum stöðum erlendis.

Ráðherra sem fer með utanríkismál auglýsir hvar og hvenær atkvæðagreiðsla getur farið fram erlendis og tilkynnir það jafnframt landskjörstjórn.

71. gr.

Kjörstjórar erlendis.

Kjörstjórar við atkvæðagreiðslu erlendis eru forstöðumenn sendiráða, sendiráðismenn, aðrir sendierindrekar eftir ákvörðun viðkomandi forstöðumanns, aðrir starfsmenn sendiráða og sendiráðisskrifstofa, kjöræðismenn og sérstakir kjörstjórar samkvæmt ákvörðun þess ráðherra

sem fer með utanríkismál. Ráðherra sem fer með utanríkismál skal tilkynna landskjörstjórn hverju sinni hverjir eru kjörstjórar erlendis.

Þjóðskrá Íslands ber að veita kjörstjórum aðgang að upplýsingum úr skrám og kerfum stofnunarinnar án endurgjalds svo að þeir geti sinnt hlutverki sínu.

72. gr.

Hæfi kjörstjóra.

[Ef kjörstjóri er í framboði skal hann víkja sæti og annar þar til bær gegna störfum hans, og fer um málsmeðferð við skipun nýs kjörstjóra skv. 2. mgr.

Nú vikur kjörstjóri sæti og skipar þá ráðherra að fengnum tillögum landskjörstjórnar annan kjörstjóra. Hafi kjörstjóri starfað í umboði sýslumanns skal hann skipa annan kjörstjóra. Nú vikur kjörstjóri skv. 1. mgr. 71. gr. sæti og skipar þá ráðherra sem fer með utanríkismál annan kjörstjóra.

Ekki má atkvæðagreiðsla utan kjörfundar fara fram á heimili frambjóðanda.]¹⁾

¹⁾L. 62/2023, 24. gr.

73. gr.

Atkvæði greitt utan kjörfundar.

Kosning utan kjörfundar er því aðeins gild að notuð séu hin fyrirskipuðu kjörgögn.

Kosningin fer þannig fram að kjósandi stimplar eða ritar á kjörseðil bókstaf eða heiti þess lista sem hann vill kjósa. Kjósandi getur gert breytingar í samræmi við 2. og 3. mgr. 85. gr., en þarf þá að rita nafn frambjóðanda áður en hann getur þess hvernig hann vill hafa röðina á listanum eða hafnar frambjóðanda með því að strika yfir nafn hans.

Þegar kosning til sveitarstjórna er óbundin ritar kjósandi sem greiðir atkvæði utan kjörfundar á kjörseðilinn fullt nafn og heimilisfang þeirra aðal- og varamanna sem hann kýs. Tilgreina skal varamenn í þeirri röð sem kjósandi kýs að þeir taki sæti.

Kjósandi sem greiðir atkvæði utan kjörfundar við forsetakjör stimplar eða ritar á kjörseðilinn fullt nafn þess frambjóðanda sem hann vill kjósa

af þeim sem í kjöri eru. Ekki skal þó meta atkvæði ógilt þótt sleppt sé kenninafni eða ættarnafn sé eitt sett ef greinilegt er eftir sem áður við hvern er átt.

74. gr.

Kosningarathöfn utan kjörfundar.

Kjósandi sem greiða vill atkvæði utan kjörfundar skal gera kjörstjóra grein fyrir sér með því að framvísa persónuskilríkjum með nafni, kennitölu og mynd, svo sem vegabréfi, ökuskírteini eða nafnskírteini, eða á annan fullnægjandi hátt að mati kjörstjóra. Kjörstjóri skal merkja í kjörskrá hverjir greiða atkvæði hjá honum, sbr. 1. mgr. 77. gr.

Að lokinni skráningu fær kjósandi afhent kjörgögn. Skal hann síðan aðstoðarlaust og án þess að nokkur annar sjái rita atkvæði sitt á kjörseðilinn á þann hátt er segir í 2. mgr. 73. gr. Því næst skal kjósandi setja atkvæðið í kjörseðilsumslagið og líma það vandlega aftur. Skal kjósandi síðan árita og undirrita fylgibréfið í viðurvist kjörstjóra sem vottar atkvæðagreiðsluna með undirritun sinni á fylgibréfið og embættisstimpli, ef við á.

Kjósandi á rétt til aðstoðar við atkvæðagreiðsluna. Aðstoð skal veitt af kjörstjóra eða aðstoðarmanni sem fylgir kjósanda á kjörstað. Aðstoð skal því aðeins veita að kjósandi geti sjálfur skýrt þeim er aðstoðina veitir frá því hvernig hann vill greiða atkvæði. Aðstoðarmanni kjósanda er skylt að fara að fyrirmælum kjósanda og hann er bundinn þagnarskyldu um það sem honum og kjósanda fer á milli í kjörklefanum. Frambjóðandi, maki hans, börn, systkini og foreldrar mega ekki veita aðstoð við atkvæðagreiðslu. Aðstoðarmanni kjósanda er óheimilt að gerast aðstoðarmaður fleiri en þriggja kjósanda við sömu kosningu.

Við atkvæðagreiðslu skv. 3. mgr. eiga ákvæði 73.–77. gr. við um aðstoðarmann kjósanda.

Að lokum skal kjörseðilsumslagið ásamt fylgibréfinu lagt í sendiumslagið og því lokað vandlega. Umslagið skal síðan áritað til kjörstjórnarinnar í því sveitarfélagi þar sem kjósandinn telur sig vera á kjörskrá. [Aftan á sendiumslagið skal rita nafn og heimilisfang kjósandans. Auk þess er heimilt að rita númer kjörstaðar og kjördeildar aftan á sendiumslagið og/eða setja þar sérstakt merki sem getur

innihaldið upplýsingar um kjörstað, kjördeild og kennitölu kjósandans.]¹⁾ Landskjörstjórn setur nánari reglur²⁾ um útlit og notkun slíks merkis.

[Í reglugerð³⁾ sem ráðherra setur að fenginni tillögu landskjörstjórnar má mæla fyrir um móttöku, skráningu og meðferð atkvæðisbréfa í vörslu kjörstjóra og kjörstjórnar sveitarfélags.]¹⁾

¹⁾L. 62/2023, 25. gr.

²⁾Rgl. 1161/2023.

³⁾Rg. 480/2024.

75. gr.

Kjörseðill ónýtist.

Nú ónýtist kjörseðill hjá kjósanda og má hann þá fá annan kjörseðil í stað hins. Kjörstjóri skal farga ónýta kjörseðlinum í viðurvist kjósanda.

76. gr.

Utankjörfundaratkvæði komið til skila.

[Kjósandi, sem fram að kjördegi]¹⁾ greiðir atkvæði hjá kjörstjóra í umdæmi þar sem hann er á kjörskrá og skilur þar eftir bréf með atkvæði sínu, skal sjálfur láta bréfið í venjulegan atkvæðakassa. [Atkvæðakassinn skal innsiglaður af kjörstjóra og er umboðsmönnum lista í umdæmi heimilt að setja á hann innsigli sín.]¹⁾ [Kjörstjóri getur ákveðið að atkvæðakassa skuli samnýta fyrir tvö eða fleiri sveitarfélög innan umdæmis hans eftir því sem við á.]¹⁾

Aðrir kjósendur skulu sjálfir annast sendingu atkvæðisbréfs síns til þess sveitarfélags þar sem þeir eru á kjörskrá. [Fram að kjördegi er kjörstjóra]¹⁾ þó skylt, ef kjósandi óskar þess, að koma bréfinu í póst og greiða almennt póstburðargjald undir sendinguna. Kjósandi ber að öðru leyti sjálfur kostnað af sendingu atkvæðisbréfsins.

[Fyrir alþingiskosningar, forsetakjör og þjóðaratkvæðagreiðslu er nægjanlegt að koma bréfi með utankjörfundaratkvæði í einhverja kjördeild þess kjördæmis þar sem kjósandinn er á kjörskrá. Við sveitarstjórnarkosningar er nægjanlegt að koma bréfi með utankjörfundaratkvæði í einhverja kjördeild þess sveitarfélags þar sem kjósandinn er á kjörskrá.]¹⁾

¹⁾L. 62/2023, 26. gr.

77. gr.

Skráning utankjörfundaratkvæða.

Kjörstjóri skal merkja í kjörskrá við nöfn þeirra kjósenda sem greiða atkvæði hjá honum, sbr. 1. mgr. 74. gr. Kjörstjóri sem ekki hefur aðgang að rafrænni kjörskrá skal færa á sérstaka skrá nöfn þeirra kjósenda sem greiða atkvæði hjá honum, lögheimili kjósenda og kennitölu og hvern dag kosningarathöfnin fór fram.

Atkvæðisbréf, sem kjósandi skilur eftir hjá kjörstjóra, sbr. 1. mgr. 76. gr., skal kjörstjóri tölusetja og skrá í kjörskrána í áframhaldandi töluröð. ...¹⁾ [Atkvæðisbréf skal varðveitt í atkvæðakassa.]¹⁾

[Atkvæðisbréf sem berst kjörstjórn sveitarfélags, sbr. 5. mgr. 74. gr., skal kjörstjórn tölusetja og skrá samkvæmt nánari fyrirætlunum í reglugerð,²⁾ sbr. 6. mgr. 74. gr.]¹⁾

Kjósandi getur jafnan krafist þess af hverjum þeim er varðveittir bréf með atkvæði hans, sé það ekki varðveitt í innsigliðum atkvæðakassa, að hann afhendi sér það, allt þar til kjörstjórn hefur tekið það til meðferðar, sbr. 1. mgr. 93. gr.

[Atkvæðakassa ásamt viðeigandi skrá skv. 1. mgr. afhendir kjörstjóri síðan hlutaðeigandi kjörstjórn eftir nánara samkomulagi, en þó svo tímanlega að kassinn sé kominn henni í hendur eigi síðar en þegar kjörfundi er slitið. Sé um að ræða samnýttan kassa, sbr. 1. mgr. 76. gr., er kjörstjóra heimilt að rjúfa innsigli hans og afhenda atkvæðin flokkuð. Kjörstjóri skal bjóða fulltrúum viðkomandi kjörstjórna og viðkomandi umboðsmönnum að vera viðstaddir.]¹⁾

Umboðsmönnum lista er heimilt að kynna sér skrár og merkingar kjörstjóra í kjörskrá sem um getur í 1. og 2. mgr. hjá kjörstjóra. Óheimilt er að taka afrit og myndir og miðla upplýsingum úr skrám kjörstjóra.

Í reglugerð²⁾ sem ráðherra setur að fengnum tillögum landskjörstjórnar má kveða nánar á um fyrirkomulag við skráningu kjörstjóra og um miðlun hennar til kjörstjórnar skv. [5. mgr.]¹⁾

¹⁾L. 62/2023, 27. gr.

²⁾Rg. 480/2024.

XIII. KAFLI.

Kjörstaðir.

78. gr.

Ákvörðun kjörstaða.

Kjörstað fyrir hverja kjördeild ákveður sveitarstjórn. Á sama kjörstað mega vera fleiri en ein kjördeild.

Kjörstað skal auglýsa almenningi á undan kjörfundi með nægum fyrirvara.

79. gr.

Útbúnaður í kjördeild.

Í hverri kjördeild skal vera hæfilegur fjöldi kjörklefa sem skulu þannig búnir að þar megi greiða atkvæði án þess að aðrir geti séð hvernig kjósandi greiðir atkvæði.

Í kjörfundarstofu skal vera atkvæðakassi. Hann skal þannig búinn að ekki sé unnt að ná kjörseðli úr honum án þess að opna hann. Atkvæðakassar skulu innsiglaðir þannig að þess sjáist merki séu þeir opnaðir. Í upphafi kjörfundar skal kjörstjórn ganga úr skugga um að atkvæðakassar séu tómir og innsigla síðan með innsigli sem landskjörstjórn lætur í té. Landskjörstjórn setur nánari reglur¹⁾ um tilhögun í kjörfundarstofu, stærð og gerð atkvæðakassa og innsigli.

Yfirkjörstjórn skal gæta þess að jafnan séu til nægir atkvæðakassar til afnota á kjörstöðum.

¹⁾Rgl. 1160/2023. Rgl. 1661/2023.

XIV. KAFLI.

Atkvæðagreiðsla á kjörfundi.

80. gr.

Upphaf kjörfundar.

Kjörfund skal setja á kjörstað kl. 9 árdegis, en yfirkjörstjórn getur þó ákveðið að kjörfundur skuli hefjast síðar, þó eigi síðar en kl. 12 á hádegi. Fullskipuð kjörstjórn skal viðstödd er kjörfundur er settur. Sé hún ekki öll viðstödd taka varamenn sæti, en séu þeir ekki heldur viðstaddir boðar sá eða þeir sem við eru úr kjörstjórninni kjósendur til að taka sæti í kjörstjórninni og halda þeir sæti sínu uns hinir koma.

Upphaf kjörfundar skal auglýsa með hæfilegum fyrirvara og á þann hátt á hverjum stað sem venja er þar að birta opinberar auglýsingar.

81. gr.

Hlutverk kjörstjórna.

Kjörstjórn skal sjá til þess að á kjörstað og í næsta nágreppi hans fari hvorki fram óleyfilegur kosningaáróður eða kosningaspjöll né önnur starfsemi sem truflar eða hindrar framkvæmd kosninga. [Að fengnum tillögum landskjörstjórnar skal ráðherra setja reglugerð¹⁾ um óleyfilegan kosningaáróður í nágreppi kjörstaða, kosningaspjöll og aðra starfsemi sem truflar eða hindrar framkvæmd kosninga.]²⁾

Meðan á kosningarahöfninni stendur skal kjörstjórnin sitja við borð í kjörfundarstofunni. Aldrei má nema einn úr kjörstjórn ganga út í senn og felur hann öðrum úr kjörstjórninni verk sitt á meðan nema varamaður sé tiltækur.

Ráðherra skal, að fenginni tillögu landskjörstjórnar, setja reglugerð³⁾ um móttöku og meðferð kjörstjórna á atkvæðum greiddum utan kjörfundar, atkvæðakassa, aðföng sem eiga að vera til staðar á kjörstað og í kjörklefa, verklag kjörstjórna við afstemmingu atkvæða og önnur atriði um atkvæðagreiðslu á kjörfundi.

¹⁾Rg. 444/2024.

²⁾L. 62/2023, 28. gr.

³⁾Rg. 446/2024. Rg. 447/2024. Rg. 500/2024.

82. gr.

Stjórn kjörfundar.

Kjósendur skulu greiða atkvæði í þeirri röð sem þeir gefa sig fram. Kjósandi skal vera einn í kjörklefanum, sbr. þó 89. gr. Þó getur kjörstjórn veitt kjósanda með ósjálfbjarga barn undanþágu frá þessu skilyrði enda liggur fyrir að annars gæti kjósandi ekki greitt atkvæði.

Kjörstjórn getur ákveðið, þrátt fyrir 55. gr., að í kjörfundarstofu séu ekki, auk þeirra sem starfa við framkvæmd kosninganna, aðrir en kjósendur sem ætla að greiða atkvæði. Kjörstjórnin getur auk þess takmarkað fjölda kjósenda í kjörfundarstofu ef þörf þykir til að halda uppi reglu.

83. gr.

Framvísun skilríkja.

Kjósandi skal gera kjörstjórn grein fyrir sér, svo sem með því að framvísa persónuskilríkjum með nafni, kennitölu og mynd, svo sem vegabréfi, ökuskírteini eða nafnskírteini, eða á annan fullnægjandi hátt að mati kjörstjórnar.

84. gr.

Merking í kjörskrá.

Kjörstjórn skal merkja við nafn kjósanda í kjörskrá áður en hann neytir kosningarréttar síns. Samtímis og merkt er við nafn kjósanda í kjörskrá skal annar kjörstjórnarmaður gæta að því að merkingin sé rétt. Eigi kjósandi rétt á að greiða atkvæði samkvæmt kjörskránni skal kjörstjórn eða fulltrúi hennar afhenda kjósanda kjörseðil. Þá er kjósandi hefur tekið við kjörseðlinum fer kjósandi með hann inn í kjörklefann, þar sem hann ritar atkvæði sitt á kjörseðilinn.

Nú er kjörskrá prentuð og skulu þá oddviti kjörstjórnar og annar meðkjörstjórnarmanna hafa fyrir sér hvor sitt eintak kjörskrárinnar. Skulu þeir báðir gera merki við nafn hvers kjósanda um leið og hann hefur neytt kosningarréttar síns.

85. gr.

Hvernig greiða skal atkvæði við listakosningar.

Kjósandi greiðir atkvæði á þann hátt að hann markar með skriffæri sem kjörstjórn leggur til X í fering fyrir framan bókstaf þess lista á kjörseðlinum sem hann vill kjósa.

Vilji kjósandi breyta nafnaröð á lista þeim er hann kys setur hann tölustafinn 1 fyrir framan það nafn sem hann vill hafa efst, töluna 2 fyrir framan það nafn sem hann vill hafa annað í röðinni, töluna 3 fyrir framan það nafn sem hann vill hafa það þriðja o.s.frv., að svo miklu leyti sem hann vill breyta til.

Ef kjósandi vill hafna frambjóðanda á þeim lista sem hann kys stríkar hann yfir nafn hans.

Kjósandi má ekki hagna neitt við listum sem hann kys ekki, hvorki stríka yfir nöfn á þeim né breyta á þeim nafnaröð.

86. gr.

Hvernig greiða skal atkvæði við aðrar kosningar en listakosningar.

Kjósandi sem greiðir atkvæði á kjörfundi við forsetakjör markar með skriffæri sem kjörstjórn leggur til X í fering fyrir framan nafn þess frambjóðanda á kjörseðlinum sem hann vill kjósa af þeim sem í kjöri eru.

Kjósandi sem greiðir atkvæði á kjörfundi við þjóðaratkvæðagreiðslu markar með skriffæri sem kjörstjórn leggur til X í fering fyrir framan þann svarkost á kjörseðlinum sem hann greiðir atkvæði sitt.

Atkvæðagreiðsla við óbundnar kosningar til sveitarstjórna fer fram með þeim hætti að kjósandi skrifar í kjörklefa á kjörseðilinn fullt nafn og heimilisfang aðalmanna á þann hluta kjörseðilsins sem ætlaður er fyrir kjör aðalmanna. Á þann hluta seðilsins sem ætlaður er fyrir kjör varamanna skal hann rita nöfn varamanna og heimilisföng þeirra í þeirri röð sem hann kys að þeir taki sæti allt að þeirri tölu sem kjósa á.

87. gr.

Frágangur kjörseðils.

Kjósandi gætir þess, hvernig sem hann kys, að gera engin merki á kjörseðilinn fram yfir það sem segir í lögum þessum.

Þegar kjósandi hefur gengið frá kjörseðlinum samkvæmt framansögðu brýtur hann kjörseðilinn í sama brot og hann var í þegar hann tók við honum og gengur út úr klefanum. [Kjósandi skal síðan leggja seðilinn í atkvæðakassann í viðurvist fulltrúa kjörstjórnar. Kjósandi skal gæta þess að enginn geti séð hvernig hann greiddi atkvæði.]¹⁾

¹⁾L. 18/2022, 6. gr.

88. gr.

Truflun á notkun rafrænnar kjörskrár.

Valdi bilun eða truflun því að ekki er unnt að nota rafræna kjörskrá skal kjósandi fá afhentan kjörseðil og sérstakt kjörseðilsumslag. Því næst skal hann rita atkvæði sitt aðstoðarlaust á kjörseðilinn í kjörklefa án þess að nokkur annar sjái. [Purfi kjósandi aðstoð skv. 89. gr. skal tryggt að hann geti neytt kosningarréttar síns.]¹⁾ Kjósandi setur svo kjörseðilinn í kjörseðilsumslagið. Áritar og undirritar kjósandi síðan sérstakt ytra umslag í viðurvist kjörstjórnar sem vottar atkvæðagreiðsluna. Á

ytra umslagi skal koma fram að atkvæðið hafi verið greitt án aðgangs kjörstjórnar að rafrænni kjörskrá auk tímasetningar atkvæðagreiðslu og nafns og kennitölu kjósenda. Kjörseðilsumslag skal látið í ytra umslag sem kjósandi setur síðan í atkvæðakassa.

Landskjörstjórn skal sjá til þess að á hverjum kjörstað séu nauðsynleg kjörgögn til að unnt sé að efna til atkvæðagreiðslu samkvæmt þessu ákvæði.

¹⁾L. 62/2023, 29. gr.

89. gr.

Aðstoð við atkvæðagreiðslu.

Kjósandi á rétt til aðstoðar við atkvæðagreiðsluna. Aðstoð skal veitt af þeim úr kjörstjórninni sem kjósandi tilnefnir eða aðstoðarmanni sem fylgir kjósenda á kjörstað. Aðstoð skal því aðeins veita að kjósandi geti sjálfur skýrt þeim er aðstoðina veitir frá því hvernig hann vill greiða atkvæði.

Aðstoðarmanni kjósenda er skylt að fara að fyrirmælum kjósenda og hann er bundinn þagnarskyldu um það sem honum og kjósenda fer á milli í kjörklefanum.

Frambjóðandi, maki hans, börn, systkini og foreldrar mega ekki veita aðstoð við atkvæðagreiðslu.

Aðstoðarmanni kjósenda er óheimilt að gerast aðstoðarmaður fleiri en þriggja kjósenda við sömu kosningu.

Að fengnum tillögum landskjörstjórnar skal ráðherra í reglugerð¹⁾ kveða nánar á um framkvæmd aðstoðar við atkvæðagreiðslu, svo sem um fræðslu kjörstjórna til aðstoðarmanna, hvernig skuli bóka um veitta aðstoð í gerðabók o.fl.

¹⁾Rg. 432/2022, sbr. 443/2024.

90. gr.

Ónýtur kjörseðill.

Láti kjósandi sjá hvað er á seðli hans eða ef hann hefur gert mistök við merkingu hans er seðillinn ónýtur og má ekki leggja hann í atkvæðakassann. Á kjósandi þá rétt á að fá nýjan kjörseðil og skal hann þá afhenda kjörstjórninni hinn fyrri seðil.

91. gr.

Kjörfundu slitið.

Kjörfundu má ekki slíta fyrr en átta klukkustundir eru liðnar frá því að hann hófst og ekki fyrr en hálf klukkustund er liðin frá því að kjósandi gaf sig síðast fram. Kjörfundu má þó slíta er allir sem á kjörskrá standa hafa greitt atkvæði og eftir fimm klukkustundir ef öll kjörstjórnin og umboðsmenn eru sammála um það, enda sé þá hálf klukkustund liðin frá því að kjósandi gaf sig síðast fram.

Kjörfundu skal þó slíta eigi síðar en kl. 22 á kjördag. Þeir kjósendur sem hafa gefið sig fram fyrir þann tíma eiga þó rétt á að greiða atkvæði.

92. gr.

Móttaka og bráðabirgðarannsókn utankjörfundaratkvæða.

Berist kjörstjórn atkvæðakassi með atkvæðum greiddum utan kjörfundar, sbr. 77. gr., skal athuga hvort innsigli kassans séu heil og ósködduð. Kjörstjórnarmaður opnar atkvæðakassann í viðurvist umboðsmanna lista. Nú eru umboðsmenn ekki viðstaddir og skal yfirkjörstjórn þá boða fólk úr sama framboði, ef unnt er, til að gæta réttar fyrir hönd framboðsins. Telja skal bréfin og bera þau saman við skráningu kjörstjóra um atkvæðagreiðsluna, sbr. 1. og 2. mgr. 77. gr. Kjörstjórnin opnar síðan atkvæðisbréfin og kannar hvort taka skuli atkvæðið til greina, sbr. 94. gr. Ef taka skal atkvæðið til greina skal setja sérstakt merki til bráðabirgða við nafn kjósandans í kjörskránni, en kjörseðilsumslagið óopnað ásamt fylgibréfinu skal lagt á ný í sendiumslagið og það lagt til hliðar og varðveitt meðan atkvæðagreiðslan fer fram. Ef ekki skal taka atkvæðið til greina skal ganga frá kjörseðilsumslaginu og fylgibréfinu og varðveita á sama hátt, en rita skal ástæðu þess að atkvæðið verður ekki tekið til greina á sendiumslagið.

Atkvæðisbréfa, sem kjörstjórn kunna að hafa borist eða berast meðan á atkvæðagreiðslu stendur, skal getið í gerðabók. Skal fara með þau atkvæði svo sem segir í 1. mgr.

Ef kjósandi er ekki á kjörskrá í kjördeildinni (sveitarfélaginu) skal kjörstjórnin kanna hvar kjósandi er á kjörskrá og ef unnt er koma atkvæðisbréfinu í rétta kjördeild en ella skal bréfið varðveitt þar til atkvæðagreiðslu lýkur.

Yfirkjörstjórn er heimilt að hefja flokkun atkvæðisbréfa skv. 1. mgr. tímanlega fyrir kjördag þannig að þau verði afhent í rétta kjördeild á kjördag.

93. gr.

Rannsókn utankjörfundaratkvæða að kjörfundi loknum.

Að atkvæðagreiðslu lokinni kannar kjörstjórnin á ný, í viðurvist umboðsmanna lista, þau utankjörfundaratkvæði sem kjörstjórninni hafa borist og ekki hafa verið aftur heimt, sbr. 77. gr.

Ef sá sem atkvæðið er frá stendur á kjörskrá og á rétt á að greiða atkvæði og hefur ekki greitt atkvæði á kjörfundi skal kjörstjórnin setja merki við nafn kjósandans á kjörskránni og setja kjörseðilsumslagið óopnað í atkvæðakassann.

Ef atkvæðisbréf verður ekki tekið til greina, sbr. 94. gr., skal það áritað eins og segir í 1. mgr. 92. gr. Kjörstjórn skal skrá fjölda utankjörfundaratkvæða sem ekki verða tekin til greina.

Ef kjósandi, sem sent hefur frá sér utankjörfundaratkvæði, er ekki á kjörskrá í kjördeildinni skal kjörstjórnin geta þess sérstaklega í gerðabókinni og senda slík atkvæðisbréf aðskilin til yfirkjörstjórnar.

94. gr.

Utankjörfundaratkvæði sem ekki verða tekin til greina.

Ekki skal taka til greina utankjörfundaratkvæði ef:

- a. sendandinn er ekki á kjörskrá,
- b. sendandinn hefur afsalað sér atkvæðisrétti í þeirri kjördeild, sbr. ákvæði til bráðabirgða II,
- c. sendandinn hefur látist fyrir kjördag,
- d. í sendiumslaginu er meira en eitt fylgibréf og eitt kjörseðilsumslag,
- e. sjáanlegt er að ekki hafi verið notuð hin fyrirskipuðu kjörgögn er landskjörstjórn hefur látið gera,
- f. ekki hefur verið farið eftir þeim reglum sem settar hafa verið um atkvæðagreiðslu utan kjörfundar,
- g. atkvæðið hefur ekki verið greitt á þeim tíma sem greinir í 68. gr. og 7. mgr. 69. gr.

Nú berast fleiri en eitt atkvæði greidd utan kjörfundar frá sama kjósanda sem geta komið til greina og skal þá aðeins hið síðastgreidda atkvæði koma til greina.

95. gr.

Ágreiningur um gildi utankjörfundaratkvæðis.

Nú verður ágreiningur innan kjörstjórnar eða milli kjörstjórnar og umboðsmanns lista um hvort utankjörfundaratkvæði sé gilt eða ógilt og skal þá bóka nákvæmlega í gerðabókina í hverju ágreiningurinn er fólgin og leggja kjörseðilsumslagið óopnað ásamt fylgibréfi aftur í sendiumslagið og senda það til úrskurðar yfirkjörstjórnar.

96. gr.

Gild utankjörfundaratkvæði.

Þau kjörseðilsumslög, sem enginn ágreiningur er um að gild séu, lætur kjörstjórn óopnuð í atkvæðakassann.

97. gr.

Frágangur eftir slit kjörfundar.

Eftir að kjörfundi er slitið skal kjörstjórn ganga frá kjörgögnum og hefja talningu atkvæða.

Að fengnum tillögum landskjörstjórnar skal ráðherra í reglugerð¹⁾ setja nánari reglur um frágang kjörgagna eftir slit atkvæðagreiðslu, frágang og innsiglan kjörgagna ef senda á þau á annan stað til talningar og önnur atriði er snerta störf kjörstjórna að þessu leyti.

¹⁾Rg. 500/2024.

XV. KAFLI.

Talning atkvæða.

98. gr.

Talning í kjördæmum og sveitarfélögum.

Talning atkvæða í alþingiskosningum, forsetakjöri og þjóðaratkvæðagreiðslu fer fram á ábyrgð yfirkjörstjórnar kjördæmis. Yfirkjörstjórn kjördæmis getur ákveðið að auk talningar hjá henni geti talning farið fram hjá umdæmiskjörstjórn, á öðrum stað í kjördæminu.

Talning atkvæða í sveitarstjórnarkosningum er á ábyrgð yfirkjörstjórnar sveitarfélags.

Yfirkjörstjórnir skv. 1. mgr. auglýsa með nægum fyrirvara á undan kosningum hvar og hvenær talning atkvæða fer fram.

Talningu atkvæða má ekki hefja fyrr en eftir kl. 22 að kvöldi kjördags, sbr. þó 2. mgr. 99. gr.

Sé kosningu frestað skv. 124. gr. má talning atkvæða aldrei fara fram fyrr en kosningu er hvarvetna lokið.

99. gr.

Atkvæðatalning.

Talning hefst svo fljótt sem verða má að loknum kjörfundi.

Heimilt er að hefja flokkun atkvæða og undirbúa talningu þeirra áður en kjörfundi lýkur. [Fari flokkun atkvæða og undirbúningur talningar þeirra fram áður en kjörfundi lýkur skal það gert fyrir luktum dyrum þar sem talið er.]¹⁾ Skal rýmið lokað, [innsiglað]¹⁾ og vaktað af hálfu yfirkjörstjórnar þar til kjörfundi er lokið.

Verði ágreiningur milli yfirkjörstjórnar og einhvers umboðsmanna um það hvort kjörseðill sé gildur eða ógildur sker yfirkjörstjórn úr. Við kosningar til Alþingis skulu ágreiningsseðlar sendir landskjörstjórn sem leggur þá fyrir Alþingi sem úrskurðar um gildi þeirra, sbr. 132. gr. Við þjóðaratkvæðagreiðslu og forsetakjör skulu ágreiningsseðlar sendir landskjörstjórn sem úrskurðar um gildi þeirra, sbr. 120. gr. Ágreiningsseðlum skal haldið aðgreindum frá gildum og ógildum kjörseðlum.

[Ráðherra setur reglugerð,²⁾ að fenginni tillögu landskjörstjórnar, m.a. um viðmið um húsnæði þar sem talning fer fram, framkvæmd talningar við almennar kosningar, meðferð ágreiningsseðla, meðhöndlun kjörgagna og kjörskráa, gerð og skil talningar- og kosningaskýrslna, um geymslu og frágang kjörgagna á milli talninga og um frágang að lokinni talningu, þ.m.t. um eyðingu kjörseðla og annarra gagna.]¹⁾

¹⁾L. 62/2023, 30. gr.

²⁾Rg. 447/2024.

100. gr.

Talning fyrir opnum dyrum.

Talning atkvæða skal fara fram fyrir opnum dyrum svo að almenningi gefist kostur á að vera viðstaddur eftir því sem húsrúm leyfir.

[Yfirkjörstjórn skal boða umboðsmenn skv. X. kafla til að vera viðstaddir talningu atkvæða og fylgjast með framkvæmd hennar og uppgjöri.] ¹⁾Nú eru umboðsmenn ekki viðstaddir talningu og skal yfirkjörstjórn þá boða fólk úr sama framboði, ef unnt er, til að gæta réttar fyrir hönd framboðsins.

¹⁾L. 62/2023, 31. gr.

101. gr.

Talning atkvæða ef truflun verður á notkun rafrænnar kjörskrár.

Hafi orðið truflun á notkun rafrænnar kjörskrár á kjörfundi skal kjörstjórn kanna hvort kjósendur sem skilað hafa kjörseðilsumslagi skv. 88. gr. séu á rafrænni kjörskrá og merkja við nöfn þeirra þar. Hafi kjósandi ekki verið á skrá í kjördæmi þar sem hann kaus telst atkvæði hans ógilt.

Hafi kjósandi bæði greitt atkvæði á grundvelli rafrænnar kjörskrár og skv. 88. gr. telst síðarnefnda atkvæðið ógilt. Hið sama á við um síðari atkvæði sem kjósandi kann að hafa greitt skv. 88. gr. umfram hið fyrsta.

Atkvæði sem ógildast skv. 1. eða 2. mgr. skal yfirkjörstjórn geyma undir innsigli þar til úrskurðað hefur verið um gildi kosninganna. Að því búnu skal eyða atkvæðunum.

102. gr.

Mat á gildi atkvæðis við kosningar.

Atkvæði sem greitt er á kjörfundi við kosningar til Alþingis, sveitarstjórna eða við forsetakjör skal meta ógilt ef:

- a. kjörseðill er auður,
- b. kjósandi hefur ekki markað X í fering, sbr. 1. mgr. 85. gr. og 1. mgr. 86. gr.,
- c. ekki má með öruggum hætti sjá hvaða framboðslista eða frambjóðanda kjósandi hefur viljað greiða atkvæði sitt,
- d. ætla má að merki eða áletrun á kjörseðli sé sett af ásettu ráði til að gera seðilinn auðkennilegan,

- e. kjörseðill er ekki sá sem landskjörstjórn eða yfirkjörstjórn sveitarfélags hefur látið gera skv. XI. kafla.

103. gr.

Mat á gildi atkvæðis sem greitt er utan kjörfundar.

Atkvæði sem greitt er utan kjörfundar skal meta ógilt ef:

- a. kjörseðill er auður,
- b. ekki má með öruggum hætti sjá hvaða framboðslista eða frambjóðanda kjósandi hefur viljað greiða atkvæði sitt,
- c. ætla má að merki eða áletrun á kjörseðli sé sett af ásettu ráði til að gera seðilinn auðkennilegan,
- d. ...,¹⁾
- e. í umslagi með utankjörfundarseðli er annað og meira en einn kjörseðill,
- f. ekki eru við atkvæðagreiðsluna notuð þau kjörgögn sem landskjörstjórn hefur mælt fyrir um.

¹⁾L. 18/2022, 7. gr.

104. gr.

Mat á gildi atkvæðis við þjóðaratkvæðagreiðslu.

Atkvæði sem greitt er við þjóðaratkvæðagreiðslu, hvort sem atkvæði er greitt utan kjörfundar eða á kjörfundi, skal meta ógilt ef:

- a. kjörseðill er auður,
- b. ekki má með öruggum hætti sjá hvaða svarkosti kjósandi hefur viljað greiða atkvæði sitt, sbr. 2. mgr. 86. gr.,
- c. ætla má að merki eða áletrun á kjörseðli séu sett af ásettu ráði til að gera seðilinn auðkennilegan,
- d. kjörseðill er ekki sá sem landskjörstjórn hefur látið gera skv. XI. kafla.

Við mat á gildi atkvæðis þegar Alþingi hefur ákveðið að spurningar á kjörseðli séu fleiri eða orðaðar með öðrum hætti, sbr. 3. mgr. 66. gr., skal meta gildi hverrar spurningar sjálfstætt. Ekki skal meta atkvæði ógilt í heild sinni þótt kjósandi hafi ekki tjáð eða mistekist að tjá afstöðu sína til einstakra spurninga á kjörseðli, enda sé atkvæði að öðru leyti gilt.

Við mat á gildi atkvæðis sem greitt er utan kjörfundar í þjóðaratkvæðagreiðslu skal gætt skilyrða [e- og f-liðar 103. gr.]¹⁾

¹⁾L. 18/2022, 8. gr.

105. gr.

Gallar á atkvæði.

Atkvæði skal ekki meta ógilt, þó að gallað sé, ef greinilegt er hvernig það á að falla nema augljóslega komi í bága við einn eða fleiri stafliði 102.–104. gr. Þannig skal taka gilt atkvæði þó að ekki sé merkt í ferning við listabókstafinn en t.d. utan hans, þó að X sé ólögulegt, þó að hak sé sett í ferning í stað X o.s.frv.

Lista telst greitt atkvæði þó að láðst hafi að merkja við listabókstaf en nafn eða nöfn á honum eru tölusett eða X eða hak er sett við nafn, enda séu ekki aðrir gallar á.

[Atkvæði greitt utan kjörfundar telst greitt lista þótt kjósandi hafi ritað nafn frambjóðanda sem er látinn eða eftir atvikum strikað yfir það, sbr. 43. gr. og 2. mgr. 73. gr.]¹⁾

Við óbundnar kosningar til sveitarstjórnar skal ekki meta atkvæði ógilt þótt sleppt sé fornafni, eftirnafni eða heimilisfangi ef greinilegt er eftir sem áður við hvern er átt.

Yfirkjörstjórn skráir í gerðabók sína fjölda atkvæðaseðla sem hún hefur úrskurðað ógilda og ástæður ógildingar.

Að fengnum tillögum landskjörstjórnar setur ráðherra reglugerð²⁾ um mat á gildi atkvæðaseðla.

¹⁾L. 62/2023, 32. gr.

²⁾Rg. 447/2024.

106. gr.

[Talning við alþingiskosningar.

Landskjörstjórn úthlutar þingsætum skv. 108.–112. gr. og útbýr kosningaskýrslu um niðurstöður kosninganna, úthlutun þingsæta við alþingiskosningarnar og yfirlit yfir þingmenn og varaþingmenn eftir kjördæmum. Landskjörstjórn skal einnig útbúa kosningaskýrslu um úrslit kosninganna í hverju kjördæmi fyrir sig þegar tekið hefur verið tillit til

breytinga kjósenda á röð frambjóðenda. Skýrslurnar skulu birtar á vef landskjörstjórnar.

Þegar yfirkjörstjórn hefur lokið talningu atkvæða hvers framboðslista, fjölda greiddra atkvæða og fjölda ógildra og auðra seðla skal hún skila landskjörstjórn fyrri hluta talningarskýrslu þar sem þessar upplýsingar koma fram.

Á grundvelli talningarskýrslna skv. 2. mgr. skal landskjörstjórn reikna skiptingu kjördæmissæta og jöfnunarsæta til framboðslista skv. 109. og 110. gr.

Þegar útreikningi skv. 3. mgr. er lokið skal yfirkjörstjórn skila landskjörstjórn seinni hluta talningarskýrslu þar sem fram koma atkvæðatölur frambjóðanda í einstök sæti eftir að tekið hefur verið tillit til breytinga kjósenda á röð frambjóðenda, sbr. 112. gr.

Landskjörstjórn ákveður form talningarskýrslna og lætur yfirkjörstjórnnum í té.]¹⁾

¹⁾L. 62/2023, 33. gr.

107. gr.

Tilkynning um niðurstöðu talningar.

Við lok talningar skal yfirkjörstjórn sveitarfélags við sveitarstjórnarkosningar, yfirkjörstjórn kjördæmis við alþingiskosningar en landskjörstjórn við forsetakjör og þjóðaratkvæðagreiðslur tilkynna niðurstöðu talningar. Þess skal getið sérstaklega hve margir atkvæðaseðlar eru auðir og hve margir ógildir af öðrum ástæðum.

XVI. KAFLI.

Úthlutun þingsæta á Alþingi.

108. gr.

Úthlutunarfundur landskjörstjórnar.

[Þegar landskjörstjórn hafa borist allar talningarskýrslur eftir almennar alþingiskosningar, sbr. 106. gr., úthlutar landskjörstjórn þingsætum, kjördæmissætum og jöfnunarsætum.]¹⁾ Landskjörstjórn auglýsir með hæfilegum fyrirvara hvar og hvenær fundur er haldinn í þessu skyni svo

að umboðsmönnum þeirra stjórnmálasamtaka sem boðið hafa fram, sbr. 59. gr., gefist kostur á að vera þar viðstaddir.

¹⁾L. 62/2023, 34. gr.

109. gr.

Úthlutun kjördæmissæta.

Til þess að finna hve margir frambjóðendur hafa náð kosningu í kjördæmi af hverjum lista skal fara þannig að:

1. Deila skal í atkvæðatölur listanna með tölunum 1, 2, 3, 4 o.s.frv. Útkomutölur eru skráðar fyrir hvern lista.
2. Fyrsta kjördæmissæti fær sá listi sem hæsta útkomutölu hefur. Sú tala er síðan felld niður. Annað kjördæmissæti fær sá listi sem nú hefur hæsta útkomutölu. Þessu skal fram haldið uns úthlutað hefur verið jafnmörgum kjördæmissætum og kjósa á, sbr. 2. mgr. 9. gr.
3. Nú eru tvær eða fleiri útkomutölur jafnháar þegar að þeim kemur skv. 2. tölul. og skal þá hluta um röð þeirra.

110. gr.

Úthlutun jöfnunarsæta.

Þau stjórnmálasamtök koma ein til álita við úthlutun jöfnunarsæta sem hlotið hafa a.m.k. fimm af hundraði af gildum atkvæðum á landinu öllu.

Til þess að finna hve mörg jöfnunarsæti koma í hlut stjórnmálasamtaka, sem fullnægja skilyrðum 1. mgr., og hvaða framboðslistar þeirra hafa hlotið jöfnunarsæti skal fyrst telja saman atkvæðatölur þeirra á landinu öllu og kjördæmissæti þeirra skv. 109. gr. Síðan skal fara þannig að fyrir þessi samtök:

1. Deila skal í atkvæðatölur samtakanna með tölu kjördæmissæta þeirra, fyrst að viðbættum 1, síðan 2, þá 3 o.s.frv. Útkomutölurnar nefnast landstölur samtakanna.
2. Taka skal saman skrá um þau tvö sæti hvers framboðslista sem næst komust því að fá úthlutun í kjördæmi skv. 109. gr. Við hvert þessara sæta skal skrá hlutfall útkomutölu sætisins skv. 1. tölul. 109. gr. af öllum gildum atkvæðum í kjördæminu.

3. Finna skal hæstu landstölu skv. 1. tölul. sem hefur ekki þegar verið felld niður. Hjá þeim stjórnmalasamtökum, sem eiga þá landstölu, skal finna hæstu hlutfallstölu lista skv. 2. tölul. og úthluta jöfnunarsæti til hans. Landstalan og hlutfallstalan skulu síðan báðar felldar niður.
4. Nú eru tvær eða fleiri lands- eða hlutfallstölur jafnháar þegar að þeim kemur skv. 3. tölul. og skal þá hluta um röð þeirra.
5. Þegar lokið hefur verið að úthluta jöfnunarsætum í hverju kjördæmi skv. 2. mgr. 9. gr. skulu hlutfallstölur allra lista í því kjördæmi felldar niður.
6. Hafi allar hlutfallstölur stjórnmalasamtaka verið felldar niður skal jafnframt fella niður allar landstölar þeirra.
7. Beita skal ákvæðum 3. tölul. svo oft sem þarf þar til lokið er úthlutun allra jöfnunarsæta, sbr. 2. mgr. 9. gr.

111. gr.

Jöfnunarmenn og varaþingmenn.

Frambjóðendur, sem hljóta jöfnunarsæti, teljast þingmenn þess kjördæmis þar sem þeir eru í framboði, í þeirri röð sem sætum er úthlutað eftir 110. gr.

Þegar listi í kjördæmi hefur hlotið þingmann eða þingmenn kjörna skv. 109. eða 110. gr. verða þeir varamenn sem ekki hlutu kosningu á listanum í þeirri röð sem þeir eru á listanum.

112. gr.

Atkvæðatala frambjóðenda.

Þeir frambjóðendur einir koma til álita sem þingmenn og varaþingmenn hvers framboðslista í kjördæmi sem skipa efstu sæti hans, tvöfalt fleiri en komu í hlut listans samkvæmt kosningaúrslitum, sbr. 109. og 110. gr., þó aldrei færri en þrír. Þessi tala frambjóðenda kallast röðunartala listans.

Til þess að finna hverjir þessara frambjóðenda hafa náð kosningu skal landskjörstjórn reikna þeim frambjóðendum sem til álita koma skv. 1. mgr. atkvæðatölu. Frambjóðandi sem skipar 1. sæti á óbreyttum atkvæðaseðli eða er raðað í það sæti á breyttum seðli fær eitt atkvæði. Sá sem lendir með sama hætti í 2. sæti fær það brot úr atkvæði að í nefnara

sé röðunartala en í teljara sú tala að frádregnum einum. Síðan lækkar teljarinn um einn við hvert sæti.

Sá frambjóðandi á hverjum lista, sem fær hæsta atkvæðatölu skv. 2. mgr., hlýtur 1. sæti listans. Sá frambjóðandi, sem fær næsthæsta atkvæðatölu, hlýtur 2. sætið og þannig koll af kalli uns lokið er úthlutun þingsæta og sæta varamanna. Nú fá tveir eða fleiri frambjóðendur jafnháa atkvæðatölu og skal þá hluta um röð þeirra á listanum.

Aðrir frambjóðendur en þeir sem koma til greina sem þingmenn og varaþingmenn skv. 1. mgr. halda þeim sætum sem þeir skipa á framboðslista án tillits til breytinga sem gerðar hafa verið á kjörseðlum.

113. gr.

Tilkynning úrslita og birting þeirra.

[Landskjörstjórn úthlutar þingsætum skv. 109.–112. gr. og útbýr kosningaskýrslu um niðurstöður kosninganna, úthlutun þingsæta við alþingiskosningarnar og yfirlit yfir þingmenn og varaþingmenn eftir kjördæmum. Landskjörstjórn skal einnig útbúa kosningaskýrslu um úrslit kosninganna í hverju kjördæmi fyrir sig þegar tekið hefur verið tillit til breytinga kjósenda á röð frambjóðenda. Skýrslurnar skulu birtar á vef landskjörstjórnar.]¹⁾

Þegar landskjörstjórn hefur úthlutað þingsætum skv. 109.–112. gr. skal hún tafarlaust tilkynna hinum kjörnu þingmönnum og varaþingmönnum úrslitin og að þeir hafi hlotið kosningu til setu á Alþingi. [Tilkynninguna má senda í stafrænt pósthólf á vegum stjórnvalda, sbr. lög um stafrænt pósthólf í miðlægri þjónustugátt stjórnvalda.]¹⁾

Jafnskjótt og tilkynning skv. [2. mgr.]¹⁾ hefur verið send skal landskjörstjórn tilkynna ráðuneytinu um úrslit kosninganna og senda nöfn hinna kjörnu þingmanna ásamt nöfnum varaþingmanna til birtingar í Stjórnartíðindum.

¹⁾L. 62/2023, 35. gr.

114. gr.

Ágreiningur um úrslit kosninga og úthlutun þingsæta.

Nú er ágreiningur milli umboðsmanna stjórnmalasamtaka sem þátt hafa tekið í alþingiskosningum og landskjörstjórnar um úrslit kosninga og

úthlutun þingsæta og eiga þá umboðsmenn rétt á að fá bókaðan ágreining sinn í gerðabók landskjörstjórnar. Landskjörstjórn leggur fyrir Alþingi í þingbyrjun eftirrit af gerðabók sinni um úthlutun þingsæta, svo og gögn þau sem ágreiningur kann að vera um ásamt rökstuddri umsögn sinni, sbr. 2. mgr. 132. gr.

115. gr.

Endurúthlutun í kjölfar uppkosninga.

Nú hefur Alþingi úrskurðað, eftir almennar alþingiskosningar, að kosning einhvers lista sé ógild og uppkosning hefur farið fram, sbr. 132. gr., og skal þá landskjörstjórn endurúthluta kjördæmissætum þar sem uppkosning hefur farið fram skv. 109. gr. og úthluta jöfnunarsætum að nýju skv. 110. gr. Fyrra úthlutun fellur þá úr gildi.

XVII. KAFLI.

Kosningaúrslit sveitarstjórnarkosninga.

116. gr.

Atkvæðatala framboðslista.

Við bundnar hlutfallskosningar skal telja öll atkvæði sem hver listi hefur hlotið og er þá fundin atkvæðatala hvers lista.

Til þess að finna hve margir framboðendur hafa náð kosningu af hverjum lista skal fara þannig að:

1. Deila skal í atkvæðatölur listanna með tölunum 1, 2, 3, 4 o.s.frv. Útkomutölur eru skráðar fyrir hvern lista.
2. Fyrsta fulltrúa fær sá listi kjörinn sem hæsta útkomutölu hefur. Sú tala er síðan felld niður. Annan fulltrúa fær sá listi sem nú hefur hæsta útkomutölu. Þessu skal fram haldið uns úthlutað hefur verið jafnmörgum fulltrúum og kjósa á.
3. Nú eru of fá nöfn á lista þegar til úthlutunar kemur skv. 2. tölul. og skal þá ganga fram hjá þeim lista við frekari úthlutun.
4. Nú eru tvær eða fleiri útkomutölur jafnháar þegar að þeim kemur skv. 2. tölul. og skal þá hluta um röð þeirra.

117. gr.

Atkvæðatala frambjóðenda.

Til þess að finna hverjir frambjóðendur hafa náð kosningu á hverjum lista skal kjörstjórn reikna frambjóðendum atkvæðatölu í samræmi við 112. gr.

Þegar kosið er bundinni hlutfallskosningu og listi fær einn eða fleiri aðalmenn kjörna verða þeir varamenn sem ekki hlutu kosningu á listanum.

118. gr.

Úrslit óbundinna kosninga.

Þegar kosning er óbundin eru þeir sem flest atkvæði fá sem aðalmenn réttkjörnir aðalmenn. Hafi tveir eða fleiri hlotið jafnmörg atkvæði og geta ekki báðir eða allir náð kjöri ræður hlutkesti.

Varamenn, þar sem kosning er óbundin, skulu vera jafnmargir og aðalmenn. Varamenn eru þeir sem hljóta atkvæðamagn þannig: 1. varamaður er sá sem flest atkvæði hlýtur samanlagt í 1. sæti á lista yfir varamenn að viðbættum þeim atkvæðum sem hann hlaut í sæti aðalmanns. 2. varamaður er kosinn sá sem flest atkvæði hlýtur í 2. sæti lista varamanna að viðbættum þeim atkvæðum sem hann hlaut í sæti aðalmanns og í 1. sæti á lista varamanna. Kosning annarra varamanna ákvarðast á sama hátt uns fyllt er í sæti þau sem kjósa skal í. Nú fá tveir menn jafnmörg atkvæði samanlagt í sæti varamanns og skal þá hlutkesti ráða hvor hlýtur sætið. Sá sem ekki hlýtur sætið tekur sæti næsta varamanns og færast þá þeir varamenn sem á eftir koma um set.

119. gr.

Tilkynning til nýrra sveitarstjórnarfulltrúa.

Yfirkjörstjórn sveitarfélags skal tilkynna hinum kjörnu aðalfulltrúum og varamönnum um úrslit kosninganna og að þeir hafi hlotið kosningu til setu í sveitarstjórn. [Tilkynninguna má senda í stafrænt pósthólf á vegum stjórnvalda, sbr. lög um stafrænt pósthólf í miðlægri þjónustugátt stjórnvalda.]¹⁾ Jafnframt skal yfirkjörstjórn senda nýkjörinni sveitarstjórn greinargerð um úrslit kosninganna.

¹⁾L. 62/2023, 36. gr.

[119. gr. a.

Yfirlýsing um kosningaúrslit og skil á kosningaskýrslum.

Jafnskjótt og tilkynning, sbr. 119. gr., hefur verið send skal yfirkjörstjórn sveitarfélags lýsa úrslitum kosninganna með því að birta á vef sveitarfélagsins upplýsingar um úrslitin og hverjir náðu kosningu sem aðalmenn og hverjir eru varamenn.

Yfirkjörstjórn sveitarfélags skal innan þriggja daga frá því að úrslitum er lýst skila landskjörstjórn kosningaskýrslu, á eyðublaði sem landskjörstjórn lætur í té, þar sem gerð er grein fyrir úrslitum kosninganna, sbr. 116.–118. gr., heildarfjölda greiddra atkvæða og fjölda ógildra og auðra seðla. Landskjörstjórn skal birta kosningaskýrslurnar á vef sínum.]¹⁾

¹⁾L. 62/2023, 37. gr.

XVIII. KAFLI.

Úrslit forsetakjörs og þjóðaratkvæðagreiðslna.

120. gr.

Kosningaúrslitum lýst.

Að lokinni talningu atkvæða í forsetakjöri eða þjóðaratkvæðagreiðslu senda yfirkjörstjórnir kjördæma landskjörstjórn skýrslu um niðurstöðu talningarinnar ásamt þeim kjörseðlum sem ágreiningur hefur verið um innan yfirkjörstjórnar eða milli hennar og umboðsmanna.

Pegar landskjörstjórn hefur fengið í hendur gögn yfirkjörstjórna auglýsir hún með 14 daga fyrirvara hvar og hvenær hún kemur saman til fundar til að úrskurða um gildi ágreiningsseðla og lýsa úrslitum kosningarinnar til að forsetaefnum og umboðsmönnum, eftir því sem við á, gefist færi á að vera viðstaddir.

[Á fundi, sbr. 2. mgr., tilkynnir landskjörstjórn um niðurstöður forsetakjörs eða þjóðaratkvæðagreiðslu. Í kjölfarið auglýsir landskjörstjórn úrslitin og gefur út kosningaskýrslu um niðurstöðuna og birtir hana á vef sínum.]¹⁾

¹⁾L. 62/2023, 38. gr.

121. gr.

Kjörgengi forsetaefnis.

Nú er ágreiningur um kjörgengi forsetaefnis, og sker þá landskjörstjórn úr.

122. gr.

Einn frambjóðandi í forsetakjöri.

Nú hefur aðeins einn maður verið í kjöri til forsetaembættisins, og er hann þá réttkjörinn forseti Íslands án atkvæðagreiðslu, enda fullnægi hann kjörgengisskilyrðum. Gefur landskjörstjórn þá út tilkynningu þar um að liðnum framboðsfresti.

123. gr.

Skilyrði fyrir samþykkt tillögu í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Til þess að spurning eða tillaga sem er borin upp í þjóðaratkvæðagreiðslu teljist samþykkt þarf hún að hafa hlotið meiri hluta gildra atkvæða í atkvæðagreiðslunni, sbr. 2. mgr. 104. gr. Hafi svarkostir á kjörseðli verið fleiri en einn skulu atkvæðahlutföll reiknuð út frá samtölu þeirra kjósenda sem taka afstöðu til hverrar spurningar fyrir sig.

Verði samþykkis synjað í þjóðaratkvæðagreiðslu skv. 26. gr. stjórnarskrárinnar skal landskjörstjórn auk þess birta sérstaka auglýsingu þess efnis í A-deild Stjórnartíðinda ekki seinna en tveimur dögum eftir að úrslit atkvæðagreiðslunnar liggja fyrir.

Niðurstaða atkvæðagreiðslu skv. 2. mgr. 2. gr. er ráðgefandi.

XIX. KAFLI.

Kosningum frestað og uppkosningar.

124. gr.

Frestun kosninga.

Nú ferst kosning fyrir í einhverri kjördeild á boðuðum kjördegi af óviðráðanlegum orsökum, og boðar yfirkjörstjórn þá til kjörfundar að nýju innan viku.

Yfirkjörstjórn getur frestað kosningu í kjördeild eftir að hún er hafin ef hún telur að óviðráðanlegar orsakir hindri að kosning geti fram haldið

og allir kjörstjórnarmenn eru sammála um frestunina. Hafi kosningu verið frestað ber að boða til kjörfundar að nýju á sama hátt og segir í 1. mgr.

Um hinn síðari kjördag gilda ákvæði XIV. kafla, eftir því sem við á.

125. gr.

Uppkosning.

[Uppkosning er endurtekning á fyrri kosningu. Nota skal sömu kjörskrá og notast var við á þeim kjördegi sem fyrri kosningin fór fram. Framboðslistar eru þeir sömu og í fyrri kosningu. Fari uppkosning fram vegna þess að kosning heils lista í kjördæmi eða sveitarfélagi hefur verið úrskurðuð ógild skal sá listi ekki vera á meðal framboðslista við uppkosninguna.]¹⁾

Nú er kosning úrskurðuð ógild, og skal þá boðað til nýrra kosninga og ákveða kjördag svo fljótt sem því verður við komið og eigi síðar en innan mánaðar. [Landskjörstjórn ákveður og auglýsir kjördag í samráði við yfirkjörstjórnir.]¹⁾

Hafi þjóðaratkvæðagreiðsla skv. 2. mgr. 2. gr. verið ógilt skal Alþingi ákveða hvort hún verði endurtekin.

Að öðru leyti fer hin nýja kosning fram samkvæmt fyrirmælum laga þessara.

¹⁾L. 62/2023, 39. gr.

XX. KAFLI.

Hagskýrslugerð.

126. gr.

Skýrslur og upplýsingar til Hagstofu Íslands.

Þjóðskrá Íslands skal veita Hagstofu Íslands aðgang að kjörskrá, þ.m.t. rafrænni kjörskrá, til hagskýrslugerðar. Heimilt er að vinna upplýsingar um kosningar, aðstoð á kjörstað og kjörsókn eftir kyni, aldri, ríkisfangi, búsetu og öðrum þeim breytum sem varpað geta ljósi á kjörsókn og framkvæmd kosninga.

Hafi sveitarstjórn fengið undanþágu til notkunar prentaðrar kjörskrár skal yfirkjörstjórn sveitarfélags senda Hagstofu Íslands skýrslu um kosninguna ritaða á eyðublöð sem stofnunin lætur í té og vinna sérstaklega þær upplýsingar sem Hagstofa Íslands þarfnast.

Við vinnslu upplýsinga skv. 1. og 2. mgr. skulu yfirkjörstjórnir og Hagstofa Íslands gæta ákvæða laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

XXI. KAFLI.

Kosningakæzur.

127. gr.

Kæzur vegna alþingiskosninga.

Alþingi sker úr hvort þingmenn séu löglega kosnir og hvort þingmaður hafi misst kjörgengi.

Nú kærir einhver kjósandi að þingmann er kosningu hlaut skorti einhver kjörgengisskilyrði eða að framboðslisti hafi verið ólöglega framboðinn eða kosinn svo að ógilda beri kosninguna, og skal hann þá innan sjö daga frá því að kosningaúrslit voru auglýst senda landskjörstjórn kæru. Landskjörstjórn tilkynnir umboðsmönnum framboðslistans þegar í stað um kærana og leggur hana fyrir Alþingi strax í þingbyrjun.

128. gr.

Kæzur vegna sveitarstjórnarkosninga.

Kæzur um ólögmati sveitarstjórnarkosninga, aðrar en refsikæzur, skulu sendar úrskurðarnefnd kosningamála innan sjö daga frá því að lýst var úrslitum kosninga.

Nú kemur fram kæra innan kærufrests skv. 1. mgr. og úrskurðarnefnd kosningamála úrskurðar kosningu ógilda, og lætur þá fráfarandi sveitarstjórn ekki af störfum fyrir en kosning hefur farið fram að nýju og nefndin úrskurðað um kæzur sem fram kunna að koma vegna þeirra.

Úrskurðarnefnd kosningamála skal úrskurða innan fjögurra vikna frá því að kæra berst, nema mál sé mjög umfangsmikið og skal þá úrskurða innan sex vikna.

129. gr.

Kæzur vegna forsetakjörs og þjóðaratkvæðagreiðslna.

Kæzur um ólögmati forsetakjörs og þjóðaratkvæðagreiðslna, aðrar en refsikæzur, skulu sendar úrskurðarnefnd kosningamála til úrlausnar eigi síðar en sjö dögum fyrir fund skv. 120. gr.

Úrskurðarnefnd kosningamála skal úrskurða innan fjögurra vikna frá því að kæra berst, nema mál sé mjög umfangsmikið og skal þá úrskurða innan sex vikna.

130. gr.

Gallar sem leiða til ógildingar kosninga.

Gallar á framboði eða kosningu leiða ekki til ógildingar kosninga, nema líklegt sé að þeir hafi haft áhrif á úrslit kosninganna.

131. gr.

Réttur kjósanda.

Engum kjósanda, sem greitt hefur atkvæði við kosningar eða þjóðaratkvæðagreiðslu, er skylt að skýra frá því fyrir dómi í nokkru máli hvernig hann hefur greitt atkvæði.

XXII. KAFLI.

Úrskurður Alþingis um gildi kosninga.

132. gr.

Rannsókn alþingiskosninga og ógilding.

Alþingi úrskurðar um gildi alþingiskosninga, kjörgengi þingmanna og kosningu þeirra að eigin frumkvæði eða á grundvelli framkominnar kærur. Þá sker Alþingi enn fremur úr um gildi ágreiningsseðla.

Landskjörstjórn leggur fyrir Alþingi rökstudda umsögn um kærur út af gildi kosninga og um mat á kjörgengi nýkjörinna þingmanna og gildi ágreiningsseðla. Landskjörstjórn lætur Alþingi enn fremur í té öll þau gögn og upplýsingar sem það hefur þörf fyrir við umfjöllun sína samkvæmt þessari grein.

Alþingi ber að ógilda kosningu þingmanns:

- a. ef hann skortir kjörgengi,
- b. ef þeir gallar eru á framboði eða kosningu hans sem líklegt er að hafi haft áhrif á úrslit kosningarinnar,
- c. ef galla á framboði eða kosningu hans má rekja til verulegra misfella sem hann sjálfur, umboðsmenn hans eða meðmælendur eiga vísvitandi sök á, þó að þær hafi ekki haft áhrif á úrslit

kosninganna; varði misfellurnar listann í heild fer eins um alla þingmenn sem kosnir voru af listanum,

- d. ef hann hefur verið í kjöri á tveimur listum í kjördæmi eða kjördæmum við hinar sömu alþingiskosningar.

Nú hefur Alþingi úrskurðað kosningu heils lista í kjördæmi ógilda, og skal þá uppkosning fara þar fram.

XXIII. KAFLI.

Nýkjörin sveitarstjórn.

133. gr.

Ný sveitarstjórn tekur til starfa.

Nýkjörin sveitarstjórn tekur við störfum 15 dögum eftir kjördag og jafnskjótt lætur fráfarandi sveitarstjórn af störfum.

Fulltrúi í sveitarstjórn getur krafist frestunar á framkvæmd ákvarðana sveitarstjórnar sem teknar eru frá kjördegi og þar til nýkjörin sveitarstjórn tekur við störfum og skal þá leggja mál að nýju fyrir hana á fyrsta fundi hennar. Ef framkvæmd ákvörðunar þolir enga bið verður þessa úrræðis ekki neytt, enda sé heimild til afgreiðslu málsins í fjárhagsáætlun, lögum, almennum fyrirmælum stjórnvalda eða með leyfi ráðuneytis sem fer með sveitarstjórnarmál.

134. gr.

Ógilding sveitarstjórnarkosninga eftir að ný sveitarstjórn hefur tekið við.

Nú ógildir úrskurðarnefnd kosningamála kosningar eftir að nýkjörin sveitarstjórn hefur tekið við störfum og skal hún þá sitja þar til nýjar kosningar hafa farið fram og kærur sem fram kunna að koma vegna uppkosningar hafa verið úrskurðaðar.

Eftir að kjörtímabili fráfarandi sveitarstjórnar er lokið og þar til löglega kjörin sveitarstjórn tekur við störfum samkvæmt ákvæðum greinar þessarar getur starfandi sveitarstjórn ekki innt af hendi neinar greiðslur eða gengist undir nokkrar skuldbindingar fyrir hönd sveitarfélagsins nema samkvæmt heimild í fjárhagsáætlun, lögum, almennum fyrirmælum stjórnvalda eða með leyfi ráðuneytis sem fer með sveitarstjórnarmál.

XXIV. KAFLI.

Refsiákvæði.

135. gr.

Meðferð annarra kæra en kosningakæra.

Kærum út af brotum á lögum þessum, að svo miklu leyti sem þau heyra ekki undir úrskurð sveitarstjórna, landskjörstjórnar, kjörstjórna, Alþingis eða úrskurðarnefndar kosningamála, skal beina til héraðssaksóknara og fer um þau að hætti sakamála.

136. gr.

Minni háttar brot.

Það varðar sektum nema þyngri refsing liggji við eftir öðrum lögum:

- a. ef sveitarstjórn, kjörstjórn, utankjörfundarkjörstjóri eða embættismaður hagar fyrirskipaðri framkvæmd laga þessara vísvitandi á ólöglegan hátt eða vanrækir hana,
- b. ef maður býður sig fram til þingmennsku, til setu í sveitarstjórn eða til forseta Íslands vitandi að hann er ekki kjörgengur,
- c. ef maður býður sig fram á fleiri listum en einum,
- d. ef kjósandi ónýtir af ásettu ráði atkvæðaseðil sinn við kosningu á kjörfundi eða við kosningu utan kjörfundar,
- e. ef maður njósnað um hvernig kjósandi kys eða hefur kosið,
- f. ef maður vanrækir af ásettu ráði að koma til skila atkvæðisbréfi sem honum hefur verið trúað fyrir eða tefur vísvitandi fyrir sendingu atkvæða og kjörgagna,
- g. ef maður gefur ónákvæmar eða villandi upplýsingar um sig eða aðra, svo sem um nafn, aldur, búsetu í landinu, heimilisfang eða annað, sem leiðir eða leitt getur til þess að maður verði settur á kjörskrá sem ekki á rétt á að vera þar, eða maður er ekki settur á kjörskrá eða tekinn út af kjörskrá sem á rétt á að vera þar, eða maður verði látinn greiða atkvæði í stað annars manns er stendur á kjörskrá; hér undir heyrir sérstaklega ef maður telur sig til málamynda eiga lögheimili í kjördæmi, aðeins til þess að verða settur þar á kjörskrá, ef ekki liggur þyngri refsing við eftir öðrum ákvæðum laga þessara eða eftir öðrum lögum,
- h. ef maður gefur út villandi kosningaleiðbeiningar,

- i. ef kjörstjórnarmaður eða utankjörfundarkjörstjóri njósna um hvernig kjósandi kys eða hefur kosið, eða gefur vísitandi villandi kosningaleiðbeiningar,
- j. ef kjörstjórnarmaður eða utankjörfundarkjörstjóri eða aðstoðarmaður kjósanda sem aðstoð veitir segir frá því hvernig kjósandi sem hann hefur aðstoðað hefur greitt atkvæði,
- k. ef kjörstjórnarmaður, utankjörfundarkjörstjóri eða sá sem tekið hefur að sér flutning kjörgagna tefur fyrir að þau komist til skila,
- l. ef maður torveldar öðrum sókn á kjörfund eða atkvæðagreiðslu utan kjörfundar,
- m. ef maður greiðir atkvæði á tveimur stöðum við sömu kosningar eða þjóðaratkvæðagreiðslu,
- n. ef maður ber fé eða fríðindi á mann eða heitir manni fé eða fríðindum til að hafa áhrif á hvort hann greiðir atkvæði eða hvernig hann greiðir atkvæði, eða ef maður sviptir mann atvinnu eða hlunnindum eða ógnar manni með sviptingu atvinnu eða hlunninda í sama skyni,
- o. ef maður tekur fé eða fríðindi fyrir að greiða atkvæði, láta vera að greiða atkvæði eða að greiða atkvæði á ákveðinn hátt,
- p. ef aðstoðarmaður kjósanda skv. 74. eða 89. gr. aðstoðar fleiri en þrjá kjósendur við sömu kosningu.

137. gr.

Meiri háttar brot.

Það varðar fangelsi allt að fjórum árum:

- a. ef maður falsar stuðningsyfirlýsingu við framboðslista eða forsetaefni,
- b. ef maður beitir þvingunarráðstöfunum eða ofbeldi eða hótunum um ofbeldi til að raska kosningafrelsi manns, með því að neyða hann til að greiða atkvæði, með því að meina honum að greiða atkvæði eða neyða hann til að greiða atkvæði á annan veg en hann vill,
- [c. ef maður beitir þvingunarráðstöfunum eða ofbeldi eða hótunum um ofbeldi til þess að koma í veg fyrir að maður bjóði sig fram eða til þess að neyða hann til að bjóða sig fram],¹⁾

[d.]¹⁾ ef maður vísvitandi rangfærir atkvæðagreiðslu, annaðhvort með því að glata atkvæði, breyta atkvæði, skemma eða glata atkvæðasendingu, búa til kjörseðla, er líkjast mjög þeim sem notaðir eru við kosningu, og hagnýtir þá sjálfur eða lætur þá frá sér til þess að aðrir geti hagnýtt þá, rugla úrslit talningar atkvæða eða á annan hátt.

¹⁾L. 62/2023, 40. gr.

XXV. KAFLI.

Ýmis ákvæði.

138. gr.

Eftirlit með framkvæmd kosninga.

Innlendir og erlendir kosningaeftirlitsmenn frá stofnunum eða samtökum geta fengið heimild landskjörstjórnar til þess að fylgjast með framkvæmd kosninga samkvæmt lögum þessum.

Hafi kosningaeftirlitsmenn heimild skv. 1. mgr. er sveitarstjórnnum, kjörstjórnnum, kjörstjórum, yfirkjörstjórnnum og landskjörstjórn skylt að taka á móti þeim og auðvelda þeim allt eftirlitsstarf. Kosningaeftirlitsmönnum er skylt að hlíta fyrirmælum og fundarreglum sem kjörstjórn, yfirkjörstjórn og landskjörstjórn setja.

Landskjörstjórn lætur útbúa sérstök skilríki fyrir kosningaeftirlitsmenn sem þeir skulu bera við störf sín og sýna sé þess krafist.

139. gr.

Kostnaður.

[Kostnaður við sveitarstjórnarkosningar greiðist af sveitarfélögum nema annað sé tekið fram í lögum þessum. Kostnaður landskjörstjórnar, svo sem vegna kjörgagna og áhalda er hún lætur kjörstjórnnum í té vegna sveitarstjórnarkosninga, greiðist úr ríkissjóði.

Kostnaður við aðrar kosningar samkvæmt lögum þessum og annar kostnaður við framkvæmd laga þessara, svo sem kostnaður vegna úrskurðarnefndar kosningamála og landskjörstjórnar, greiðist úr ríkissjóði. Kostnaður vegna atkvæðagreiðslu utan kjörfundar skal greiddur úr ríkissjóði en fari atkvæðagreiðsla fram á grundvelli 2. tölul. 2. mgr. 69. gr. ber viðkomandi sveitarfélag kostnaðinn.

Ráðherra skal í reglugerð,¹⁾ að fengnum tillögum landskjörstjórnar og að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, kveða á um fjárframlög ríkisins til sveitarfélaga vegna hlutverks þeirra við framkvæmd annarra kosninga en sveitarstjórnarkosninga. Jafnframt skal þar eftir samráð við Þjóðskrá Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga kveðið á um skiptingu kostnaðar milli ríkis og sveitarfélaga vegna þeirra verkefna sem Þjóðskrá Íslands fer með og nauðsynleg eru við framkvæmd kosninga.]²⁾

¹⁾Rg. 442/2024.

²⁾L. 62/2023, 41. gr.

140. gr.

Gildissvið gagnvart öðrum réttarreglum.

Stjórnsýslulög og almennar óskráðar reglur stjórnsýsluréttar gilda þegar úrskurðarnefnd kosningamála, landskjörstjórn, yfirkjörstjórnir kjördæma, yfirkjörstjórnir sveitarfélaga og kjörstjórar taka ákvarðanir um rétt eða skyldu manna. Ákvæði 27.–29. gr. stjórnsýslulaga um kærufrest gilda þó ekki.

Upplýsingalög taka til starfsemi úrskurðarnefndar kosningamála, landskjörstjórnar, yfirkjörstjórna kjördæma, yfirkjörstjórna sveitarfélaga og kjörstjóra samkvæmt lögum þessum. Umboðsmaður Alþingis hefur eftirlit með stjórnsýslu þeirra á þann hátt sem nánar greinir í lögum um umboðsmann Alþingis.

141. gr.

Þagnarskylda.

Þeim sem sjá um framkvæmd kosninga er skylt að gæta þagnarmælsku um atriði sem þeir fá vitneskju um í störfum sínum og leynt skulu fara samkvæmt lögum þessum.

Kjörstjórnarmaður, kjörstjóri eða aðstoðarmaður kjósanda skal ekki segja frá því hvernig kjósandi sem hann hefur aðstoðað hefur greitt atkvæði.

XXVI. KAFLI.
Breytingar á lögum þessum.
142. gr.

Skilyrði fyrir breytingum.

Lögum þessum verður breytt eins og fyrir er mælt í stjórnarskránni.

Ákvæðum 7. gr. um kjördæmamörk og ákvæðum 109.–110. gr. um úthlutun þingsæta verður ekki breytt nema með samþykki 2/ 3 atkvæða á Alþingi, sbr. 6. mgr. 31. gr. stjórnarskrárinnar.

XXVII. KAFLI.
Gildistaka o.fl.
143. gr.

Gildistaka o.fl.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2022.

...

Um alþingiskosningar sem fram fara við lok yfirstandandi kjörtímabils, svo og um frestun og uppkosningar vegna þeirra, kosningakæru og úrskurð Alþingis um gildi kosninga, fer samkvæmt lögum um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000.

Reglugerðir, reglur og önnur fyrirmæli sem sett eru samkvæmt lögum um kosningar til Alþingis og lögum um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslna halda gildi sínu að svo miklu leyti sem þau fara ekki í bága við lög þessi.¹⁾

¹⁾Sjá nú: Rgl. 713/2012. Leiðb. 954/2021. Augl. 960/2021. Augl. 1108/2021.

144. gr.
Breyting á öðrum lögum. ...

ÁKVÆÐI TIL BRÁÐABIRGÐA.

I.

Á kjörskrá hvers sveitarfélags skal skv. 28. gr. taka þá sem uppfylla skilyrði 1. gr. laga um réttindi danskra ríkisborgara á Íslandi, nr. 18/1944, sbr. 1. gr. laga nr. 85/1946.

II.

Nú hefur sveitarfélag fengið undanþágu til notkunar prentaðrar kjörskrár og kjósandi sem ekki er á kjörskrá kemur þangað til að greiða atkvæði. Má kjörstjórn þá leyfa honum að greiða atkvæði ef annað tveggja kemur til:

1. Hann framvísar vottorði, undirrituðu af oddvita sveitarstjórnar eða framkvæmdastjóra sveitarfélags, um að hann afsali sér kosningarrétti þar sem hann er á kjörskrá, enda hafi kjörstjórn þess kjörstaðar þar sem kjósandi hyggst neyta atkvæðisréttar borist tilkynning um hvaða kjósendum sveitarstjórn hefur gefið vottorð.
2. Hann undirritar beiðni á sérstakt eyðublað um að afsala sér kosningarrétti í þeirri kjördeild þar sem nafn hans er á kjörskrá og kjörstjórn á þeim kjörstað þar sem kjósandi óskar að neyta atkvæðisréttar staðfestir slíkt afsal með undirritun oddvita eða tveggja kjörstjórnarmanna.

Kjörstjórn er óheimilt að staðfesta vottorð eða beiðni um afsal kosningarréttar nema sannað verði, með þeim hætti sem kjörstjórn metur gilt, að nafn kjósenda standi á kjörskrá í annarri kjördeild í sama kjördæmi [eða í sama sveitarfélagi]¹⁾ og hann hafi ekki kosið þar. Skrá skal athugasemd á kjörskrá, þar sem nafn kjósenda er, um hvar hann neytir kosningarréttar og geta þess í gerðabók. Afsalið skal færa í gerðabók undirkjörstjórnar þar sem kjósendinn neytir kosningarréttar og vottorðið skal fylgja í frumriti til yfirkjörstjórnar með gerðabók þeirrar kjördeildar þar sem það er lagt fram og notað.

¹⁾L. 62/2023, 42. gr.

III.

...¹⁾

Þegar skipað er í fyrsta skipti í landskjörstjórn skv. 12. gr. skal formaður stjórnar skipaður aðalmaður til fimm ára og varamaður hans til jafnlangs tíma. Aðrir stjórnarmenn sem kosnir eru af Alþingi skulu skipaðir til eins árs og þriggja ára og varamenn þeirra til jafnlangs tíma. Hlutkesti skal ráða stjórnartíma hvors fulltrúa. Annar fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga skal skipaður til tveggja ára og hinn til fjögurra

ára og varamenn þeirra til jafnlangs tíma. Hlutkesti skal ráða stjórnartíma hvors fulltrúa Sambandsins.

Við gildistöku laga þessara, 1. janúar 2022, fellur niður umboð þeirrar landskjörstjórnar sem kosin var samkvæmt lögum um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000.

¹⁾L. 113/2021, 1. gr.

[IV.]

Þrátt fyrir ákvæði 143. gr. skal ráðherra skipa nefnd þriggja manna sem falið verði að vinna að undirbúningi framkvæmdar laganna. Forsætisnefnd Alþingis tilnefnir einn nefndarmann og skal hann vera formaður, Samband íslenskra sveitarfélaga einn og ráðherra einn án tilnefningar. Nefndin skal starfa þar til Alþingi hefur kosið fulltrúa í landskjörstjórn og ráðherra hefur skipað landskjörstjórn skv. 12. gr.]¹⁾

¹⁾L. 113/2021, 2. gr.

[V.]¹⁾

Þrátt fyrir ákvæði 143. gr. er [nefnd samkvæmt ákvæði til bráðabirgða IV]²⁾ heimilt að:

- a. skipa framkvæmdastjóra skv. 1. mgr. 13. gr.,
- b. ákveða aðsetur skrifstofu landskjörstjórnar skv. 3. mgr. 13. gr.,
- c. standa að gerð þjónustusamnings við Þjóðskrá Íslands skv. 2. mgr. 21. gr.,
- d. undirbúa reglur og tillögur til ráðherra að reglugerðum samkvæmt nánari fyrirmælum laganna,
- e. undirbúa aðrar ráðstafanir samkvæmt lögum þessum, eftir því sem tilefni er til.

¹⁾L. 113/2021, 2. gr.

²⁾L. 113/2021, 3. gr.

[VI.]¹⁾

Þrátt fyrir ákvæði 143. gr. skal Þjóðskrá Íslands við samþykkt laganna hefja nauðsynlegan undirbúning við gerð og rekstur rafrænnar kjörskrár, sbr. 1. mgr. 21. gr. Enn fremur skal hún undirbúa útgáfu reglna og leiðbeininga sem henni er falið að setja samkvæmt lögum þessum.

Við framkvæmd sveitarstjórnarkosninga 2022 er sveitarstjórnnum ekki skylt að notast við rafræna kjörskrá, sbr. 34. gr. [Nefnd samkvæmt ákvæði til bráðabirgða IV]²⁾ er heimilt, í þeim tilgangi að hefja innleiðingu á rafrænni kjörskrá, að óska eftir því við einstakar sveitarstjórnir að notuð verði rafræn kjörskrá við kosningarnar. Við þann undirbúning [skal nefnd samkvæmt ákvæði til bráðabirgða IV]²⁾ hafa samráð við Þjóðskrár Íslands, Samband íslenskra sveitarfélaga og hlutaðeigandi sveitarstjórn. Önnur sveitarfélög, sem ekki koma að undirbúningi rafrænnar kjörskrár, skulu nota prentaða kjörskrá.

Að loknum kosningum til sveitarstjórna 2022 skal landskjörstjórn skila ráðherra skýrslu þar sem farið er yfir reynsluna af notkun rafrænnar kjörskrár og gerðar tillögur um úrbætur eftir því sem þörf er talin á. Við undirbúning skýrslunnar skal landskjörstjórn leita umsagnar þeirra yfirkjörstjórna sveitarfélaga sem við á, auk Þjóðskrár Íslands. Ráðherra skal gera Alþingi og hlutaðeigandi þingnefnd grein fyrir skýrslu landskjörstjórnar.

¹⁾L. 113/2021, 2. gr.

²⁾L. 113/2021, 4. gr.

[VII.]¹⁾

Þrátt fyrir ákvæði 143. gr. skal ráðherra við samþykkt laganna skípa starfshóp sem falið verði að taka til skoðunar atkvæðagreiðslu utan kjörfundar. Starfshópurinn skal taka til skoðunar framkvæmd atkvæðagreiðslu utan kjörfundar hjá embættum sýslumanna og reynsluna af henni, einnig þar sem sveitarfélög hafa tekið að sér umsjón með atkvæðagreiðslu utan kjörfundar á landsbyggðinni. Starfshópurinn skal leggja mat á aðgengi og þörf fyrir þessa þjónustu eftir byggðarlögum í ljósi opnunartíma, vegalengda og fjölda kjósenda, meta hver væri best til þess fallinn að bera ábyrgð á utankjörfundaratkvæðagreiðslum og að veita þjónustuna. Einnig skal starfshópurinn kanna áhrif rafrænnar kjörskrár á framkvæmd atkvæðagreiðslna utan kjörfundar. Loks skal starfshópurinn skoða skiptingu kostnaðar við verkefnið milli sýslumanna og sveitarfélaga. Starfshópurinn skal skila ráðherra niðurstöðum sínum ásamt tillögum til úrbóta fyrir 1. september 2022.

¹⁾L. 113/2021, 2. gr.

[VIII.]¹⁾

Dómsmálaráðherra skal í samráði við landskjörstjórn, Samband íslenskra sveitarfélaga og Alþingi láta vinna nánari greiningu á póstkosningu íslenskra ríkisborgara erlendis í almennum kosningum. Sérstaklega skal hugað að kosningaleynd og hvernig tryggja megi örugga framkvæmd slíkrar póstkosningar.

Ráðherra skal leggja niðurstöður vinnunnar fyrir Alþingi eigi síðar en við upphaf þings haustið 2022.

¹⁾L. 113/2021, 2. gr.

[IX.]

Þrátt fyrir ákvæði 7. tölul. 2. mgr. 22. gr., 143. gr. og 3. tölul. 144. gr. skulu lög um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998, og lög um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000, halda gildi sínu við atkvæðagreiðslur meðal íbúa sveitarfélaga á grundvelli 38. gr., 107. gr. og 119. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, sem fara fram fyrir 14. maí 2022. Fer um framkvæmd þeirra atkvæðagreiðslna eftir lögum um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998, og lögum um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000, eftir því sem við getur átt.]¹⁾

¹⁾L. 137/2021, 1. gr.

[X.]

Við sveitarstjórnarkosningar 14. maí 2022 er heimilt, þrátt fyrir ákvæði 5. mgr. 74. gr., að senda atkvæðisbréf einnig til sýslumanns í því umdæmi þar sem kjósandi telur sig vera á kjörskrá. Einnig skal, þrátt fyrir ákvæði e-liðar 1. mgr. 94. gr., taka til greina atkvæði sem greitt er utan kjörfundar þótt notuð séu eldri kjörgögn þar sem á sendiumslagi kemur fram nafn og heimili kjósanda og/eða notað er fylgibréf sem inniheldur texta um að aðstoð megi veita vegna sjónleysis kjósanda eða að hönd hans sé ónothæf auk vottorðs réttindagæslumanns. Þá skal, þrátt fyrir ákvæði f-liðar 103. gr., ekki meta ógilt atkvæði sem greitt er utan kjörfundar þó að notuð séu eldri kjörgögn þar sem á sendiumslagi kemur fram nafn og heimili kjósanda og/eða notað er fylgibréf sem inniheldur texta um að aðstoð megi veita vegna sjónleysis kjósanda eða að hönd hans sé ónothæf auk vottorðs réttindagæslumanns.]¹⁾

¹⁾L. 18/2022, 9. gr.

[XI.]

Landskjörstjórn skal gefa út tilkynningar skv. 1. mgr. 113. gr. til þeirra varaþingmanna sem ekki fengu útgefin kjörbréf eftir alþingiskosningar 25. september 2021 og senda nöfn hinna kjörnu þingmanna ásamt nöfnum varaþingmanna til birtingar í Stjórnartíðindum skv. 2. mgr. 113. gr.]]¹⁾

¹⁾L. 18/2022, 9. gr.

[XII.]

Þrátt fyrir ákvæði laganna um notkun rafrænnar kjörskrár skal notast við prentaða kjörskrá í kosningum sem fram fara á grundvelli laga þessara þar til landskjörstjórn í samráði við ráðuneytið og Þjóðskrár Íslands hefur tekið ákvörðun um innleiðingu hennar.]]¹⁾

¹⁾L. 62/2023, 43. gr.

[XIII.]

Ráðherra skal skipa starfshóp sem falið verður að vinna að nánari útfærslu næmisgreiningar. Í þeim starfshópi eigi sæti fulltrúar landskjörstjórnar, yfirkjörstjórna kjördæma og annarra hagaðila. Við skipun í starfshópinn skal gætt að jafnræði milli fulltrúa landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis.]]¹⁾

¹⁾L. 62/2023, 43. gr.

[XIV.]

Þrátt fyrir a-lið 1. mgr. 4. gr. og 2. mgr. 6. gr. er kjörgengi í sveitarstjórn Grindavíkurbæjar ekki háð því að kjörinn fulltrúi hafi skráð lögheimili í sveitarfélaginu fram að sveitarstjórnarkosningum 2026.]]¹⁾

¹⁾L. 40/2024, 11. gr.

[XV. ...]]¹⁾²⁾

¹⁾L. 124/2024, 2. gr.

²⁾L. 124/2024, 1. gr.

[XVI.]

Kosningarrétt í sveitarstjórnarkosningum í Grindavíkurbæ sem fram fara 2026 á hver sá sem uppfyllir skilyrði 4. gr. eða hefur fengið umsókn skv. 2. og 3. mgr. samþykkt.

Sá sem átti lögheimili í Grindavíkurbæ 9. nóvember 2023, en flutt hefur lögheimili sitt í annað sveitarfélag hér á landi, getur sótt um að vera tekinn á kjörskrá í Grindavíkurbæ við sveitarstjórnarkosningar sem fram fara 2026, enda fullnægi hann að öðru leyti skilyrðum 4. gr. Sé umsóknin samþykkt á umsækjandi kosningarrétt í Grindavíkurbæ en telst þar með hafa afsalað sér kosningarrétti í lögheimilissveitarfélagi sínu.

Þjóðskrá Íslands auglýsir fyrirkomulag á móttöku og meðferð umsókna og getur umsóknarferlið verið rafrænt. Umsókn skal send Þjóðskrá Íslands eigi síðar en 45 dögum fyrir kjördag. Þjóðskrá Íslands skal afgreiða umsóknina eins fljótt og unnt er og tilkynna umsækjanda um niðurstöðuna. Umsækjanda er heimilt að skjóta synjun Þjóðskrár Íslands til úrskurðarnefndar kosningamála innan sólarhrings frá dagsetningu hennar. Þegar umsóknarfrestur er liðinn er Þjóðskrá Íslands heimilt að láta sveitarstjórn Grindavíkurbæjar í té upplýsingar um þá einstaklinga sem um ræðir og upplýsa lögheimilissveitarfélag hvers og eins um niðurstöðuna.

Þrátt fyrir 29. gr. skal á kjörskrá Grindavíkurbæjar við sveitarstjórnarkosningar 2026 taka þá sem uppfylla skilyrði 4. gr. og skráðir voru með lögheimili í sveitarfélaginu samkvæmt íbúaskrá þjóðskrár 38 dögum fyrir kjördag og að auki þá sem hafa fengið umsókn skv. 2. og 3. mgr. samþykkt, og skal samhliða taka viðkomandi út af kjörskrá í lögheimilissveitarfélagi.]¹⁾

¹⁾L. 13/2026, 1. gr.

[XVII.]

Þrátt fyrir 2. mgr. 6. gr. er kjörgengur í sveitarstjórn Grindavíkurbæjar við sveitarstjórnarkosningar sem fram fara 2026 hver sá sem á kosningarrétt í sveitarfélaginu í þeim kosningum og hefur óflekkað mannorð.

Sá sem er á framboðslista skv. a-lið 1. mgr. 49. gr. eða hlýtur kosningu skv. b-lið sama ákvæðis við kosningar í sveitarstjórn Grindavíkurbæjar sem fram fara 2026 heldur kjörgengi í sveitarstjórn Grindavíkurbæjar til loka kjörtímabilsins án tillits til þess hvar viðkomandi á lögheimili.]¹⁾

¹⁾L. 13/2026, 1. gr.

[XVIII.]

Ef þar til bært stjórnvald hefur bannað dvöl í eða umferð um Grindavíkurbæ á kjördag í sveitarstjórnarkosningum sem fram fara 2026 skulu kosningarnar engu að síður fara fram, nema þeim verði frestað skv. 124. gr., en kjörstaður, sem skal vera utan marka sveitarfélagsins, skal ákveðinn af sveitarstjórn að höfðu samráði við landskjörstjórn.¹⁾

¹⁾L. 13/2026, 1. gr.

[Lög um starfsemi stjórnmalasamtaka]¹⁾

2006 nr. 162 21. desember

¹⁾L. 109/2021, 13. gr.

Tóku gildi 1. janúar 2007 en ákvæði laganna um prófkjör tóku gildi 1. júní 2007.
Breytt með: L. 99/2009 (tóku gildi 8. sept. 2009). L. 119/2010 (tóku gildi 1. okt. 2010).
L. 162/2010 (tóku gildi 1. jan. 2011). L. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011). L. 139/2018
(tóku gildi 1. jan. 2019; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 15. gr.). L. 109/2021
(tóku gildi 15. júlí 2021 nema e–k-liður 3. gr. sem tóku gildi 1. jan. 2022). L. 117/2021
(tóku gildi 16. júlí 2021). L. 18/2022 (tóku gildi 18. mars 2022). L. 62/2023 (tóku gildi
8. júlí 2023 nema III. kafli sem tók gildi 1. sept. 2023).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **dómsmálaráðherra** eða **dómsmálaráðuneyti** sem fer með lög þessi. Upplýsingar um málefnasvið ráðuneyta skv. forsetaúrskurði.

I. KAFLI.

Almenn ákvæði.

1. gr.

Markmið.

[Markmið laga þessara er að auka traust á stjórnmalastarfsemi, tryggja starfsskilyrði og sjálfstæði stjórnmalasamtaka og efla lýðræði og gagnsæi stjórnmalá. Markmið laganna er jafnframt að kveða á um almenn framlög til frambjóðenda í kjöri til embættis forseta Íslands, til Alþingis og til sveitarstjórna og opinber og almenn fjárframlög til stjórnmalasamtaka og stjórnmalastarfsemi og draga úr hættu á hagsmunaaekstrum og tryggja gagnsæi í fjármálum þeirra.]¹⁾

¹⁾L. 109/2021, 1. gr.

2. gr.

Skilgreiningar.

Í lögum þessum hafa eftirfarandi orð og hugtök merkingu sem hér segir:

1. Stjórnmálasamtök: Flokkar eða samtök sem bjóða fram í kosningum til Alþingis eða sveitarstjórna.
2. Flokkseiningar: Einingar eða félag sem starfa undir merkjum og með leyfi stjórnmálasamtaka, svo sem sérsambönd, svæðisfélög og kjördæmisráð.¹⁾
- 3.¹⁾ Prófkjör: Kosningar sem stjórnmálasamtök halda til að velja fulltrúa á framboðslista við kosningar til Alþingis eða sveitarstjórna.
- 4.¹⁾ [Frambjóðendur: Þátttakendur í persónukjöri í forsetakosningum, kosningum til Alþingis og kosningum til sveitarstjórna og þátttakendur í prófkjörum stjórnmálasamtaka.]²⁾
- 5.¹⁾ Framlög: Framlög til starfsemi stjórnmálasamtaka eða frambjóðenda eða kosningabaráttu, hvort heldur eru bein fjárframlög eða önnur gæði sem metin verða til fjár, án tillits til þess hvaðan þau koma eða hvers eðlis þau eru. Til framlaga í þessum skilningi teljast allir afslættir af [vörum og þjónustu sem veittir eru af markaðsverði og standa öðrum viðskiptamönnum ekki til boða],³⁾ ívilnanir og eftirgjöf, þar með taldir afslættir af markaðsverði auglýsinga, eftirgjöf eftirstöðva skulda, óvenjuleg lánakjör o.s.frv., [sem og sala stjórnmálasamtaka á vörum og þjónustu á yfirverði].²⁾ Ef afsláttur hefur verið veittur af markaðsverði skal mismunur markaðsverðs og raunverðs tilgreindur sem framlag í reikningum. Önnur framlög, svo sem endurgjaldslaust lán vinnuafis, aðstöðu eða búnaðar, skulu metin til peningaverðs á gangverði eða markaðsverði á hverjum tíma og tilgreind í reikningum á því verði.
- 6.¹⁾ [Tengdir aðilar:
 - a. Lögáðilar þar sem svo háttar til að annar aðili er í raun undir stjórn hins þar sem sá síðarnefndi á meiri hluta hlutafjár, stofnfjár eða atkvæðisréttar í þeim fyrrnefnda, sbr. einnig 2. gr. laga um hlutafélög, nr. 2/1995, 2. gr. laga um einkahlutafélög, nr. 138/1994, og 4. tölul. 2. gr. laga um ársreikninga, nr. 3/2006, um skilgreiningu á móðurfélagi og dótturfélagi.

b. Lögáðilar þar sem svo háttar til að einstaklingur á meiri hluta hlutafjár, stofnfjár eða atkvæðisréttar í báðum eða öllum lögaðilunum.]³⁾

[7.]¹⁾ Endurskoðendur: Löggildir endurskoðendur samkvæmt ákvæðum laga um endurskoðendur.

[8.]¹⁾ Þingflokkar: Samtök þingmanna sem uppfylla skilyrði þingskapa til að teljast þingflokkur.

¹⁾L. 109/2021, 2. gr.

²⁾L. 119/2010, 2. gr.

³⁾L. 139/2018, 2. gr.

[I. KAFLI A.

Félagsaðild og vinnsla persónuupplýsinga.]¹⁾

¹⁾L. 109/2021, 3. gr.

[2. gr. a.

Félagar og félagatal.

Þeir sem sannanlega sækja um aðild að stjórnmalasamtökum teljast félagar í þeim þegar umsókn þeirra hefur verið samþykkt. Stjórnmalasamtök skulu varðveita sönnunargögn um aðildarumsókn þar til aðild fellur niður. Aðild að stjórnmalasamtökum fellur niður við úrsögn, brottvísun eða andlát.

Stjórnmalasamtökum er heimilt að halda félagatal með persónuupplýsingum um féлага sína í þeim tilgangi að leggja á félagsgjöld, staðfesta kjörgengi innan samtakanna, upplýsa um atriði í starfi þeirra og uppfæra skráningu féлага. Samtökin eru ábyrgðaraðili vinnslu persónuupplýsinga sem skráðar eru í félagatal og er heimilt að vinna með þær innan samtakanna í framangreindum tilgangi.

Í félagatal er heimilt að skrá nöfn, kennitölur, aldur og kyn féлага, dagsetningar upphafs og loka aðildar þeirra að samtökunum, greiðsluupplýsingar og tengiliðaupplýsingar sem þeir hafa veitt samtökunum. Heimilt er að uppfæra þær með upplýsingum úr skrá sem eru aðgengilegar opinberlega. Þá er heimilt að vinna í félagatali með upplýsingar um greiðslu félagsgjalda, störf féлага á vegum samtakanna,

aðild þeirra að flokkseiningum og opinberar upplýsingar um önnur félagsstörf þeirra.

Falli aðild að stjórnmalasamtökum niður skal innan tveggja ára eyða öllum upplýsingum um viðkomandi félagi úr félagatali.]¹⁾

¹⁾L. 109/2021, 3. gr.

[2. gr. b.

Vinnsla persónuupplýsinga um almennig.

Um aðgang stjórnmalasamtaka að kjörskrá fer eftir [kosningalögum].¹⁾ Að öðru leyti er stjórnmalasamtökum heimilt að beina efni og auglýsingum í tengslum við stjórnmalabaráttu til almennings að gættum eftirtöldum skilyrðum:

1. Skilyrðum laga um skráningu einstaklinga um notkun úrtaks úr þjóðskrá til markaðssetningar.
2. Skilyrðum laga um fjarskipti um óumbeðin fjarskipti með notkun sjálfvirkra uppkallskerfa, símbréfa eða tölvupósts, þ.m.t. hvers konar rafrænna skilaboða.
3. Skilyrðum laga um persónuvernd og vinnsla persónuupplýsinga. Þá er stjórnmalasamtökum að auki óheimilt að nýta persónusnið til að beina að einstaklingum efni og auglýsingum í tengslum við stjórnmalabaráttu sem fela í sér hvatningu um að nýta ekki kosningarréttinn. Skal þess að öðru leyti gætt að nýting persónusniðs samrýmist lýðræðislegum gildum.]²⁾

¹⁾L. 18/2022, 10. gr.

²⁾L. 109/2021, 3. gr.

[2. gr. c.

Eftirlit.

Persónuvernd annast eftirlit með framkvæmd ákvæða þessa kafla um vinnsla persónuupplýsinga.]¹⁾

¹⁾L. 109/2021, 3. gr.

[I. KAFLI B.

Gagnsæi í stjórnmalabaráttu.]¹⁾

¹⁾L. 109/2021, 3. gr.

[2. gr. d.

Bann við nafnlausum áróðri.

Stjórnmalasamtökum, kjörnum fulltrúum þeirra og frambjóðendum, sem og frambjóðendum í persónukjöri, er óheimilt að fjármagna, birta eða taka þátt í birtingu efnis eða auglýsinga í tengslum við stjórnmalabaráttu nema fram komi við birtingu að efnið sé birt að tilstuðlan eða með þátttöku þeirra.

Frá þeim degi er kjördagur hefur formlega verið auglýstur vegna kosninga til Alþingis, til sveitarstjórna eða til embættis forseta Íslands, svo og vegna boðaðrar þjóðaratkvæðagreiðslu, skulu auglýsingar og annað kostað efni, sem ætlað er að hafa áhrif á úrslit kosninga, vera merkt auglýsanda eða ábyrgðarmanni.¹⁾

¹⁾L. 109/2021, 3. gr.

[I. KAFLI C.

Skráning stjórnmalasamtaka.]¹⁾

¹⁾L. 109/2021, 3. gr.

[2. gr. e.

Skráning stjórnmalasamtaka.

Ríkisskattstjóri skráir stjórnmalasamtök samkvæmt lögum þessum og starfrækir stjórnmalasamtakaskrá í því skyni.

Stjórnmalasamtakaskrá skal birt almenningi á vef [ríkisskattstjóra]¹⁾ ásamt upplýsingum sem fylgja umsókn um skráningu skv. 1. mgr. 2. gr. g. [og upplýsingum um breytingar á skráningu skv. 1. mgr. 2. gr. i].¹⁾ Við birtingu á vef er heimilt að undanskilja birtingu kennitalna, sbr. 4. tölul. 1. mgr. 2. gr. g.]²⁾

²⁾L. 62/2023, 44. gr.

²⁾L. 109/2021, 3. gr.

[2. gr. f.

Skilyrði skráningar.

Skilyrði fyrir skráningu í stjórnmalasamtakaskrá er að tilgangur samtaka sé að bjóða fram í kosningum til Alþingis eða sveitarstjórnar,

samþykktir samtaka séu í samræmi við 2. gr. h og að önnur tilskilin gögn fylgi umsókn, sbr. 2. gr. g.]¹⁾

¹⁾L. 109/2021, 3. gr.

[2. gr. g.

Umsókn um skráningu.

Samtök sem óska skráningar í stjórnmálasamtakaskrá skulu senda ríkisskattstjóra umsókn um skráningu. Með umsókn skulu fylgja upplýsingar um:

1. Heiti samtaka og heimilisfang.
2. Samþykktir samtaka.
3. Yfirlit yfir flokkseiningar og hlutverk þeirra.
4. Nöfn og kennitölur stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og annarra sem geta skuldbundið samtökin, auk takmarkana á þeim rétti ef einhverjar eru.

Meiri hluti stjórnar skal undirrita umsókn og lýsa því yfir að þær upplýsingar sem fram koma í umsókninni séu réttar og þær sem þar eru tilgreindir hafi rétt til að skuldbinda samtökin að lögum.]¹⁾

¹⁾L. 109/2021, 3. gr.

[2. gr. h.

Samþykktir.

Í samþykktum skráðra stjórnmálasamtaka, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. g, skal m.a. kveðið á um eftirtalin atriði:

1. Heiti samtakanna, heimilisfang og aðalstarfsstöð.
2. Tilgang.
3. Skipulag samtakanna.
4. Hlutverk stjórnar, fjölda stjórnarmanna, skipan þeirra og starfstíma.
5. Hverjir rita firma samtakanna.
6. Reglur um inngöngu í samtökin og úrsögn úr samtökunum.
7. Kjörtímabil endurskoðenda og endurskoðunarfyrintækja, sbr. 2. mgr. 8. gr.
8. Hvernig skal staðið að breytingum á samþykktum.
9. Reglur um slit samtakanna.

10. Hvernig fara á með eignir samtakanna séu þau lögð niður eða þeim slitið.]¹⁾

¹⁾L. 109/2021, 3. gr.

[2. gr. i.

Tilkynning um breytingu og afskráningu.

Breytingu á samþykktum skráðra stjórnmálasamtaka ber að tilkynna til stjórnmálasamtakaskrár innan þriggja mánaða frá breytingunni. Sama gildir ef breyting verður á hlutverki, fjölda og heiti flokkseininga.

Breytt samþykkt í heild sinni skal fylgja tilkynningu um breytingu á henni. Sömu reglur gilda um meðferð tilkynningar um breytingu og um tilkynningu þegar stjórnmálasamtök voru upphaflega skráð.

Þegar stjórnmálasamtökum er slitið eða þau óska ekki lengur eftir því að vera skráð í stjórnmálasamtakaskrá skulu þau senda stjórnmálasamtakaskrá tilkynningu þess efnis. Falla þá niður öll þau réttindi og þær skyldur sem af skráningu leiddi lögum samkvæmt.]¹⁾

¹⁾L. 109/2021, 3. gr.

[2. gr. j.

Eftirlitsúrræði.

Ef skilyrði skráningar samkvæmt þessum kafla eru ekki lengur fyrir hendi eða stjórnmálasamtök vanrækja skyldur sínar samkvæmt lögum þessum skal ríkisskattstjóri veita stjórnmálasamtökunum skriflega viðvörðun og setja þeim frest til að bæta úr því sem áfátt er. Skal fresturinn ekki vera skemmri en einn mánuður. Ef ekki er bætt úr því innan frestsins getur ríkisskattstjóri ákveðið að fella skráningu stjórnmálasamtaka úr gildi.

Ákvörðun ríkisskattstjóra skv. 1. mgr. er kæránleg til ráðherra. Um meðferð kæru til ráðherra fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga.]¹⁾

¹⁾L. 109/2021, 3. gr.

[I. KAFLI D.

Framboð stjórnmálasamtaka.]¹⁾

¹⁾L. 109/2021, 3. gr.

[2. gr. k.

[Listabókstafur og heiti stjórnmalasamtaka í kosningum til Alþingis.]¹⁾

Að afloknum kosningum til Alþingis skal ráðuneytið taka saman skrá um listabókstafi og heiti stjórnmalasamtaka sem buðu fram lista við kosningarnar. Skal skráin birt í B-deild Stjórnartíðinda eigi síðar en átta vikum eftir hverjar almennar alþingiskosningar.

Hyggist stjórnmalasamtök, sem ekki hafa skráðan listabókstaf skv. 1. mgr., bjóða fram lista við alþingiskosningar skulu þau sækja um úthlutun listabókstafs til ráðuneytisins eigi síðar en þremur sólarhringum áður en framboðsfrestur rennur út og óska eftir staðfestingu á heiti samtakanna. Umsókn skal fylgja yfirlýsing a.m.k. 300 kjósenda þar sem hver og einn mælir með heiti samtakanna og úthlutun listabókstafs. Yfirlýsingin skal dagsett og skal greina nafn meðmælenda, kennitölu og heimili. Ráðuneytið skal þegar tilkynna stjórnmalasamtökum, sem eru á skrá skv. 1. mgr., um beiðnina.

Yfirlýsingum kjósenda skv. 2. mgr. skal safna rafrænt eða á pappír. Ráðherra skal í reglugerð m.a. mæla fyrir um form og viðmót við söfnun yfirlýsinga, tegund rafrænnar auðkenningar meðmælenda, meðferð persónuupplýsinga og varðveislu og eyðingu upplýsinga. Þjóðskrá Íslands er heimilt að kanna hvort meðmælandi sé kosningarbær og samkeyra í því skyni meðmælendayfirlýsinguna við þjóðskrá að fullnægðum skilyrðum laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Ráðuneytið staðfestir heiti nýrra stjórnmalasamtaka og ákveður bókstaf þeirra að fengnum óskum og með hliðsjón af listabókstöfum annarra stjórnmalasamtaka, sbr. skrá skv. 1. mgr. Heiti nýrra stjórnmalasamtaka skal ekki vera þannig að ætla megi að villst verði á því og heiti samtaka sem þegar eru á skrá um listabókstafi skv. 1. mgr. Telji ráðuneytið að svo sé skal það tilkynnt samtökunum og þeim gefinn hæfilegur frestur til að bæta úr. Sama á við óski samtök sem þegar eru á skrá um listabókstafi að breyta heiti sínu. Þegar ákvörðun ráðuneytisins um heiti og listabókstaf liggur fyrir skal nýi listabókstafurinn og heiti stjórnmalasamtaka fært í skrá ráðuneytisins skv. 1. mgr. og uppfærð skrá birt í B-deild

Stjórnartíðinda. Tilkynna skal landskjörstjórn og yfirkjörstjórnnum um skráð heiti stjórnmalasamtaka og nýja listabókstafi.]²⁾

¹⁾L. 62/2023, 45. gr.

²⁾L. 109/2021, 3. gr.

[2. gr. 1.

Listabókstafur og heiti stjórnmalasamtaka í kosningum til sveitarstjórna.

Hyggist stjórnmalasamtök sem ekki hafa skráðan listabókstaf skv. 1. mgr. 2. gr. k bjóða fram lista í kosningum til sveitarstjórna skulu þau um leið og framboðslista er skilað til yfirkjörstjórnar leggja þar fram beiðni um úthlutun listabókstafs og staðfestingu á heiti framboðs.

Yfirkjörstjórn skal við ákvörðun listabókstafs hafa hliðsjón af listabókstöfum annarra stjórnmalasamtaka, sbr. skrá skv. 1. mgr. 2. gr. k. Heiti nýrra stjórnmalasamtaka skal ekki vera þannig að ætla megi að villst verði á því og heiti samtaka sem þegar eru á skrá um listabókstafi skv. 1. mgr. 2. gr. k. Telji yfirkjörstjórn að svo sé skal það tilkynnt samtökunum og þeim gefinn hæfilegur frestur til að bæta úr. Óski tvö eða fleiri framboð eftir úthlutun sama listabókstafs skal það framboð hafa forgang sem fyrir skilaði inn framboði sínu. Þeim lista sem ekki hlýtur umbeðinn listabókstaf skal þegar í stað gert kleift að óska eftir nýjum bókstaf. Komi ekki fram ný beiðni skal yfirkjörstjórn merkja þá í stafrófsröð eftir því sem þeir hafa borist henni og við á.]¹⁾

¹⁾L. 62/2023, 46. gr.

II. KAFLI.

Framlög ríkis og sveitarfélaga til stjórnmalastarfsemi.

3. gr.

Framlög til stjórnmalasamtaka úr ríkissjóði.

[Stjórnmalasamtök sem fengið hafa a.m.k. einn mann kjörinn á Alþingi í næstliðnum alþingiskosningum eiga rétt á 12 millj. kr. grunnrekstrarframlagi úr ríkissjóði á ári hverju. Ný stjórnmalasamtök sem fá mann kjörinn á Alþingi eiga rétt á greiðslu styrks fyrir kosningarárið hlutfallslega miðað við kjördag.

Árlega skal úthluta fé úr ríkissjóði til starfsemi stjórnmalasamtaka sem fengið hafa a.m.k. einn mann kjörinn á Alþingi eða hlotið hafa a.m.k.

2,5% atkvæða í næstliðnum alþingiskosningum samkvæmt ákvörðun í fjárlögum hverju sinni. Árleg heildarfjárveiting til stjórnmalasamtaka skal koma til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga ár hvert með hliðsjón af breytingum á vísitölum verðlags og launa. Heildarfjárhæðinni skal úthlutað til stjórnmalasamtaka í hlutfalli við atkvæðamagn fyrir 25. janúar ár hvert.]¹⁾

[[Stjórnmalasamtök sem bjóða fram í þremur kjördæmum eða fleiri í kosningum til Alþingis geta að loknum kosningum sótt um sérstakan fjárstyrk úr ríkissjóði til að mæta útlögðum kostnaði við kosningabaráttu, að hámarki 750.000 kr. fyrir hvert kjördæmi sem boðið er fram í.] ¹⁾Umsóknum um fjárstyrk vegna kosningabaráttu skal beint til [ráðuneytisins]²⁾ og skulu umsóknir berast eigi síðar en þremur mánuðum eftir að kosningar fóru fram. Umsóknum skal fylgja afrit reikninga fyrir kostnaði sem fjárstyrk er ætlað að mæta. [Ráðuneytið]³⁾ getur sett nánari reglur um form umsókna og fylgigagna sem og um það hvaða kostnaður geti talist kostnaður við kosningabaráttu.

... ⁴⁾⁵⁾

¹⁾L. 139/2018, 3. gr.

²⁾L. 126/2011, 444. gr.

³⁾L. 162/2010, 188. gr.

⁴⁾L. 109/2021, 4. gr.

⁵⁾L. 119/2010, 3. gr.

4. gr.

Framlög til þingflokka úr ríkissjóði.

Árlega skal úthluta fé úr ríkissjóði til starfsemi þingflokka á Alþingi samkvæmt ákvörðun á fjárlögum hverju sinni. Greiða skal jafna fjárhæð fyrir hvern þingmann og nefnist hún eining. Að auki skal greiða eina einingu fyrir hvern þingflokk. Því til viðbótar skal úthluta fjárhæð sem svarar tólf einingum til þingflokka þeirra stjórnmalasamtaka sem eiga ekki aðild að ríkisstjórn og skiptast þær einingar hlutfallslega milli þeirra. Forsætisnefnd Alþingis getur sett nánari reglur um greiðslur samkvæmt þessari grein.

5. gr.

Framlög til stjórnmalasamtaka frá sveitarfélögum.

[Sveitarfélögum er skylt að veita stjórnmalasamtökum sem fengið hafa a.m.k. einn mann kjörinn í sveitarstjórn eða hlotið a.m.k. 5% atkvæða í næstliðnum sveitarstjórnarkosningum árleg fjárframlög til starfsemi sinnar. Ákvörðun um slík framlög tekur sveitarstjórn samhliða samþykkt fjárhagsáætlunar ár hvert. Fjárhæðinni skal úthlutað ár hvert í hlutfalli við atkvæðamagn. ... ¹⁾²⁾

[Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga [setur]²⁾ viðmiðunarreglur til að stuðla að samræmdri framkvæmd á greiðslum framlaga frá sveitarfélögum til stjórnmalasamtaka samkvæmt þessari grein. [Reglurnar skal taka til endurskoðunar árlega.]²⁾ Á því ári sem sveitarstjórnarkosningar eru skal úthlutun framlaga fara fram á þann hátt að stjórnmalasamtök fái framlög fyrir síðari hluta þess árs í samræmi við kjörfylgi í nýafstöðnum kosningum.]³⁾

¹⁾L. 109/2021, 5. gr.

²⁾L. 139/2018, 4. gr.

³⁾L. 119/2010, 4. gr.

[5. gr. a.

Skilyrði úthlutunar.

Skilyrði úthlutunar á fé úr ríkissjóði og frá sveitarstjórnnum er að viðkomandi stjórnmalasamtök séu skráð skv. I. kafla C, hafi áður uppfyllt upplýsingaskyldu sína við ríkisendurskoðanda skv. 8. og 9. gr. og að ríkisendurskoðandi hafi birt ársreikning þeirra.]¹⁾

¹⁾L. 109/2021, 6. gr.

III. KAFLI.

Almenn framlög til stjórnmalastarfsemi.

6. gr.

Móttaka framlaga.

Stjórnmalasamtökum og frambjóðendum er heimilt að taka á móti framlögum til starfsemi sinnar eða til kosningabaráttu með þeim takmörkunum sem leiðir af 2.–5. mgr. þessarar greinar og ákvæðum 7. gr.

Óheimilt er að veita viðtöku framlögum frá óþekktum gefendum. [Berist stjórnmalasamtökum eða frambjóðanda framlag frá óþekktum gefanda skal skila framlaginu í ríkissjóð enda hafi ekki gefist tækifæri til að hafna móttöku þess.]¹⁾

Óheimilt er að veita viðtöku framlögum frá fyrirtækjum að meiri hluta í eigu, eða undir stjórn, ríkis eða sveitarfélaga.

Óheimilt er að veita viðtöku framlögum frá opinberum aðilum sem ekki rúmast innan ákvæða II. kafla.

Óheimilt er að veita viðtöku framlögum frá erlendum ríkisborgurum, fyrirtækjum eða öðrum aðilum sem skráðir eru í öðrum löndum. Bann þetta tekur þó ekki til framlaga frá erlendum ríkisborgurum sem njóta kosningaréttar hér á landi skv. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 5/1998, um kosningar til sveitarstjórna.

¹⁾L. 119/2010, 5. gr.

7. gr.

[Hámarksframlög og kostnaður vegna kosningabaráttu.]¹⁾

[Stjórnmalasamtökum er óheimilt að taka á móti hærri framlögum frá lögaðilum en sem nemur 550.000 kr. á ári. Stjórnmalafélögum innan samstæðu stjórnmalasamtaka er þó heimilt að taka á móti framlögum frá lögaðilum umfram þá fjárhæð, samtals að hámarki 100.000 kr. Frambjóðendum er óheimilt að taka á móti hærri framlögum frá lögaðilum en sem nemur 400.000 kr. á ári. Undanþegnir hámarki framlaga eru afslættir af vörum og þjónustu sem veittir eru af markaðsverði og standa öðrum viðskiptamönnum almennt til boða og slíkir afslættir séu sérgreindir í reikningum. Lögaðilar sem inna af hendi framlög til stjórnmalasamtaka eða frambjóðenda skulu sérgreina heildarfjárhæð slíkra framlaga í ársreikningum sínum. Telja skal saman framlög tengdra aðila.]¹⁾

[Stofnframlög, þ.e. framlög frá lögráða einstaklingum og lögaðilum sem eru veitt í beinum tengslum við stofnun stjórnmalasamtaka, mega að hámarki nema sem svarar til tvöföldu hámarksframlagi [skv. 1. málsl. 1. mgr.]¹⁾²⁾

[Stjórnmalasamtökum er heimilt að taka á móti framlögum frá lögráða einstaklingum sem nemur allt að 550.000 kr. á ári. Stjórnmalafélögum innan samstæðu stjórnmalasamtaka er þó heimilt að taka á móti

framlögum frá einstaklingum umfram þetta, samtals að hámarki 100.000 kr. Frambjóðendum er heimilt að taka á móti framlögum frá lögráða einstaklingum sem nemur allt að 400.000 kr. á ári.¹⁾

Heildarkostnaður frambjóðenda [af kosningabaráttu í kosningum til Alþingis eða sveitarstjórna]²⁾ má ekki vera hærri en sem nemur [2 millj. kr.],¹⁾ að viðbættu álagi sem hér segir:

Á kjörsvæði með fleiri en 50.000 íbúa, 18 ára og eldri, [140 kr.]¹⁾ fyrir hvern.

Á kjörsvæði með 40.000–49.999 íbúa, 18 ára og eldri, [185 kr.]¹⁾ fyrir hvern.

Á kjörsvæði með 20.000–39.999 íbúa, 18 ára og eldri, [230 kr.]¹⁾ fyrir hvern.

Á kjörsvæði með 10.000–19.999 íbúa, 18 ára og eldri, [275 kr.]¹⁾ fyrir hvern.

Á kjörsvæði með færri en 10.000 íbúa, 18 ára og eldri, [320 kr.]¹⁾ fyrir hvern.

[Heildarkostnaður frambjóðanda í forsetakosningum af kosningabaráttu má ekki vera hærri en sem nemur tvöfaldr þeirri fjárhæð sem tiltekin er í 4. mgr. á hvern íbúa á kjörskrá fyrir landið allt.]²⁾

¹⁾L. 139/2018, 5. gr.

²⁾L. 119/2010, 6. gr.

IV. KAFLI.

Reikningsskil og upplýsingaskylda stjórnmalasamtaka.

8. gr.

Reikningsskil stjórnmalasamtaka.

Stjórnmalasamtök skulu halda samstæðureikning fyrir allar einingar sem undir þau falla, svo sem sérsambönd, kjördæmisráð, eignarhaldsfélög og tengdar sjálfseignarstofnanir. Heimilt er að halda flokkseiningum utan samstæðureikningsskila ef tekjur þeirra eru undir [550.000 kr.]¹⁾ á ári. Við gerð ársreikninga skal farið að efnisreglum laga um ársreikninga eins og við á. [Í ársreikningi skulu tekjur sundurliðaðar eftir uppruna þannig að greint sé á milli ríkisframlags, framlaga frá sveitarfélögum, framlaga frá lögaðilum, félagsgjalda og framlaga frá einstaklingum. Meðal meginflokka gjalda skal tilgreina kostnað vegna alþingiskosninga

og sveitarstjórnarkosninga, eftir atvikum. Í skýringum skal kostnaður vegna alþingiskosninga og sveitarstjórnarkosninga sundurliðaður samkvæmt nánari leiðbeiningum ríkisendurskoðanda. Greina skal sérstaklega alla móttekna afslætti frá markaðsverði sem almennt standa öðrum viðskiptamönnum ekki til boða, virði framlaga sem veitt eru í öðrum gæðum en fjárframlögum sem og sölu á þjónustu, vöru eða eignum á yfirverði. Ríkisendurskoðandi gefur út frekari leiðbeiningar um reikningsskil stjórn málasamtaka.]¹⁾

Stjórn málasamtök skulu fela endurskoðendum að endurskoða reikninga sína. Endurskoðendur skulu starfa eftir leiðbeiningum [ríkisendurskoðanda]²⁾ og sannreyna að samstæðureikningurinn sé saminn í samræmi við ákvæði laga þessara og almennar reikningsskilareglur og staðfesta það álit með áritun á reikninginn. [Ríkisendurskoðandi]²⁾ getur hvenær sem er kallað eftir öllum gögnum til að staðreyna [reikninga og]³⁾ að framlög einstaklinga og lögaðila séu innan þeirra marka sem greinir í III. kafla.

¹⁾L. 139/2018, 6. gr.

²⁾L. 139/2018, 7. gr.

³⁾L. 119/2010, 7. gr.

9. gr.

Upplýsingaskylda um reikninga stjórn málasamtaka.

[Stjórn málasamtök skulu fyrir 1. nóvember ár hvert skila ríkisendurskoðanda reikningum sínum fyrir síðastliðið ár, sbr. 8. gr., árituðum af endurskoðendum. Ríkisendurskoðandi skal í kjölfarið, eins fljótt og unnt er, birta ársreikning stjórn málasamtaka. Auk þess skal ríkisendurskoðandi birta nöfn allra lögaðila sem veita framlög til stjórn málastarfsemi sem og fjárhæð þeirra. Einnig skal birta nöfn einstaklinga sem veitt hafa framlög sem eru metin á meira en 300.000 kr.]¹⁾

¹⁾L. 139/2018, 8. gr.

V. KAFLI.

Reikningsskil og upplýsingaskylda í persónukjöri.

10. gr.

Reikningsskil frambjóðenda í persónukjöri.

[Frambjóðendur skulu gera uppgjör fyrir kosningabaráttu sína þar sem greint er frá öllum framlögum og útgjöldum vegna hennar í samræmi við almennar reikningsskilareglur og skal uppgjörð áritað af endurskoðanda eða bókhaldsfróðum skoðunarmanni. [Tekjur skulu sundurliðaðar eftir uppruna þannig að greint sé á milli ríkisframlags, framlaga frá sveitarfélögum, framlaga frá lögaðilum, félagsgjalda og framlaga frá einstaklingum og einnig greint frá helstu stærðum í efnahagsreikningi. Greina skal sérstaklega alla móttekna afslætti frá markaðsverði sem almennt standa öðrum viðskiptamönnum ekki til boða, virði framlaga sem veitt eru í öðrum gæðum en fjárframlögum sem og sölu á þjónustu, vöru eða eignum á yfirverði.]¹⁾ Miða skal uppgjörstímabil við það tímamark þegar kosningabarátta frambjóðanda hefst. Þegar um prófkjör er að ræða skal miða uppgjörstímabil við það tímamark þegar prófkjör er auglýst nema kosningabarátta frambjóðanda hafi hafist fyrr. Þegar um forsetakjör er að ræða skal miða uppgjörstímabil við það tímamark þegar framboði er skilað til [landskjörstjórnar]²⁾ nema kosningabarátta frambjóðanda hafi hafist fyrr. Miða skal lok uppgjörstímabils við það tímamark þegar reikningum er skilað til [ríkisendurskoðanda]³⁾ skv. 11. gr. [Ríkisendurskoðandi]³⁾ gefur út leiðbeiningar um uppgjör fyrir kosningabaráttu og um upplýsingaskyldu um uppgjörð.

[Ríkisendurskoðandi]³⁾ getur hvenær sem er kallað eftir öllum gögnum til að staðreyna að kostnaður við kosningabaráttu og framlög einstaklinga og lögaðila til frambjóðanda séu innan þeirra marka sem greinir í III. kafla.

Frambjóðendur eru undanþegnir uppgjörsskyldu ef heildartekjur eða heildarkostnaður við kosningabaráttu er ekki umfram [550.000 kr.]¹⁾⁴⁾

¹⁾L. 139/2018, 9. gr.

²⁾L. 18/2022, 11. gr.

³⁾L. 139/2018, 7. gr.

⁴⁾L. 119/2010, 9. gr.

11. gr.

Upplýsingaskylda um reikninga yfir kosningabaráttu.

[Frambjóðendur skulu skila [ríkisendurskoðanda]¹⁾ árituðum reikningum sínum eigi síðar en þremur mánuðum frá því að kosning fór fram. [Ríkisendurskoðandi]¹⁾ skal í kjölfarið, eins fljótt og unnt er, birta [áritaðan reikning frambjóðenda].²⁾ ...²⁾ Birta skal nöfn allra lögaðila sem veita framlög til kosningabaráttu frambjóðandans sem og fjárhæð þeirra. Einnig skal birta nöfn einstaklinga sem veitt hafa framlög sem eru metin á meira en [300.000 kr.]²⁾ til kosningabaráttu frambjóðandans.

Ef uppgjör vegna kosningabaráttu sýnir jákvæða eða neikvæða fjárhagsstöðu skal frambjóðandi árlega skila nýju uppgjöri til [ríkisendurskoðanda]¹⁾ eða allt þar til umframfjármunum hefur verið ráðstafað eða skuld verið greidd.]³⁾

¹⁾L. 139/2018, 7. gr.

²⁾L. 139/2018, 10. gr.

³⁾L. 119/2010, 10. gr.

VI. KAFLI.

[Viðurlög og gildistaka.]¹⁾

¹⁾L. 109/2021, 9. gr.

[12. gr. ... ¹⁾ ²⁾

¹⁾L. 109/2021, 7. gr.

²⁾L. 139/2018, 11. gr.

[13. gr.]¹⁾

Viðurlög.

[Hver sem tekur við framlögum, eða jafnvirði þeirra, sem óheimilt er að veita viðtöku skv. 6. gr. eða hærri framlögum en heimilt er skv. 7. gr. skal sæta sektum eða fangelsi allt að tveimur árum.

Hver sem skilar ekki upplýsingum eða skýrslum samkvæmt ákvæðum laga þessara til [ríkisendurskoðanda]²⁾ innan tilgreindra tímamarka skal sæta sektum. Sama gildir séu veittar upplýsingar ekki í samræmi við settar reglur.

[Stjórnmalasamtök, kjörnir fulltrúar þeirra og frambjóðendur, sem og frambjóðendur í persónukjöri, sem taka þátt í að fjármagna eða birta efni eða auglýsingar í tengslum við stjórnmalabaráttu án þess að fram komi við birtingu að efnið sé birt að tilstuðlan eða með þátttöku þeirra, sbr. [1. mgr. 2. gr. d],³⁾ skulu sæta sektum.]⁴⁾

[Hver sem af ásetningi kostar nafnlausan áróður frá þeim degi er kjördagur hefur formlega verið auglýstur vegna kosninga til Alþingis, til sveitarstjórna eða til embættis forseta Íslands, svo og vegna boðaðrar þjóðaratkvæðagreiðslu, sbr. 2. mgr. 2. gr. d, skal sæta sektum.]³⁾

Gera skal lögaðilum sekt fyrir brot á [1.–4. mgr.]³⁾

[Refsa skal fyrir brot á 1.–3. mgr. séu þau framin af ásetningi eða gáleysi.]³⁾

Tilraun og hlutdeild í brotum samkvæmt þessari grein er refsiverð eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga.

Heimilt er að gera upptæk til ríkissjóðs framlög sem tekið er við án heimilda eða umfram heimildir samkvæmt lögum þessum eftir því sem segir í VII. kafla A almennra hegningarlaga.]⁵⁾

¹⁾L. 139/2018, 11. gr.

²⁾L. 139/2018, 7. gr.

³⁾L. 109/2021, 8. gr.

⁴⁾L. 139/2018, 12. gr.

⁵⁾L. 119/2010, 11. gr.

[14. gr.]¹⁾

Gildistaka og brottfall lagaákvæða.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2007. Ákvæði laganna um prófkjör taka þó ekki gildi fyrir en 1. júní 2007.

...

¹⁾L. 139/2018, 11. gr.

VII. KAFLI.

...

ÁKVÆÐI TIL BRÁÐABIRGÐA.

I.

[Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. a skulu þeir félagar í stjórnmalasamtökum sem fengu aðild að þeim fyrir gildistöku ákvæðisins halda félagsaðild sinni og vera skráðir í félagatal þar til aðild fellur niður við úrsögn, brottvísun eða andlát.]¹⁾

¹⁾L. 109/2021, 10. gr.

[II. ... ¹⁾]²⁾

¹⁾L. 117/2021, 1. gr.

²⁾L. 99/2009, 1. gr.

III.

[Frá 1. janúar 2022 er flokkum eða samtökum sem falla undir gildissvið laga þessara og skráð eru í fyrirtækjaskrá við gildistöku þeirra heimilt að breyta skráningu sinni í stjórnmalasamtök. Jafnframt skal þá skrá þau í stjórnmalasamtakaskrá og skila þeim gögnum sem mælt er fyrir um í 2. gr. g.] ¹⁾²⁾

¹⁾L. 117/2021, 2. gr.

²⁾L. 109/2021, 12. gr.

IV.

Þrátt fyrir 5. gr. a er ekki skilyrði fyrir úthlutun á fé úr ríkissjóði til stjórnmalasamtaka skv. 1. og 2. mgr. 3. gr. eða frá sveitarstjórnnum skv. 5. gr. vegna ársins 2021 að viðkomandi stjórnmalasamtök hafi uppfyllt skilyrði I. kafla C um skráningu stjórnmalasamtaka.]¹⁾

¹⁾L. 117/2021, 3. gr.

Reglugerð um aðstoð við atkvæðagreiðslu.

Nr. 432/2022

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Markmið.

Markmið reglugerðar þessarar eru:

að tryggja lipra og samræmda framkvæmd þegar kjósanda er veitt aðstoð við atkvæðagreiðslu,

að tryggja að þeim kjósendum sem óska aðstoðar til þess að nýta sér lýðræðislegan kosningarrétt sinn sé sýnd virðing og nærgætni,

að tryggja leynilegar og frjálsar kosningar.

2. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir þegar kjósanda er veitt aðstoð við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar eða á kjörfundi í kosningum til Alþingis og sveitarstjórna, forsetakjöri og þjóðaratkvæðagreiðslum.

II. KAFLI

Almennt um framkvæmd aðstoðar við atkvæðagreiðslu.

3. gr.

Réttur til aðstoðar við atkvæðagreiðslu.

Hver kjósandi hefur rétt til þess að njóta aðstoðar við atkvæðagreiðslu í kosningum samkvæmt ákvæðum kosningalaga og reglugerðar þessarar.

Kjósendi skal aldrei þurfa að upplýsa eða greina frá því hvers vegna hann óskar aðstoðar og er kjörstjóra, kjörstjórn eða öðrum þeim sem starfa við framkvæmd kosninga óheimilt að biðja kjósanda að skýra frá því hvers vegna hann óskar slíkrar aðstoðar.

4. gr.

Skilyrði fyrir því að aðstoð sé veitt.

Aðstoð skal því aðeins veita að kjósandi geti sjálfur skýrt þeim er aðstoðina veitir frá því hvernig hann vill greiða atkvæði. Ef kjósandi er ófær um að skýra frá vilja sínum skal honum ekki veitt aðstoð við atkvæðagreiðslu.

5. gr.

Framkvæmd aðstoðar.

Sá sem veitir aðstoð við atkvæðagreiðslu skal veita hana í samræmi við þarfir og aðstæður kjósandans.

Við alla framkvæmd aðstoðar við atkvæðagreiðslu skal kjósanda sýnd sú nærgætni, lipurð og virðing sem þarfir og aðstæður hans kalla á hverju sinni.

Við framkvæmd aðstoðar skal kjörstjóri eða kjörstjórn tryggja að kosningin sé leynileg svo sem með því að stöðva kosningu eða loka kjörfundarstofu meðan á atkvæðagreiðslu með aðstoð stendur.

6. gr.

Fyrirmæli kjósanda og þagnarskylda.

Þeim sem veitir kjósanda aðstoð við atkvæðagreiðslu er skylt að fara eftir fyrirmælum hans um það hvernig greiða eigi atkvæði fyrir hans hönd, sbr. 3. mgr. 74. gr. og 2. mgr. 89. gr. kosningalaga.

Þeim sem veitir aðstoð er með öllu óheimilt að skýra frá því sem honum og kjósanda fer á milli hvort sem er í kjörklefa á kjörfundi eða þar sem atkvæðagreiðsla utan kjörfundar fer fram, sbr. 3. mgr. 74. gr. og 2. mgr. 89. gr. kosningalaga.

III. KAFLI

Aðstoð veitt af kjörstjóra eða kjörstjórn.

7. gr.

Veitt aðstoð.

Aðstoð skal veitt af þeim úr kjörstjórn á kjörfundi sem kjósandi tilnefni en kjörstjóra við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar.

Ef kjörstjóri eða kjörstjórn telur ástæðu til skal kjósanda leiðbeint um rétt sinn til þess að njóta aðstoðar við atkvæðagreiðslu en aðstoð verður þó ekki veitt nema vilji kjósanda til að njóta aðstoðar sé skýr.

8. gr.

Bókun um aðstoð.

Sé aðstoð veitt við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar skal kjörstjóri rita á fylgibréf að aðstoð hafi verið veitt af kjörstjóra og skal þá jafnframt skráð í kjörskrá eða í sérstaka skrá kjörstjóra samkvæmt 77. gr. kosningalaga að kjósandi hafi notið aðstoðar kjörstjóra.

Við atkvæðagreiðslu á kjörfundi skal bóka í gerðabók kjörstjórnar í þeirri kjördeild þar sem kjósandi greiðir atkvæði að honum hafi verið veitt aðstoð af kjörstjórnarmanni.

9. gr.

Synjun um aðstoð kjörstjóra eða kjörstjórnar við atkvæðagreiðslu.

Geti kjósandi ekki skýrt fulltrúa kjörstjóra eða kjörstjórnar frá því hvernig hann vill greiða atkvæði skal kjörstjóri eða kjörstjórn synja kjósanda um aðstoð sína við atkvæðagreiðsluna.

Kjörstjóri skal geta um synjunina í skrá sinni skv. 77. gr. kosningalaga eða gerðabók en kjörstjórn skal bóka um synjunina í gerðabók.

Ákvörðun kjörstjóra eða kjörstjórnar um að synja um aðstoð er endanleg.

IV. KAFLI

Aðstoð veitt af aðstoðarmanni kjósanda.

10. gr.

Aðstoð einstaklings sem fylgir kjósanda á kjörstað.

Kjósanda ber réttur til að njóta aðstoðar einstaklings sem fylgir kjósanda á kjörstað. Auk kjósanda getur aðstoðarmaður kjósanda tjáð kjörstjóra eða kjörstjórn að kjósandinn óski eftir aðstoð hans við atkvæðagreiðsluna.

11. gr.

Aðstoðarmaður kjósanda.

Aðstoðarmaður kjósanda skal gera kjörstjóra eða kjörstjórn grein fyrir sér, svo sem með því að framvísa persónuskilríkjum með nafni, kennitölu og mynd, svo sem vegabréfi, ökuskírteini eða nafnskírteini eða gera grein fyrir sér á annan fullnægjandi hátt að mati kjörstjóra eða kjörstjórnar.

Aðstoðarmaður kjósanda má hvorki vera frambjóðandi í kosningum eða maki, barn, systkini eða foreldri slíks frambjóðanda og þá er honum óheimilt að gerast aðstoðarmaður fleiri en þriggja kjósanda við sömu kosningar, sbr. 3. mgr. 74. gr. og 3. og 4. mgr. 89. gr. kosningalaga.

Aðstoðarmaður kjósanda skal að minnsta kosti vera 18 ára gamall.

12. gr.

Leiðbeiningar til aðstoðarmanns kjósanda.

Kjörstjóri eða kjörstjórn skal upplýsa aðstoðarmann kjósanda um að samkvæmt kosningalögum megi hann einungis veita kjósanda aðstoð ef kjósandi getur skýrt frá því hvernig hann vilji greiða atkvæði og þagnarskyldu, sbr. 6. gr. reglugerðar þessarar.

Þá skal kjörstjóri eða kjörstjórn upplýsa aðstoðarmann kjósanda um skilyrði þess að veita aðstoð samkvæmt 11. gr. reglugerðar þessarar.

13. gr.

Staðfesting aðstoðarmanns kjósanda.

Aðstoðarmaður kjósanda skal undirrita staðfestingu á sérstöku eyðublaði sem skal hafa að geyma nafn og kennitölu kjósanda, aðstoðarmanns kjósanda og dagsetningu þegar aðstoð er veitt.

Á eyðublaðinu skal aðstoðarmaður kjósanda staðfesta hæfi sitt samkvæmt 11. gr. reglugerðar þessarar og skulu þar vera leiðbeiningar um þau atriði sem getið er í 12. gr. reglugerðarinnar.

Kjörstjóri eða kjörstjórnarmaður skal jafnframt undirrita staðfestingu aðstoðarmanns.

Kjörstjóri eða kjörstjórn skal varðveita staðfestingu aðstoðarmanns. Landskjörstjórn er heimilt að óska eftir upplýsingum um aðstoðarmenn frá kjörstjórum og kjörstjórnnum til þess að ganga úr skugga um hæfi þeirri skv. 89. gr. kosningalaga.

14. gr.

Bókun um aðstoð.

Sé aðstoð veitt við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar skal kjörstjóri varðveita staðfestingu aðstoðarmanns kjósanda og skrá í kjörskrá eða í sérstaka skrá kjörstjóra samkvæmt 77. gr. kosningalaga hvaða kjósandi hafi notið aðstoðar auk nafns og kennitölu aðstoðarmanns kjósanda við atkvæðagreiðslu.

Í gerðabók kjörstjórnar skal jafnframt bóka upplýsingar um þann kjósanda sem naut aðstoðar ásamt nafni og kennitölu aðstoðarmanns kjósandans.

15. gr.

Synjun um aðstoð.

Ef aðstoðarmaður kjósanda uppfyllir ekki skilyrði 11. gr. reglugerðar þessarar skal viðkomandi kjörstjóri eða kjörstjórn synja því að viðkomandi aðstoðarmaður veiti kjósandanum aðstoð.

Bóka skal um synjun með þeim hætti sem kveðið er á um í 14. gr. reglugerðar þessarar og að viðkomandi aðstoðarmann kjósanda hafi brostið skilyrði til þess að veita aðstoð.

Ákvörðun kjörstjóra eða kjörstjórnar að synja um aðstoð er endanleg.

V. KAFLI

Lokaákvæði.

16. gr.

Lagastoð og gildistaka.

Reglugerð þessi er sett skv. 5. mgr. 89. gr. kosningalaga nr. 112/2021, að fengnum tillögum landskjörstjórnar og tekur þegar gildi.

Reglugerð um söfnun meðmæla og skil framboða og framboðslista fyrir kosningar.

Nr. 254/2024

I. KAFLI

Markmið og gildissvið.

1. gr.

Markmið.

Markmið reglugerðar þessarar er að tryggja samræmi á framsetningu framboða til forsetakjörs og framboðslistum sem boðnir eru fram í kosningum til Alþingis og sveitarstjórna, hér eftir nefnd framboð. Einnig að tryggja að söfnun meðmæla með framboðum fari fram á grundvelli skýrra reglna meðal annars um form söfnunar, meðferð persónuupplýsinga og um varðveislu og eyðingu þeirra upplýsinga sem safnað er.

2. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um framboð í kosningum til Alþingis og sveitarstjórna og við forsetakjör.

II. KAFLI

Meðmæli og fjöldi meðmælenda.

3. gr.

Yfirlýsing um stuðning.

Meðmæli eru yfirlýsing kjósenda um stuðning við tiltekið framboð.

Meðmæli geta verið gefin rafrænt eða með eiginhandarundirritun á blaði. Yfirkjörstjórnir sveitarfélaga geta þó ákveðið í kosningum til sveitarstjórna að söfnun meðmæla fari einungis fram með

eiginhandarundirritun á blaði. Þegar meðmælandi skráir meðmæli sín með tilteknu framboði skal hann tilgreina nafn sitt, kennitölu og lögheimili.

4. gr.

Skilyrði þess að vera meðmælandi.

Meðmælandi skal hafa öðlast kosningarrétt á kjördag í þeim kosningum sem meðmæli hans taka til.

Hver kjósandi getur einungis mælt með einu framboði við sömu kosningar.

Frambjóðendur geta ekki verið meðmælendur eigin framboðs. Kjörstjórnarmenn í landskjörstjórn, yfirkjörstjórnnum og umdæmiskjörstjórnnum geta ekki vera meðmælendur framboðs.

5. gr.

Meðmæli með framboði í kosningum til Alþingis.

Hverjum framboðslista sem skilað er til landskjörstjórnar við alþingiskosningar skal fylgja yfirlýsing um stuðning við listann og fyrir hvaða stjórn málasamtök hann er fram boðinn, frá kjósendum í hlutaðeigandi kjördæmi. Fjöldi meðmælenda skal vera margfeldi af þingsætatölu kjördæmisins og talnanna 30 að lágmarki og 40 að hámarki.

6. gr.

Meðmæli með framboði í sveitarstjórnarkosningum.

Hverjum framboðslista sem skilað er til yfirkjörstjórnar sveitarfélags við kosningar til sveitarstjórnar, skal fylgja yfirlýsing um stuðning við listann og fyrir hvaða stjórn málasamtök hann er fram boðinn, frá kjósendum í hlutaðeigandi sveitarfélagi.

Ekki er gerð krafa um meðmælendur í sveitarfélögum með 100 íbúa eða færri. Hámarksfjöldi meðmælenda skal vera tvöfaldur tilskilinn lágmarksfjöldi. Lágmarksfjöldi meðmælenda skal vera sem hér segir:

- í sveitarfélagi með 101-500 íbúa 10 meðmælendur,
- í sveitarfélagi með 501-2.000 íbúa 20 meðmælendur,
- í sveitarfélagi með 2.001-10.000 íbúa 40 meðmælendur,
- í sveitarfélagi með 10.001-50.000 íbúa 80 meðmælendur,
- í sveitarfélagi með 50.001 og fleiri íbúa 160 meðmælendur.

7. gr.

Meðmæli með framboði í forsetakjöri.

Hverju framboði til forsetakjörs sem skilað er til landskjörstjórnar, skal fylgja yfirlýsing um stuðning við framboðið frá kjósendum í hlutaðeigandi landsfjórðungi. Forsetaefni skal hafa meðmæli minnst 1.500 kosningarbærra manna og mest 3.000 sem skiptist í hlutfalli við kjósendatölu úr landsfjórðungi hverjum.

Landskjörstjórn auglýsir forsetakjör eigi síðar en þremur mánuðum fyrir kjördag og tiltekur þá hámarks- og lágmarkstölu meðmælenda forsetaefnis úr hverjum landsfjórðungi í réttu hlutfalli við kjósendatölu þar.

8. gr.

Rafrænt meðmælendakerfi.

Landskjörstjórn skal tryggja að unnt sé að safna meðmælum með framboðum í aðdraganda kosninga til Alþingis, sveitarstjórna og í forsetakjöri rafrænt. Í því skyni skal landskjörstjórn sjá til þess að til staðar sé rafrænt kerfi til söfnunar, skráningar og yfirferðar meðmæla.

Í rafræna meðmælendakerfinu geta kjósendur gefið yfirlýsingu um stuðning við framboð í hlutaðeigandi kjördæmi, landsfjórðungi eða sveitarfélagi. Í kerfinu er safnað upplýsingum um nafn meðmælenda, lögheimili hans og kennitölu og hvaða framboði viðkomandi mælir með.

Rafræn söfnun meðmæla fer fram á Ísland.is og skulu bæði þeir sem safna meðmælum og meðmælendur nota rafræna auðkenningu við innskráningu á Ísland.is.

9. gr.

Ábyrgðaraðilar á rafrænni söfnun meðmæla.

Landskjörstjórn er ábyrgðaraðili þeirrar vinnslu persónuupplýsinga sem á sér stað með notkun rafræna meðmælendakerfisins í skilningi laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Kjósi yfirkjörstjórn sveitarfélags að nota rafræna meðmælendakerfið í aðdraganda sveitarstjórnarkosninga skulu landskjörstjórn og viðkomandi yfirkjörstjórn teljast sameiginlegir ábyrgðaraðilar í skilningi laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga hvað varðar söfnun og skráningu meðmæla

í rafræna meðmælendakerfinu. Í þeim tilfellum skulu landskjörstjórn og yfirkjörstjórn gera með sér samkomulag um sameiginlega ábyrgð sem tekur til þeirra vinnsluadgerða.

10. gr.

Upphaf og lok rafrænnar söfnunar meðmæla og aðgangur að kerfinu.

Landskjörstjórn ákveður, í aðdraganda hverra kosninga, hvenær opnað verður fyrir rafræna söfnun meðmæla. Skal hún auglýsa ákvörðun þar um á vef sínum.

Rafrænt kerfi til söfnunar meðmæla lokar þegar framboðsfresti lýkur, en yfirkjörstjórn eða landskjörstjórn skal loka fyrir söfnun meðmæla hjá framboði þegar því er skilað.

Landskjörstjórn skal gefa út leiðbeiningar um notkun rafræna meðmælendakerfisins.

Stofnandi söfnunarinnar hefur aðgang að rafræna meðmælendakerfinu og getur þar séð framgang söfnunarinnar og hverjir mæla með framboðinu og jafnframt fært inn í það þau meðmæli sem skilað hefur verið á blöðum. Stofnandi söfnunarinnar getur gefið öðrum heimild til að fylgjast með söfnuninni og færa inn meðmæli af blöðum.

Landskjörstjórn og yfirkjörstjórnir sveitarfélaga skulu hafa aðgang að meðmælendakerfinu í þeim tilgangi að kanna lögmæti meðmæla og til að færa inn þau meðmæli sem skilað hefur verið á blöðum.

Kjósandi sem mælt hefur með framboði getur séð meðmæli sín og dregið þau til baka á Mínum síðum á Ísland.is.

11. gr.

Meðmælum safnað á blaði.

Kjósandur geta undirritað eigin hendi yfirlýsingu á blaði, um stuðning við tiltekið framboð í hlutadeigandi kjördæmi, landsfjórðungi eða sveitarfélagi. Þar skal koma fram með skýrum hætti að kjósandi lýsi yfir stuðningi við það framboð sem tilgreint er á blaðinu og hann skal sjálfur rita þar nafn sitt, kennitölu og lögheimili.

Á hverri blaðsíðu meðmælendalistans skal skýrt og greinilega koma fram:

- a. Heiti framboðs.

- b. Kjördagur og tegund kosningar.
- c. Listabókstafur framboðslista og það kjördæmi sem listinn er fram boðinn þegar um alþingiskosningar er að ræða.
- d. Heiti sveitarfélags þar sem listinn er fram boðinn þegar um sveitarstjórnarkosningar er að ræða.
- e. Landsfjórðungur sem söfnunin tekur til í forsetakjöri.
- f. Að skráðum upplýsingum verði miðlað til landskjörstjórnar eða eftir atvikum yfirkjörstjórnar sveitarfélags og að upplýsingar um vinnslu þeirra á persónuupplýsingum meðmælanda megi finna í persónuverndarstefnum þessara aðila.

Meðmælendalistinn skal vera með hlaupandi blaðsíðunúmeri og er miðað við að hámarki 20 undirskriftir meðmælanda á hverri blaðsíðu.

Landskjörstjórn birtir á vef sínum sýnishorn af eyðublöðum til söfnunar meðmæla.

Landskjörstjórn og yfirkjörstjórn sveitarfélaga, geta óskað eftir því við framboð að meðmælendalistar sem skilað er á blöðum séu jafnframt slegnir inn í meðmælendakerfið.

12. gr.

Afturköllun meðmæla.

Sá sem lýst hefur yfir stuðningi við framboð getur afturkallað meðmæli sín meðan á söfnun stendur og þar til framboð hefur verið afhent landskjörstjórn eða yfirkjörstjórn sveitarfélags.

13. gr.

Gallar á meðmælasöfnun.

Verði landskjörstjórn eða yfirkjörstjórn sveitarfélags vör við galla á meðmælasöfnun, s.s. að tilskildum fjölda meðmæla sé ekki náð skal umboðsmanni framboðs gefinn kostur á að bæta úr og veittur frestur í því skyni eftir því sem tími og atvik leyfa. Við slíkar aðstæður er landskjörstjórn eða yfirkjörstjórn sveitarfélags heimilt að opna á ný fyrir rafræna söfnun meðmæla hlutaðeigandi framboðs í viðkomandi kjördæmi, landsfjórðungi eða sveitarfélagi.

14. gr.

Óheimil miðlun meðmælendalista og upplýsinga úr þeim.

Þeim sem aðgang hafa að meðmælendalistum, hvort sem þeir eru rafrænir eða á blöðum, er óheimilt að miðla listunum eða upplýsingum úr þeim til annarra en þeirra sem þann rétt eiga samkvæmt kosningalögum og reglugerð þessari.

Meðmæli sem safnað er til stuðnings framboði má ekki nota í öðrum tilgangi.

III. KAFLI

Gerð og form framboða, skil þeirra o.fl.

15. gr.

Auglýsing um móttöku framboða.

Við alþingiskosningar og forsetakjör skal landskjörstjórn auglýsa tímanlega hvar og hvenær hún tekur við framboðum. Auglýsinguna skal birta á vef landskjörstjórnar og víðar telji hún ástæðu til.

Við sveitarstjórnarkosningar skal yfirkjörstjórn sveitarfélags auglýsa tímanlega hvar og hvenær hún tekur við framboðum. Auglýsinguna skal birta á vef sveitarfélagsins og víðar telji yfirkjörstjórn ástæðu til.

16. gr.

Framboð til Alþingis.

Tilkynningu um framboð skal skila til landskjörstjórnar á þeim stað og tíma sem auglýstur er, sbr. 1. mgr. 15. gr., eða rafrænt eigi síðar en kl. 12 á hádegi 36 dögum fyrir kjördag.

Þegar alþingiskosningar fara fram eftir tilkynningu um þingrof skal tilkynningu um framboð skilað til landskjörstjórnar á þeim stað og tíma sem auglýstur er eða rafrænt, eigi síðar en kl. 12 á hádegi 30 dögum fyrir kjördag.

Tilkynning um framboð getur verið undirrituð eigin hendi eða með fullgildri rafrænni undirskrift. Sé tilkynning undirrituð rafrænt skal hún send með rafrænum hætti til landskjörstjórnar.

Landskjörstjórn staðfestir móttöku tilkynninga hvort sem þeim er skilað á blöðum eða rafrænt.

Eftirtalin gögn skulu fylgja tilkynningu um framboð:

- a. Upplýsingar um heiti stjórnmálasamtaka og listabókstaf þeirra, samkvæmt skrá ráðuneytisins, sbr. lög um starfsemi stjórnmálasamtaka.
- b. Framboðslisti viðkomandi stjórnmálasamtaka, sbr. 19. gr.
- c. Yfirlýsingar allra þeirra sem á framboðslistanum eru um að þeir hafi tekið sæti á listanum, sbr. 20. gr.
- d. Meðmæli með framboðslistanum, sbr. 21. gr.
- e. Upplýsingar um hverjir séu umboðsmenn listans, sbr. 22. gr.

Landskjörstjórn birtir á vef sínum sýnishorn af tilkynningu um framboð.

17. gr.

Framboð til forsetakjörs.

Tilkynningu um framboð skal skila til landskjörstjórnar á þeim stað og tíma sem auglýstur er, sbr. 1. mgr. 15. gr., eða rafrænt, eigi síðar en kl. 12 á hádegi 36 dögum fyrir kjördag. Í tilkynningunni skal tilgreina fullt nafn forsetaefnis eins og það er skráð í þjóðskrá, kennitölu og lögheimili.

Tilkynning um framboð getur verið undirrituð eigin hendi eða með fullgildri rafrænni undirskrift. Sé tilkynning undirrituð rafrænt skal hún send með rafrænum hætti til landskjörstjórnar.

Landskjörstjórn staðfestir móttöku tilkynninga hvort sem þeim er skilað á blöðum eða rafrænt.

Eftirtalin gögn skulu fylgja tilkynningu um framboð:

- a. Samþykki forsetaefnis, sbr. 20. gr.
- b. Meðmæli með forsetaframboði, sbr. 21. gr.
- c. Upplýsingar um hverjir séu umboðsmenn framboðsins, sbr. 22. gr.

Landskjörstjórn birtir á vef sínum sýnishorn af tilkynningu um framboð.

18. gr.

Framboð til sveitarstjórna.

Tilkynningu um framboð skal skila til yfirkjörstjórnar sveitarfélags á þeim stað og tíma sem auglýstur er, sbr. 2. mgr. 15. gr., eða rafrænt en þó eigi síðar en kl. 12 á hádegi 36 dögum fyrir kjördag.

Tilkynning um framboð getur verið undirrituð eigin hendi eða með fullgildri rafrænni undirskrift. Sé tilkynning undirrituð rafrænt skal hún send með rafrænum hætti til yfirkjörstjórnar.

Yfirkjörstjórn staðfestir móttöku tilkynninga hvort sem þeim er skilað á blöðum eða rafrænt.

Eftirtalin gögn skulu fylgja tilkynningu um framboð:

- a. Upplýsingar um heiti stjórnmálasamtakanna og listabókstaf þeirra, samkvæmt skrá ráðuneytisins, sbr. lög um starfsemi stjórnmálasamtaka, eða þegar um stjórnmálasamtök er að ræða sem ekki hafa skráðan listabókstaf, beiðni til yfirkjörstjórnar um úthlutun listabókstafs, sbr. 23. gr.
- b. Framboðslisti viðkomandi stjórnmálasamtaka, sbr. 19. gr.
- c. Yfirlýsingar allra þeirra sem á framboðslistanum eru um að þeir hafi tekið sæti á listanum, sbr. 20. gr.
- d. Meðmæli með framboðslistanum, sbr. 21. gr.
- e. Upplýsingar um hverjir séu umboðsmenn listans, sbr. 22. gr.

Landskjörstjórn birtir á vef sínum sýnishorn af tilkynningu um framboð.

19. gr.

Fjöldi frambjóðenda og upplýsingar um þá.

Á framboðslista skulu vera a.m.k. jafnmörg nöfn frambjóðenda og kjósa á í hvert skipti, en aldrei fleiri en tvöföld sú tala. Landskjörstjórn eða yfirkjörstjórn sveitarfélaga skulu nema burt af framboðslista nöfn öftustu frambjóðenda sem eru fram yfir hámarkstölu.

Við sömu kosningar má enginn bjóða sig fram á fleiri framboðslistum en einum.

Á framboðslista skal tilgreina skýrlega nafn og kennitölu frambjóðanda, lögheimili og stöðu eða starfsheiti.

Nöfn frambjóðenda skulu rituð að lágmarki með einu eigin nafni og kenninafni eins og þau birtast í þjóðskrá. Óski frambjóðandi eftir annarri ritun nafns á framboðslistann er honum það heimilt, enda séu þau nöfn skráð í þjóðskrá. Frambjóðanda er þó heimilt að rita eigin nafn eða eigin nöfn sín á annan veg en skráð er í þjóðskrá ef hann er kunnur af þeirri notkun eigin nafns eða eigin nafna.

Hafi frambjóðandi fleiri en eitt eigin nafn, millinafn eða kenninafn er honum heimilt að stytta þau með því að nota upphafsstaf eða styttri rithátt, svo framarlega sem uppfyllt sé skilyrði 1. málslíðar 4. mgr.

Staða eða starfsheiti frambjóðanda skal ekki vera andstætt velsæmi og vera á íslensku.

Framboðslista skal að jafnaði skila á formi sem landskjörstjórn lætur í té og unnt er að nálgast á vef hennar.

20. gr.

Yfirlýsing frambjóðenda.

Frambjóðendur skulu lýsa því yfir að þeir hafi heimilað að setja nöfn sín á tiltekið framboð. Yfirlýsingin getur verið undirrituð með fullgildri rafrænni undirskrift eða með eigin hendi.

Ef yfirlýsingin er undirrituð með rafrænum hætti skal hún send rafrænt. Æskilegt er að sem flestar rafrænar undirritanir séu á sama skjalinu.

Landskjörstjórn birtir á vef sínum sýnishorn af yfirlýsingu skv. 1. mgr.

Frambjóðandi getur afturkallað samþykki sitt til framboðs fram til þess að frestur til að skila framboðum rennur út og skal landskjörstjórn eða yfirkjörstjórn sveitarfélags; og við málsgreinina bætist: eigi síðar en sex mánuðum eftir kjördag þá eyða yfirlýsingunni.

21. gr.

Skil meðmæla.

Í tilkynningu um framboð skal þess getið sérstaklega hafi meðmælum verið safnað rafrænt. Ef meðmælum hefur verið safnað á blöðum skal afhenda landskjörstjórn frumrit þeirra í forsetakjöri og kosningum til Alþingis en til yfirkjörstjórnar viðkomandi sveitarfélags í kosningum til sveitarstjórna.

22. gr.

Umboðsmenn.

Þegar framboð er tilkynnt til landskjörstjórnar eða yfirkjörstjórnar sveitarfélags skal jafnframt tilkynnt hverjir séu umboðsmenn framboða.

Upplýsingar um nafn, fæðingardag, netfang og símanúmer umboðsmanns skal fylgja tilkynningunni ásamt skriflegu samþykki hans.

Samþykkið getur verið undirritað eigin hendi eða með fullgildri rafrænni undirskrift.

Landskjörstjórn birtir á vef sínum sýnishorn af tilkynningu um umboðsmenn.

23. gr.

Úthlutun listabókstafs í sveitarstjórnarkosningum.

Hyggist stjórnmalasamtök sem ekki hafa skráðan listabókstaf samkvæmt skrá ráðuneytisins um listabókstafi og heiti stjórnmalasamtaka, skv. lögum um starfsemi stjórnmalasamtaka, bjóða fram lista í kosningum til sveitarstjórna skulu þau um leið og framboðslista er skilað til yfirkjörstjórnar leggja þar fram beiðni um úthlutun listabókstafs og staðfestingu á heiti framboðs.

Yfirkjörstjórn skal við ákvörðun listabókstafs hafa hliðsjón af listabókstöfum annarra stjórnmalasamtaka samkvæmt skrá ráðuneytisins, sbr. 1. mgr. Heiti nýrra stjórnmalasamtaka skal ekki vera þannig að ætla megi að villst verði á því og heiti samtaka sem þegar eru á skránni. Telji yfirkjörstjórn að svo sé skal það tilkynnt samtökunum og þeim gefinn hæfilegur frestur til að bæta úr. Óski tvö eða fleiri framboð eftir úthlutun sama listabókstafs skal það framboð hafa forgang sem fyrir skilaði inn framboði sínu. Þeim lista sem ekki hlýtur umbeðinn listabókstaf skal þegar í stað gert kleift að óska eftir nýjum bókstaf.

Komi ekki fram ný beiðni skal yfirkjörstjórn merkja listana í stafrófsröð eftir því sem þeir hafa borist henni og við á.

24. gr.

Mótmæli við framkominn framboðslista.

Ef sá sem ákveður framboðslista eða staðfestir hann endanlega, samkvæmt reglum stjórnmalasamtaka, ber fram mótmæli gegn því að listi sé boðinn fram fyrir þau samtök telst slíkur framboðslisti ekki vera boðinn fram á vegum þeirra.

IV. KAFLI
Auglýsing framboða
25. gr.

Auglýsing framboða í alþingiskosningum.

Þegar niðurstaða liggur fyrir um gildi framboðslista við alþingiskosningar skal landskjörstjórn auglýsa listana í Lögbirtingablaði, á vef sínum og í fjölmiðlum eigi síðar en 30 dögum fyrir kjördag. Fari alþingiskosningar fram eftir tilkynningu um þingrof skal auglýst eigi síðar en 24 dögum fyrir kjördag. Í auglýsingu skal framboðslistum raðað í stafrófsröð eftir listabókstaf.

Í auglýsingu landskjörstjórnar skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram:

- a. Heiti stjórnmalasamtaka sem bjóða fram listann og listabókstafur þeirra.
- b. Nöfn frambjóðenda hvers lista, sbr. 19. gr., í rétttri röð.
- c. Kennitala frambjóðenda.
- d. Lögheimili frambjóðenda, eins og það er skráð í þjóðskrá og birt í kjörskrá. Sé lögheimili í fjölkjarna sveitarfélagi er heimilt að tilgreina heiti þess byggðakjarna sem það stendur í.
- e. Staða eða starfsheiti frambjóðenda, sbr. 19. gr.

26. gr.

Auglýsing framboða við forsetakjör.

Þegar niðurstaða liggur fyrir um gildi framboða skal landskjörstjórn auglýsa þau í Lögbirtingablaði, á vef sínum og í fjölmiðlum eigi síðar en 30 dögum fyrir kjördag. Í auglýsingu skal frambjóðendum raðað í stafrófsröð.

27. gr.

Auglýsing framboða við sveitarstjórnarkosningar.

Þegar niðurstaða yfirkjörstjórnar sveitarfélags liggur fyrir um gildi framboðslista við sveitarstjórnarkosningar skal hún auglýsa framboðslistana á vef sveitarfélagsins og víðar ákveði hún svo, eigi síðar en 30 dögum fyrir kjördag. Í auglýsingu skal framboðslistum raðað í stafrófsröð eftir listabókstaf.

Í auglýsingu yfirkjörstjórnar skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram:

- a. Heiti stjórnmalasamtaka sem bjóða fram listann og listabókstafur þeirra.
- b. Nöfn frambjóðenda hvers lista, sbr. 19. gr., í rétttri röð.
- c. Kennitala frambjóðenda.
- d. Lögheimili frambjóðenda, eins og það er skráð í þjóðskrá og birt í kjörskrá. Sé lögheimili í fjölkjarna sveitarfélagi er heimilt að tilgreina heiti þess byggðakjarna sem það stendur í.
- e. Staða eða starfsheiti frambjóðenda, sbr. 19. gr.

Nú fer fram óbundin kosning til sveitarstjórnar, framboðsfrestur er framlengdur samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 46. gr. kosningalaga eða maður skorast undan endurkjöri skv. 5. mgr. 49. gr. sömu laga og skal þá yfirkjörstjórn sveitarfélags auglýsa það með sama hætti og framboð skv. 1. mgr.

V. KAFLI

Almenn atriði

28. gr.

Fullgild rafræn undirskrift.

Fullgild rafræn undirskrift er útfærð rafræn undirskrift sem er mynduð með fullgildum rafrænum undirskriftarbúnaði og studd fullgildu vottorði fyrir rafrænar undirskriftir. Fullgild rafræn undirskrift hefur sömu réttaráhrif og eiginhandarundirskrift.

29. gr.

Heimild til að samkeyra og sannreyna upplýsingar.

Þjóðskrá Íslands er heimilt, að beiðni landskjörstjórnar eða yfirkjörstjórnar sveitarfélags, að samkeyra upplýsingar úr meðmælendalistum við þjóðskrá að fullnægðum skilyrðum laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og kanna hvort skilyrðum sé fullnægt um að viðkomandi sé kosningarbær.

Heimildin nær bæði til rafrænnar söfnunar sem og söfnunar á blöðum.

Landskjörstjórn og yfirkjörstjórn sveitarfélags er heimilt að sannreyna með samanburði við þjóðskrá upplýsingar um frambjóðendur.

Einnig er þeim heimilt að samkeyra upplýsingar um frambjóðendur og kjörstjórnarmenn við meðmælendalista í þeim tilgangi að athuga hvort þeir séu meðmælendur framboða, að fullnægðum skilyrðum laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

30. gr.

Meðferð persónuupplýsinga.

Við vinnslu upplýsinga við söfnun, skráningu og yfirferð meðmæla og framboða skal gera viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar ráðstafanir til að tryggja viðunandi öryggi persónuupplýsinga með hliðsjón af lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018.

31. gr.

Varðveisla og eyðing gagna.

Landskjörstjórn skal, þegar ár er liðið frá kosningum til Alþingis og frá forsetakjöri sjá til þess að meðmælendalistum, bæði rafrænum og á blöðum, verði eytt nema fram komi kæra eða dómsmál höfðað þar sem meðmælendalistar kunna að hafa gildi. Skal eyðing þá ekki fara fram fyrr en niðurstaða er fengin. Það sama á við um yfirkjörstjórnir sveitarfélaga við kosningar til sveitarstjórna.

Landskjörstjórn og yfirkjörstjórn sveitarfélaga skulu að afloknum kosningum sjá til þess að meðferð gagna og upplýsinga um framboð sé í samræmi við lög um opinber skjalasöfn og fullnægi skilyrðum laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

32. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 1. og 2. mgr. 41. gr. og 1. mgr. 47. gr. kosningalaga nr. 112/2021 og öðlast þegar gildi. Jafnframt falla á brott reglugerð um rafræna söfnun meðmæla með forsetaefni, meðferð þeirra, varðveislu og eyðingu nr. 341/2020, reglugerð um söfnun meðmæla við kosningar til Alþingis o.fl. nr. 848/2021 og reglugerð um framboð og meðmæli við sveitarstjórnarkosningar nr. 330/2022.

Reglugerð um aðgang að og birtingu upplýsinga úr kjörskrá.

Nr. 441/2024

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um birtingu upplýsinga úr kjörskrá og framlagningu hennar við kosningar til Alþingis og sveitarstjórna, við forsetakjör og þjóðaratkvæðagreiðslur og um heimildir frambjóðenda og stjórn málasamtaka sem bjóða fram lista til nýtingar kjörskrárgagna og meðferð þeirra á kjörskrá, hér nefnd framboð.

II. KAFLI

Aðgangur að upplýsingum úr kjörskrá.

2. gr.

Uppfletting í kjörskrá.

Þegar Þjóðskrá Íslands hefur auglýst gerð kjörskrár í samræmi við 1. mgr. 30. gr. kosningalaga skal hún tryggja að fyrir hendi sé rafræn uppfletting í kjörskrá þannig að kjósandi geti með innslætti á kennitölu fengið upplýsingar um nafn, lögheimili, sveitarfélag og kjörstað kjósanda. Lokað skal fyrir rafræna uppflettingu í kjörskrá daginn eftir kjördag. Öðrum en Þjóðskrá Íslands og landskjörstjórn er óheimilt að útbúa rafræna uppflettingu í kjörskrá.

3. gr.

Framlagning kjörskrár.

Kjörskrá skal aðgengileg almenningi til skoðunar á skrifstofu sveitarstjórnar, eða öðrum hentugum stað sem sveitarstjórn ákveður, eigi síðar en 21 degi fyrir kjördag. Sveitarstjórn skal tilkynna, t.d. á vef sínum, hvar kjörskrá liggur frammi. Eftir að kjörskrá hefur verið lögð fram skal hún liggja frammi á almennum skrifstofutíma til kjördags.

III. KAFLI

Aðgangur og not framboða á kjörskrá.

4. gr.

Aðgangur framboða að kjörskrá.

Þegar auglýst hefur verið að gerð kjörskrár sé lokið, sbr. 30. gr. kosningalaga, geta framboð óskað eftir aðgangi að kjörskrá hjá Þjóðskrá Íslands. Aðgangur að kjörskrá skal veittur án endurgjalds. Aðgangurinn felur ekki í sér sérvinnslu upplýsinga úr kjörskrá, en hægt er að óska eftir slíkri vinnslu og greiða fyrir samkvæmt gjaldskrá Þjóðskrár Íslands á hverjum tíma.

Þjóðskrá Íslands skal veita aðgang að kjörskrá með öruggum hætti og eins og framast er unnt á því skráarformi sem óskað er. Skal fulltrúi framboðs staðfesta móttöku á kjörskránni.

5. gr.

Heimil not kjörskrár.

Heimilt er að nýta aðgang að kjörskrá í þágu eftirlits með framkvæmd kosninga, til að sannreyna hverjir séu kjósendur og til að koma upplýsingum á framfæri við þá í aðdraganda kosninga, þó að gættum skilyrðum laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og annarra laga sem við eiga.

Framboð skulu fara eftir skilmálum Þjóðskrár Íslands um aðgang að skránni og rétta notkun á henni.

6. gr.

Óheimil not kjörskrár.

Óheimilt er að birta kjörskrá opinberlega eða miðla henni til þriðja aðila í heild eða að hluta. Aðgangur framboða að kjörskrá heimilar ekki merkingar við kjósendur í kjörskrá á kjördegi.

Óheimilt er að samkeyra kjörskrá við skrá sem hefur að geyma persónuupplýsingar nema að gættum ákvæðum laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

7. gr.

Eyðing gagna.

Kjörskrá og önnur tengd gögn sem framboð hafa í sínum vörslum, á hvaða formi sem er, skal eytt við fyrsta mögulega tækifæri eftir að notkun þeirra lýkur en þó eigi síðar en viku eftir kjördag. Framboð skulu tilkynna Þjóðskrá Íslands um eyðingu gagnanna þegar hún hefur farið fram.

IV. KAFLI

Önnur ákvæði.

8. gr.

Meðferð og vinnsla persónuupplýsinga.

Við vinnslu og meðferð persónuupplýsinga skal gera viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar ráðstafanir til að tryggja viðunandi öryggi persónuupplýsinga með hliðsjón af lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

9. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 3. mgr. 30. gr. og 2. mgr. 31. gr. kosningalaga nr. 112/2021 og tekur þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um aðgang að og birtingu upplýsinga úr kjörskrá nr. 387/2022.

Reglugerð um skiptingu kostnaðar milli ríkis og sveitarfélaga í kosningum.

Nr. 442/2024

1. gr.

Markmið.

Markmið reglugerðar þessarar er að tryggja að skýrt og fyrirsjáanlegt sé hvernig kostnaður við kosningar skiptist á milli ríkis og sveitarfélaga eftir því um hvaða kosningar og verkefni er að ræða.

2. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir í kosningum til Alþingis og sveitarstjórna, við forsetakjör og þjóðaratkvæðagreiðslur.

3. gr.

Alþingiskosningar, forsetakjör og þjóðaratkvæðagreiðslur.

Kostnaður við alþingiskosningar, forsetakjör og þjóðaratkvæðagreiðslur greiðist úr ríkissjóði.

4. gr.

Sveitarstjórnarkosningar.

Kostnaður við sveitarstjórnarkosningar greiðist af sveitarfélögum nema annað sé tekið fram í kosningalögum, svo sem vegna atkvæðagreiðslu utan kjörfundar, sbr. 5. gr. og vegna kjörgagna og áhalda er landskjörstjórn lætur kjörstjórnnum í té.

5. gr.

Utankjörfundaratkvæðagreiðsla.

Kostnaður vegna atkvæðagreiðslu utan kjörfundar greiðist úr ríkissjóði að því frátöldu að fari atkvæðagreiðsla fram á grundvelli 2. tölul. 2. mgr. 69. gr. kosningalaga ber viðkomandi sveitarfélag kostnaðinn.

6. gr.

Annar kostnaður vegna framkvæmdar kosningalaga.

Kostnaður vegna landskjörstjórnar og úrskurðarnefndar kosningamála greiðist úr ríkissjóði. Annar kostnaður sem til fellur vegna framkvæmdar kosningalaga og fellur ekki undir ákvæði reglugerðar þessarar greiðist úr ríkissjóði.

7. gr.

Fjárframlag ríkissjóðs til sveitarfélaga.

Við alþingiskosningar, forsetakjör og þjóðaratkvæðagreiðslur skal ríkissjóður greiða sveitarfélögum sérstakt fjárframlag vegna verkefna þeirra við framkvæmd kosninganna.

Við forsetakosningar 2024 skal ríkissjóður greiða hverju sveitarfélagi 937 kr. fyrir hvern kjósanda á kjörskrá í viðkomandi sveitarfélagi og 697.000 kr. fyrir hvern kjörstað. Við alþingiskosningar 2024 skal ríkissjóður greiða hverju sveitarfélagi 940 kr. fyrir hvern kjósanda á kjörskrá í viðkomandi sveitarfélagi og 699.200 kr. fyrir hvern kjörstað. Telji sveitarfélag að sá kostnaður sem það hefur haft af kosningunum sé umfram framlag ríkissjóðs getur það óskað eftir auknu framlagi ríkissjóðs til að mæta þeim kostnaði. Beiðni um aukið framlag ásamt sundurliðuðu kostnaðaryfirliti skal sent landskjörstjórn sem tekur ákvörðun um endurgreiðslu.

Að loknum forsetakosningum og alþingiskosningum 2024. skal sérhvert sveitarfélag senda landskjörstjórn sundurliðað kostnaðaryfirlit þar sem fram kemur á skýran og greinargóðan hátt í hverju kostnaður þess vegna kosninganna hafi verið fólgin og þær fjárhæðir sem um er að ræða. Landskjörstjórn í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga skal greina upplýsingarnar þannig að ljóst sé hver raunkostnaður sveitarfélaga hafi verið við kosningarnar.

Landskjörstjórn skal að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga setja fram tillögur um fjárframlög ríkisins til sveitarfélaga á grundvelli upplýsinga skv. 3. mgr. vegna hlutverks þeirra við framkvæmd annarra kosninga en sveitarstjórnarkosninga.

8. gr.

Skipting kostnaðar milli sveitarfélaga og Þjóðskrár Íslands.

Þjóðskrá Íslands ber kostnað af gerð og rekstri kjörskrár og af þeirri þjónustu sem stofnuninni ber að veita í því sambandi, s.s. vegna leiðréttinga á kjörskrá. Þjóðskrá Íslands skal senda sveitarstjórnnum kjörskrá með rafrænum hætti, án endurgjalds.

Landskjörstjórn tryggir að fyrir hendi sé rafrænt meðmælendakerfi sem aðgengilegt er fyrir öll sveitarfélög. Þjóðskrá Íslands er þjónustu- og rekstraraðili kerfisins. Kjósi sveitarfélag að nota meðmælendakerfið í aðdraganda sveitarstjórnarkosninga skal það greiða fyrir þá þjónustu sem Þjóðskrá Íslands veitir notendum kerfisins vegna meðmælendasöfnunar í viðkomandi sveitarfélagi.

9. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 139. gr. kosningalaga nr. 112/2021 og tekur þegar gildi. Ákvæði 7. gr. reglugerðarinnar skal tekið til endurskoðunar fyrir árslok 2024.

Reglugerð um óleyfilegan kosningaáróður, kosningaspjöll og aðra starfsemi sem truflar eða hindrar framkvæmd kosninga.

Nr. 444/2024

1. gr.

Markmið.

Markmið reglugerðar þessarar er að kosningar geti farið fram með fríðsamlegum hætti og ekkert það sé haft í frammi sem ógnað getur öryggi eða truflað framkvæmd kosninga.

2. gr.

Skyldur kjörstjórna og kjörstjóra.

Kjörstjórnnum og kjörstjórum ber að sjá til þess að hvorki fari fram óleyfilegur kosningaáróður eða kosningaspjöll né önnur starfsemi sem truflar eða hindrar framkvæmd kosninga eins og nánar er kveðið á um í reglugerðinni.

3. gr.

Takmörkun fjölda fólks.

Kjörstjórnir og kjörstjórar hafa heimild til að takmarka fjölda fólks inni á kjörstað til að halda uppi röð og reglu.

4. gr.

Óleyfilegur kosningaáróður.

Á kjörstað og þar sem utankjörfundaratkvæðagreiðsla fer fram er óheimilt að hafa í frammi hvers konar kosningaáróður. Á það við um bygginguna sem atkvæðagreiðslan fer fram í og lóð hennar.

Það er kosningaáróður að hafa í frammi nokkuð það sem getur haft áhrif á afstöðu kjósenda. Til kosningaáróðurs geta m.a. talist auglýsingar, merki, slagorð eða önnur auðkenni framboða sem og að auglýsa eða vekja athygli á málefnum í samfélagslegri umræðu.

Það telst ekki til kosningaáróðurs þótt umboðsmenn framboða beri skilríki þar sem fram kemur nafn framboðs þess sem þeir starfa fyrir.

5. gr.

Kosningaspjöll og önnur starfsemi sem truflar eða hindrar framkvæmd kosninga.

Óheimilt er aðhafast nokkuð sem getur spillt umhverfi, aðföngum eða öðru sem haft getur áhrif á framkvæmd kosninga. Jafnframt er óheimilt að hafa í frammi hegðun sem ógnað getur öryggi og truflað framkvæmd kosninga.

6. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 4. mgr. 69. gr. og 1. mgr. 81. gr. kosningalaga nr. 112/2021 og öðlast þegar gildi.

Reglugerð um framkvæmd atkvæðagreiðslu vegna alvarlegs smitsjúkdóms.

Nr. 445/2024

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Markmið.

Markmið reglugerðar þessarar er að tryggja samræmda og örugga atkvæðagreiðslu utan kjörfundar á sérstökum kjörstað og dvalarstað kjósanda ef hann er haldinn alvarlegum smitsjúkdómi.

2. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um framkvæmd utankjörfundaratkvæðagreiðslu í kosningum til Alþingis og sveitarstjórna, við forsetakjör og þjóðaratkvæðagreiðslur á sérstökum kjörstöðum og dvalarstað kjósanda ef hann er haldinn alvarlegum smitsjúkdómi.

II. KAFLI

Atkvæðagreiðsla vegna alvarlegs smitsjúkdóms.

3. gr.

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar á sérstökum kjörstað.

Ef landskjörstjórn telur tilefni til skulu sýslumenn, hver í sínu umdæmi, í samráði við sóttvarnaryfirvöld og landskjörstjórn, skipuleggja atkvæðagreiðslu utan kjörfundar á sérstökum kjörstað fyrir kjósendur sem ekki geta sótt kjörfund á kjördag, eða greitt atkvæði þar sem utankjörfundaratkvæðagreiðsla fer fram, sökum þess að þeir eru í sóttkví eða einangrun vegna alvarlegs smitsjúkdóms.

Skal sýslumaður auglýsa hvar og hvenær slík atkvæðagreiðsla fer fram á þann hátt á hverjum stað sem venja er þar að birta opinberar auglýsingar. Slík kosning má þó ekki hefjast fyrr en 21 degi fyrir kjördag. Sýslumanni er heimilt að lengja opnunartímann frá þegar auglýstum tíma, ef aðstæður í samfélaginu eru þannig að slíkt sé nauðsynlegt að mati hans og landskjörstjórnar. Nægilegt er að auglýsa slíka breytingu á vefsíðu sýslumanna.

Kjósendur sem hafa gefið sig fram fyrir auglýstan lokunartíma sérstaks kjörstaðar eiga rétt á að greiða atkvæði.

4. gr.

Framkvæmd atkvæðagreiðslu utan kjörfundar á sérstökum kjörstað.

Í samráði við sóttvarnaryfirvöld ákveður sýslumaður hvernig sérstakur kjörstaður er útbúinn, s.s. hvort kjörstaður sé færanlegur, atkvæði greitt úr bifreiðum, kjörstaður sé undir berum himni o.s.frv. Tryggt skal að kjósandi geti greitt atkvæði án þess að nokkur annar sjái.

Kjósandi sem er í sóttkví eða einangrun vegna alvarlegs smitsjúkdóms telst hvorki fær um að árita kjörseðilinn á fyrirskipaðan hátt né undirrita fylgibréfið og fær því aðstoð við atkvæðagreiðsluna, sbr. III. kafla.

Kjörstjóri má synja kjósanda um að greiða atkvæði utan kjörfundar telji sóttvarnaryfirvöld að atkvæðagreiðsla verði ekki við komið án þess að tefla heilsu kjörstjóra eða annarra í hættu. Sú ákvörðun kjörstjóra er endanleg.

5. gr.

Atkvæðagreiðsla á dvalarstað.

Kjósanda sem getur hvorki sótt kjörfund á kjördag né sérstakan kjörstað, sökum þess að hann er í einangrun eða sóttkví vegna alvarlegs smitsjúkdóms, er heimilt að greiða atkvæði þar sem hann dvelst. Beiðni þar um skal berast hlutaðeigandi sýslumanni, eigi síðar en kl. 10 á kjördag, ásamt staðfestingu heilbrigðisyfirvalda á að viðkomandi sé í einangrun eða sóttkví á kjördag. Kjósandi í sóttkví skal jafnframt gera grein fyrir því hvers vegna hann getur ekki greitt atkvæði á sérstökum kjörstað skv. 3. gr.

Pegar kjósandi er ekki á kjörskrá í umdæmi kjörstjóra skal kjörstjóri leitast við að halda atkvæðagreiðsluna nægjanlega snemma svo hægt sé að koma atkvæði til skila fyrir lok kjörfundar.

Synja má kjósanda um að greiða atkvæði á dvalarstað telji sóttvarnayfirvöld að atkvæðagreiðslu verði ekki við komið án þess að tefla heilsu kjörstjóra eða annarra í hættu. Sú ákvörðun kjörstjóra er endanleg.

III. KAFLI

Aðstoð við atkvæðagreiðslu.

6. gr.

Skilyrði fyrir því að aðstoð sé veitt.

Kjósandi sem er í sóttkví eða einangrun vegna alvarlegs smitsjúkdóms telst hvorki fær um að árita kjörseðilinn á fyrirskipaðan hátt né undirrita fylgibréfið. Skal hann annaðhvort njóta aðstoðar kjörstjóra eða aðstoðarmanns, sbr. 74. gr. kosningalaga og reglugerð um aðstoð við atkvæðagreiðslu. Aðstoð skal því aðeins veita að kjósandi geti sjálfur skýrt þeim er aðstoðina veitir frá því hvernig hann vill greiða atkvæði.

7. gr.

Aðstoða veitt af kjörstjóra.

Njóti kjósandi aðstoðar kjörstjóra skal hann upplýsa kjörstjóra um hvernig hann vill greiða atkvæði, til að mynda með því að sýna kjörstjóra blað með listabókstaf framboðs eða á annan hátt sem kjörstjóri telur öruggan og nægilega skýran. Geti kjósandi ekki skýrt kjörstjóra frá því hvernig hann vill greiða atkvæði skal kjörstjóri synja kjósanda um aðstoð við atkvæðagreiðsluna. Ákvörðun kjörstjóra er endanleg.

8. gr.

Aðstoð veitt af aðstoðarmanni kjósanda.

Kjósandi á rétt á aðstoð einstaklings sem fylgir kjósanda á sérstakan kjörstað eða er með honum á dvalarstað, fari atkvæðagreiðslan fram þar. Auk kjósandans getur aðstoðarmaður kjósanda tjáð kjörstjóra að kjósandinn óski eftir aðstoð aðstoðarmannsins við atkvæðagreiðsluna.

Sé aðstoðarmaðurinn einnig í sóttkví eða einangrun skal kjörstjóri aðstoða hann við framkvæmd atkvæðagreiðslunnar.

Aðstoðarmaður kjósanda skal fara í einu og öllu eftir tilmælum kjörstjóra, s.s. vegna sóttvarna.

9. gr.

Bókun um aðstoð.

Sé aðstoð veitt við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar skal kjörstjóri rita á fylgibréf að aðstoð hafi verið veitt af kjörstjóra eða aðstoðarmanni og skal þá jafnframt skráð í sérstaka skrá kjörstjóra samkvæmt 77. gr. kosningalaga eða gerðabók kjörstjóra að kjósandi hafi notið aðstoðar kjörstjóra eða aðstoðarmanns, eftir því sem við á.

IV. KAFLI

Gildistaka.

10. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 7. mgr. 69. gr. kosningalaga nr. 112/2021 og tekur þegar gildi.

Reglugerð um framkvæmd utankjörfundaratkvæðagreiðslu á stofnunum og í heimahúsum.

Nr. 446/2024

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Tilgangur reglugerðar þessarar er að tryggja samræmda og örugga framkvæmd atkvæðagreiðslu utan kjörfundar á stofnunum og í heimahúsum.

2. gr.

Reglugerð þessi gildir um utankjörfundaratkvæðagreiðslu í kosningum til Alþingis og sveitarstjórna, við forsetakjör og þjóðaratkvæðagreiðslur sem fram fara:

- a. á heilbrigðis- og öldrunarstofnunum, stofnunum fyrir fatlað fólk og í fangelsum, hér eftir einnig nefndar stofnanir,
- b. í heimahúsi ef kjósandi getur ekki sótt kjörfund á kjördegi vegna sjúkdóms, fötlunar eða barnsburðar.

3. gr.

Um kosningaathöfnina sjálfa, m.a. um heimild kjósenda til aðstoðar, fer skv. XII. kafla kosningalaga um atkvæðagreiðslu utan kjörfundar.

II. KAFLI

Atkvæðagreiðsla á heilbrigðis- og öldrunarstofnunum, stofnunum fyrir fatlað fólk og í fangelsum.

4. gr.

Rétt til að greiða atkvæði utan kjörfundar á heilbrigðis- og öldrunarstofnunum, stofnunum fyrir fatlað fólk og í fangelsum eiga eingöngu þeir kjósendur sem dveljast þar og eru þar til meðferðar, eru þar vistmenn eða heimilismenn. Aðrir eiga ekki rétt á að greiða þar atkvæði.

5. gr.

Atkvæðagreiðsla á heilbrigðis- og öldrunarstofnunum, stofnunum fyrir fatlað fólk og í fangelsum skal fara fram sem næst kjördegi í samráði við fyrirsvarsmann viðkomandi stofnunar. Hún má ekki fara fram fyrir en 21 degi fyrir kjördag.

Kjörstjóra ber að kanna í samráði við fyrirsvarsmann hlutaðeigandi stofnunar og að fengnum upplýsingum um þá sem eru þar til meðferðar eða eru þar vistmenn eða heimilismenn, hvort ástæða sé til að láta atkvæðagreiðslu fara þar fram og þá hvenær.

Eigi síðar en sjö dögum fyrir kjördag skal kjörstjóri birta auglýsingu innan hlutaðeigandi stofnunar og þar sem venja er að birta opinberar auglýsingar, um það hvar atkvæðagreiðsla fer fram og á hvaða tíma. Kjörstjóri skal jafnframt tilkynna umboðsmönnum framboða og landskjörstjórn um atkvæðagreiðsluna.

Atkvæðagreiðslan skal hefjast og henni skal ljúka á þeim tíma sem kjörstjóri ákveður, að höfðu samráði við fyrirsvarsmann stofnunar. Miða skal við að atkvæðagreiðsla fari fram í eitt skipti á hverri stofnun, sbr. þó 6. og 7. gr., og þess gætt að öllum sem þess óska og rétt eiga á að greiða atkvæði gefist hæfilegt ráðrúm til að nýta sér auglýstan tíma.

6. gr.

Kjörstjóri skal gefa sjúklingum sem dvelja á eftirfarandi sjúkrahúsum og gátu ekki greitt atkvæði á fyrir fram auglýstum tíma, sbr. 5. gr., kost á að greiða atkvæði utan kjörfundar á kjördag:

Heilbrigðisstofnun Vesturlands á Akranesi

Heilbrigðisstofnun Vestfjarða á Ísafirði

Sjúkrahúsinu á Akureyri
Heilbrigðisstofnun Austurlands í Neskaupstað
Heilbrigðisstofnun Suðurlands á Selfossi
Heilbrigðisstofnun Suðurnesja í Reykjanesbæ
Landspítalanum Fossvogi og við Hringbraut.

Kjörstjóri ákveður í samráði við fyrirsvarsmann hlutaðeigandi heilbrigðisstofnunar á hvaða tíma atkvæðagreiðslan fer þar fram. Að jafnaði skal atkvæðagreiðslunni lokið fyrir kl. 14. Eigi síðar en tveimur dögum fyrir kjördag skal kjörstjóri birta auglýsingu um atkvæðagreiðslurnar, en að öðru leyti fer um auglýsingu og tilkynningu til umboðsmanna skv. 3. mgr. 5. gr.

Kjörstjóra er heimilt að fella niður atkvæðagreiðsluna skv. 1. mgr. ef fyrir liggur eftir samráð við fyrirsvarsmann hlutaðeigandi heilbrigðisstofnunar að ekki sé þörf á atkvæðagreiðslunni.

7. gr.

Kjörstjóri skal gefa þeim sem dvelja í eftirfarandi fangelsum og gátu ekki greitt atkvæði á fyrir fram auglýstum tíma, sbr. 5. gr., kost á að greiða atkvæði utan kjörfundar á kjördag:

Fangelsinu Hólmsheiði
Fangelsinu Litla-Hrauni
Fangelsinu Kvíabryggju
Fangelsinu Sogni

Kjörstjóri ákveður í samráði við forstöðumann hlutaðeigandi fangelsa á hvaða tíma atkvæðagreiðslan fer þar fram. Að jafnaði skal atkvæðagreiðslunni lokið fyrir kl. 14. Eigi síðar en tveimur dögum fyrir kjördag skal kjörstjóri birta auglýsingu um atkvæðagreiðslurnar, en að öðru leyti fer um auglýsingu og tilkynningu til umboðsmanna skv. 3. mgr. 5. gr.

Kjörstjóra er heimilt að fella niður atkvæðagreiðsluna skv. 1. mgr. ef fyrir liggur eftir samráð fyrirsvarsmanns hlutaðeigandi fangelsis og kjörstjóra að ekki sé þörf á atkvæðagreiðslunni.

8. gr.

Hlutaðeigandi stofnun skal láta í té hentuga aðstöðu, svo og eftir atvikum aðstoðarfólk, þannig að atkvæðagreiðsla geti gengið sem greiðast fyrir sig og með fyrirskipuðum hætti. Kjósanda ber að koma á fund kjörstjóra þar sem atkvæðagreiðslan fer fram, og því aðeins má atkvæðagreiðsla fara fram á sjúkrastofu eða í herbergjum heimilismanna dvalarheimila og fatlaðs fólks eða vistmanna að verulegir annmarkar séu á að flytja kjósanda á fund kjörstjóra.

III. KAFLI

Atkvæðagreiðsla í heimahúsum.

9. gr.

Kjósanda, sem ekki getur sótt kjörfund á kjördegi vegna sjúkdóms, fötlunar eða barnsburðar, er heimilt að greiða atkvæði í heimahúsi, nema hann eigi þess kost að greiða atkvæði á stofnun skv. II. kafla.

10. gr.

Ósk um að greiða atkvæði í heimahúsi skal vera skrifleg á þar til gerðu umsóknareyðublaði, sem birt er á vef sýslumanna og landskjörstjórnar; og á eftir orðinu «borist» í 3. málsl. 1. mgr. 10. gr. reglugerðarinnar, kemur: hlutaðeigandi. Umsóknin skal studd vottorði lögráða manns um ástæðu fyrir umsókn. Skal umsóknin hafa borist kjörstjóra eigi síðar en kl. 10 tveimur dögum fyrir kjördag.

Atkvæðagreiðslan skal fara fram á þeim tíma sem kjörstjóri ákveður, en má ekki fara fram fyrr en 21 degi fyrir kjördag.

IV. KAFLI

Skil atkvæða.

11. gr.

Kjósandi, sem greiðir atkvæði hjá kjörstjóra á stofnun eða í heimahúsi, í umdæmi þar sem hann er á kjörskrá og skilur þar eftir umslag með atkvæði sínu, skal sjálfur láta atkvæðisbréf sitt í atkvæðakassa.

Við atkvæðagreiðslu hjá kjörstjóra á stofnun eða í heimahúsi skal atkvæðakassi innsiglaður af kjörstjóra og er umboðsmönnum heimilt að setja á hann innsigli sitt. Innsigli umboðsmanna skulu ekki hylja innsigli

kjörstjóra. Að lokinni atkvæðagreiðslu skal kjörstjóri rjúfa innsigli atkvæðakassans og setja atkvæðisbréf í atkvæðakassa viðkomandi sveitarfélags. Heimilt er umboðsmönnum að vera viðstaddir þessa flokkun atkvæðabréfa.

Aðrir kjósendur skulu sjálfir annast sendingu atkvæðisbréfs síns til þess sveitarfélags þar sem þeir eru á kjörskrá. Kjörstjóra er þó skylt, ef kjósandi óskar þess, að koma bréfinu í póst og greiða almennt póstburðargjald undir sendinguna. Kjósandi ber að öðru leyti sjálfur kostnað af sendingu atkvæðisbréfsins.

V. KAFLI

Gildistaka.

12. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 7. mgr. 69. gr. kosningalaga nr. 112/2021 og tekur þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 430/2022 um framkvæmd utankjörfundaratkvæðagreiðslu á stofnunum og í heimahúsum.

Reglugerð um talningu atkvæða.

Nr. 447/2024

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Markmið.

Markmið reglugerðar þessarar er að tryggja að atkvæði í kosningum séu talin með nákvæmum, öruggum og rekjanlegum hætti í samræmi við ákvæði kosningalaga.

2. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um talningu atkvæða í kosningum til Alþingis og sveitarstjórna, við forsetakjör og þjóðaratkvæðagreiðslur.

3. gr.

Ábyrgð yfirkjörstjórna.

Talning atkvæða í alþingiskosningum, forsetakjöri og þjóðaratkvæðagreiðslu fer fram á ábyrgð yfirkjörstjórnar kjördæmis. Yfirkjörstjórn kjördæmis getur ákveðið að auk talningar hjá henni geti talning farið fram hjá umdæmiskjörstjórn á öðrum stað í kjördæminu til að auðvelda og flýta fyrir talningu. Ákvæði reglugerðar þessarar gilda eftir því sem við á um talningu atkvæða hjá umdæmiskjörstjórn.

Talning atkvæða í sveitarstjórnarkosningum fer fram á ábyrgð yfirkjörstjórnar sveitarfélags.

Yfirkjörstjórn kjördæmis og yfirkjörstjórn sveitarfélags skulu tryggja að atkvæði í kosningum séu talin af nákvæmni í samræmi við ákvæði kosningalaga og reglugerðar þessarar, þ.m.t. að talning sé unnin af starfsfólki sem hefur fengið fræðslu og þjálfun í talningu atkvæða, á stað

þar sem öryggi og hnökralaus talning atkvæða er tryggð, að nauðsynleg aðföng séu til staðar, að talning sé unnin með fagleg vinnubrögð að leiðarljósi, framvinda talningar og ákvarðanir sem tengdar eru henni séu skráðar í gerðabók og að mögulegt sé að sannreyna niðurstöður talningar.

4. gr.

Orðskýringar.

Ágreiningsseðlar: Vafaatkvæði sem yfirkjörstjórn tekur til úrskurðar vegna ágreinings milli yfirkjörstjórnar og umboðsmanna framboða um hvort atkvæðið teljist gilt.

Breyttur atkvæðaseðill: Atkvæðaseðill þar sem kjósandi hefur breytt nafnaröð á þeim framboðslista sem hann kýs eða strikað yfir nafn frambjóðanda á þeim lista.

Fyrri hluta talningarskýrsla: Skýrsla yfirkjörstjórnar kjördæmis, í kosningum til Alþingis, þar sem niðurstaða talningar atkvæða er skráð, þar sem fram koma upplýsingar um atkvæðafjölda hvers framboðslista, fjölda greiddra atkvæða og fjölda auðra og annarra ógildra atkvæðaseðla.

Kosningaskýrsla í kosningum til Alþingis: Annars vegar skýrsla landskjörstjórnar um niðurstöður kosninga, úthlutun þingsæta og yfirlit yfir þingmenn og varþingmenn eftir kjördæmum og hvernig minnsta mögulega hreyfing atkvæða hefði getað haft áhrif á úrslit kosninganna og úthlutun þingsæta. Hins vegar skýrsla landskjörstjórnar um úrslit kosninga í hverju kjördæmi fyrir sig þegar tekið hefur verið tillit til breytinga kjósenda á röð frambjóðenda.

Kosningaskýrsla við forsetakjör og þjóðaratkvæðagreiðslu: Skýrsla landskjörstjórnar um niðurstöðu kosninga.

Kosningaskýrsla í kosningum til sveitarstjórna: Skýrsla yfirkjörstjórnar sveitarfélags til landskjörstjórnar þar sem gerð er grein fyrir úrslitum kosninga.

Óbundnar kosningar: Kosning til sveitarstjórna sem ekki er bundin við framboð en allir kjósendur eru í kjöri nema þeir sem löglega eru undanþegnir skyldu til að taka kjöri og hafa fyrir fram skorast undan því.

Óvistuð atkvæði: Utankjörfundaratkvæði sem berast fyrir lok kjörfundar í aðra kjördeild en kjósendi tilheyrir og ekki tekst að koma til skila í rétta kjördeild fyrir lok kjörfundar.

Seinni hluta talningarskýrsla: Skýrsla yfirkjörstjórnar kjördæmis, í kosningum til Alþingis, þar sem fram koma atkvæðatölur frambjóðanda í einstök sæti eftir að tekið hefur verið tillit til breytinga kjósenda á röð frambjóðenda.

Umdæmiskjörstjórn: Kjörstjórn kosin af yfirkjörstjórn kjördæmis við alþingiskosningar, við forsetakjör eða við þjóðaratkvæðagreiðslu sem hefur það hlutverk að taka á móti atkvæðakössum og annast talningu atkvæða fyrir afmarkaðan hluta kjördæmis á öðrum stað en aðsetri yfirkjörstjórnar.

Vafaatkvæði: Atkvæði með öðrum merkingum en greinilegri merkingu við framboðslista, frambjóðanda eða svarkost. Vafaatkvæði skal taka til hliðar við talningu og tekur yfirkjörstjórn þau til úrskurðar.

II. KAFLI

Aðdragandi talningar atkvæða.

5. gr.

Auglýsing talningar.

Yfirkjörstjórn skal auglýsa a.m.k. sjö dögum fyrir kjördag hvar og hvenær talning atkvæða í kosningum fari fram. Í kosningum til Alþingis, við forsetakjör og í þjóðaratkvæðagreiðslu skal birta auglýsinguna á vef landskjörstjórnar og í sveitarstjórnarkosningum á vef viðkomandi sveitarfélags.

Yfirkjörstjórn skal a.m.k. sjö dögum fyrir kjördag, tilkynna umboðsmönnum framboða t.d. með tölvupósti, hvar og hvenær flokkun og undirbúningur talningar fari fram.

6. gr.

Talningarstaður og aðföng.

Yfirkjörstjórn skal velja hentugt húsnæði fyrir talningu atkvæða þar sem er gott aðgengi, nægt rými fyrir alla verkþætti talningar með aðstöðu fyrir yfirkjörstjórn, starfsfólk, umboðsmenn, kosningaefartilrismenn, fjölmiðla og almenning sem vill fylgjast með talningu. Húsnæðið skal vera þannig búið að hægt sé að loka, læsa og innsigla talningarsal.

Yfirkjörstjórn skal tryggja að nauðsynleg aðföng og aðstaða séu til staðar áður en talning hefst, þ.m.t. nægur fjöldi borða og stóla, að unnt sé

að blanda atkvæðum fyrir talningu, ílát til geymslu atkvæða eftir talningu og ritföng.

7. gr.

Starfsfólk.

Yfirkjörstjórn ræður starfsfólk til talningar atkvæða. Yfirkjörstjórn er þó heimilt að fela sveitarstjórn að ráða starfsfólk til talningar atkvæða.

Yfirkjörstjórn skal tryggja að starfsfólk fái fræðslu og þjálfun í talningu atkvæða. Áður en flokkun og undirbúningur talningar atkvæða hefst skal yfirkjörstjórn halda upplýsingafund með starfsfólki þar sem farið er yfir hlutverk yfirkjörstjórnar og umboðsmanna, fyrirkomulag talningar, verkefni starfsfólks, reglur sem gilda á talningarstað, þagnarskyldu starfsfólks og annað það sem yfirkjörstjórn telur rétt að upplýsa starfsfólk talningar um.

Starfsfólk talningar skal undirrita yfirlýsingu, rafrænt eða eigin hendi, um að halda trúnað um persónuupplýsingar sem það kann að verða áskynja um í störfum sínum.

Yfirkjörstjórn skal tilnefna talningarstjóra sem getur verið úr röðum yfirkjörstjórnar. Talningarstjóri hefur yfirumsjón með talningarferlinu og er tengiliður yfirkjörstjórnar við starfsfólk talningar.

8. gr.

Umboðsmenn.

Umboðsmenn eiga rétt á að vera viðstaddir undirbúning talningar, svo sem þegar tekið er á móti atkvæðakössum og þeir opnaðir, þegar tekið er á móti öðrum kjörgögnum og við flokkun atkvæða. Þá eiga umboðsmenn rétt á að vera viðstaddir talningu atkvæða eftir að kjörfundi lýkur og fylgjast með framkvæmd hennar og uppgjöri og vera viðstaddir úrskurði yfirkjörstjórna um vafaatkvæði.

Séu umboðsmenn framboðs ekki viðstaddir undirbúning talningar eða talningu skal yfirkjörstjórn kalla til fólk, úr sama framboði, ef unnt er, til að gæta réttar framboðsins.

9. gr.

Undirbúningsfundur með umboðsmönnum.

Áður en flokkun og undirbúningur talningar atkvæða hefst skal yfirkjörstjórn halda upplýsingafund með umboðsmönnum þar sem farið er yfir hlutverk yfirkjörstjórnar og hlutverk umboðsmanna, þær reglur sem gilda á talningarstað, um athugasemdir við framkvæmd talningar og ágreining um úrskurð yfirkjörstjórnar um vafaatkvæði, heimildir umboðsmanna til að kanna frágang atkvæðakassa og innsigli, skyldur umboðsmanna til að hlíta fyrirmælum og fundarreglum yfirkjörstjórnar, rétt þeirra til bókar og annað það sem yfirkjörstjórn telur rétt að upplýsa umboðsmenn um.

Yfirkjörstjórn skal tilnefna einn eða fleiri úr sínum röðum eða starfsmanna sinna til að vera tengiliðir við umboðsmenn á talningarstað og skal umboðsmönnum tilkynnt um það.

10. gr.

Kosningaeftirlit.

Yfirkjörstjórn er skylt að taka á móti kosningaeftirlitsmönnum á talningarstað sem hafa fengið heimild landskjörstjórnar til þess að fylgjast með framkvæmd kosninga skv. 138. gr. kosningalaga.

Kosningaeftirlitsmenn skulu bera skilríki sem landskjörstjórn hefur látið þeim í té við störf sín og sýna þau sé þess krafist.

Skulu yfirkjörstjórnir veita kosningaeftirlitsmönnum þær upplýsingar sem óskað er eftir, sé þess kostur og auðvelda þeim allt eftirlitsstarf.

Kosningaeftirlitsmönnum er skylt að hlíta fyrirmælum og fundarreglum yfirkjörstjórna.

III. KAFLI

Undirbúningur og framkvæmd talningar.

11. gr.

Flokkun og undirbúningur talningar fyrir luktum dyrum.

Heimilt er að hefja flokkun atkvæða og undirbúa talningu þeirra áður en kjörfundi lýkur.

Flokkun atkvæða og undirbúningur talningar skal fara fram fyrir luktum dyrum og byrgðum gluggum á talningarstað. Skal rýmið lokað, innsiglað og vaktað af hálfu yfirkjörstjórnar þar til kjörfundi er lokið.

Öllum þeim sem starfa við flokkun og undirbúning talningar og umboðsmönnum er óheimilt að hafa með sér í talningarsal síma, tölvu, heyrnartól, snjallúr eða annað fjarskiptatæki. Sama á við um hvers konar myndavélar og hljóðupptökutæki. Sé rökstuddur grunur um að starfsmaður eða umboðsmaður hafi slík tæki í fórum sínum og neiti hann að afhenda yfirkjörstjórn tækið er honum óheimilt að vera viðstaddur flokkun atkvæða og talningu. Talningarstjóra er heimilt að nota tölvu við afstemmingu og flokkun atkvæða og undirbúning talningar. Yfirkjörstjórn skal ganga úr skugga um að tölvan sé ekki tengd neti eða öðrum fjarskiptabúnaði.

12. gr.

Talning fyrir opnum dyrum.

Talning atkvæða hefst svo fljótt sem verða má að kjörfundi loknum og skal fara fram fyrir opnum dyrum. Skal almenningi veittur kostur á að vera viðstaddur talningu atkvæða, eftir því sem húsrúm leyfir, á skilgreindu áhorfendasvæði á talningarstað. Viðstöddum ber að hlíta fyrir mælum yfirkjörstjórnar og starfsfólks hennar á talningarstað.

Yfirkjörstjórn er heimilt að vísa hverjum þeim af talningarstað sem beitir eða hótar að beita ofbeldi, kemur fram með ógnandi eða ósæmandi hegðun eða hvers konar háttsemi, sem veldur röskun eða truflun á flokkun eða talningu atkvæða.

13. gr.

Móttaka atkvæðakassa og kjörgagna.

Yfirkjörstjórn tekur við atkvæðakössum og kjörgögnum frá kjördeildum. Skal hún bóka um það í gerðabók ásamt því hverjir afhenda gögnin.

Kjörstjórn tekur við atkvæðakössum frá kjörstjórum eftir nánara samkomulagi, sbr. 5. mgr. 77. gr. kosningalaga. Sé um að ræða samnýttan atkvæðakassa, sbr. 1. mgr. 76. gr., skal kjörstjóri rjúfa innsigli hans og afhenda atkvæðin flokkuð.

Hafi yfirkjörstjórn eða umdæmiskjörstjórn verið viðstödd á kjörstað og talning atkvæða fer fram á kjörstað strax að kjörfundi loknum er kjörstjórn heimilt að afhenda yfirkjörstjórn eða umdæmiskjörstjórn atkvæðakassa án þess að þeir séu innsiglaðir til viðbótar þeim innsiglium sem greinir í 2. mgr. 79. gr. kosningalaga.

Þegar yfirkjörstjórn tekur við atkvæðakössum skal hún ganga úr skugga um að þeir séu heilir og innsigli ósködduð. Umboðsmönnum er heimilt að vera viðstaddir afhendingu atkvæðakassa og að skoða frágang þeirra og innsigli.

14. gr.

Afstemming atkvæðakassa.

Áður en atkvæði eru flokkuð skulu atkvæði úr hverjum atkvæðakassa talin og fjöldi þeirra stemmdur af við fjölda kjósenda sem greitt hafa atkvæði samkvæmt uppgjöri og öðrum upplýsingum úr viðkomandi kjördeild. Í uppgjöri yfirkjörstjórna skal fjöldi atkvæða úr hverjum atkvæðakassa stemmdur af við fjölda afhentra atkvæðaseðla, ónotaðra atkvæðaseðla sem skilað er og þeirra atkvæðaseðla sem hafa ónýst.

Komi fram misræmi í fjölda atkvæða í kassa við skráðar athugasemdir og uppgjör í viðkomandi kjördeild skulu atkvæði talin að nýju. Ef a.m.k. tvær sjálfstæðar viðbótartalningar atkvæða staðfesta fjölda atkvæða í atkvæðakassa er yfirkjörstjórn heimilt að setja atkvæði í flokkun og talningu. Skal yfirkjörstjórn, eftir atvikum í samvinnu við viðkomandi kjörstjórn, leita skýringa á misræmi og bóka um hana ef talin er þörf á.

15. gr.

Blöndun atkvæðaseðla.

Eftir afstemmingu atkvæða úr atkvæðakassa skulu þeir tæmdir og skal þess gætt að atkvæðaseðlar frá einstökum kjörstöðum og kjördeildum blandist vel saman.

16. gr.

Flokkun atkvæða.

Eftir blöndun atkvæðaseðla skulu þeir flokkaðir af starfsfólki.

Við alþingiskosningar og sveitarstjórnarkosningar skal flokka atkvæðaseðla eftir listabókstöfum sem við er merkt á hverjum seðli. Halda skal breyttum atkvæðaseðlum hvers lista fyrir sig aðgreindum. Einnig skal halda auðum atkvæðum og öðrum ógildum atkvæðum og vafaatkvæðum aðgreindum.

Við forsetakjör skal flokka atkvæðaseðla eftir frambjóðendum. Halda skal auðum atkvæðum og öðrum ógildum atkvæðum og vafaatkvæðum aðgreindum.

Við þjóðaratkvæðagreiðslur skal flokka atkvæðaseðla eftir svarkostum. Halda skal auðum atkvæðum og öðrum ógildum atkvæðum og vafaatkvæðum aðgreindum.

Atkvæði skulu að minnsta kosti flokkuð í tveimur umferðum. Tryggja skal að starfsfólk sem flokkar atkvæði í einni umferð komi ekki að flokkun sömu atkvæða í annarri umferð.

Að lokinni flokkun atkvæða og yfirferð skal talningarstjóri eða annar starfsmaður í talningu, sem talningarstjóri tilnefni, tryggja að atkvæði sem flokkuð eru eftir merkingu framboðslista, frambjóðenda eða svarkosta séu á afmörkuðum stað innan flokkunarrýmisins. Breyttir atkvæðaseðlar hvers framboðslista eru lagðir sérgreindir hjá viðkomandi lista. Gæta skal þess að vel sé skilið á milli atkvæða mismunandi framboðslista, framboða eða svarkosta þannig að þau blandist ekki saman.

17. gr.

Fyrirkomulag talningar atkvæða.

Þegar talning hefst skulu atkvæðaseðlar taldir í hæfilega bunka eftir listabókstöfum, frambjóðendum eða svarkostum eftir því sem við á. Yfirkjörstjórn ákveður fjölda atkvæða í bunka, en bunkarnir skulu vel aðgreindir, s.s. með teygju. Atkvæðaseðlar sem ekki ná viðmiði heils bunka skulu settir í teygju og merktir með miða þar sem fjöldi atkvæða er tilgreindur.

Atkvæðaseðlar í bunkunum skulu því næst taldir á nýjan leik af öðrum starfsmanni. Atkvæðaseðlar skulu taldir þar til niðurstaða talningar í bunkunum er sú sama a.m.k. tvisvar sinnum.

Atkvæðaseðlar sem ekki ná viðmiði heils bunka skulu merktir með fjölda atkvæða.

Að lokinni talningu skal bunkum með atkvæðaseðlum komið fyrir á sérstökum stað fyrir talin atkvæði og fjöldi þeirra lagður saman. Fjöldi talinna atkvæða skal stemmdur við fjölda atkvæða sem komu til talningar hverju sinni. Yfirkjörstjórn skráir atkvæðabunka og niðurstöður talningar í skrá sem heldur utan um heildarfjölda talinna atkvæða. Niðurstöðu talningar skal síðan skrá í talningarskýrslur, sbr. IV. kafla.

18. gr.

Meðferð utankjörfundaratkvæða.

Yfirkjörstjórn tekur til úrskurðar utankjörfundaratkvæði sem hún hefur mótttekið á grundvelli 95. gr. kosningalaga. Umboðsmönnum er heimilt að vera viðstaddir úrskurði yfirkjörstjórnar.

Bóka skal í gerðabók hversu mörg utankjörfundaratkvæði eru tekin til greina, hversu mörg eru ekki tekin til greina og af hvaða ástæðu, sbr. 94. gr. kosningalaga. Landskjörstjórn skal útbúa fyrirmynd að bókun fyrir yfirkjörstjórnir til að nota í þessum tilgangi.

Atkvæðasending utan kjörfundar sem yfirkjörstjórn hefur úrskurðað að skuli tekin til greina skal send til talningar þar sem atkvæðið er tekið úr kjörseðilsumslagi og farið með samkvæmt ákvæðum 15.-17. gr.

19. gr.

Flokkun og talning atkvæða við óbundnar kosningar.

Um móttöku atkvæðakassa og afstemmingu við óbundnar kosningar skal fara skv. 13. og 14. gr.

Flokkun og talning atkvæða við óbundnar kosningar fer þannig fram að talin eru saman þau atkvæði sem hver einstaklingur fær. Nöfn á atkvæðaseðli skulu lesin upp og samtímis gætir annar starfsmaður þess að rétt sé lesið. Að minnsta kosti tveir starfsmenn skulu skrá hverjir hafa hlotið atkvæði. Atkvæði greitt einstaklingi sem hefur tilkynnt að hann skorist undan endurkjöri skal teljast ógilt atkvæði en atkvæði á sama atkvæðaseðli greitt öðrum einstaklingi verða ekki ógild af þeirri ástæðu.

Um úrslit óbundinna kosninga er fjallað í 118. gr. kosningalaga.

20. gr.

Vafaatkvæði og ágreiningsseðlar.

Yfirkjörstjórn og umdæmiskjörstjórn, ef hún hefur verið skipuð úrskurðar um gildi vafaatkvæða sem berast úr talningu skv. 102.-105. gr. kosningalaga. Umboðsmönnum er heimilt að vera viðstaddir úrskurði yfirkjörstjórnar. Úrskurða skal um vafaatkvæði jafnóðum og þau koma fyrir en þó ekki síðar en í lok hvernar talningarlotu. Þó er heimilt, ef umboðsmenn gera ekki athugasemd, að úrskurða um vafaatkvæði í fyrstu og annarri talningarlotu saman í lok síðari talningarlotunnar.

Nú kemur yfirkjörstjórn, eftir atvikum umdæmiskjörstjórn, og umboðsmönnum saman um að einhver kjörseðill sé ógildur og skal hann þá talinn ógildur.

Verði ágreiningur innan yfirkjörstjórnar um gildi kjörseðils skal afl atkvæða ráða úrslitum og atkvæðið talið í samræmi við úrskurðinn.

Við alþingiskosningar skulu ágreiningsseðlar milli yfirkjörstjórnar og umboðsmanna sendir landskjörstjórn sem leggur þá fyrir Alþingi sem úrskurðar um gildi þeirra. Við sveitarstjórnarkosningar sker yfirkjörstjórn úr.

Við forsetakjör og þjóðaratkvæðagreiðslu skulu ágreiningsseðlar milli yfirkjörstjórnar og umboðsmanna sendir landskjörstjórn sem úrskurðar um gildi þeirra. Sama gildir um kjörseðla sem ágreiningur er um innan yfirkjörstjórnar, en yfirkjörstjórnarmaður sem gerir ágreining við úrskurð meirihluta yfirkjörstjórnar getur gert grein fyrir ástæðu ágreinings.

Seðlar sem ágreiningur er um milli yfirkjörstjórna og umboðsmanna í kosningum til Alþingis og við forsetakjör og þjóðaratkvæðagreiðslu skulu lagðir í sérstakt umslag og umslagið merkt eftir því hvort í því eru atkvæðaseðlar sem yfirkjörstjórn hefur úrskurðað gilda eða atkvæðaseðlar sem hún hefur úrskurðað ógilda. Á umslaginu skal tilgreina fjölda atkvæðaseðla. Með ágreiningsseðlunum skal fylgja skýring á úrskurði yfirkjörstjórnar skv. 102.-105. gr. kosningalaga og upplýsingar um þann ágreining sem umboðsmaður gerði um atkvæðaseðilinn. Landskjörstjórn skal útbúa fyrirmynd fyrir yfirkjörstjórnir til að nota í þessum tilgangi. Að talningu lokinni skal umslögum með ágreiningsseðlum lokað með innsigli yfirkjörstjórnar og eiga umboðsmenn einnig rétt á að setja á þau

innsigli sín. Ágreiningssedlum skal haldið aðgreindum frá gildum og ógildum kjörseðlum.

Kjörseðlar sem ágreiningur er um innan yfirkjörstjórnar í forsetakjöri og þjóðaratkvæðagreiðslu skulu meðhöndlaðir á sama hátt og segir í 5. og 6. mgr.

Bóka skal í gerðabók hve margir kjörseðlar, sem teknir eru til úrskurðar, eru gildir og hvaða framboðslista, frambjóðanda eða svarkosti atkvæðið teljist greitt. Einnig skal bóka í gerðabók hve margir kjörseðlar teljist ógildir og af hvaða ástæðu.

Landskjörstjórn skal útvega yfirkjörstjórnnum leiðbeiningar um mat á vafaatkvæðum í kosningum en umboðsmenn eiga rétt á að fá ágreininginn bókaðan í gerðabók yfirkjörstjórnar.

21. gr.

Hlé gert á talningu.

Sé hlé gert á fundi yfirkjörstjórnar eða fundi hennar frestað á meðan talning stendur yfir skal yfirkjörstjórn tryggja að notaðir og ónotaðir kjörseðlar ásamt öðrum kjörgögnum séu varðveittir með tryggilegum hætti og fyrir luktum dyrum sem skulu innsiglaðar. Þetta á einnig við ef gert er hlé á milli skila á fyrri hluta talningarskýrslum og seinni hluta talningarskýrslum, sbr. 23. gr.

22. gr.

Niðurstöður talningar.

Þegar atkvæði hafa verið talin undir eftirliti umboðsmanna og kosningaeftirlitsmanna, ef við á, færir yfirkjörstjórn niðurstöðu talningarinnar í gerðabók. Skal þess getið sérstaklega hve margir atkvæðaseðlar eru auðir og hve margir ógildir og hver kjörsókn var.

Yfirkjörstjórn getur ákveðið, meðan á talningu stendur, að tilkynna um framvindu talningar og gefa upp tölur í því skyni. Bóka skal uppgefnar millitölur talningar í gerðabók.

IV. KAFLI

Talningar- og kosningaskýrslur.

23. gr.

Talningarskýrslur við alþingiskosningar.

Að lokinni talningu atkvæða skal yfirkjörstjórn kjördæmis skila fyrri hluta talningarskýrslu til landskjörstjórnar með upplýsingum um atkvæðafjölda hvers framboðslista, fjölda greiddra atkvæða og fjölda auðra og annarra ógildra seðla.

Á grundvelli talningarskýrslna skv. 1. mgr. skal landskjörstjórn reikna skiptingu kjördæmissæta og jöfnunarsæta til framboðslista skv. 109. og 110. gr. kosningalaga.

Þegar landskjörstjórn hefur lokið útreikningi skv. 2. mgr. skulu yfirkjörstjórnir skila landskjörstjórn seinni hluta talningarskýrslu þar sem fram koma atkvæðatölur frambjóðanda í einstök sæti eftir að tekið hefur verið tillit til breytinga kjósenda á röð frambjóðenda, sbr. 112. gr. kosningalaga. Seinni hluta talningarskýrslu skal að jafnaði skila eigi síðar en daginn eftir kjördag.

Að fengnum seinni hluta talningarskýrslum úr öllum kjördæmum skal landskjörstjórn útbúa kosningaskýrslu um niðurstöður kosninganna, úthlutun þingsæta við alþingiskosningar og yfirlit yfir þingmenn og varaþingmenn eftir kjördæmum. Jafnframt skal í skýrslunni gerð grein fyrir því hvernig minnsta mögulega hreyfing atkvæða hefði getað haft áhrif á úrslit kosninganna og úthlutun þingsæta.

Landskjörstjórn skal einnig útbúa kosningaskýrslu um úrslit kosninganna í hverju kjördæmi fyrir sig, þegar tekið hefur verið tillit til breytinga kjósenda á röð frambjóðenda.

Kosningaskýrslurnar skulu lagðar fyrir landskjörstjórn til samþykktar á úthlutunarfundi skv. 108. gr. kosningalaga og að því loknu birtar á vef landskjörstjórnar.

Landskjörstjórn skal tilkynna hinum kjörnu þingmönnum og varaþingmönnum um úrslit kosninganna og að þeir hafi hlotið kosningu til setu á Alþingi. Tilkynninguna má senda í stafrænt pósthólf á vegum stjórnvalda, sbr. lög um stafrænt pósthólf í miðlægri þjónustugátt stjórnvalda.

Landskjörstjórn ákveður form talningarskýrslna og lætur yfirkjörstjórnnum í té. Talningarskýrslur geta verið á rafrænu formi.

24. gr.

Kosningaskýrsla við sveitarstjórnarkosningar og yfirlýsing um kosningaúrslit.

Pegar yfirkjörstjórn hefur lokið talningu og tekið saman atkvæðafjölda hvers framboðslista, fjölda greiddra atkvæða, fjölda auðra og annarra ógildra seðla og reiknað út kosningaúrslit skv. XVII. kafla kosningalaga skal hún skrá niðurstöðuna í kosningaskýrslu. Landskjörstjórn ákveður form kosningaskýrslna og lætur yfirkjörstjórnnum í té. Kosningaskýrsla getur verið á rafrænu formi.

Yfirkjörstjórn sveitarfélags skal tilkynna hinum kjörnu aðalfulltrúum og varamönnum um úrslit kosninganna og að þeir hafi hlotið kosningu til setu í sveitarstjórn. Tilkynninguna má senda í stafrænt pósthólf á vegum stjórnvalda, sbr. lög um stafrænt pósthólf í miðlægri þjónustugátt stjórnvalda. Jafnframt skal yfirkjörstjórn senda nýkjörinni sveitarstjórn greinargerð um úrslit kosninganna.

Jafnskjött og tilkynning skv. 2. mgr. hefur verið send skal yfirkjörstjórn sveitarfélags lýsa úrslitum kosninganna með því að birta á vef sveitarfélagsins upplýsingar um úrslitin og hverjir náðu kosningu sem aðalmenn og hverjir varamenn.

Yfirkjörstjórn sveitarfélags skal innan þriggja daga frá því að úrslitum er lýst skila landskjörstjórn kosningaskýrslu skv. 1. mgr. þar sem gerð er grein fyrir úrslitum kosninganna, sbr. XVII. kafla kosningalaga, heildarfjölda greiddra atkvæða og fjölda auðra og annarra ógildra seðla. Landskjörstjórn skal birta kosningaskýrslurnar á vef sínum.

25. gr.

Kosningaskýrsla forsetakjörs og þjóðaratkvæðagreiðslna.

Að lokinni talningu atkvæða skal yfirkjörstjórn kjördæmis senda landskjörstjórn talningarskýrslu um niðurstöðu talningar ásamt ágreiningsseðlum. Landskjörstjórn ákveður form talningarskýrslu og lætur yfirkjörstjórnnum í té. Talningarskýrslan getur verið á rafrænu formi.

Þegar landskjörstjórn hefur fengið í hendur gögn yfirkjörstjórna auglýsir hún með 14 daga fyrirvara hvar og hvenær hún kemur saman til fundar til að úrskurða um gildi ágreiningsseðla og lýsa úrslitum kosningarinnar til að forsetaefnum og umboðsmönnum gefist færi á að vera viðstaddir.

Á fundi, sbr. 2. mgr., tilkynnir landskjörstjórn um niðurstöður forsetakjörs eða þjóðaratkvæðagreiðslu. Í kjölfarið auglýsir landskjörstjórn úrslitin og gefur út kosningaskýrslu um niðurstöðuna og birtir hana á vef sínum.

V. KAFLI

Frágangur að lokinni talningu.

26. gr.

Varðveisla og eyðing gagna.

Um varðveislu og eyðingu gagna að lokinni talningu er kveðið á um í reglugerð um kjörgögn og önnur aðföng við kosningar.

VI. KAFLI

Gildistaka.

27. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 3. mgr. 81. gr., 4. mgr. 99. gr. og 6. mgr. 105. gr. kosningalaga nr. 112/2021 og tekur þegar gildi. Við gildistöku reglugerðar þessara fellur úr gildi reglugerð um talningu atkvæða nr. 431/2022.

Reglugerð um skráningu, móttöku og meðferð utankjörfundaratkvæða.

Nr. 480/2024

1. gr.

Markmið.

Markmið reglugerðar þessarar er að tryggja öryggi og samræmi við móttöku og meðferð utankjörfundaratkvæða hjá kjörstjórum og kjörstjórnnum sveitarfélaga sem og við miðlun kjörstjóra á skráðum upplýsingum til kjörstjórnar.

2. gr.

Skrá kjörstjóra.

Þar sem atkvæðagreiðsla utan kjörfundar fer fram skal kjörstjóri færa sérstaka skrá um kosninguna.

Að jafnaði skal við það miðað að skráin sé færð í rafrænt utankjörfundarkerfi, sem landskjörstjórn tryggir að sé tiltækt en sé þess ekki kostur skal skráin færð í gerðabók.

3. gr.

Upplýsingar í skrá kjörstjóra.

Í skrá kjörstjóra um kosninguna skulu eftirfarandi upplýsingar skráðar: nafn, kennitala og lögheimili kjósanda,

1. hvar og hvenær kosið var og hjá hvaða kjörstjóra,
2. hvort kjósandi njóti aðstoðar við atkvæðagreiðsluna og hver aðstoði hann,
3. hvort atkvæðisbréfið sé sett í atkvæðakassa hjá kjörstjóra,
4. athugasemdir, bókanir og aðrar nauðsynlegar upplýsingar sem lúta að atkvæðagreiðslu utan kjörfundar ef tilefni er til.

4. gr.

Meðferð utankjörfundaratkvæða hjá kjörstjóra.

Kjörstjóri skal hafa tiltæka innsiglaða atkvæðakassa merktá þeim sveitarfélögum sem eru í umdæmi hans. Kjörstjóri getur ákveðið að atkvæðakassa skuli samnýta fyrir tvö eða fleiri sveitarfélög innan umdæmis hans. Atkvæðakassar sem innihalda atkvæðisbréf skulu varðveittir á öruggum stað.

Kjósandi, sem fram að kjördegi greiðir atkvæði hjá kjörstjóra í umdæmi þar sem hann er á kjörskrá, skal sjálfur setja atkvæðisbréfið í atkvæðakassa.

Þeir kjósendur sem greiða atkvæði utan þess umdæmis sem þeir eru á kjörskrá, skulu sjálfir taka atkvæðisbréf sitt og koma því til kjörstjórnar þess sveitarfélags þar sem þeir eru á kjörskrá. Fram að kjördegi er kjörstjóra þó skylt, ef kjósandi óskar þess, að koma bréfinu í póst og greiða almennt pósthúðargjald undir sendinguna. Kjósandi ber að öðru leyti sjálfur kostnað af sendingu atkvæðisbréfsins.

Kjósandi sem kýs hjá kjörstjóra á kjördegi skal sjálfur taka atkvæðisbréf sitt og koma því til skila.

5. gr.

Atkvæðisbréf sem berast sveitarfélagi.

Sveitarfélag skal fyrir hönd kjörstjórnar varðveita atkvæðisbréf, sem það tekur á móti fyrir kjördag, frá kjósenda sem er á kjörskrá í sveitarfélaginu, í innsigluðum atkvæðakassa sem varðveittur er á öruggum stað.

Atkvæðisbréfin skulu skráð í sérstaka skrá þar sem þau eru tölusett. Jafnframt skal skrá nafn kjósenda og heimilisfang hans. Heimilt er að skrá upplýsingar um kennitölu kjósenda, kjörstað og kjördeild. Að jafnaði skal við það miðað að skráin sé rafræn en þó er heimilt að halda skrá á pappír.

6. gr.

Afhending kjörstjóra á atkvæðakössum og atkvæðisbréfum.

Atkvæðakössum sem kjörstjóri afhendir kjörstjórn sveitarfélags skulu fylgja upplýsingar úr skrá kjörstjóra um þá kjósendur sem settu atkvæðisbréf sitt í atkvæðakassana. Þar skal koma fram nafn, kennitala og

lögheimili kjósanda og hvern dag kosningarathöfnin fór fram. Einnig skal þar koma fram frá hvaða kjörstjóra upplýsingarnar koma.

Þegar kjörstjóri afhendir flokkuð atkvæðisbréf úr samnýttum atkvæðakassa, sbr. 5. mgr. 77. gr. kosningalaga, til viðkomandi kjörstjórnar skulu þeim fylgja upplýsingar úr skrá kjörstjóra.

7. gr.

Móttaka og flokkun utankjörfundaratkvæða.

Þegar kjörstjórn sveitarfélags hefur móttakið atkvæðakassa frá kjörstjóra, sbr. 1. mgr. 6. gr., er henni heimilt að rjúfa innsigli hans og flokka atkvæðisbréf eftir kjördeildum. Jafnframt er kjörstjórn heimilt að rjúfa innsigli atkvæðakassa sem innihalda atkvæðisbréf sem henni hafa verið send, sbr. 5. gr., og flokka þau sem og þau atkvæðisbréf sem kjörstjórn hefur móttakið frá kjörstjóra, sbr. 2. mgr. 6. gr. Kjörstjórn skal bjóða umboðsmönnum að vera viðstaddir þegar innsigli er rofið.

Yfirkjörstjórn er heimilt að hefja flokkun atkvæðabréfa tímanlega fyrir kjördag þannig að þau verði afhent í rétta kjördeild á kjördag.

Þegar flokkun er lokið skal kjörstjórn varðveita atkvæðisbréfin í innsigliðu rými þar til þau eru afhent viðkomandi kjördeild. Sama gildir ef gert er hlé á flokkun.

8. gr.

Bráðabirgðarannsókn utankjörfundaratkvæða.

Að flokkun lokinni skal kjörstjórnarmaður opna atkvæðisbréfin og kanna hvort taka skuli atkvæðið til greina, sbr. 94. gr. kosningalaga. Ef atkvæði er tekið til greina skal merkja til bráðabirgða við nafn kjósandans í kjörskránni og leggja kjörseðilsumslagið óopnað ásamt fylgibréfinu á ný í sendiumslagið og varðveita meðan atkvæðagreiðslan fer fram. Ef atkvæðið er ekki tekið til greina skal ganga frá kjörseðilsumslaginu og fylgibréfinu og varðveita á sama hátt, en rita skal ástæðu þess að atkvæðið verður ekki tekið til greina á sendiumslagið.

Atkvæðisbréfa, sem kjörstjórn kunna að hafa borist eða berast meðan á atkvæðagreiðslu stendur, skal getið í gerðabók. Skal fara með þau atkvæði sem segir í 1. mgr.

Ef kjósandi er ekki á kjörskrá í kjördeildinni (sveitarfélaginu) skal kjörstjórnin kanna hvar kjósandi er á kjörskrá og ef unnt er koma atkvæðisbréfinu í rétta kjördeild en ella skal bréfið varðveitt þar til atkvæðagreiðslu lýkur.

9. gr.

Rannsókn utankjörfundaratkvæða að kjörfundi loknum.

Að atkvæðagreiðslu lokinni kannar kjörstjórnin á ný, í viðurvist umboðsmanna framboða, þau utankjörfundaratkvæði sem kjörstjórninni hafa borist og ekki hafa verið afhent kjósanda, sbr. 4. mgr. 77. gr. kosningalaga.

Ef atkvæðisbréfið er tekið til greina, sbr. 94. gr. kosningalaga, skal kjörstjórnin setja merki við nafn kjósandans á kjörskránni og setja kjörseðilsumslagið óopnað í atkvæðakassann. Bóka skal í gerðabók hversu mörg utankjörfundaratkvæði eru tekin til greina.

Ef atkvæðisbréf er ekki tekið til greina, sbr. 94. gr. kosningalaga, skal það áritað eins og segir í 8. gr. Bóka skal í gerðabók hversu mörg utankjörfundaratkvæði eru ekki tekin til greina og af hvaða ástæðu.

Verði ágreiningur innan kjörstjórnar eða milli kjörstjórnar og umboðsmanns framboðs um hvort utankjörfundaratkvæði sé gilt eða ógilt skal bóka nákvæmlega í gerðabókina í hverju ágreiningurinn er fölginn og leggja kjörseðilsumslagið óopnað ásamt fylgibréfi aftur í sendiumslagið og senda það til úrskurðar yfirkjörstjórnar.

Þau kjörseðilsumslög, sem enginn ágreiningur er um að gild séu, lætur kjörstjórn óopnuð í atkvæðakassann, sbr. 2. mgr.

Ef kjósandi, sem sent hefur frá sér utankjörfundaratkvæði, er ekki á kjörskrá í kjördeildinni skal kjörstjórnin geta þess sérstaklega í gerðabókinni og senda slík atkvæðisbréf aðskilin til yfirkjörstjórnar.

Ef fleiri en eitt atkvæði greidd utan kjörfundar berast frá sama kjósanda sem geta komið til greina, skal aðeins hið síðastgreidda atkvæði koma til greina.

Þau atkvæðisbréf sem ekki eru tekin til greina og þau sem ágreiningur er um skulu sett í sérstök atkvæðaumslög, sem landskjörstjórn leggur kjörstjórnnum til, og umslögin merkt til samræmis við innihald þeirra.

10. gr.

Meðferð persónuupplýsinga.

Um skráningu, vinnslu og miðlun upplýsinga úr skrá kjörstjóra fer skv. ákvæðum laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

11. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 6. mgr. 74. gr. og 3. og 7. mgr. 77. gr. kosningalaga nr. 112/2021 og tekur þegar gildi.

Reglugerð um réttindi og skyldur umboðsmanna við framkvæmd kosninga.

Nr. 499/2024

I. KAFLI

Markmið og gildissvið.

1. gr.

Markmið.

Markmið reglugerðar þessarar er að kveða á um réttindi og skyldur umboðsmanna við framkvæmd kosninga og við eftirlit með þeim.

2. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um umboðsmenn við kosningar til Alþingis og sveitarstjórna, í forsetakjöri og við þjóðaratkvæðagreiðslur.

II. KAFLI

Hlutverk, tilnefningar og fleira.

3. gr.

Hlutverk umboðsmanna.

Hlutverk umboðsmanna er að fylgjast með að kosningar fari fram í samræmi við kosningalög og reglugerðir og reglur settar samkvæmt þeim. Þeir skulu sinna hlutverki sínu af kostgæfni og ber að hlíta lögum, reglugerðum og öðrum fyrirmælum og fundarreglum sem í gildi eru.

Umboðsmenn bera ábyrgð á að kynna sér lög og reglur sem um kosningar gilda og sækja þá upplýsingafundi og fræðslu sem í boði er svo þeir geti sinnt hlutverki sínu.

4. gr.

Tilnefning umboðsmanna.

Í kosningum til Alþingis tilnefna stjórn málasamtök tvo menn í hverju kjördæmi til þess að vera umboðsmenn tiltekins framboðslista.

Í kosningum til sveitarstjórna tilnefna stjórn málasamtök tvo menn í hverju sveitarfélagi til þess að vera umboðsmenn tiltekins framboðslista.

Í forsetakjöri skal hver frambjóðandi tilnefna tvo menn í hverju kjördæmi til þess að vera umboðsmenn framboðs hans.

Við þjóðaratkvæðagreiðslu skipar landskjörstjórn umboðsmenn í hverju kjördæmi fyrir sig og hafa þeir það hlutverk að gæta ólíkra sjónarmiða við þjóðaratkvæðagreiðslu, talningu atkvæða og úrlausn ágreiningsmála.

Heimilt er að afturkalla tilnefningu umboðsmanns og tilnefna nýjan í hans stað.

5. gr.

Tilkynning um umboðsmenn.

Þegar framboðslisti við kosningar til Alþingis eða sveitarstjórna eða framboð til forsetakjörs, hér eftir nefnd framboð, er tilkynnt til landskjörstjórnar eða yfirkjörstjórnar sveitarfélags, sbr. VII. og VIII. kafla kosningalaga, skal jafnframt tilkynnt um hverjir séu umboðsmenn framboða.

Upplýsingar um nafn, fæðingardag, netfang og símanúmer umboðsmanns skal fylgja tilkynningunni ásamt skriflegu samþykki hans. Samþykkið getur verið undirritað eigin hendi eða með fullgildri rafrænni undirskrift.

Landskjörstjórn birtir á vef sínum sýnishorn af tilkynningu um hverjir séu umboðsmenn.

Sé tilnefning umboðsmanns afturkölluð og nýr tilnefndur í hans stað skal það tilkynnt til landskjörstjórnar eða yfirkjörstjórnar sveitarfélaga eftir því sem við á. Tilkynningunni skulu fylgja upplýsingar og samþykki skv. 2. mgr.

Í kosningum til Alþingis, við forsetakjör og þjóðaratkvæðagreiðslur skal landskjörstjórn tilkynna yfirkjörstjórn kjördæma, yfirkjörstjórnnum

sveitarfélaga og sýslumönnum hverjir séu umboðsmenn framboða. Sýslumaður skal miðla þeim upplýsingum til kjörstjóra sinna.

Í kosningum til sveitarstjórna skal yfirkjörstjórn sveitarfélags tilkynna sýslumanni í sínu umdæmi hverjir séu umboðsmenn framboða. Sýslumaður skal miðla þeim upplýsingum til kjörstjóra sinna.

Ef umboðsmenn framboða eru ekki tilnefndir eða umboðsmenn forfallast eru frambjóðendur í aðalsætum hver um sig réttir umboðsmenn framboðsins.

6. gr.

Aðstoðarmenn umboðsmanna.

Umboðsmönnum framboða er heimilt að tilnefna aðstoðarmenn sem koma fram fyrir hönd þeirra við framkvæmd kosninga. Tilnefning skal að jafnaði berast yfirkjörstjórn kjördæmis eða sveitarfélags, eftir því sem við á, eigi síðar en tveimur sólarhringum fyrir kjördag ásamt upplýsingum um aðstoðarmenn og samþykki þeirra skv. 2. mgr. 5. gr. Réttindi og skyldur aðstoðarmanna umboðsmanna eru hinar sömu og umboðsmanna.

7. gr.

Skilríki umboðsmanna og aðstoðarmanna.

Yfirkjörstjórnir kjördæma og sveitarfélaga útbúa sérstök skilríki fyrir umboðsmenn og aðstoðarmenn þeirra samkvæmt nánari fyrirmælum landskjörstjórnar. Skilríkin skulu að jafnaði vera tilbúin áður en atkvæðagreiðsla utan kjörfundar hefst. Umboðsmenn og aðstoðarmenn þeirra skulu bera skilríkin við störf sín.

Sé tilnefning umboðsmanns eða aðstoðarmanns afturkölluð skal hann án tafar skila skilríkjum sínum til þess er gaf þau út.

III. KAFLI

Upplýsingar og fræðsla til umboðsmanna.

8. gr.

Fræðsla og upplýsingar til umboðsmanna.

Landskjörstjórn skal tryggja að í boði sé viðeiganda fræðsla og leiðbeiningar til umboðsmanna svo þeir geti sinnt virku eftirliti með

kosningum í samræmi við hlutverk þeirra, svo sem með fræðslufundi í aðdraganda kosninga, útgáfu fræðsluefnis, leiðbeininga eða á annan hentugan hátt. Yfirlitshefti um lög og reglur sem landskjörstjórn gefur út skal vera aðgengilegt öllum umboðsmönnum.

Kjörstjórnir og kjörstjórar skulu tryggja að fundarreglur þeirra séu aðgengilegar umboðsmönnum.

9. gr.

Upplýsingafundur yfirkjörstjórnna um flokkun og talningu atkvæða.

Yfirkjörstjórn skal með hæfilegum fyrirvara halda upplýsingafund með umboðsmönnum um flokkun og talningu atkvæða. Á fundinum skal m.a. farið yfir hlutverk yfirkjörstjórnar og hlutverk umboðsmanna, þær reglur sem gilda á talningarstað, heimildir umboðsmanna til að kanna frágang atkvæðakassa og innsigli, gera athugasemdir við framkvæmd talningar og ágreining um úrskurð yfirkjörstjórnar um vafaatkvæði, skyldur umboðsmanna til að hlíta fyrirmælum og fundarreglum yfirkjörstjórnar, rétt þeirra til bóknar athugasemda og annað það sem yfirkjörstjórn telur rétt að upplýsa umboðsmenn um.

IV. KAFLI

Innsigli og bókanir.

10. gr.

Innsigli.

Umboðsmönnum er heimilt að setja innsigli framboða sinna á öll þau kjörgögn, atkvæðakassa og annað sem kjörstjórn og kjörstjóri innsigla samkvæmt kosningalögum og reglum um gerðabækur og innsigli. Við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar er umboðsmönnum framboða í umdæmi kjörstjóra heimilt að setja innsigli framboða sinna á atkvæðakassa.

Innsigli framboða skulu ekki skilja eftir sig far á yfirborði þess sem innsiglað er, mega ekki vera merkt framboðum eða vera í sama eða svipuðum lit og innsigli landskjörstjórnar. Innsigli framboða mega ekki hylja innsigli kjörstjóra eða kjörstjórnna.

Kjörstjóri skal tilkynna umboðsmönnum með hæfilegum fyrirvara áður en atkvæðakassar eru innsiglaðir nema óhjákvæmilegt sé að innsigla þá án tafar.

Umboðsmenn eiga rétt á að vera viðstaddir upphaf kjörfundar. Kjörstjórnnum er ekki skylt að tilkynna umboðsmönnum sérstaklega þegar atkvæðakassar eru innsiglaðir við upphaf kjörfundar, enda er upphaf kjörfundar auglýst, sbr. 2. mgr. 80. gr. kosningalaga.

Yfirkjörstjórn skal tilkynna umboðsmönnum hvenær áætlað er að skipta um atkvæðakassa á kjördegi og eiga umboðsmenn rétt á að vera þá viðstaddir og innsigla atkvæðakassa.

Ef kjörstjóri hefur samnýtt atkvæðakassa fyrir tvö eða fleiri sveitarfélög innan umdæmis síns, sbr. 1. mgr. 76. gr. kosningalaga, skal hann bjóða viðkomandi umboðsmönnum að vera viðstaddir þegar innsigli eru rofin og atkvæðin flokkuð, skv. 5. mgr. 77. gr. kosningalaga.

11. gr.

Bókanir umboðsmanna.

Umboðsmenn eiga rétt á að fá athugasemdir sínar og ágreining milli þeirra og kjörstjórna eða kjörstjóra bókaðan í gerðabók kjörstjórnar eða í skrá kjörstjóra. Umboðsmenn skulu leitast við að hafa bókanir sínar stuttar og skýrar.

Neiti kjörstjórn eða kjörstjóri að bóka athugasemd umboðsmanns á hann rétt á að bóka athugasemdina sjálfur og undirrita, sbr. 57. gr. kosningalaga.

V. KAFLI

Framlagning framboðs.

12. gr.

Fundur um yfirferð framboðs.

Þegar framboðsfrestur er liðinn skal landskjörstjórn við alþingiskosningar og forsetakjör, en yfirkjörstjórn sveitarfélags við sveitarstjórnarkosningar halda fund um yfirferð framboðs. Gefa skal umboðsmönnum kost á vera viðstaddir þann fund. Finnist gallar á framboðum skal umboðsmönnum gefinn kostur á að leiðrétta þá og má veita frest í því skyni eftir því sem tími og atvik leyfa, að jafnaði í sólarhring.

13. gr.

Gallar enn til staðar.

Gallar á framboði sem landskjörstjórn eða yfirkjörstjórn sveitarfélags hefur bent á, sbr. 12. gr., en hafa ekki verið lagfærðir innan tilskilins frests, koma til ákvörðunar á fundi skv. 14. gr. Athugasemdir við einstök framboð skulu tilkynntar umboðsmönnum skriflega.

14. gr.

Um gildi framboðs.

Umboðsmenn framboða eiga rétt á að sitja fundi landskjörstjórnar og yfirkjörstjórna sveitarfélaga, þar sem gerð er grein fyrir meðferð á einstökum framboðum og tilkynnt um ákvarðanir skv. 45. og 46. gr. kosningalaga.

Úrskurði landskjörstjórn eða yfirkjörstjórn sveitarfélags framboð ógilt skal umboðsmönnum, eins fljótt og verða má, afhent afrit úrskurðarins, ásamt afriti af framboðinu og vottorði um afhendingartíma úrskurðarins.

Umboðsmenn eiga kost á að gera athugasemdir varðandi úrskurðinn og fá þær skráðar í gerðabók.

Ákvörðun um gildi framboðs má skjóta til úrskurðarnefndar kosningamála innan 20 klukkustunda frá uppkvaðningu, sbr. 2. mgr. 45. gr., 2. mgr. 46. gr. og 2. mgr. 50. gr. kosningalaga.

VI. KAFLI

Atkvæðagreiðsla.

15. gr.

Miðlun upplýsinga úr kjörfundarstofu.

Meðan á kjörfundi stendur er umboðsmönnum óheimilt að koma með í kjörfundarstofu, eða hafa á brott með sér, gögn er varða kosninguna.

Umboðsmönnum er óheimilt að taka upp, mynda eða miðla með öðrum hætti út úr kjörfundarstofu upplýsingum um það sem þar fer fram. Hafi umboðsmenn athugasemdir við kosningarathöfnina eða telji þeir að hegðun kjörstjórnar, kjörstjóra eða kjósenda sé ekki í samræmi við lög eða stjórnvaldsfyrirmæli fer um það skv. 57. gr. kosningalaga.

Sama gildir um kosningarathöfn utan kjörfundar.

16. gr.

Réttur umboðsmanna til viðveru við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar.

Umboðsmenn eiga rétt á að vera viðstaddir atkvæðagreiðslu utan kjörfundar. Umboðsmönnum er ekki heimilt að vera viðstaddir atkvæðagreiðslu sem fram fer í heimahúsi.

17. gr.

Réttindi og skyldur umboðsmanna við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar.

Þegar umboðsmenn koma á utankjörfundarstað skulu þeir tilkynna kjörstjóra um komu sína. Þeir skulu einnig tilkynna kjörstjóra um brottför sína. Á utankjörfundarstað skal vera aðstaða svo umboðsmenn geti sinnt störfum sínum.

Umboðsmenn skulu hafa aðgang að skrá kjörstjóra sem haldnar eru vegna atkvæðagreiðslu utan kjörfundar. Þeim er óheimilt að taka upp, mynda eða miðla með öðrum hætti upplýsingum úr skránum eða því sem fram fer á utankjörfundarstað. Umboðsmenn eiga rétt á að koma að athugasemdum sínum telji þeir að hegðun kjörstjóra eða kjósenda sé ekki samkvæmt lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum og eiga rétt á að fá ágreiningsefnið bókað í skrá kjörstjóra eða gerðabók.

18. gr.

Móttaka og bráðabirgðarannsókn utankjörfundaratkvæða.

Umboðsmenn skulu boðaðir þegar kjörstjórn opnar atkvæðakassa sem henni berast frá kjörstjórum. Séu umboðsmenn ekki viðstaddir skal yfirkjörstjórn, ef unnt er, boða fólk úr sama framboði til að gæta réttar framboðsins.

Umboðsmenn skulu boðaðir þegar kjörstjóri flokkar og afhendir viðkomandi kjörstjórn utankjörfundaratkvæði úr samnýttum atkvæðakassa, sbr. 5. mgr. 77. gr. kosningalaga.

19. gr.

Réttindi og skyldur umboðsmanna við atkvæðagreiðslu á kjördegi.

Umboðsmenn eiga rétt á að vera viðstaddir undirbúning kjörstjórna að morgni kjördags, áður en atkvæðagreiðsla hefst og þegar atkvæðagreiðslu er slitið. Þeir eiga einnig rétt á að vera viðstaddir atkvæðagreiðslu á kjördegi

og að sitja við borð í kjörfundarstofunni og fá afhentar leiðbeiningar, s.s. yfirlitshefti um lög og reglur sem um kosningar gilda. Umboðsmenn skulu hafa aðgang að kjörskrá í kjörfundarstofu til að sinna eftirliti með því að kosning fari löglega fram. Umboðsmönnum er óheimilt að merkja við kjósendur í kjörskrá á kjördegi.

Umboðsmenn skulu tilkynna kjörstjórn um komu sína og brottför sem kjörstjórn skal bóka í skrá sína.

Heimilt er slíta kjörfundi eftir fimm klukkustundir ef öll kjörstjórnin og umboðsmenn eru sammála um það, enda sé þá hálf klukkustund liðin frá því að kjósandi gaf sig síðast fram.

Umboðsmenn eiga rétt á að vera viðstaddir þegar kjörstjórn kannar, að lokinni atkvæðagreiðslu, þau utankjörfundaratkvæði sem henni hafa borist.

VII. KAFLI

Undirbúningur og talning atkvæða.

20. gr.

Tilkynning um flokkun og talningu.

Yfirkjörstjórn skal tilkynna umboðsmönnum framboða a.m.k. sjö dögum fyrir kjördag, hvar og hvenær flokkun og undirbúningur talningar fari fram sem og talning.

Yfirkjörstjórn skal tryggja að umboðsmenn hafi aðstöðu á flokkunar- og talningarstað.

21. gr.

Viðvera umboðsmanna.

Umboðsmenn eiga rétt á að vera viðstaddir undirbúning talningar, svo sem þegar tekið er á móti atkvæðakössum og þeir opnaðir, þegar tekið er á móti öðrum kjörgögnum og við flokkun atkvæða. Þá eiga umboðsmenn rétt á að vera viðstaddir talningu atkvæða eftir að kjörfundi lýkur og fylgjast með framkvæmd hennar og uppgjöri og vera viðstaddir úrskurði yfirkjörstjórna um vafaatkvæði.

Séu umboðsmenn framboða ekki viðstaddir undirbúning talningar eða talningu skal yfirkjörstjórn kalla til fólk úr sama framboði, ef unnt er, til að gæta réttar framboðsins.

22. gr.

Samskipti á flokkunar- og talningarstað.

Á talningarstað skulu umboðsmenn vera í samskiptum við tengilið sem yfirkjörstjórn hefur tilnefnt úr sínum röðum eða starfsmanna sinna og skal umboðsmönnum tilkynnt um það. Umboðsmönnum er óheimilt að eiga bein samskipti við starfsfólk sem vinnur að flokkun og talningu nema yfirkjörstjórn heimili.

Allar athugasemdir sem umboðsmenn gera við framkvæmd flokkunar og talningar skulu þeir gera við tengilið yfirkjörstjórnar.

Umboðsmönnum sem viðstaddir eru flokkun atkvæða og undirbúning talningar er óheimilt að hafa með sér síma, tölvu, heyrnartól, snjallúr eða annað fjarskiptatæki, sem og hvers konar myndavélar og hljódupptökutæki, sbr. reglugerð um talningu atkvæða. Sé grunur um að umboðsmaður hafi slík tæki í fórum sínum og neiti hann að afhenda yfirkjörstjórn tækið er honum óheimilt að vera viðstaddur flokkun atkvæða og talningu. Yfirkjörstjórn skal tilkynna viðkomandi framboði ef umboðsmenn fá ekki aðgang að flokkunarsvæði svo þeim gefist tækifæri til þess að tilnefna nýja í því skyni að gæta réttar framboðsins.

23. gr.

Eftirlit á talningarstað.

Umboðsmenn skulu við eftirlit með flokkun og talningu atkvæða fara að fyrirmælum yfirkjörstjórnar, þ.m.t. að vera á tilgreindum svæðum á talningarstað og bera sérstök skilríki, sbr. 7. gr.

Á talningarstað skal tryggt að umboðsmenn geti með góðu móti fylgst með að flokkun og talning atkvæða fari fram samkvæmt lögum og reglum án þess þó að þeim sé heimilt að fara inn á afmarkað flokkunar- og talningarsvæði.

24. gr.

Um ágreiningsseðla.

Verði ágreiningur milli yfirkjörstjórna og umboðsmanna um það hvort kjörseðill sé gildur eða ógildur fer um það skv. 20. gr. reglugerðar um talningu atkvæða.

VIII. KAFLI

Úrslit kosninga.

25. gr.

Úthlutun þingsæta við alþingiskosningar.

Heimilt er tveimur umboðsmönnum hvers framboðs að vera viðstaddir úthlutunarfund landskjörstjórnar skv. 108. gr. kosningalaga.

Sé ágreiningur milli umboðsmanna og landskjörstjórnar um úrslit kosninga og úthlutun þingsæta eiga umboðsmenn rétt á að fá ágreininginn bókaðan í gerðabók landskjörstjórnar sem leggur eftirrit úr gerðabók fyrir Alþingi í þingbyrjun.

26. gr.

Tilkynning um kærnu vegna alþingiskosninga.

Komi fram kæra skv. 2. mgr. 127. gr. kosningalaga skal landskjörstjórn þegar í stað tilkynna það umboðsmanni þess framboðs sem kæra beinist að.

27. gr.

Kosningaúrslit í sveitarstjórnarkosningum.

Heimilt er tveimur umboðsmönnum hvers framboðs að vera viðstaddir þegar yfirkjörstjórn staðfestir kosningaúrslit í gerðabók sína og bóka þar athugasemdir sínar ef einhverjar eru.

28. gr.

Kosningaúrslit í forsetakjöri og við þjóðaratkvæðagreiðslur.

Umboðsmenn eiga rétt á að vera viðstaddir fundi landskjörstjórnar þegar hún úrskurðar um gildi ágreiningsseðla og lýsir úrslitum kosningarinnar.

Sé ágreiningur milli umboðsmanna og landskjörstjórnar um ágreiningsseðla og úrslit kosninga eiga umboðsmenn rétt á að fá ágreininginn bókaðan í gerðabók landskjörstjórnar.

IX. KAFLI

Ýmis ákvæði.

29. gr.

Hegðun og háttsemi.

Umboðsmenn skulu fara að tilmælum kjörstjórna eða kjörstjóra og hlíta lögum, reglugerðum og öðrum fyrirmælum og fundarreglum sem í gildi eru. Þeir skulu gæta þess að viðhafa ekki hegðun eða háttsemi sem er til þess fallin að valda röskun eða truflun á framkvæmd kosninga eða flokkun og talningu atkvæða.

Kjörstjórn eða kjörstjóra er heimilt að vísa umboðsmanni frá kjörstað eða talningarstað, láti hann ekki af hegðun sem veldur röskun eða truflun á framkvæmd kosninga.

30. gr.

Tilkynningar og boðanir.

Tilkynningar og boðanir samkvæmt reglugerð þessari skulu að jafnaði sendar í tölvupósti nema þar sem tímafrestir eru skammir skal tilkynnt eða boðað með símtali.

31. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 59. gr. a. kosningalaga nr. 112/2021 og tekur þegar gildi.

Reglugerð um kjörgögn og önnur aðföng við kosningar o.fl.

Nr. 500/2024

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Markmið.

Markmið reglugerðar þessarar er að kveða á um gerð, afhendingu, móttöku og varðveislu kjörfundargagna, utankjörfundargagna, atkvæðakassa og annarra gagna og aðfanga sem notuð eru í almennum kosningum til að tryggja samræmda og örugga framkvæmd kosninga.

2. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um kjörfundargögn, utankjörfundargögn, atkvæðakassa og önnur gögn og aðföng í kosningum til Alþingis og sveitarstjórna, við forsetakjör og þjóðaratkvæðagreiðslur. Hún gildir einnig um vörslu og afhendingu kjörgagna fyrir kjörfund og frágang kjörgagna eftir að kjörfundi hefur verið slitið.

3. gr.

Orðskýringar.

Atkvæðaumslag: Umslag úr haldgóðum pappír af þeirri stærð að í það komist ónotaðir kjörseðlar eftir að kjörfundi hefur verið slitið, utankjörfundaratkvæði sem ekki eru tekin til greina og utankjörfundaratkvæði sem ágreiningur er um hvort séu gild, óvistuð atkvæði og ónýtir kjörseðlar.

Blindraspjald: Spjald jafnstórt kjörseðli á kjörfundi með upphleyptum valkostum á blindralettri, með glugga framan við hvern valkost og vasa á bakhlið þannig að kjósandi geti í gegnum gluggann sett kross framan við þann lista, frambjóðanda eða svarkost sem hann velur.

Kjörfundargögn: Kjörseðlar við atkvæðagreiðslu á kjörfundi, kjörskrá, blindraspjöld og atkvæðaumslög. Einnig umslög fyrir ágreiningsseðla í öðrum kosningum en sveitarstjórnarkosningum.

Kosningaleiðbeiningar: Upplýsingar um kosningarathöfnina, s.s. hvernig kjósandi skuli gera grein fyrir sér, hvernig greiða skuli atkvæði, um aðstoð við atkvæðagreiðslu og skyldur og ábyrgð þess sem veitir kjósanda aðstoð. Einnig upplýsingar um framboðslista eða þau forsetaefni sem eru í kjöri sem og upplýsingar um það málefni sem kosið er um í þjóðaratkvæðagreiðslu. Jafnframt, í óbundnum kosningum, upplýsingar um þá sem skorast hafa undan endurkjöri, skv. 5. mgr. 49. gr. kosningalaga.

Óvistuð atkvæði: Utankjörfundaratkvæði sem berst fyrir lok kjörfundar í aðra kjördeild en kjósandi tilheyrir og ekki tekst að koma til skila í rétta kjördeild.

Stimplar við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar: Stimplar með listabókstöfum framboðslista við kosningar til Alþingis og sveitarstjórna og stimplar með nöfnum forsetaefna við forsetakjör.

Umslög fyrir ágreiningsseðla: Tvenns konar umslög úr haldgóðum pappír af þeirri stærð að í þau komist ágreiningsseðlar sem sendir eru landskjörstjórn að afloknum kosningum. Annars vegar umslög fyrir þá atkvæðaseðla sem yfirkjörstjórn hefur úrskurðað gilda og hins vegar fyrir atkvæðaseðla sem hún hefur úrskurðað ógilda.

Utankjörfundargögn: Kjörseðill við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar, kjörseðilsumslag, fylgibréf og sendiumslag.

Yfirlitshefti: Samantekt í prentuðu og rafrænu formi þar sem finna má upplýsingar er varða kosningar, s.s. lög, reglugerðir, reglur o.fl.

II. KAFLI

Öryggi, afhending og móttaka kjörfundargagna og annarra aðfanga.

4. gr.

Landskjörstjórn.

Landskjörstjórn skal tryggja öryggi kjörseðla á meðan þeir eru í vörslu hennar og við prentun þeirra.

Landskjörstjórn skal afhenda yfirkjörstjórnnum kjördæma kjörfundargögn og önnur aðföng tímanlega fyrir kjörfund. Kjörseðlar skulu vera í tryggum og öruggum umbúðum og skal afhending þeirra að jafnaði fara fram milliliðalaust frá fulltrúa landskjörstjórnar til fulltrúa viðkomandi yfirkjörstjórnar kjördæmis. Við milliliðalaus afhendingu er heimilt að afhenda kjörseðla í órofnum og óinnsigliðum umbúðum frá prentsmiðju.

Fari afhending kjörseðla ekki fram milliliðalaust frá landskjörstjórn til yfirkjörstjórnar skal landskjörstjórn tryggja að kjörseðlar séu afhentir í öruggum og innsigliðum umbúðum og með traustum og rekjanlegum hætti.

5. gr.

Yfirkjörstjórnir kjördæma og umdæmiskjörstjórnir.

Yfirkjörstjórn kjördæmis skal taka á móti og varðveita með öruggum hætti kjörfundargögn og önnur aðföng sem landskjörstjórn afhendir henni.

Yfirkjörstjórn kjördæmis skal afhenda yfirkjörstjórnnum sveitarfélaga kjörfundargögn og önnur aðföng tímanlega fyrir kjörfund. Kjörseðlar skulu vera í tryggum og öruggum umbúðum og skal afhending þeirra að jafnaði fara fram milliliðalaust frá fulltrúa yfirkjörstjórnar kjördæmis til fulltrúa viðkomandi yfirkjörstjórnar sveitarfélags.

Fari afhending kjörseðla ekki fram milliliðalaust frá yfirkjörstjórn kjördæmis til yfirkjörstjórnar sveitarfélags skal yfirkjörstjórn kjördæmis tryggja að kjörseðlar séu afhentir í öruggum og innsigliðum umbúðum og með traustum og rekjanlegum hætti.

Skipi yfirkjörstjórn umdæmiskjörstjórn, skv. 3. mgr. 16. gr. kosningalaga, eru verkefni hennar og skyldur þær sömu og yfirkjörstjórnar samkvæmt reglugerð þessari innan síns umdæmis.

6. gr.

Yfirkjörstjórnir sveitarfélaga.

Í kosningum til Alþingis, við forsetakjör og þjóðaratkvæðagreiðslur skal yfirkjörstjórn sveitarfélags taka á móti og varðveita með öruggum hætti kjörfundargögn og önnur aðföng sem yfirkjörstjórn kjördæmis afhendir henni.

Í kosningum til sveitarstjórna skal yfirkjörstjórn sveitarfélags tryggja öryggi kjörseðla á meðan þeir eru í vörslu hennar og við prentun þeirra.

Yfirkjörstjórn sveitarfélags skal afhenda hverfiskjörstjórn eða undirkjörstjórn í viðkomandi sveitarfélagi kjörfundargögn og önnur aðföng tímanlega fyrir upphaf kjörfundar. Kjörseðlar skulu vera í tryggum og öruggum umbúðum og skal afhending þeirra fara fram milliliðalaust frá fulltrúa yfirkjörstjórnar sveitarfélags til fulltrúa viðkomandi undirkjörstjórnar eða hverfiskjörstjórnar. Fari afhending kjörseðla ekki fram milliliðalaust skal yfirkjörstjórnin tryggja að þeir séu afhentir í öruggum og innsigliðum umbúðum og með traustum og rekjanlegum hætti. Sé hverfiskjörstjórn kjörin er yfirkjörstjórn heimilt að afhenda henni gögnin án þess að þau séu flokkuð eftir kjördeildum.

Yfirkjörstjórn sveitarfélags skal tryggja að í hverri kjördeild sé nægilegt magn kjörfundargagna og annarra gagna.

Yfirkjörstjórn sveitarfélags skal varðveita ónotaða kjörseðla, sem ekki hafa verið afhentir kjörstjórnnum, með öruggum hætti svo sem í innsigliðu íláti eða fyrir luktum dyrum og skulu dyr þá innsiglaðar.

Yfirkjörstjórn skal gera grein fyrir ónotuðum kjörseðlum sem ekki eru afhentir kjörstjórnnum í uppgjöri við talningu atkvæða.

7. gr.

Hverfis- og undirkjörstjórnir sveitarfélaga.

Hverfiskjörstjórn, sé hún kjörin, skal afhenda undirkjörstjórn kjörfundargögn og önnur aðföng, sem hún tekur við af yfirkjörstjórn sveitarfélags, tímalega fyrir upphaf kjörfundar. Hafi yfirkjörstjórn sveitarfélags afhent hverfiskjörstjórn kjörfundargögn og önnur gögn til notkunar á kjördegi óflokkuð, skal hverfiskjörstjórn annast flokkun og afhendingu þeirra til undirkjörstjórna.

Undirkjörstjórn skal taka á móti og varðveita með öruggum hætti kjörfundargögn, utankjörfundaratkvæði og önnur gögn meðan á kjörfundi stendur. Undirkjörstjórn skal ganga frá kjörfundargögnum og öðrum gögnum eftir að kjörfundi hefur verið slitið og afhenda yfirkjörstjórn eða hverfiskjörstjórn eftir atvikum.

III. KAFLI

Utankjörfundargögn.

8. gr.

Gerð og afhending utankjörfundargagna.

Landskjörstjórn lætur útbúa utankjörfundargögn og skal sjá til þess að nægilegt magn utankjörfundargagna sé aðgengilegt kjörstjórum.

Landskjörstjórn skal láta sýslumönnum í té utankjörfundargögn til notkunar við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar. Sýslumenn skulu annast dreifingu utankjörfundargagna til kjörstjóra og annarra trúnaðarmanna í umdæmi sínu, sbr. 69. gr. kosningalaga og sjá til þess að nægilegt magn gagna sé jafnan fyrir hendi hjá þeim er annast atkvæðagreiðslu utan kjörfundar hér á landi.

Landskjörstjórn skal láta utanríkisráðuneytinu í té utankjörfundargögn sem kemur þeim til kjörstjóra erlendis, sbr. 70. gr. kosningalaga.

9. gr.

Varðveisla utankjörfundargagna.

Landskjörstjórn og kjörstjórar innanlands og erlendis skulu ávallt varðveita utankjörfundargögn, þar með talið atkvæðakassa sem ekki eru í notkun og innihalda greidd atkvæði, með tryggum og öruggum hætti.

Að loknum kosningum skulu kjörstjórar sjá til þess að ónotuð utankjörfundargögn séu varðveitt með tryggum og öruggum hætti.

10. gr.

Kjörseðill við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar.

Kjörseðill við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar skal vera af stærðinni A5 og með broti þannig að kjósandi geti brotið kjörseðilinn saman svo ekki sjáist í merkingar á honum. Brotið skal vera þannig að brúnir

kjörseðilsins skarist þegar seðlinum er lokað og skal skörunin vera að lágmarki um 2 mm.

Kjörseðillinn skal vera úr haldgóðum pappír sem prent eða skrift sést ekki í gegnum a.m.k. 160 g/m² að þyngd.

Efst fyrir miðju á efri framhlið kjörseðilsins skal standa með skýru lettri: KJÖRSEÐILL.

Þar fyrir neðan skal vera rammi í ljósari lit en aðrir hlutar framhliðar kjörseðilsins. Bakhlið kjörseðils skal vera greinilega auðkennd svo sem með áprentuðu mynstri.

11. gr.

Kjörseðilsumslag (innra umslag).

Kjörseðilsumslag (innra umslag) skal vera úr haldgóðum pappír sem skal vera a.m.k. 100 g/m² að þyngd þannig að ekki sé unnt að lesa það sem á kjörseðil er ritað. Umslagið skal vera af þeirri stærð að kjörseðillinn, samanbrotinn, falli vel og haganlega í umslagið.

Á umslagið skal vera ritað ofarlega með skýru lettri: Kjörseðilsumslag.

Á umslaginu skulu vera stuttar og skýrar leiðbeiningar um hvernig skuli fylla kjörseðil út við kosningar.

Umslaginu skal vera unnt að loka með sjálfímandi rönd sem skal vera hulin borða.

12. gr.

Fylgibréf.

Fylgibréf skal útbúið þannig að á það megi auðveldlega skrifa þær upplýsingar sem kveðið er á um í ákvæðum kosningalaga og reglugerð þessari.

Á fylgibréfi skal að minnsta kosti vera:

1. Reitur fyrir fullt nafn, kennitölu, lögheimili og sveitarfélag kjósanda.
2. Reitur fyrir undirritun kjósanda, stað og dagsetningu, þar sem hann lýsir því yfir að hann hafi án aðstoðar og án þess að nokkur annar hafi séð, ritað eða stimplað atkvæði á kjörseðil, sett atkvæði í umslag og límt umslagið aftur.
3. Reitur þar sem merkt skal við í hvaða kosningum atkvæði er greitt.

4. Reitur þar sem unnt er að merkja við að atkvæðagreiðsla hafi farið fram með aðstoð og tilgreint hvort hún hafi verið veitt af kjörstjóra eða aðstoðarmanni kjósanda.
5. Reitur fyrir undirritun kjörstjóra, tíma- og og embættisstimpil, ef við á, þar sem hann vottar að atkvæðagreiðsla hafi átt sér stað.

Landskjörstjórn getur ákveðið að á fylgibréfinu séu stuttar og skýrar leiðbeiningar um atkvæðagreiðslu utan kjörfundar, frágang kjörgagna o.fl.

Landskjörstjórn getur ákveðið að upplýsingar á fylgibréfi séu jafnframt þýddar á erlend tungumál.

Kjörstjórum er heimilt að nota rafrænt utankjörfundarkerfi fyrir atkvæðagreiðslu utan kjörfundar til sjálfvirkrar útfyllingar fylgibréfs.

13. gr.

Sendiumslag (ytra umslag).

Sendiumslag (ytra umslag) skal vera úr haldgóðum pappír a.m.k. 100 g/m² að þyngd. Umslagið skal vera af þeirri stærð að kjörseðilsumslagið og fylgibréfið, samanbrotið, falli vel og haganlega í umslagið.

Á framhlið umslagsins skal vera auð lína þar sem gert er ráð fyrir heiti þeirrar kjörstjórnar sem er viðtakandi bréfsins. Þar skulu jafnframt vera leiðbeiningar um að bréfið skuli berast á skrifstofu sveitarstjórnar í sveitarfélaginu þar sem kjósandi er á kjörskrá og þar skal rita heiti sveitarfélagsins ásamt póstnúmeri. Þar skal einnig vera unnt að merkja við í hvaða kosningum atkvæði er greitt.

Á bakhlið sendiumslagsins skal rita nafn og heimilisfang kjósandans. Auk þess er heimilt að rita þar númer kjörstaðar og kjördeildar og/eða setja þar sérstakt merki (strikamerki) sem getur innihaldið upplýsingar um kjörstað, kjördeild og kennitölu kjósandans.

Umslaginu skal vera unnt að loka með sjálfmáandi rönd sem skal vera hulin borða.

14. gr.

Kjörseðlar við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar við þjóðaratkvæðagreiðslur.

Kveðið skal nánar á um útlit og frágang kjörseðla við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar við þjóðaratkvæðagreiðslu í reglum sem ráðherra setur að fenginni tillögu landskjörstjórnar, sbr. 66. gr. kosningalaga.

IV. KAFLI

Kjörfundargögn við kosningar til Alþingis,

við forsetakjör og þjóðaratkvæðagreiðslu.

15. gr.

Gerð kjörfundargagna.

Landskjörstjórn tekur ákvörðun um og lætur útbúa kjörfundargögn, önnur en kjörskrá, með nægum fyrirvara. Kjörseðlar skulu að jafnaði vera fullgerðir eigi síðar en sjö dögum fyrir kjördag.

Landskjörstjórn skal tryggja að kjörfundargögn séu afhent yfirkjörstjórnnum kjördæma með öruggum hætti tímanlega fyrir kjördag.

Miða skal fjölda prentaðra kjörseðla að lágmarki við áætlaðan fjölda kjósenda á kjörskrá á kjördag að viðbættu 1%.

Yfirkjörstjórn kjördæmis skal sjá til þess að eitt blindraspjald að lágmarki sé tiltækt á hverjum kjörstað.

16. gr.

Gerð kjörseðils.

Kjörseðill skal vera úr haldgóðum pappír sem prent eða skrift sést ekki í gegnum, a.m.k. 160 g/m² að þyngd.

Kjörseðill skal vera með broti þannig að kjósandi geti brotið hann saman svo ekki sjáist í texta eða merkingar á kjörseðli (óprentaða hliðin snýr út) og að hann falli vel og haganlega í atkvæðakassann. Tryggja skal að brotið falli ekki í prentaðan texta á seðlinum og að brúnir kjörseðilsins skarist að lágmarki um 2 mm þegar honum er lokað.

Landskjörstjórn skal skipta um lit á kjörseðlum við hverjar kosningar til Alþingis og við forsetakjör.

17. gr.

Kjörseðlar við kosningar til Alþingis.

Kjörseðla við kosningar til Alþingis skal útbúa þannig:

Í fyrirsögn efst á kjörseðli skal tilgreina með skýru letri að um sé að ræða kosningar til Alþingis, dagsetningu þeirra og ártal en þar fyrir neðan skal vera þverstrik sem nær yfir allan kjörseðilinn.

Prenta skal framboðslista með skýru letri hvern við annars hlið, í stafrófsröð eftir bókstöfum framboðanna, og skal ætla hverjum lista að jafnaði um 6-8 cm breidd en lengd skal miðuð við tölu frambjóðenda á framboðslistum. Tryggt skal að breidd allra lista á kjörseðli sé sú sama.

Landskjörstjórn getur ákveðið að prenta framboðslista í tveimur röðum sökum mikils fjölda framboðslista eða fjölda frambjóðenda. Skal þess þá gætt að sem jafnastur fjöldi lista sé í efri og neðri röð.

Bókstafur hvers lista skal vera stór og greinilegur og standa yfir miðjum listanum og fyrir framan hann skal vera ferningur í sambærilegri stærð og bókstafurinn. Þar fyrir neðan, en fyrir ofan nöfn frambjóðenda, skal vera heiti þeirra stjórnmalasamtaka sem bjóða fram listann og skal heitið prentað með skýru letri þannig: Listi ... (nafn stjórnmalasamtakanna). Þar fyrir neðan skal vera þverstrik sem nær yfir allan kjörseðilinn.

Fyrir neðan heiti listans skulu vera nöfn frambjóðenda í þeirri röð sem þeir eru boðnir fram. Listarnir skulu aðgreindir með langstrikum og skal að jafnaði 0,5 cm breitt bil vera fyrir framan nöfnin á hverjum lista.

18. gr.

Kjörseðlar við forsetakjör.

Kjörseðla við forsetakjör skal útbúa þannig:

Í fyrirsögn efst á kjörseðli skal tilgreina með skýru letri að um sé að ræða forsetakjör, dagsetningu þess og ártal en þar fyrir neðan skal vera þverstrik sem nær yfir allan kjörseðilinn.

Prenta skal nöfn forsetaefna með skýru letri í lóðréttri stafrófsröð, inndregin og jöfnuð vinstra megin sem skulu vera aðgreind með þverstrikum yfir allan kjörseðilinn.

Á spássíu vinstra megin fyrir framan nafn hvers forsetaefnis skal vera ferningur.

19. gr.

Kjörseðlar við þjóðaratkvæðagreiðslu.

Kveðið skal nánar á um um útlit og frágang kjörseðla við þjóðaratkvæðagreiðslu í reglum sem ráðherra setur að tillögu landskjörstjórnar, skv. 66. gr. kosningalaga.

20. gr.

Atkvæðaumslög.

Landskjörstjórn lætur útbúa sérstök atkvæðaumslög og afhendir, með nægum fyrirvara og í nægjanlegu upplagi, yfirkjörstjórnnum kjördæma fyrir allar kjörstjórnir sem starfa í viðkomandi kjördæmi.

Umslögín skulu vera úr haldgóðum pappír af þeirri stærð að í þau komist:

- a. utankjörfundaratkvæði sem ekki eru tekin til greina,
- b. utankjörfundaratkvæði sem ágreiningur er um hvort séu gilda,
- c. óvistuð atkvæði og
- d. ónýtir kjörseðlar.

Ónotaða kjörseðla sem eftir eru þegar kjörfundi hefur verið slitið skal annaðhvort setja í atkvæðaumslagið eða í aðrar öruggar umbúðir, s.s. umbúðir sem kjörseðlar voru afhentir í.

21. gr.

Umslög fyrir ágreiningsseðla.

Landskjörstjórn lætur útbúa tvær gerðir af umslögum fyrir ágreiningsseðla og afhendir, með nægum fyrirvara og í nægjanlegu upplagi, yfirkjörstjórnnum kjördæma. Um er ræða annars vegar umslög fyrir þá atkvæðaseðla sem yfirkjörstjórn hefur úrskurðað gilda og hins vegar fyrir atkvæðaseðla sem hún hefur úrskurðað ógilda.

Umslögín skulu vera úr haldgóðum pappír og af þeirri stærð að í þau komist ágreiningsseðlar sem sendir eru landskjörstjórn að afloknum kosningum.

V. KAFLI

Kjörfundargögn við sveitarstjórnarkosningar.

22. gr.

Gerð kjörfundargagna.

Yfirkjörstjórn sveitarfélags tekur ákvörðun um og lætur útbúa kjörseðla. Skulu þeir að jafnaði vera fullgerðir eigi síðar en fimm dögum fyrir kjördag.

Við listakosningu í sveitarfélagi skal yfirkjörstjórn sveitarfélagsins láta útbúa blindraspjöld og sjá til þess að eitt blindraspjald að lágmarki sé tiltækt á hverjum kjörstað í sveitarfélaginu.

Yfirkjörstjórn skal tryggja að gögnin séu afhent undirkjörstjórnnum tímanlega fyrir opnun kjörstaða.

Miða skal fjölda prentaðra kjörseðla að lágmarki við áætlaðan fjölda kjósenda á kjörskrá á kjördag að viðbættu 1%.

23. gr.

Gerð kjörseðils.

Kjörseðill skal vera úr haldgóðum pappír sem prent eða skrift sést ekki í gegnum, a.m.k. 160 g/m² að þyngd.

Kjörseðill skal vera með broti þannig að kjósandi geti brotið hann saman svo ekki sjáist í texta eða merkingar á kjörseðli (óprentaða hliðin snýr út) og að hann falli vel og haganlega í atkvæðakassann. Tryggja skal að brotið falli ekki í prentaðan texta á seðlinum og að brúnir kjörseðilsins skarist að lágmarki um 2 mm þegar honum er lokað.

Yfirkjörstjórn sveitarfélags skal skipta um lit á kjörseðlum við hverjar sveitarstjórnarkosningar.

24. gr.

Kjörseðlar við listakosningu í sveitarfélagi.

Kjörseðla við listakosningu í sveitarfélagi skal útbúa þannig:

Í fyrrisögn efst á kjörseðli skal tilgreina með skýru letri að um sé að ræða kosningar til sveitarstjórnar í viðkomandi sveitarfélagi, dagsetningu þeirra og ártal en þar fyrir neðan skal vera þverstrik sem nær yfir allan kjörseðilinn.

Prenta skal framboðslista með skýru letri hvern við annars hlið, í stafrófsröð eftir bókstöfum þeirra, og skal ætla hverjum lista að jafnaði um 6-8 cm breidd en lengd skal miðuð við tölu frambjóðenda á framboðslistum. Tryggt skal að breidd allra lista á kjörseðli sé sú sama.

Yfirkjörstjórn sveitarfélags getur ákveðið að prenta framboðslista í tveimur röðum sökum mikils fjölda framboðslista eða fjölda frambjóðenda. Skal þess þá gætt að sem jafnastur fjöldi lista sé í efri og neðri röð.

Bókstafur hvers lista skal vera stór og greinilegur og standa yfir miðjum listanum og fyrir framan hann skal vera ferningur í sambærilegri stærð og bókstafurinn. Þar fyrir neðan, en fyrir ofan nöfn frambjóðenda, skal vera heiti þeirra stjórnmalasamtaka sem bjóða fram listann og skal heitið prentað með skýru letri þannig: Listi ... (nafn stjórnmalasamtakanna). Þar fyrir neðan skal vera þverstrík sem nær yfir allan kjörseðillinn.

Fyrir neðan heiti listans skulu vera nöfn frambjóðenda í þeirri röð sem þeir eru boðnir fram. Listarnir skulu aðgreindir með langstríki og skal að jafnaði 0,5 cm breitt bil vera fyrir framan nöfnin á hverjum lista.

25. gr.

Kjörseðlar við óbundnar kosningar í sveitarfélagi.

Efst á kjörseðli skal vera fyrisögn þar sem tilgreint er að um sé að ræða sveitarstjórnarkosningar í viðkomandi sveitarfélagi, dagsetningu þeirra og ártal en þar fyrir neðan skal vera þverstrík sem nær yfir allan kjörseðillinn.

Kjörseðill skal vera tvískiptur og skal efri hlutinn merktur fyrir aðalmenn en sá neðri fyrir varamenn. Á efri hluta kjörseðils skal vera unnt að skrifa nöfn og heimilisföng aðalmanna en á neðri hluti hans nöfn og heimilisföng varamanna. Á neðri hluta kjörseðils skal vera töluröð miðuð við fjölda þeirra varafulltrúa sem kjósa á.

26. gr.

Atkvæðaumslög.

Landskjörstjórn lætur útbúa sérstök atkvæðaumslög og afhendir yfirkjörstjórnnum sveitarfélaga, með nægum fyrirvara og í nægjanlegu upplagi, fyrir utankjörfundaratkvæði sem ekki eru tekin til greina og fyrir

utankjörfundaratkvæði sem ágreiningur er um hvort séu gild, óvistuð atkvæði og ónýta kjörseðla.

Umslöggin skulu vera úr haldgóðum pappír af þeirri stærð að í þau komist:

- a. utankjörfundaratkvæði sem ekki eru tekin til greina,
- b. utankjörfundaratkvæði sem ágreiningur er um hvort séu gild,
- c. óvistuð atkvæði og
- d. ónýtir kjörseðlar

Ónotaða kjörseðla sem eftir eru þegar kjörfundi hefur verið slitið skal annaðhvort setja í atkvæðaumslagið eða í aðrar öruggar umbúðir, s.s. umbúðir sem kjörseðlar voru afhentir í.

VI. KAFLI

Kosningaleiðbeiningar, stimplar o.fl.

27. gr.

Kosningaleiðbeiningar.

Í aðdraganda allra kosninga sem fram fara á grundvelli kosningalaga útbýr landskjörstjórn kosningaleiðbeiningar sem skulu m.a. hafa að geyma upplýsingar um það hvernig kjósandi skuli gera grein fyrir sér, hvernig greiða skuli atkvæði, aðstoð við atkvæðagreiðslu og skyldur og ábyrgð þess sem veitir kjósanda aðstoð.

Kosningaleiðbeiningar skulu vera aðgengilegar kjósanda bæði við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar og á kjörstað á kjördegi.

Fari atkvæðagreiðsla utan kjörfundar fram á þeim stöðum sem tilgreindir eru í 1. og 2. tölul. 2. mgr. 69. gr. og 70. gr. kosningalaga skulu kosningaleiðbeiningar að jafnaði aðgengilegar á áberandi stað.

Á kjördag skulu kosningaleiðbeiningar aðgengilegar á áberandi stað á kjörstað og í hverri kjördeild verði því við komið að mati kjörstjórnar.

28. gr.

Upplýsingar um framboð eða forsetaefni.

a) *Kosning utan kjörfundar:*

Þegar landskjörstjórn hefur auglýst framboðslista við alþingiskosningar, sbr. 1. málsl. 1. mgr. 47. gr. kosningalaga eða hvaða forsetaefni eru í kjöri, sbr. 3. mgr. 50. gr. kosningalaga, skal landskjörstjórn láta sýslumönnum

og utanríkisráðuneytinu í té upplýsingar um þá framboðslista eða þau forsetaefni sem eru í kjöri. Sýslumenn og utanríkisráðuneytið skulu sjá til þess að upplýsingarnar séu aðgengilegar hjá kjörstjórum. Fari atkvæðagreiðslan fram á þeim stöðum sem tilgreindir eru í 1. og 2. tölul. 2. mgr. 69. gr. og 70. gr. kosningalaga skulu upplýsingarnar að jafnaði aðgengilegar á áberandi stað.

Þegar yfirkjörstjórn sveitarfélags, í kosningum til sveitarstjórna, hefur tekið ákvörðun um framboðslista, sbr. 2. mgr. 46. gr. kosningalaga skal hún afhenda landskjörstjórn lista með upplýsingum um nöfn og lögheimili allra þeirra sem eru í framboði í viðkomandi sveitarfélagi. Listinn skal vera á rafrænu formi og á viðmóti sem landskjörstjórn lætur í té. Landskjörstjórn skal miðla upplýsingunum til sýslumanna og utanríkisráðuneytisins s.s. með því að birta þær á vef sínum. Sýslumenn og utanríkisráðuneytið skulu sjá til þess að upplýsingarnar séu aðgengilegar hjá kjörstjórum þannig að kjósendur geti kynnt sér framboðin óski þeir þess.

b) Kosning á kjördegi:

Landskjörstjórn skal láta yfirkjörstjórnnum kjördæma í té upplýsingar um framboðslista við kosningar til Alþingis í viðkomandi kjördæmi eða þau forsetaefni sem eru í kjöri, með nægum fyrirvara fyrir kjördag. Á kjördag skulu upplýsingar um framboðslista eða forsetaefni vera aðgengilegar kjósendum á áberandi stað á kjörstað.

Við sveitarstjórnarkosningar þar sem fram fer listakosning skal yfirkjörstjórn útbúa lista yfir þá sem eru í framboði í viðkomandi sveitarfélagi. Á kjördag skulu upplýsingarnar vera aðgengilegar kjósendum á áberandi stað á kjörstað. Við sveitarstjórnarkosningar þar sem fram fer óbundin kosning skal yfirkjörstjórn hafa aðgengilegar upplýsingar um þá sem skorast hafa undan endurkjöri, skv. 5. mgr. 49. gr. kosningalaga.

c) Þjóðaratkvæðagreiðsla:

Við þjóðaratkvæðagreiðslu skal landskjörstjórn útbúa upplýsingar varðandi það málefni sem kosið er um. Skulu slíkar upplýsingar vera aðgengilegar kjósanda á áberandi stað á kjörstað.

29. gr.

Yfirlitshefti.

Í aðdraganda allra kosninga skv. kosningalögum gefur landskjörstjórn út yfirlitshefti í prentuðu og rafrænu formi þar sem finna má upplýsingar er varða kosningar, s.s. helstu lög, reglugerðir og reglur sem varða framkvæmd kosninga. Landskjörstjórn afhendir sýslumönnum, utanríkisráðuneytinu, yfirkjörstjórnnum kjördæma og yfirkjörstjórnnum sveitarfélaga yfirlitshefti í nægilegu upplagi fyrir alla kjörstjóra og kjörstjórnir sem starfa í viðkomandi umdæmi, starfsmenn þeirra og umboðsmenn framboða.

30. gr.

Stimplar.

Landskjörstjórn lætur sýslumönnum í té stimpla til notkunar við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar. Á stimplunum skulu vera listabókstafir framboðslista við kosningar til Alþingis og sveitarstjórna og nöfn forsetaefna við forsetakjör. Á stimplunum skulu sömu upplýsingar vera á blindralettri.

31. gr.

Aðföng á kjörstað, utankjörfundarstað og í kjörklefa.

Yfirkjörstjórn sveitarfélags skal tryggja að á hverjum kjörstað í sveitarfélaginu séu til staðar kjörfundargögn og önnur gögn og aðföng sem nauðsynleg eru til þess að kosning geti farið fram.

Í kjörklefa skal vera aðstaða til að skrifa við og skriffæri.

Sýslumenn skulu tryggja að á hverjum utankjörfundarstað í umdæmi þeirra séu til staðar utankjörfundargögn og aðföng sem nauðsynleg eru til þess að kosning geti farið fram. Utanríkisráðuneytið tryggir að á hverjum kjörstað erlendis séu þessi gögn til staðar.

32. gr.

Innsigli.

Landskjörstjórn skal láta sýslumönnum og yfirkjörstjórnnum kjördæma í kosningum til Alþingis og við forsetakjör og þjóðaratkvæðagreiðslur

og yfirkjörstjórnnum sveitarfélaga við kosningar til sveitarstjórna í té embættisinnsgli sem notuð skulu við kosningar.

Landskjörstjórn ákveður gerð, merkingar og notkun embættisinnsgla sem notuð skulu við kosningar og skulu reglur þar um birtar í Stjórnartíðindum, sbr. 6. mgr. 14. gr. kosningalaga.

Kjörstjórar og kjörstjórnir skulu tryggja að innsigli í vörslu þeirra séu ávallt geymd með tryggum og öruggum hætti.

VII. KAFLI

Atkvæðakassar.

33. gr.

Gerð atkvæðakassa.

Landskjörstjórn lætur gera atkvæðakassa og lætur yfirkjörstjórnnum sveitarfélaga í té atkvæðakassa samkvæmt beiðni.

Atkvæðakassi skal vera af hæfilegri stærð og gerður úr haldgóðum krossvið eða efni sambærilegu að styrkleika og öryggi efni; og á eftir orðinu „tryggilega“ í sama málslið, kemur: og innsigla með loki og þannig búinn að unnt sé að loka honum tryggilega. Lok skal vera með nægjanlega langri rauf þannig að unnt sé að koma bæði atkvæðaseðli og sendiumslagi þar ofan í. Rauf skal formuð með þeim hætti að hvorki sé unnt að ná seðli né sendiumslagi upp úr kassanum.

34. gr.

Fjöldi atkvæðakassa.

Yfirkjörstjórn sveitarfélags tryggir að til staðar sé nægilegur fjöldi atkvæðakassa fyrir kosningar í sveitarfélaginu hverju sinni.

Yfirkjörstjórn sveitarfélags skal útvega sýslumanni í umdæmi viðkomandi yfirkjörstjórnar, nægjanlegan fjölda atkvæðakassa við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar, samkvæmt nánara samkomulagi við viðkomandi kjörstjóra.

35. gr.

Varðveisla atkvæðakassa milli kosninga.

Sveitarfélag skal geyma atkvæðakassa milli kosninga með tryggum hætti, en kjósi sýslumenn að geyma atkvæðakassana er þeim það heimilt.

VIII. KAFLI

Frágangur að loknum kjörfundi.

36. gr.

Frágangur kjörgagna að loknum kjörfundi.

Þegar kjörfundi hefur verið slitið skal hver undirkjörstjórn, eins fljótt og verða má, ganga frá kjörgögnum til afhendingar til yfirkjörstjórnar sem annast talningu atkvæða, með öruggum og rekjanlegum hætti.

Þegar öll kjörseðilsumslög, sem enginn ágreiningur er um að séu gild, hafa verið sett óopnuð í atkvæðakassann samkvæmt 96. gr. kosningalaga, skal rauf kassans innsiglið.

Undirkjörstjórn skal ganga frá kjörseðlum sem hafa ónýst í þar til gert atkvæðaumslag, sem skal innsiglið.

Utankjörfundaratkvæði sem ekki eru tekin til greina skal setja í þar til gert atkvæðaumslag og í annað atkvæðaumslag skal setja þau utankjörfundaratkvæði sem ágreiningur er um hvort séu gild. Atkvæðaumslögin skulu innsiglið.

Hafi undirkjörstjórn eða hverfiskjörstjórn borist óvistuð atkvæði fyrir lok atkvæðagreiðslu skulu þau sett í þar til gert atkvæðaumslag sem skal innsiglið.

Undirkjörstjórn skal setja ónotaða kjörseðla annaðhvort í þar til gert atkvæðaumslag sem skal innsiglið eða aðrar öruggar umbúðir, s.s. þær umbúðir sem kjörseðlarnir komu í sem skulu innsigliðar. Undirkjörstjórn skal að því loknu ganga frá ónotuðum atkvæðum, atkvæðaumslögum og gerðabók, auk allra eintaka af kjörskrá, með tryggu hætti í lokuðum umbúðum samkvæmt nánari fyrirætlum sem yfirkjörstjórn setur um frágang kjörgagna. Þá skal undirkjörstjórn, eða hverfiskjörstjórn, ganga frá skýrslum eða öðrum upplýsingum vegna talningar atkvæða í samræmi við fyrirætlun yfirkjörstjórnar.

Við kosningar til Alþingis, við forsetakjör og þjóðaratkvæðagreiðslu skal yfirkjörstjórn sveitarfélags sjá til þess, eins fljótt að verða má, eftir að kjörfundi lýkur, að yfirkjörstjórn kjördæmis séu afhent kjörgögnum úr öllum kjördeildum sveitarfélags, auk ónotaðra kjörseðla í vörslum yfirkjörstjórnar, ef við á, með öruggum og rekjanlegum hætti.

37. gr.

Varsla kjörgagna.

Meðan á kjörfundi stendur og þar til kjörgögn hafa verið afhent yfirkjörstjórn til talningar skulu kjörgögn ávallt vera í vörslum a.m.k. tveggja kjörstjórnarfulltrúa eða annarra tveggja einstaklinga sem kjörstjórn velur.

Sé hlé gert á fundi yfirkjörstjórnar eða fundi hennar frestað á meðan talning stendur yfir skal yfirkjörstjórn tryggja að notaðir og ónotaðir kjörseðlar ásamt öðrum kjörgögnum séu varðveittir með tryggilegum hætti og fyrir luktum dyrum sem skulu innsiglaðar. Þetta á einnig við ef gert er hlé á milli skila á fyrri hluta talningarskýrslu og seinni hluta talningarskýrslu, sbr. 23. gr. reglugerðar um talningu atkvæða.

IX. KAFLI

Frágangur að lokinni talningu.

38. gr.

Varðveisla atkvæðaseðla, kjörskráa o.fl.

Að talningu lokinni skal yfirkjörstjórn ganga frá og innsigla:

- a. Ílát með notuðum kjörseðlum. Skal gildum og ógildum kjörseðlum haldið aðgreindum.
- b. Ílát með ónotuðum kjörseðlum.
- c. Atkvæðaumslög með ágreiningsseðlum.
- d. Ílát með kjörskrám.

Gögnum skv. 1. mgr. sem ekki eru send til landskjörstjórnar skal komið fyrir í öruggri geymslu.

Yfirkjörstjórnnum er heimilt að rjúfa innsigli íláta með kjörskrám til að sinna skýrslugerð til Hagstofu Íslands verði þeim skilum ekki viðkomið strax að lokinni talningu. Að þeirri skýrslugerð lokinni skulu ílát með kjörskrám innsigluð að nýju. Skrá skal yfirlýsingu um þetta í gerðabók.

39. gr.

Eyðing atkvæðaseðla og kjörskráa.

Atkvæðaseðla og kjörskrár skal geyma þar til kærufrestur kosninga er liðinn eða fullnaðarúrskurður um gildi þeirra hefur verið kveðinn upp enda sé þeirra eigi þörf vegna kærur sem beint hefur verið til lögreglustjóra.

Eigi síðar en ári eftir kjördag skal yfirkjörstjórn eyða notuðum og ónotuðum kjörseðlum og kjörskrár enda sé ágreiningsmálum um gildi eða framkvæmd kosninganna lokið.

X. KAFLI
Gildistaka.

40. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 3. mgr. 62. gr., 65. gr., 3. mgr. 81. gr. og 2. mgr. 97. gr. kosningalaga nr. 112/2021 og tekur þegar gildi. Jafnframt fellur á brott reglugerð um kjörgögn, atkvæðakassa o.fl. við kosningar nr. 388/2022.

Reglur um tilhögun í kjörfundarstofu við kosningar til Alþingis og sveitarstjórna, við forsetakjör og þjóðaratkvæðagreiðslur.

Nr. 1160/2023

1. gr.

Gildissvið.

Reglur þessar gilda um tilhögun í kjörfundarstofu við kosningar til Alþingis og sveitarstjórna, við forsetakjör og við þjóðaratkvæðagreiðslur.

2. gr.

Kjörklefi.

Kjörklefi skal vera rúmgóður og bjartur og afmarkaður með tjaldi eða skilrúmi, þannig að kjósandi geti greitt þar atkvæði án þess að aðrir sjái til. Í kjörklefa skal vera borð eða plata sem skrifa má við og skriffæri sem kjörstjórn leggur til.

3. gr.

Aðgengi.

Tryggja skal að kjörstaður, kjörfundarstofa og kjörklefi séu aðgengileg öllum.

4. gr.

Atkvæðakassi.

Í kjörfundarstofu skal vera atkvæðakassi sem uppfyllir þær kröfur sem kveðið er á um í 2. mgr. 79. gr. kosningalaga og í reglugerð um kjörgögn, atkvæðakassa o.fl. við kosningar.

5. gr.

Upplýsingar um framboð og kosningaleiðbeiningar.

Tryggja skal að aðgengi kjósenda að upplýsingum um framboð og kosningaleiðbeiningar sé í samræmi við reglugerð um kjörgögn, atkvæðakassa o.fl. við kosningar.

6. gr.

Gildistaka og lagastoð.

Reglur þessar eru settar skv. 2. mgr. 79. gr. kosningalaga nr. 112/2021 og taka þegar gildi. Við gildistöku reglna þessara falla úr gildi fyrri reglur um tilhögun í kjörfundarstofu við sveitarstjórnarkosningar frá 12. apríl 2022, nr. 433/2022.

Reglur um gerðabækur kjörstjórna og innsigli við kosningar.

Nr. 296/2026

I. KAFLI

Almennt ákvæði.

1. gr.

Gildissvið.

Reglur þessar gilda um form, efni og löggildingu gerðabóka og um hvað kjörstjórnnum er skylt að bóka í gerðabók við kosningar til Alþingis og sveitarstjórna, við forsetakjör og þjóðaratkvæðagreiðslur. Reglur þessar gilda einnig um gerð, merkingar og notkun embættisinsigla við sömu kosningar.

II. KAFLI

Gerðabækur og fundargerðir.

2. gr.

Löggilding gerðabóka landskjörstjórnar, yfirkjörstjórna og umdæmiskjörstjórna.

Landskjörstjórn leggur til og löggildir gerðabækur landskjörstjórnar, yfirkjörstjórna kjördæma, umdæmiskjörstjórna og yfirkjörstjórna sveitarfélaga.

Gerðabækur sem notaðar hafa verið við kosningar fyrir gildistöku þessara reglna skulu halda gildi sínu.

3. gr.

Gerðabækur hverfiskjörstjórnna og undirkjörstjórnna.

Yfirkjörstjórn sveitarfélags lætur hverfiskjörstjórnnum og undirkjörstjórnnum í té gerðabækur og löggildir þær en yfirkjörstjórn er heimilt að ákveða að hverfiskjörstjórnir eða undirkjörstjórnir noti sérstök eyðublöð eða laus blöð í stað gerðabókar.

4. gr.

Fundargerðir.

Landskjörstjórn, yfirkjörstjórnir og umdæmiskjörstjórnir skulu halda fundargerðir sem ritaðar eru eða færðar í gerðabók. Í fundargerð skal eftirfarandi koma fram:

1. Fundartími og fundarstaður.
2. Nafn fundarritara.
3. Nöfn viðstaddra fulltrúa kjörstjórnar, varamanna þeirra, áheyrnarfulltrúa og annarra þeirra sem fund sitja sem og viðverutíma.
4. Dagskrármál sem tekin eru fyrir og niðurstaða þeirra.
5. Upplýsingar sem kjörstjórn óskar eftir að bókaðar séu í fundargerð.
6. Bókanir fulltrúa, áheyrnarfulltrúa eða annarra þeirra sem rétt eiga að lögum til bókunar.
7. Lok fundar.

Fundargerðir skulu staðfestar og undirritaðar með eigin hendi af fulltrúum viðkomandi kjörstjórnar í lok fundar. Sé fundargerð færð í tölvu er heimilt að undirrita fundargerð með fullgildri rafrænni undirritun. Fundargerðir sem færðar eru í tölvu eða á lausum blöðum skulu færðar tryggilega inn í gerðabók kjörstjórnar eftir að þær hafa verið undirritaðar.

III. KAFLI

Bókanir.

5. gr.

Bókanir landskjörstjórnar.

Landskjörstjórn skal bóka um eftirfarandi í gerðabók:

1. Ákvarðanir um mörk kjördæma, skv. 1. mgr. 8. gr. kosningalaga.

2. Breytingu á fjölda kjördæmissæta, skv. 1. og 2. mgr. 10. gr. kosningalaga.
3. Hvenær kosningar fara fram, skv. 1. mgr. 23. gr., 1. mgr. 24. gr. 1. mgr. 25. gr. og 4. mgr. 26. gr. kosningalaga.
4. Ákvarðanir um undanþágur til notkunar prentaðrar kjörskrár, skv. 35. gr. kosningalaga.
5. Tilhögun móttöku á framboðum og um móttöku framboða, skv. 1. mgr. 36. gr. og 1. mgr. 50. gr. kosningalaga.
6. Niðurstöðu athugana á skilyrðum framboðs og framkomin mótmæli ef einhver eru skv. 4. mgr. 42. gr. kosningalaga.
7. Breytingu á röð frambjóðenda ef frambjóðandi deyr skv. 43. gr. kosningalaga.
8. Hverjir gallar á framboði eru, ef við á, og hve langan frest umboðsmenn fá til að leiðrétta þá skv. 44. gr. kosningalaga.
9. Ákvarðanir um gildi framboða fyrir kosningar til Alþingis og forsetakjörs, skv. 1. mgr. 45. gr. og 2. mgr. 50. gr. kosningalaga.
10. Hverjir eru umboðsmenn framboða, boðanir, samskipti, upplýsingagjöf og athugasemdir sem þeir vilja fá bókaðar auk annars sem skiptir máli, sbr. kosningalög og reglugerðir settar samkvæmt þeim.
11. Ákvarðanir um gerð og útlit kjörfundargagna og utankjörfundargagna, skv. III. – IV. kafla reglugerðar um kjörgögn og reglna landskjörstjórna um gerð og útlit kjörseðla sem nota skal við þjóðaratkvæðagreiðslur á grundvelli 2. mgr. 2. gr. kosningalaga.
12. Tilkynningu um niðurstöðu talningar við forsetakjör og þjóðaratkvæðagreiðslur, skv. 107. gr. kosningalaga.
13. Úthlutun þingsæta, skv. XVI. kafla kosningalaga.
14. Tilkynningar og ákvarðanir vegna þjóðaratkvæðagreiðslna og forsetakjörs, skv. XVIII. kafla kosningalaga.
15. Heimildir sem veittar hafa verið kosningaeftirlitsmönnum til að fylgjast með kosningum, skv. 138. gr. kosningalaga.
16. Nýjan kjördag, skv. 2. mgr. 125. gr. kosningalaga, sé um uppkosningu að ræða.

17. Hafi kæra borist landskjörstjórn, skv. 2. mgr. 127. gr. kosningalaga, og að umboðsmönnum framboða hafi verið tilkynnt um hana.
18. Aðrar ákvarðanir, afgreiðslur eða upplýsingar sem varða framkvæmd kosninga samkvæmt lögum, stjórnvaldsfyrirmælum eða eðli máls.

6. gr.

Bókanir yfirkjörstjórna kjördæma.

Yfirkjörstjórnir kjördæma skulu bóka um eftirfarandi í gerðabók:

1. Hverséoddviti yfirkjörstjórnar og hvertaðseturyfirkjörstjórnarinnar sé á kjördag.
2. Ef yfirkjörstjórn ákveður að umdæmiskjörstjórn sé kosin þá hverjir séu nefndarmenn hennar og hvar hún sé staðsett skv. 3. mgr. 16. gr. kosningalaga.
3. Hvar og hvenær talning atkvæða mun fara fram, skv. 2. mgr. 98. gr. kosningalaga.
4. Móttöku kjörgagna frá landskjörstjórn.
5. Afgreiðslu og útsendingu kjörgagna til kjörstjórna ásamt upplýsingum um raðnúmer innsigla sem afhent eru kjörstjórnnum. Ónotaða kjörseðla í vörslum yfirkjörstjórnar og tilhögun vörslu.
6. Móttöku utankjörfundaratkvæða, skv. 92. gr. kosningalaga.
7. Hvaða einstaklingum er falið að flytja kjörgögn frá kjörstað á talningarstað.
8. Kjörsokn í kjördæminu.
9. Flokkun atkvæða fyrir lok kjörfundar skv. 2. mgr. 99. gr. kosningalaga, þ.m.t. um móttöku atkvæðakassa, hvenær flokkun hefst, hvenær rými þar sem flokkun fer fram er lokað og af hverjum, hvaða fulltrúar yfirkjörstjórnar eru viðstaddir sem og umboðsmenn og kosningaeftirlitsmenn og hvenær rými er opnað.
10. Upphaf og lok kjörfundar, flokkunar og talningar.
11. Hvenær og hvernig boðun umboðsmanna til að vera viðstaddir talningu atkvæða, framkvæmd hennar og uppgjöri er háttað, skv. 2. mgr. 100. gr. kosningalaga.
12. Hvaða umboðsmenn og kosningaeftirlitsmenn eru viðstaddir talningu.

13. Grundvöll áminningar og brottvísunar umboðsmanns ef við á, ef umboðsmaður fylgir ekki lögum og reglum eða viðhefur háttsemi sem raskar eða truflar framkvæmd kosninganna, flokkunar eða talningu.
14. Móttöku atkvæðakassa og kjörgagna frá yfirkjörstjórnnum sveitarfélaga eftir lok kjörfundar og hverjir afhenda gögnin.
15. Framvindu talningar, ákvarðanir tengdar talningu og hvenær niðurstaða liggur fyrir.
16. Um vörslu gagna ef hlé eða frestun verður á talningu.
17. Fjölda fylgibréfa sem koma til skoðunar yfirkjörstjórnar og hve mörg utankjörfundaratkvæði eru talin ógild vegna vankanta á þeim.
18. Fjölda ágreiningsatkvæða sem koma til úrskurðar, hve mörg eru metin gild og fyrir hvaða framboð eða svarkost, hve mörg ógild og af hvaða ástæðu.
19. Fjölda ágreiningsseðla sem sendir eru landskjörstjórn skv. 3. mgr. 99. gr. kosningalaga.
20. Fjölda ónýtra kjörseðla.
21. Fjölda óvístaðra atkvæða (utankjörfundaratkvæði sem komast í rétta kjördeild).
22. Fjölda auðra atkvæða.
23. Niðurstöðu talningar, skv. 107. gr. kosningalaga.
24. Tilkynningu um niðurstöðu talningar við kosningar til Alþingis, skv. 107. gr. kosningalaga.
25. Frágang kjörgagna og vörslu þeirra.
26. Skýrsluskil til landskjörstjórnar, skv. 106. gr. og 120. gr. kosningalaga.
27. Eyðingu kjörgagna að loknum kosningum.
28. Frestun kosninga eða uppkosningu ef við á og af hvaða ástæðu, skv. 124. gr. kosningalaga.
29. Hverjir eru umboðsmenn framboða, boðanir, samskipti, upplýsingagjöf, athugasemdir sem þeir vilja fá bókaðar og annað það sem skiptir máli, sbr. kosningalög og reglugerðir settar samkvæmt þeim.

30. Aðrar ákvarðanir, afgreiðslur eða upplýsingar sem varða undirbúning og framkvæmd kosninga samkvæmt lögum, stjórnvaldsfyrirmælum eða eðli máls.

7. gr.

Umdæmiskjörstjórnir.

Ef umdæmiskjörstjórn er skipuð skal um bókanir hennar fara skv. 6. gr. eftir því sem við á.

8. gr.

Bókanir yfirkjörstjórna sveitarfélaga.

Yfirkjörstjórnir sveitarfélaga skulu bóka um eftirfarandi í gerðabók ef við á:

1. Hverséoddviti yfirkjörstjórnar og hvert aðsetur yfirkjörstjórnarinnar sé á kjördag.
2. Móttöku kjörfundargagna frá yfirkjörstjórn kjördæmis við aðrar kosningar en sveitarstjórnarkosningar.
3. Afgreiðslu og útsendingu kjörfundargagna til hverfis- eða undirkjörstjórna ásamt upplýsingum um raðnúmer innsigla sem afhent eru kjörstjórnnum.
4. Ónotaða kjörseðla í vörslum yfirkjörstjórnar og tilhögun vörslu.
5. Afgreiðslu og sendingarmáta atkvæðakassa til yfirkjörstjórnar við flokkun atkvæða skv. 2. mgr. 99. gr. kosningalaga.
6. Móttöku atkvæðakassa og kjörgagna frá hverfis- og undirkjörstjórnnum (ef við á) og frágang, afgreiðslu, sendingu og sendingarmáta sömu gagna til yfirkjörstjórnar kjördæmis fyrir flokkun atkvæða og eftir lok kjörfundar.
7. Hvaða einstaklingum er falið að flytja kjörgögn frá kjörstað að flokkunar- og talningarstað.
8. Kjörseðla sem ónýttast, fjölda utankjörfundaratkvæða sem ekki verða tekin til greina og óvistuð atkvæði sem móttækin eru af yfirkjörstjórn.
9. Aðrar ákvarðanir, afgreiðslur eða upplýsingar sem varða undirbúning og framkvæmd kosninga samkvæmt lögum, stjórnvaldsfyrirmælum eða eðli máls.

Við sveitarstjórnarkosningar skal yfirkjörstjórn sveitarfélags einnig bóka um eftirfarandi í gerðabók:

1. Tilhögun móttöku á framboðum í sveitarfélaginu og móttöku framboða, skv. 1. mgr. 36. gr. kosningalaga.
2. Niðurstöðu athugana á skilyrðum framboðs og framkomin mótmæli ef einhver eru skv. 4. mgr. 42. gr. kosningalaga.
3. Breytingu á röð frambjóðenda ef frambjóðandi deyr, skv. 43. gr. kosningalaga.
4. Hverjir gallar á framboði eru, ef við á, og hve langan frest umboðsmenn fá til að leiðrétta þá skv. 44. gr. kosningalaga.
5. Ákvarðanir um gildi framboðslista, skv. 46. gr. kosningalaga.
6. Úrskurði um kjörgengi frambjóðenda, skv. 2. mgr. 48. gr. kosningalaga.
7. Hverjir eru umboðsmenn framboða, boðanir, samskipti, upplýsingagjöf og athugasemdir sem þeir vilja fá bókaðar auk annars sem skiptir máli, sbr. kosningalög og reglugerðir settar samkvæmt þeim.
8. Ákvarðanir um gerð og útlit kjörfundargagna skv. IV. kafla reglugerðar um kjörgögn.
9. Móttöku utankjörfundaratkvæða, skv. 92. gr. kosningalaga.
10. Móttöku atkvæðakassa frá hverfis- eða undirkjörstjórnnum við flokkun atkvæða skv. 2. mgr. 99. gr. og eftir lok kjörfundar.
11. Framvindu talningar, ákvarðanir tengdar talningu og hvenær niðurstaða liggur fyrir.
12. Um vörslu gagna ef hlé eða frestun verður á talningu.
13. Flokkun atkvæða fyrir lok kjörfundar skv. 2. mgr. 99. gr. kosningalaga, þ.m.t. um móttöku atkvæðakassa, hvenær flokkun hefst, hvenær rými þar sem flokkun fer fram er lokað og af hverjum, hvaða fulltrúar yfirkjörstjórnar eru viðstaddir sem og umboðsmenn og kosningaeftirlitsmenn og hvenær rými er opnað.
14. Kjörsókn í sveitarfélaginu.
15. Hvar og hvenær talning atkvæða mun fara fram, skv. 2. mgr. 98. gr. kosningalaga.
16. Upphaf og lok kjörfundar.

17. Hvenær og hvernig boðun umboðsmanna til að vera viðstaddir talningu atkvæða, framkvæmd hennar og uppgjör er háttáð, skv. 2. mgr. 100. gr. kosningalaga.
 18. Upphaf og lok talningar og hvaða umboðsmenn og kosningaeftirlitsmenn eru viðstaddir talningu.
 19. Grundvöll áminningar og brottvísunar umboðsmanns ef við á, ef umboðsmaður fylgir ekki lögum og reglum eða viðhefur háttsemi sem raskar eða truflar framkvæmd kosninganna, flokkunar eða talningu.
 20. Fjöldi fylgibréfa sem koma til skoðunar yfirkjörstjórnar og hve mörg utankjörfundaratkvæði eru talin ógild vegna vankanta á þeim.
 21. Fjöldi vafaatkvæða sem koma til úrskurðar, hve mörg eru metin gild og fyrir hvaða framboð, hve mörg ógild og af hvaða ástæðu og hve mörg er ágreiningur um gildi við umboðsmenn.
 22. Fjöldi ónýtra kjörseðla.
 23. Fjöldi óvistaðra atkvæða (utankjörfundaratkvæði).
 24. Fjöldi auðra atkvæða.
 25. Niðurstöðu talningar.
 26. Frágang kjörgagna og vörslu þeirra ásamt raðnúmeri innsigla.
 27. Tilkynningar um niðurstöðu talningar, skv. 107. gr. kosningalaga.
 28. Tilkynningar til nýrra sveitarstjórnarfulltrúa og varamanna um kosningu þeirra, skv. 119. gr. kosningalaga.
 29. Eyðingu kjörgagna að loknum kosningum.
 30. Frestun kosninga eða uppkosningu ef við á og af hvaða ástæðu, skv. 124. gr. kosningalaga.
 31. Skýrsluskil til landskjörstjórnar, skv. 119. gr. a. kosningalaga.
 32. Aðrar ákvarðanir, afgreiðslur eða upplýsingar sem varða undirbúning og framkvæmd kosninga samkvæmt lögum, stjórnvaldsfyrirmælum eða eðli máls.
- Ef ekki er til staðar hverfis- eða undirkjörstjórn skal yfirkjörstjórn sveitarfélags einnig bóka skv. 9. gr. reglugerðar þessarar.

9. gr.

Bókanir hverfis- og undirkjörstjórnna sveitarfélaga.

Hverfis- og undirkjörstjórnir skulu bóka um eftirfarandi í gerðabók:

1. Upphaf og lok kjörfundar.
2. Hvar og hvenær kjörgögn eru afhent og hver tekur við þeim.
3. Að gengið hafi verið úr skugga um að atkvæðakassar séu tómir og síðan innsiglaðir, skv. 2. mgr. 79. gr. kosningalaga.
4. Viðveru umboðsmanna og ef þeir innsigla kassa þá hverjir og hvenær.
5. Athugasemdir umboðsmanna sem þeir vilja fá bókaðar í gerðabók kjörstjórnar.
6. Viðveru kosningaeftirlitsmanna.
7. Hvaða kjósendur hljóta aðstoð, kyn þeirra og hver aðstoðar skv. 89. gr. kosningalaga.
8. Afsal kosningarréttar kjósenda í sinni kjördeild og hvar hann kýs. Einnig skal bókað um afsalið í þeirri kjördeild sem kjósendi kýs.
9. Utankjörfundaratkvæði sem kjósendi sendir í kjördeild, en hann er ekki á kjörskrá þar, skv. 4. mgr. 93. gr. kosningalaga.
10. Móttöku utankjörfundaratkvæða.
11. Tilkynningu sveitarstjórnar um breytingu á kjörskrá.
12. Fjölda kjósenda sem greiddu atkvæði á kjördag og fjölda utankjörfundaratkvæða sem bárust í kjördeild.
13. Afhendingu atkvæðakassa og kjörgagna til yfirkjörstjórnar.
14. Frágang kjörgagna eftir lok kjörfundar.
15. Annað það sem mælt er fyrir um í kosningalögum, reglugerðum og öðrum stjórnvaldsfyrirmælum, eða samkvæmt fyrirmælum yfirkjörstjórnar sveitarfélags.

IV. KAFLI

Embættisinnsgli.

10. gr.

Gerð innsigla.

Landskjörstjórn ákveður gerð, merkingar og notkun innsigla og lætur framleiða þau. Innsigli landskjörstjórnar eru eftirfarandi:

Límborði merktur landskjörstjórn þannig gerður að þess sjáist merki ef innsigli er rofið eða átt er við það. Á innsiglislímborða skal vera raðnúmer og honum skal fylgja límborði með sama raðnúmeri sem kjörstjórn eða kjörstjóri bókar um og límir í gerðabók eða varðveitir með öðrum hætti. Á innsiglislímborða skal vera nægilegt svæði fyrir dagsetningu, heiti kjörstjórnar eða kjörstjóra og nafn þess sem það skráir.

Innsiglisband úr plasti, sem notað er til að innsigla atkvæðakassa, merkt landskjörstjórn og þannig gert að þess sjáist merki ef innsiglisbandið er rofið eða átt við það. Á innsiglisbandinu skal vera raðnúmer sem kjörstjórn eða kjörstjóri bókar um í gerðabók.

Innsigli til að innsigla atkvæðakassa sem kjörstjóri notar á heilbrigðisstofnunum, fangelsum o.fl., sbr. 2. mgr. 13. gr. Innsiglið er plastspjald sem fest er á rennilás atkvæðakassans og þannig læst. Á innsiglisspjaldinu skal vera raðnúmer sem kjörstjóri bókar um í skrá sína, sbr. 2. gr. reglugerðar um skráningu, móttöku og meðferð utankjörfundaratkvæða.

11. gr.

Innsigli rofið.

Við rof á innsigli skal þess ávallt gætt að raðnúmer innsiglis sé það sama og raðnúmer sem kjörstjóri eða kjörstjórn hefur fært til bókar eða varðveitt með öðrum hætti.

12. gr.

Afhending innsigla, varsla þeirra o.fl.

Landskjörstjórn skal láta sýslumönnum og yfirkjörstjórnnum í té innsigli sem nota skal við kosningar.

Kjörstjórnir og kjörstjórar skulu tryggja að innsigli í vörslu þeirra séu ávallt geymd með tryggjum og öruggum hætti.

Atkvæðakassi skal ávallt innsiglaður áður en hann er tekinn í notkun eftir að gætt hefur verið að því að hann sé tómur.

13. gr.

Skyldur kjörstjóra innanlands til að innsigla.

Kjörstjóri skal innsigla þá atkvæðakassa sem notaðir eru við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar, sbr. 1. mgr. 76. gr. kosningalaga.

Kjörstjórar skulu innsigla atkvæðakassa sem þeir nota til atkvæðagreiðslu á heilbrigðis- og öldrunarstofnunum, stofnunum fyrir fatlað fólk og í fangelsum og í heimahúsum. Að lokinni slíkri atkvæðagreiðslu skal kjörstjóri rjúfa innsigli atkvæðakassans og setja utankjörfundaratkvæði í viðeigandi atkvæðakassa.

Innsigla skal rauf atkvæðakassa fyrir flutning þeirra til yfirkjörstjórnar kjördæmis eða yfirkjörstjórnar sveitarfélags.

14. gr.

Skyldur kjörstjórna til að innsigla ónotaða kjörseðla.

Innsigla skal ónotaða kjörseðla áður en þeir eru sendir til kjörstjórna en séu þeir afhentir í órofinni vörslu, þ.e. afhentir af fulltrúa einnar kjörstjórnar í hendur fulltrúa annarrar kjörstjórnar, er heimilt að afhenda kjörseðla í óinnsigliðum umbúðum. Varðveita skal ónotaða kjörseðla sem ekki hafa verið afhentir kjörstjórnnum með tryggilegum hætti og fyrir luktum dyrum sem skulu innsiglaðar.

15. gr.

Skyldur kjörstjórna til að innsigla atkvæðakassa með utankjörfundaratkvæðum.

Kjörstjórn skal innsigla atkvæðakassa sem geyma utankjörfundaratkvæði sem berast fyrir kjördag, sbr. 3. mgr. 77. gr. kosningalaga.

Heimilt er að rjúfa innsigli skv. 1. mgr. til að hefja flokkun á utankjörfundaratkvæðum í réttar kjördeildir skv. 4. mgr. 92. gr. kosningalaga. Sé hlé er gert á flokkun, skal innsigla ílát eða herbergi, þar sem utankjörfundaratkvæðin eru varðveitt.

16. gr.

Skyldur kjörstjórnna til að innsigla atkvæðakassa við upphaf kjörfundar.

Við upphaf kjördags skal gæta þess að atkvæðakassar séu tómir áður en þeir eru innsiglaðir. Sé skipt um atkvæðakassa á kjördag skal einnig innsigla raufar atkvæðakassanna sem teknir eru úr notkun og þess skal gætt að nýir atkvæðakassar séu tómir og innsiglaðir.

17. gr.

Skyldur kjörstjórnna til að innsigla að loknum kjörfundi.

Þegar kjörfundi hefur verið slitið skal hver undirkjörstjórn ganga frá kjörgögnum til afhendingar yfirkjörstjórnar sem annast talningu atkvæða. Innsigla skal:

1. Raufar atkvæðakassa.
2. Atkvæðaumslög með ónýtum kjörseðlum.
3. Atkvæðaumslög með utankjörfundaratkvæðum sem vafi er um hvort taka eigi til greina.
4. Atkvæðaumslög með óvistuðum atkvæðum.
5. Atkvæðaumslög eða aðrar umbúðir með ónotuðum kjörseðlum.

Eftir að kjörstjórn hefur gengið frá kjörgögnum skv. 1. mgr. mega hin innsigluðu kjörgögn og innsigli kjörstjórnar ekki vera í vörslu sama manns.

Ef talning atkvæða fer fram á kjörstað má kjörstjórn afhenda yfirkjörstjórn eða umdæmiskjörstjórn atkvæðakassann þótt raufir þeirra séu óinnsiglaðar.

18. gr.

Skyldur kjörstjórnna til að innsigla við og að lokinni talningu.

Sé hlé gert á fundi yfirkjörstjórnar eða fundi hennar frestað á meðan talning stendur yfir skal yfirkjörstjórn tryggja að notaðir og ónotaðir kjörseðlar ásamt öðrum kjörgögnum séu varðveittir með tryggilegum hætti, svo sem í innsigluðu íláti eða fyrir luktum dyrum sem jafnframt skulu innsiglaðar. Þetta á einnig við ef gert er hlé á milli skila á fyrri og seinni hluta talningarskýrslna, sbr. 25. gr. reglugerðar um talningu.

Að talningu lokinni skal innsigla:

1. Ílát með notuðum kjörseðlum og skal gildum og ógildum kjörseðlum haldið sér.
2. Ílát með ónotuðum kjörseðlum.
3. Atkvæðauslög með ágreiningsseðlum.
4. Ílát með kjörskrá.

Kjörstjórnnum er heimilt er að rjúfa innsigli íláta með kjörskrá til að sinna skýrslugerð til Hagstofunnar. Að þeirri vinnu lokinni skulu kjörskrár innsiglaðar að nýju.

19. gr.

Aðrar heimildir til innsiglunar.

Kjörstjórnnum og kjörstjórum er heimilt að nota innsigli við aðrar aðstæður þar sem þeir telja rétt að innsigli sé notað. Skal þá um það bóka í gerðabók.

V. KAFLI

Lokaákvæði.

20. gr.

Lagastoð og gildistaka.

Reglur þessar eru settar skv. 6. mgr. 14. gr., 2. mgr. 20. gr. og 2. mgr. 79. gr. kosningalaga nr. 112/2021 og taka þegar gildi. Ráðherra staðfestir reglur II. og III. kafla í samræmi við 2. mgr. 20. gr. kosningalaga. Við gildistöku reglna þessara falla úr gildi fyrri reglur um gerðabækur kjörstjórna og innsigli við kosningar frá 31. október 2023, nr. 1661/2023.

Fyrirmæli landskjörstjórnar um skilríki umboðsmanna við kosningar.

Nr. 181/2024

Skilríki umboðsmanna og aðstoðarmanna þeirra eru gefin út af yfirkjörstjórnnum kjördæma og yfirkjörstjórnnum sveitarfélaga eftir því sem við á.

Á skilríkjunum skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram:

1. Nafn umboðsmanns/aðstoðarmanns.
2. Heiti framboðs sem umboðsmaður/aðstoðarmaður starfar fyrir.
3. Heiti kjördæmis eða sveitarfélags í kosningum til sveitarstjórna.
4. Útgefandi skilríkis, þ.e. hvaða yfirkjörstjórn gefur það út.
5. Undirritun útgefanda.
6. Til hvaða kosninga skírteinið taki til og dagsetning kjördags.

Skilríkin skulu vera þannig gerð að umboðsmenn/aðstoðarmenn geti borið þau, t.d. sem barmmerki eða í plastvasa sem hengja má um hálsinn. Landskjörstjórn lætur í té fyrirmynd af skilríkjum.

Í gerðabók skal bóka um heiti umboðsmanns/aðstoðarmanns og heiti framboðs.

Fyrirmæli þessi eru sett samkvæmt 3. mgr. 53. gr. kosningalaga nr. 112/2021.

YFIRLIT YFIR AFSAL KOSNINGARRÉTTAR Á KJÖRSTAÐ

- Alþingiskosningar
- Sveitarstjórnarkosningar
- Forsetakjör
- Þjóðaratkvæðagreiðsla
- Aðrar kosningar



Útfyllist af kjörstjórn þar sem kjósandinn er á kjörskrá.

Eftirtaldir kjósendur sem eiga kosningarrétt í _____ (kjörstaður)

hafa staðfest afsal á rétti til að kjósa hér og óskað eftir að fá að kjósa annar staðar í kjördæminu:

Nafn kjósenda:	Kjörskráarnúmer:	Kjördeild nr.:	Kýs í
Nafn kjósenda:	Kjörskráarnúmer:	Kjördeild nr.:	Kýs í
Nafn kjósenda:	Kjörskráarnúmer:	Kjördeild nr.:	Kýs í
Nafn kjósenda:	Kjörskráarnúmer:	Kjördeild nr.:	Kýs í
Nafn kjósenda:	Kjörskráarnúmer:	Kjördeild nr.:	Kýs í
Nafn kjósenda:	Kjörskráarnúmer:	Kjördeild nr.:	Kýs í
Nafn kjósenda:	Kjörskráarnúmer:	Kjördeild nr.:	Kýs í
Nafn kjósenda:	Kjörskráarnúmer:	Kjördeild nr.:	Kýs í
Nafn kjósenda:	Kjörskráarnúmer:	Kjördeild nr.:	Kýs í
Nafn kjósenda:	Kjörskráarnúmer:	Kjördeild nr.:	Kýs í
Nafn kjósenda:	Kjörskráarnúmer:	Kjördeild nr.:	Kýs í
Nafn kjósenda:	Kjörskráarnúmer:	Kjördeild nr.:	Kýs í
Nafn kjósenda:	Kjörskráarnúmer:	Kjördeild nr.:	Kýs í
Nafn kjósenda:	Kjörskráarnúmer:	Kjördeild nr.:	Kýs í
Nafn kjósenda:	Kjörskráarnúmer:	Kjördeild nr.:	Kýs í

Vottað af kjörstjórn í: _____ Dagsetning _____

Vottorð þetta skal fylgja í frumriti til yfirkjörstjórnar ásamt gerðabók.

Afsal kosningarréttar er eingöngu heimilt innan sama kjördæmis við alþingiskosningar, forsetakjör og þjóðaratkvæðagreiðslu og eingöngu heimilt innan sama sveitarfélags í sveitarstjórnarkosningum.

AFSAL KOSNINGARRÉTTAR VEGNA ÓSKAR UM FLUTNING MILLI KJÖRSTAÐA

- Alþingiskosningar
- Sveitarstjórnarkosningar
- Forsetakjör
- Þjóðaratkvæðagreiðsla
- Aðrar kosningar



Útfyllist af kjörstjórn þar sem kjósandinn kys

Ég, undirritaður kjósandi, sem er á kjörskrá í _____ kjördeild nr. _____ með kjörskránuméri _____
(kjörstaður)

afsala mér kosningarrétti þar og óska að fá að greiða atkvæði í _____ kjördeild nr. _____
(kjörstaður)

enda mun ég ekki greiða atkvæði á þeim stað sem ég er skráð/ur í kjörskrá.

Nafn kjósanda

Kennitala

Lögheimili

Undirskrift kjósanda

Samþykkt fyrir hönd kjörstjórnar

Dagsetning

Upplýsingarnar að ofan skulu bókaðar í gerðarbók kjörstjórnar. Þar skal koma fram:

1. Nafn og kjörskránumer kjósanda.
2. Hvar kjósandi er á kjörskrá.
3. Í hvaða kjördeild kjósandi kys.

Mikilvægt er að geyma þetta skjal aftast í kjördeildarbók í þeirri kjördeild sem kjósandi kys.

Við uppgjör skal atkvæði kjósanda sem hefur afsalað sér kosningarrétti í tiltekinni kjördeild og greitt atkvæði í annarri kjördeild teljast með greiddum atkvæðum í þeirri kjördeild þar sem það er greitt.

Afsal kosningarréttar er eingöngu heimilt innan sama kjördæmis við alþingiskosningar, forsetakjör og þjóðaratkvæðagreiðslu og eingöngu heimilt innan sama sveitarfélags í sveitarstjórnarkosningum.

UMSÓKN UM AÐ FÁ AÐ GREIÐA ATKVÆÐI Í HEIMAHÚSI

- Alþingiskosningar
- Sveitarstjórnarkosningar
- Forsetakjör
- Þjóðaratkvæðagreiðsla
- Aðrar kosningar



Umsóknin skal hafa borist kjörstjóra eigi síðar en klukkan 10:00 tveimur dögum fyrir kjördag.

Atkvæðagreiðslan má ekki fara fram fyrr en 21 degi fyrir kjördag.

Umsóknin sendist til sýslumannsins _____

(Í því umdæmi sýslumanns sem kjósandi dvelst)

Ég undirritaður kjósandi óska eftir að fá að greiða atkvæði í heimahúsi:

Nafn

Kennitala

Lögheimili

Sími

Netfang

Dvalarstaður minn er:

Heimilisfang

Sveitarfélag

Ég lýsi því yfir að vegna sjúkdóms fötlunar barnsburðar, mun ég ekki geta sótt kjörfund á kjördegi.

Dagsetning

Undirskrift

VOTTORÐ

Ég undirritaður, sem er lögráða, staðfesti hér með að ofangreindur umsækjandi getur ekki sótt kjörfund á kjördegi vegna sjúkdóms, fötlunar eða barnsburðar.

Dagsetning

Kennitala

Undirskrift

STAÐFESTING AÐSTOÐARMANNS KJÓSANDA

- Alþingiskosningar
- Sveitarstjórnarkosningar
- Forsetakjör
- Þjóðaratkvæðagreiðsla
- Aðrar kosningar



- Aðstoðarmaður þarf að vera orðinn 18 ára.
- Aðstoðarmaður má ekki aðstoða fleiri en þrjá kjósendur við sömu kosningar.
- Aðeins má aðstoða kjósenda ef kjósendi getur skýrt þeim er aðstoðina veitir frá því hvernig hann vill greiða atkvæði.
- Aðstoðarmaður má ekki vera frambjóðandi í kosningunum og ekki heldur maki, barn, systkini eða foreldri frambjóðanda.

Nafn kjósenda

Kennitala

Ég heiti því að fara eftir fyrirmælum neðangreinds kjósenda og segja ekki frá því sem mér og kjósenda fer á milli við atkvæðagreiðsluna. Ég uppfylli skilyrðin hér að ofan til þess að aðstoða kjósenda:

Nafn aðstoðarmanns

Kennitala

Undirskrift aðstoðarmanns kjósenda

Dagsetning

Staðfesting móttekin af kjörstjórn/kjörstjóra:

Undirskrift kjörstjórnar/kjörstjóra

Dagsetning

Athugið að það varðar refsingu ef aðstoðarmaður segir frá því hvernig kjósendi greiddi atkvæði og ef hann aðstoðar fleiri en þrjá kjósendur við sömu kosningu skv. j. og p. lið 1. mgr. 136. gr. kosningalaga nr. 112/2021.

kosning.is



Landskjörstjórn